

Mál nr. 1/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar í fjölskyldutryggingu.

Ágreiningur um bótaskyldu á grundvelli fyrirmæla um tímamörk til að tilkynna slys.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 6.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.1.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 23.5.2007, datt M á andlitið er hann, 12 ára gamall, var að leika sér á hlaupahjólí. Við það hlaut hann áverka á tönnum þar sem glerungssprungur komu fram á einni tönn (tönn 11) og önnur tönn (tönn 21) brotnaði. Síðarnefnda tönnin var lagfærð með “composite” jafnframt sem hún þarfnast krónugerðar síðar þegar fullum vexti er lokið. Vegna þessa var erindi sent Tryggingastofnun ríkisins sem stofnunin svaraði með bréfi, dags. 15.7.2008. Þar kemur fram að þótt stofnunin taki þátt í kostnaði barna við almennar tannlækningar, svo sem viðgerðir o.þ.h., er henni hvorki heimilt að taka þátt í kostnaði þeirra vegna t.d. krónugerðar og pantameðferðar né nokkrum tannlæknakostnaði annarra nema bætur frá þriðja aðila, svo sem tryggingafélagi, fáiast ekki greiddar. Var vakin athygli á að tilkynna tryggingafélagi fjölskyldunnar tafarlaust um slysið.

Með tilkynningu, dags. 13.10.2008, var vátryggingafélaginu X tilkynnt um slysið. Félagið hafnaði bótaskyldu með því að meira en eitt ár var liðið frá því tjónsatvikið átti sé stað. Til stuðnings höfnuninni vísaði X til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.). Af hálfu M er höfnuninni andmælt.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Er slysið varð þann 23.5.2007 mátti M og forráðamönnum hans vera ljóst hverja áverka M hlaut og að þeir gætu leitt til kröfu um bætur úr slysátryggingunni hjá X. Eins og hér stóð á verður því að líta svo á að sá ársfrestur sem greinir í 1. mgr. 124. gr. hafi byrjað að líða þann 23.5.2007 er slysið varð. Slysið var tilkynnt X þann 13.10.2008. Var þá liðið eitt ár og tæpir fimm mánuðir frá því tilkynningarfresturinn hóf að líða. Þar sem meira en eitt ár var þá liðið hafði M glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

Réttur M til bóta úr slysátryggingu hjá X er fallinn niður.

Reykjavík, 17. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. Farmtryggingar-Flutningstryggingar

Farmur skemmdist viðmiðunardagur þ. 24.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 8.1.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 2.2.2009.

Málsatvik.

M gerði flutningssamning við fyrirtæki sem hefur tryggingu hjá V um flutning á galvaniseruðum stálrörum frá Ítalíu. Af hálfu M er því haldið fram að varan hafi verið í vönduðum umbúðum en svo virðist sem varan hafi verið böðuð upp úr saltvatni og tilkynnti M þá um tjónið þ. 24.7.2008 til V. M telur langlíklegustu skýringuna á því að rörin tærðust á skömmum tíma hafi verið að sjór hafi komið í þau og því um vanrækslu farmflytjanda að ræða sem sé bótaskyld úr flutningstryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og heldur því fram að ekkert gefi tilefni til að ætla að tjónið hafi orðið í meðförum flutningsaðila og ekki verði séð að hún hafi orðið fyrir tjóni á leiðinni.

Álit.

Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins hvað olli því að skemmdir urðu á þeim galvaniseruðu stálrörum sem hér ræðir um. Þegar af þeirri ástæðu liggur ekki fyrir orsakasamband sem leitt getur miðað við fyrirbyggjandi gögn til þess að M eigi rétt á bótum úr flutningstryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farmtryggingu-flutningstryggingu hjá V.

Reykjavík 24.2. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum raka í íbúðarhúsi.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.2.2009.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu mun M hafa þann 3.1.2008 orðið vör við raka í horni svefnherbergis í íbúðarhúsi sínu, en um þessar mundir hafi hún verið að flytja úr húsinu. Gólfdukur var sagður skemmdur. Einnig hafi fundist rakaskemmdir í borðstofu og eldhúsi. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að miðstöðvarlögn hafi verið mjög illa farin og virðist hafa lekið.

Í yfirlýsingu A pípulagningameistara, dags. 23.10.2008, segir að hann hafi þann 28.3.2008 skoðað neyslu- og miðstöðvarlagnir í húsinu. Í ljós hafi komið að lagnir hafi verið lekar bæði í eldhúsi og baðherbergi.

Í yfirlýsingu B pípulagningameistara, dags. 29.1.2009, segir m.a. að við skoðun sem fram fór af hálfu tryggingafélagsins hafi einungis verið búið að opna gólf í horni suðausturherbergis. Þar hafi rör verið ónýt og erfitt að átta sig á hvort það hafi verið utanaðkomandi raki sem hafi komið úr útvegg eða tæring innanfrá sem hafi valdið tjóninu. Ekki hafi verið búið að rífa klæðningu af vegg til að skoða útvegginn, en þar sem þak bílskúrs og húss liggja saman í neðsta punkti sé ljóst að þar er mikil vatnssöfnun og mæðir á húsveggnum.

M hefur leitað eftir bótum vegna tjónsins hjá X, sem tryggði húseignina. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þrátt fyrir yfirlýsingu B um hugsanlegan leka, sem ætti upptök sín að utanverðu, verður, miðað við gögn málsins, að telja ósannað að lekinn eigi upptök sín annars staðar en í lögnum innanhúss. Svo virðist hins vegar að einvörðungu sé um rakaskemmdir að ræða sem jafnan verða á löngum tíma. Í 5. gr. í 5. kafla skilmála fyrir viðkomandi fasteignatryggingu segir að vátryggingin bæti skemmdir sem verða á vátryggðri húseign og eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa alfarið af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þeirra. Tjón eins og hér um ræðir telst ekki hafa orðið skyndilega. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 24. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifhjóls

Skemmdir á bifhjóli sem ekið var á ósléttri akbraut 04.08. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 09.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifhjólinu var ekið um Mjóafjörð. Vegaframkvæmdir voru í gangi og því ekið um grófan akstursveg. Farþegi var á bifhjólinu.

Ökumaður bifhjólsins kvaðst hafa ekið á grjótt sem stóð upp úr veginum. Hann kveðst hafa drepitð strax á hjólinu en það hafi fallið á hægri hliðina og lent á hlífðargrind. Olía mun hafa lekið og mótórin reynst vera ónýtur.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála (grein 7.4) þar sem fram kemur að félagið greiðir ekki “skemmdir af akstri á ósléttri akbraut...., skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hyggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti...”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 7.4 í skilmálum vátryggingafélagsins, sem getið hefur verið. Telja verður að rekja megi skemmdir á bifhjólinu til aksturs á ósléttri akbraut skv. nefndum skilmálum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2009

M

og

Líftryggingafélagið X v/ hópsjúkra- og hópslysstryggingar.

Ágreiningur um greiðslu bóta úr hópsjúkratryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 9.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 9.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, eiginmaður M, hafði í gegnum stéttarfélag sitt í gildi hópsjúkra- og hópslysstryggingu hjá líftryggingafélaginu X. Á árinu 1993 greindust veikindi hjá A og af gögnum málsins má ráða að það hafi verið krabbamein. Veikindin tóku sig aftur upp á árinu 1998 og í lok árs 1999 voru A greiddar örorkubætur úr sjúkratryggingunni vegna þeirra. Þá um áramótin 1999 og 2000 sagði A upp hópsjúkra- og hópslysstryggingunni.

Á árinu 2001 mun krabbamein hafa greinst á ný hjá A. Árið 2003 var barki hans numinn á brott og á árinu 2006 greindust æxli í heila, húð og lunga sem hafði í för með sér tilheyrandi lækni meðferð og sjúkrahúsdvöl. A lést í desember 2007.

Í júlí 2007 var fyrrgreind hópsjúkra- og hópslysstrygging endurvakin hjá X fyrir mistök starfsmanns félagsins að því er X kveður. Iðgjald var innheimt fyrir tímabilið júlí til september 2007, er mistökinn uppgötvaðust. Iðgjald vegna þessa tímabils mun hafa verið endurgreitt af X. Í október sama ár krafðist A bóta úr sjúkratryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu. Byggir höfnunin annars vegar á því að A og síðar M geti ekki krafist bóta úr tryggingunni sem fyrir mistök hafi einungis verið í gildi skamman tíma. Hins vegar er byggt á ákvæði í 36. gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda. Samkvæmt því nær vátryggingin ekki til sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar vátryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástandur (svo) sem rekja má til tímabils er vátryggingin var úr gildi.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í máli þessu er gefa tilefni til að ætla að hin umdeilda sjúkra- og slysstrygging hafi í júlí 2007 verið endurvakin fyrir beiðni A. Ekki er heldur á því byggt af hálfu M að svo hafi verið. Vátryggingin var í gildi um þriggja mánaða skeið er hún var að nýju felld niður og iðgjald hefur verið endurgreitt. Að öllu virtu þykir mega fallast á að vátryggingin hafi verið sett aftur í gildi í júlí 2007 fyrir mistök hjá X. Eins og hér stóð á verður ekki talið að stofnast hafi réttur til bóta úr vátryggingunni er A lagði fram bótakröfu sína í október 2007. Ennfremur liggur fyrir að á tímabilinu 2000 til júlí 2007 meðan vátryggingin var ótvírætt úr gildi hrakaði heilsu A verulega. Krafa A um frekari bætur úr vátryggingunni gat einungis byggst á versnun á þessu tímabili, en vátryggingin tekur ekki til þeirrar versnunar. Að öllu framangreindu virtu á M ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr hópsjúkra- og hópslysstryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar

Forföll 27.10. 2008, ágreiningur um réttarstöðu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.01. 2009.
- 3) Bréf úrskurðarnefndar til M, dags. 17.02. 2009 þar sem viðbótarupplýsinga var óskað.
- 4) Bréf M til nefndarinnar, dags. 23.02. 2009 þar sem hjálaga fylgdi bréf læknis til nefndarinnar, dags. 17.02. 2009, varðandi ástand dóttur M.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M hugðist ásamt fjölskyldu sinni fljúga erlendis 28.10. 2008 og dvelja þar til 02.11. 2008. Greitt var fyrir ferðina þann 29.08. 2008. Dóttir M, veikist af eyrnabólgu þannig að af brottför varð ekki sbr. fyrirliggjandi gögn þ. á m. læknisvottorð.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna sjúkdóms sem var fyrir hendi áður en vátryggingin var tekin eða var til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur. Félagið vísar til þess að dóttir M hafi fengið eyrnabólgu í maí 2006 og að veikindin hafi ekki borið að með skyndilegum hætti sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Ekki er unnt að líta svo á að dóttir M hafi haft sjúkdóm í skilningi vátryggingarskilmála þó að hún hafi áður fengið eyrnabólgu á árinu 2006. Fyrirliggjandi upplýsingar frá lækni láta þess getið að “hún hafi fengið sýklalyf við eyrnabólgu en ástandið hefur ekki verið það slæmt að hún hafi fengið rör í hljóðhimnur...” Þá segir og að “það að fá eyrnabólgu hjá börnum á hennar aldri er mjög algengt og mun ekki teljast til chronískra sjúkdóma...” Henni hafi ekki verið ráðlagt að fara í flug með eyrnabólgu af þeim toga sem um ræðir vegna þrýstingsbreytinga sem geta orðið í fluginu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ smábátatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr bátatryggingu vegna tjóns á flotbryggju.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.1.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 17. ágúst 2008 sökk A, 17 brúttótonna bátur, í smábátahöfn í sveitarfélaginu S. Er A sökk eyðilagðist flotbryggja sem hann var bundinn við. Flotbryggjan var í eigu M. Við rannsókn kom í ljós að orsök þess að A sökk var að tæringargat, um 3 cm að þvermáli, hafði myndast á kili bátsins fyrir aftan lestina í svokölluðu stýrisvéllarrými.

A var tryggður tiltekinni smábátatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr vátryggingu þessari vegna tjónsins á flotbryggjunni. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna tjóns eins og M varð fyrir. Í þeim efnnum hefur X vísað til greinar 3.11 í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

X kveður útgerð A einungis hafa haft umrædda bátatryggingu hjá félaginu er tjónsatvikið varð. Í 3. gr. þeirra skilmála, sem um vátrygginguna gilda, er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint. Lýtur það fyrst og fremst að tjóni sem verður á hinum vátryggða báti. Í gr. 3.11 er eina ákvæðið er lýtur að vátryggingu gegn ábyrgð vátryggðs (útgerð bátsins) vegna tjóns þriðja aðila. Segir þar að vátryggingin taki yfir sérhverja einkaréttar skaðabótakröfu sem vátryggður kann að þurfa að greiða vegna þess að hinn vátryggði bátur rekst á annað skip eða far, hvort sem er tjón á munum eða mönnum. Tjón M vegna eyðileggingar flotbryggjunnar verður ekki rakið til þess að A rakst á annað skip eða far. Tjón M fellur því utan bótasviðs vátryggingarinnar og fæst því ekki bætt úr henni.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að skv. 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin einungis um ágreining milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að nánar tilgreindum skilyrðum fullnægðum. Í ljósi ofangreindrar niðurstöðu varðandi bótaskyldu úr téðri bátatryggingu hjá X fjallar nefndin ekki um hugsanlega bótaábyrgð útgerðar A á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr hinni tilgreindu bátatryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v.A og
Vátryggingarfélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði N-1 á Blönduósi þ. 2.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 12.1.2009. ásamt bréfi dags. 23.10.2008.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 791/08
3. Tjónstilkynning dags. 2.10.2008.
4. Bréf V-2 dags 26.1.2009
5. Bréf V-1 dags. 29.10.2008 og 29.1.2009.

Málsatvik.

A og B voru á bifreiðastæði N-1 á Blönduósi og varð árekstur á milli þeirra þegar bifreiðunum var bakkað úr stöðureit. Ökumaður A segist hafa verið búin að stöðva þegar árekstur varð.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita segja þeir báðir að þeir hafi í umrætt sinn verið að bakka úr bílastæði, báðir ökumenn merkja auk heldur að þeir hafi verið að bakka frá bifreiðastæði. Í málinu eru ekki gögn eða forsendur til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 23. 2. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2009

G

og

X hf. vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar T ehf.

Vinnuslys 10. september 2007 í Kópavogi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. janúar 2009 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 29. janúar 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að hinn 10. september 2007 var G við vinnu í nýbyggingahverfi í Kópavogi. Hann varð fyrir slysi með þeim hætti að hann féll tæplega 4 m af gangbrú sem notuð var til að brúa grunn á byggingarvinnusvæði. G leitaði til slysadeildar strax eftir slysið. Tryggingafélag framkvæmdaaðila á svæðinu, sem framkvæmdaaðilinn er með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá hafnar bótaskyldu, m.a. með vísan til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt með tilskyldum hætti. Auk þess liggja ekki fyrir að gangbrú sú sem G rann niður af hafi verið á ábyrgð vinnuveitandans. Loks hafi G ekki verið starfsmaður T heldur undirverktaka.

Álit.

Af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja í máli þessu er ekki hægt að fallast á að fyrir hendi sé bótaskylda gagnvart G úr frjálstri ábyrgðartryggingu T. Ekki liggur fyrir staðfesting á því að slys G hafi orðið á vinnusvæði T. Byggingastjóra T var ekki tilkynnt um slysið. Þá liggur fyrir að G var starfsmaður undirverktaka T og frétti T ekki af slysinu fyrr en löngu eftir að það átti að hafa gerst.

Niðurstaða.

Tjón G bætist ekki úr frjálstri ábyrgðartryggingu T.

Reykjavík, 24. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Skemmdir á bifreið er henni var ekið í holu í malbiki á Víkurvegi í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 13.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.1.2009.

Málsatvik.

Að kvöldi þann 22.12.2008 ók M bifreið sinni, eftir Víkurvegi. Lenti bifreiðin í holu í malbikinu og olli skemmdum á henni. Veður hafi verið dimmt og myrkur verið. Engar merkingar hafi verið við holuna. Kveðst hún hafa tilkynnt lögreglu um atvikið kl. 21.21.

Samkvæmt skýrslu lögreglu vegna atviksins barst henni tilkynning kl. 21.09 með beiðni um að fara á vettvang, en vegfarandi hafi hringt þaðan og tilkynnt um holuna og hún væri búin að valda tjóni á mörgum bifreiðum sem hefðu lent ofan í henni. Af hálfu lögreglu voru starfsmenn Reykjavíkurborgar kallaðir út til að lagfæra götuna. Hafi holan myndast í veginum vegna hláku sem hafi verið á umræddum tíma. Stærð holunnar hafi verið 155x75 cm og dýpt 12 cm.

Í tölvuskeyti deildarstjóra framkvæmdasviðs Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 30.12.2008, segir að á umræddum stað hafi malbik verið byrjað að slitna og hugsanlega gæti myndast þarna hola um veturinn miðað við okkar veðurfar. Enginn hafi þó séð fyrir að hola myndi myndast eins fljótt og raun varð. Laust fyrir kl. 22 umrætt kvöld hafi bakvakt verið kölluð út og aðvörunarbúkki hafi verið settur við holuna, en að morgni næsta dags hafi verið gert við hana til bráðabirgða.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Bótaábyrgð verður því aðeins felld á Reykjavíkurborg að sýnt sé fram á að það hafi verið fyrir vanrækslu starfsmanna hennar að holan hafi myndast eða að ekki hafi verið gert við hana svo fljótt sem kostur var. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að holan hafi myndast fyrir vanrækslu starfsmanna borgarinnar né að þeir hafi átt þess kost að bregðast við og gera við holuna fyrr en tilkynning þar að lútandi barst frá lögreglu umrætt kvöld. Því liggur ekkert fyrir um það að tjón M verði rakið til þess að svo seint hafi verið brugðist við af hálfu starfsmanna að metið verið þeim til vanrækslu. Við svo búíð verður ekki felld ábyrgð á Reykjavíkurborg og fæst tjónið því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 24. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar ökumanns og eiganda A

Umferðarslys við Gullinbrú í Reykjavík þ. 30.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.1.2009 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 2.2.2009. ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu var A ekið Gullinbrú til suðurs og segir að þegar ökumaður hafi verið nýkominn yfir brúna virðist hann hafa misst stjórn á A og ekið á ljósastaur og yfir hljóðmön þar sem A stöðvaðist. Vitni 1 ber að A hafi komið á fleygiferð eftir hljóðmöninni og stöðvast og snúist í hálfhring. Vitni 2 segir að A hafi komið á mikilli ferð suður Gullinbrú. Vitni 3 segir að A hafi verið ekið á mikilli ferð suður Gullinbrú og ökumaður misst stjórn á A. Vitni 4 segir að A hafi verið ekið á mikilli ferð suður Gullinbrú og hafi ökumaður verið á vinstri akrein og sveigt yfir á hægri akrein og misst stjórn á bifreiðinni. Ökumaður A segist hafa skipt yfir á hægri akrein og aukið hraðann og hafi síðan ætlað að hægja á sér og stigið á bremsuna en ekkert hafi gerst og hafi hann því ákveðið að aka útaf frekar en lenda á annarri bifreið. V býður fram bætur til M vegna slyssins en vill skerða bætur til M um 50% vegna stórkostlegs gáleysis hans við akstur A í umrætt sinn. Lögmaður M krefst fullra bóta til handa M og hafnar því að M hafi ekið af stórkostlegu gáleysi í umrætt sinn, þá sé ekki vitað um hraða A í umrætt sinn og ekki komi til greina að skerða bætur M til handa. V bendir á að fyrir liggi framburður 4 vitna um að A hafi verið ekið á mikilli ferð og hagað akstri sínum með þeim hætti að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og því réttmætt að skerða bætur honum til handa svo sem rakið er hér að framan.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá verður ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að A hafi verið ekið allt of hratt í umrætt sinn og með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi. Af þeim sökum telst eðlilegt að M beri tjón sitt sjálfur að 50% vegna stórkostlegs gáleysis við akstur í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og rúðutryggingu hjá V en ber sjálfur helming tjóns síns vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 23.2. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Golfbolta slegið í bifreið í júlí 2008 á golfvelli á Ísafirði.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 25.01. 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að við golfleik á nefndum golfvelli. Hann sló inná 5. flöt vallarins en ekki vildi betur til en svo að golfkúlan fór lengra en hann gerði ráð fyrir og út á veg og í bifreið sem ekið var framhjá. Umræddur vegur liggur að tjaldstæðum sem þarna eru.

M telur greiðsluskyldu/bótaskyldu fyrir hendi, hann sé byrjandi í golfleik og hafi slegið mun lengra í umrætt sinn en hann hafði áður gert á sömu braut. Hann staðhæfir að þeir sem leiki á umræddri golfbraut bíði jafnan með að slá þar til bifreiðar eru farnar framhjá.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi. M hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi og hann beri því ekki ábyrgð á umræddu tjóni á bifreiðinni.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Það var óvarlegt af M/tjónvaldi að bíða ekki með höggið þar til bifreiðin var farin framhjá. Hann ber ábyrgð á því hvernig til tókst.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar A ehf.

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu vegna galla á þaki

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 14.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 4.5. 2007 og 5.2.2009

Málsatvik.

M keypti hús í Kópavogi árið 1999 og flutti M í húsið árið 2000 og komu fljótlega í ljós rakaskemmdir á þaki hússins. A var með gilda starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hússins hjá V. M gerði kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu A í október 2002 en V hafnaði greiðslu bóta á þeim forsendum að M hafði gert samkomulag við A þ.10.5. 2000 um að M tæki við húsinu í því ástandi sem það væri í gegn tilgreindum afslætti og var m.a. nefnt í samkomulaginu var að ganga frá loftun á þaki vegna rakasmits. M gerir kröfu um bætur þar sem augljósir gallar séu á byggingu þaksins. V hafnar bótagreiðslu þar sem samkomulag hafi verið gert árið 2000 og hafi M þá fallið frá frekari kröfum á hendur A. V heldur því fram að ekkert nýtt hafi nú komið fram sem ekki lá fyrir þegar ofangreint samkomulag var gert.

Álit.

Fyrir liggur að samkomulag varð með byggingaraðila hússins og M á árinu 2000. Ekki hafa komið fram frekari gallar en fyrir hendi voru á þeim tíma eða M mátti ætla við gerð samkomulagsins að gætu verið fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar M

Skemmdir á gluggarúðum þ.15.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2009.
2. Bréf frá V dags. 22.10.2008 og 2.2.2009 ásamt tjonstilkynningu.

Málsatvik.

M vann verk í Tröllakór fyrir fyrirtækið D þegar rúður voru hreinsaðar kom í ljós að rispur voru á gleri og krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar þar sem að hreinsun sé tekin fram í verklýsingu. V hafnar bótaskyldu og bendir á m.a. að samkvæmt vátryggingaskilmálum taki vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Í umræddu tilviki hafi M tekið að sér ákveðið verk og tjón hafi orðið við þá vinnu sem falli utan við gildissvið vátryggingarinnar.

Álit.

Ljóst er að samkvæmt vátryggingaskilmálum þá er það tjón sem hér um ræðir undanskilið og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V

Reykjavík 23.2. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Gullinbrú 08.12. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.01. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka aftan á A. Ökumaður A kveðst hafa hægt á ferð bifreiðar sinnar er hann varð var við óhapp framundan. Hann hafi síðan skipt af hægri afkrein yfir á vinstri akrein. Þegar hann hafi verið búinn að aka eftir vinstri akrein nokkra vegalengd hafi B ekið aftan á bifreiðina. Ökumaður B kveðst hafa látið bifreið sína renna í hlutlausum gir eftir vinstri akrein og séð A fara yfir á vinstri akrein. Þá hafi hann reynt að hemla en ekki náð því og lent á A. Félagið telur að B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar þar sem hann hafi látið bifreið sína renna niður brekkuna í hálfu og á svonefndum heilsársdekkjum og hann hafi ekki náð að bregðast við umferðartöfum sem urðu vegna óhapps á akbrautinni.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir bifreið sem þar var. Ósannað er að A hafi verið ekið það langt á vinstri akrein að tilefni sé til að leggja ábyrgð á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2009

**J
og**

Vátryggingafélagið X vegna slysatryggingar sjómanna

Vinnuslys 22. apríl 2007 um borð í skipi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. janúar 2009 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X. dags. 2. febrúar 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að J átti að þrifa vinnslupilfar skips með sérstakri sápu og klóri í sitt hvoru lagi. Til að flýta fyrir blandar hann öllum efnum saman og þrífur þilfarið þannig. Við blöndun efnanna mynduðust eiturgufur sem J andaði að sér. J fann fyrir óþægindum en áttar sig ekki á því hvað hafði gerst. Hann lauk því verkinu, sem tók u.þ.b. þrjár klukkustundir. Eiturgufurnar ollu honum varanlegu heilsutjóni. X telur óhappið ekki falla undir slyshugtak vátryggingalaga þar sem eitrunin stóð yfir í langan tíma. Því hafi ekki verið um skyndilegan atburð að ræða og því geti hann ekki talist slys. Upphaflega viðurkenndi X bótaskyldu en féll frá þeirri viðurkenningu og taldi að forsendur hefði brostið fyrir henni þegar ítarlegri gögn bárust um tildrög slyssins.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst hvað gerðist enda viðurkenndi X bótaskylduna í upphafi en dró þá viðurkenningu síðar tilbaka. Ekki er unnt að líta öðru vísi á en svo að J hafi orðið fyrir slysi þótt hann hafi ekki gert sér grein fyrir eitruninni fyrir en eftir þriggja klukkustunda vinnu í eiturnettuðu rými. Telja verður að slysið hafi orðið með þeim hætti að það falli undir slyshugtak vátryggingalaga.

Niðurstaða.

Tjón J bætist úr slysatryggingu sjómanna.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 19/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns vörubifreiðarinnar

Meiðsl við hífingu á röri þann 19.06. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að hífa rör úr stæðu upp á pall vörubifreiðar. Hann notaði krana bifreiðarinnar við verkið. Hann mun hafa þurft að forfæra einhver rör til. Er hann hífði eitt röranna fór stæðan af stað þannig að hann klemmdist.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til notkunar bifreiðarinnar samkvæmt umferðarlögum og að slysátrygging ökumanns taki til þessa. M vísar til dóma Hrd. 1997 bls. 1071 og Hrd. 2001 bls. 2080.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að bifreiðin hafi verið notuð sem sjálfstæð vinnuvél og skipti ekki máli þó síðar hafi átt að færa rörin upp á bifreiðina. Félagið vísar til dóms Hrd. 1998 bvls. 3378 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður við það miðað að unnið hafi verið við að ferma bifreiðina og til þess hafi verið notaður áfastur krani bifreiðarinnar. Hér var bifreiðin í notkun skv. umferðarlögum nr. 50/1987 og slysið því bótaskyldt úr slysátryggingu ökumanns. Lestun og losun bifreiða er hluti notkunar þeirra. Breytir ekki ofanrituðu þó að M hafi verið að forfæra rör til í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2009

M og

Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar O

Maður slasaðist þegar hann steig í heitt vatn á götu þ. 18.4.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.1.2009 ásamt bréfum lögmanns M 8.12.2008 og 15.1.2009 og fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13.1 og 10.2.2009
3. Bréf Vinnueftirlitsins dags. 12.12.2008.

Málsatvik.

Þ. 18.4. 2007 bilaði heitavatnsæð við Klapparstíg í Reykjavík. M var að koma af skemmtistað þegar hann steig ofan í heitan vatnsflaum og brenndi sig á fótunum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V og bendir á að hinn almenni borgari eigi að geta treyst því að hættulaust sé að ganga um götur borgarinnar þá er af hálfu M bent á 30 gr. Orkulaga og telur M að O beri ábyrgð á tjóni M samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Í lögregluskýrslu er getið um hvað gerðist í umrætt sinn og af myndum að dæma hefur hitamökkur legið yfir þeim svæðum þar sem heitavatnið rann eftir götum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið sýnt fram á að O eða starfsmenn fyrirtækisins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Þá bendir V á að tjón M verði eingöngu rakið til gáleysis hans þar sem hann hafi vitandi vits stigið út í vatnið.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bætur úr húftryggingu vegna skemmda á bifreið sem var skemmd fyrir.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A í eigu M var kaskótryggð hjá X. Bótaskyلت tjón varð á A, m.a. á hurðum hægra megin. Fyrir voru skemmdir á hurðunum sem höfðu orðið áður en vátryggingin tók gildi og þá hafði X greitt bætur til þáverandi eiganda bifreiðarinnar m.a. vegna þessara skemmda. Vegna þessa hefur X einungis fallist á að greiða tjónabætur til að lagfæra A “að því marki sem hún var er hún var tekin í kaskótryggingu.”

M hefur ekki sætt sig við það hvernig X hyggst bæta tjónið á A.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var skemmd fyrir, er M húftryggði hana hjá X. Samkvæmt gr. 17.1. í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. M.a. með vísan til þessa ákvæðis á M ekki rétt á því að fá eldra tjón bætt. Ekkert í gögnum málsins bendir til að X hafi vanrækt lögmaelta upplýsingaskyldu sína við töku vátryggingarinnar eða að X hafi áskilið sér hærra iðgjald en svo að því verði gert að greiða hærri bætur en vátryggingarskilmálar kveða á um

Niðurstaða.

X er ekki skyلت að bæta tjón sem var fyrir á A, þegar bótaskyلت tjón varð á henni.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys við fall af palli þann 27.06. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.02. 2009, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að setja upp snitteina fyrir loftræstistokk meðfram lofti í sundlaugarrými. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins vann hann verkið með því að leggja samanlagðar vinnutröppur ofan á hjólapall og upp við vegg. Samstarfssfélagi hans hélt við tröppurnar (Stigann) á meðan hann fór upp í þær. Um leið og hreyfing kom á tröppuna ýtti það við gólfborði hjólapallsins þannig að hann datt á hliðina, með þeim afleiðingum að M féll þrjá metra ofan á steypulagðan gólfplöt, þannig að meiðls hlutust af.

Vátryggingafélagið viðurkennir bótaskyldu sem nemur 50%. Það telur að M eigi að bera helming tjóns síns vegna eigin sakar. Félagið vísar til þess að M sé vanur byggingarvinnu. Hvorki verkstjóri né samstarfsmenn hans hafi fyrirskipað að svona skyldi staðið að verki. M hafi ákveðið sjálfur að setja tröppuna upp með þessum hætti.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Það var alls ófullnægjandi að notast við tröppur sem lagðar voru ofan á einfaldan hjólapall við það verk sem hér um ræðir. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum var óvarlega staðið að því verki sem hér um ræðir. Það mátti M og öðrum starfsmönnum vátryggingartaka vera ljóst. Hér virðist verkstjórn hafa og verið ábótavant.

Með vísan til ofanritaðs er fallist á greiðsluskyldu sem nemur 50%. Rétt er að skerða bótarétt M sem nemur 50% vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur helmingi tjóns M.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2009
M og
Vátryggingarfélagið V v. málskostnaðartryggingar

Ágreiningur um málskostnaðartryggingu vegna máls þingfest þ. 3.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 4.2.2009.

Málsatvik.

Mál var höfðað á hendur M og þingfest þ.3..6.2008 vegna skuldar samkvæmt reikningi fyrir vinnu við að reisa tvílyft innflutt timburhús fyrir M. Í greinargerð M segir m.a. að stefnandi sé að krefja M um greiðslu fyrir ákveðinn fjölda vinnustunda við uppsetningu húss sem M telur langt umfram það sem eðlilegt megi teljast. M krefst þess að fá greiddan málskostnað vegna málsins úr málskostnaðarlið F+ tryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótagreiðslu þar sem að málið sé vegna þess að M sé eigandi fasteignar þeirrar sem málið varði og komi þá til undanþága í ákvæði 25.9 í skilmálum vátryggingarinnar og ljóst sé því að vátryggingin bæti ekki þegar ágreiningur sé um fasteign. M hafnar því að ágreiningur í ofangreindu máli varði fasteign heldur sé um túlkun á verksamningi að ræða og umkrafið verð og réttra efnda verksamnings

Álit.

Ljóst er að fjölskylduþrygging sú sem M tók hjá V bætir ekki ágreining vegna fasteignar. Ljóst er að ágreiningur sá sem var í máli því sem um ræðir varðar uppsetningu og vinnu við fasteign M. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um ábyrgð vinnuveitanda er starfsmaður féll úr vinnutröppu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fyrirtækinu V. Þann 11.5.2007 var M að störfum á vegum V í húsnæði annars fyrirtækis, Mílu ehf. Hann stóð í um 2,82 m hæð efst í vinnutröppu og var að skrúfa festingar í loftstokk. Hrasaði hann þá í tröppunni og féll niður á gólf og slasaðist. Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins og umsögn VER um slysið segir að M hafi verið að mæla fyrir festingu fyrir loftræstistokk. Jafnframt segir í umsögninni að M hafi teygt sig eitthvað með málbandið og við það hafi trappan skrið til eða hann misst jafnvægið og fallið niður á gólf.

Um aðstæður á slysað segir í umsögn VER að þær hafi verið fremur góðar að öðru leyti en því að heppilegra hefði verið að vinna við uppsetningu loftræstistokksins úr hjólavinnupalli. Vinnutrappan sem er framleidd á Íslandi hafi verið alveg ný og virtist vera traustlega smíðuð. Hún hafi þó ekki verið merkt staðli EN-131 eins og skylt er að gera við vinnutröppur og stiga. Orsök slyssins virðist helst mega rekja til þess að verið var að vinna úr tröppu verk sem betur hefði hentað að nota hjólavinnupall við.

Í upplýsingum frá V um slysið segir að M hafi sjálfur séð um umrætt verk. Hann hafi starfað hjá V í rúm 7 ár og hafi nægilega reynslu til að sinna starfi eins og um var að tefla. M hafi sjálfur hlutast til að fá umrædda tröppu keypta til verksins. Hefði hann óskað eftir verkpalli hefði honum verið útvegaður slíkur pallur.

Álit.

Stigi sá sem M stóð í er hann féll var nýr og traustlega smíðaður. Ekkert bendir til að hann hafi verið vanbúinn eða haldinn ágalla sem rekja megi slysið til. Af umsögn VER verður ekki fullyrt að óheimilt hafi verið að nota stigann við það verk sem M vann við í umrætt sinn. Jafnvel þótt svo kunni að vera að heppilegra hefði verið að nota vinnupall á hjólum við verkið, verður ekki séð að það verði rakið til ófullnægjandi leiðbeininga eða skorts á tilhlýðilegri verkstjórn hvernig M stóð að verki. Samkvæmt þessu og fyrirliggjandi gögnum málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem V getur borið skaðabótaábyrgð á. Bótaábyrgð verður því ekki felld á V vegna slyss M sem hér að framan greinir.

Niðurstaða.

V ber ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 4. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur 12.12. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 09.02. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var ekið eftir Hólsvegi til vesturs, A var ekið eftir Hjallavegi og beygt af biðskyldu til hægri inn Hólsveginn þegar áreksturinn varð.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að veita ekki umferð um Hólsveg forgang.

Vátryggingafélag A hefur ekki gert athugasemd. Ökumaður B telur að A hafi ekið í veg fyrir B. M (A) telur efnislega að ökumaður B hafi farið yfir á rangan vegarhelming.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að veita umferð um Hólsveg ekki forgang.

Miðað við takmörkuð gögn máls þessa er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2009

M og

Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Kerra skemmdist þ. 26.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.1.2009.ásamt fylgiskjöllum 1-4 og bréfs 20.10 ásamt fskj. 1-7
2. Bréf V dags. 15.12.2008 og 5.2.2009 ásamt fskj. 1-2
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

M keypti sand hjá A. Sandurinn var settur á kerru sem fest var aftan í bifreið M en á heimleiðinni gaf annað hjólið sig undan kerrunni og var kallað á starfsmenn A sem hjálpuðu M við að moka sandi af kerrunni. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur ljóst að rangt magn hafi verið sett á kerruna í umrætt sinn en hún hafi keypt 2 rúmmetra af sandi en skófla sú sem notuð var við að setja sand á kerruna taki u.þ.b. 1.7 rúmmetra og starfsmaður A hafi sett tvær slíkar á kerruna. Af hálfu A er því haldið fram að starfsmenn A hafi hagað verki sínu í samræmi við venju og óskir M. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að ekki sé sannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem styðji staðhæfingar M um að of mikið magn hafi verið sett á kerruna í umrætt sinn

Álit.

Ekki er sannað að of mikið magn hafi verið sett á kerru þá sem hér um ræðir í umrætt sinn eða starfsmenn A gerst sekir um saknæma háttsemi. Ekki liggja fyrir gögn um skoðun á kerrunni eða nokkuð það sem rennt gæti stoðum undir þær staðhæfingar M að kerran hafi gefið sig undir of miklum þunga. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2009

E

og

**Vátryggingafélagsins X vegna bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagsins Y vegna bifreiðarinnar B**

Tjón á bifreið vegna grjótkasts 21. september 2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2009 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X dags. 16. febrúar 2009.
3. Bréf Y dags. 16. febrúar 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að bifreiðin A mætti bifreiðinni B. Þegar bifreiðarnar mættust kom skæðadrífa af grjóti undan hjólum B og brotnaði m.a. framrúða A. Ökumaður A hringdi strax í tengilið hjá X og ráðlagði hann að snúa við og ná tali af bílstjóra B. Ökumaður A gerði það og náði tali af bílstjóranum. Hann sýndi bílstjóranum tjónið á A. Bílstjórnarnir ákváðu að gefa skýrslur hjá tryggingafélögum sínum. Síðar hélt ökumaður B því fram að hvorki grjót né mól hafi verið á veginum. Ökumaður A mótmælir þeim fullyrðingum sem röngum.

Álit.

Af gögnum telst fullsannað að þegar A og B mættust þeyttist yfir A skæðadrífa grjósts undan hjólum B. Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (þjófnaður)

Þjófnaður á frakka sem var í fatahengi þann 07.11. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var í erfidrykkju. Hann geymdi verðmætan frakka sinn vera í fatahengi. Er hann hugðist sækja frakkann var hann horfinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess. Það vísar til ákvæðis skilmála um hvar vátryggingin gildir. Hún taki til þjófnaða á heimili vátryggingartaka og úr grunnskóla eða ólæstri íbúð. Í því tilviki sem hér er til umræðu hafi skilyrði skilmála ekki verið uppfyllt.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Vátryggingaverndin tekur ekki til þess atviks sem hér um ræðir samkvæmt vátryggingar-skilmálum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.
og
Vátryggingafélagið Y Íslands hf. v/ bifreiðarinnar A.**

Árekstur í Skeifunni í Reykjavík þann 15.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 22.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 3.2.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 20.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðurs eftir akleið á milli stöðureita á bifreiðastæði fyrir fram verslun Hagkaupa í Skeifunni 15 og inn á akleið sem liggur milli hringtorgs til móts við Skeifuna 17 og Faxafens. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til austurs eftir akleið þeirri sem A var ekið inn á. Rákust saman framendi A og hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri áleiðis vestur fyrrgreinda akleið og gefið stefnumerki til merkis um þá fyrirætlan. Hann hafi stöðvað og litið eftir umferð. Hann hafi séð til bifreiðar frá hægri sem hafi verið í nokkurri fjarlægð. Þessu næst hafi hann litið til vinstri en enga aðsteðjandi umferð séð. Hann hafi svo litið aftur til hægri og talið sér örugglega óhætt að aka af stað. Þá hafi B verið ekið nokkuð greiðlega, að honum fannst, fyrir framan A. Honum hafi ekki tekist að stöðva í tæka tíð og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið austur téða akleið í átt að Faxafeni. Þá hafi A verið ekið frá bifreiðastæðinu við Hagkaup og í hægri hlið B. Honum hafi ekki tekist að sveigja frá og árekstur orðið.

Álit.

Aðstæður á vettvangi hafa verið skoðaðar af hálfu nefndarinnar. Akleið sú sem liggur frá hringtorgi á móts við Skeifuna 17 og að Faxafeni er mikið notuð og er bersýnilega notuð til gegnumaksturs milli Skeifunnar og gatna þar fyrir austan, Faxafens og Fákafens. Biðskyldumerki eru á hvorum enda akleiðarinnar. Verður að líta svo á að umrædd akleið sé hluti Skeifunnar og að hún sé notuð til almennrar umferðar. Hún telst því vera vegur í skilningi 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ufl. skal ökumaður, sem m.a. ætlar að aka út á veg af bifreiðastæði, veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og ber hann sök árekstrinum. Eins og málið liggur hefur ekki verið sýnt fram á að tilefni sé til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2009

**Móðir fyrir hönd sonar síns M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

Slys í skóla við það að hurð skall á M þann 12.09. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M varð fyrir meiðslum í grunnskóla þegar hann hélt með hægri hendi í dyrastaf á hurð sem hann skellti.

Álitaefnið er hvort umbúnaður í skólanum hafi verið forsvaranlegur.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. ítarlega umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að gerð og frágangur hurðarinnar hafi verið með hefðbundnum hætti sbr. nánar umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta.

Byggingarfulltrúi lætur þess m.a. getið að gerð og frágangur hurðarinnar sé hefðbundinn og opnun og lokun hennar með eðlilegum hætti.

Álit.

Það tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist gerð og frágangur hurðarinnar hafi verið með hefðbundnum hætti. Ekki er unnt að leggja skaðabótaábyrgð á F miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Mistök við sögun fyrir glugga árið 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

B var fenginn til að saga gat fyrir glugga á nýbyggingu á steinsteyptri útveggjaeiningu og reyndist gatið of stórt vegna mistaka. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að tjónið sé ekki bótaskyldt sbr.staflíð C í 1.mgr. 3.gr. vátryggingaskilmálans þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda sem vátryggður tekur að sér að gera við hreinsa setja upp eða vinna með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V sbr. staflíð C í 1. mgr. 3. gr. vátryggingaskilmála

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2009

M
og
Vátryggingafélagi X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á Breiðhóltsbraut í Reykjavík á brú yfir Reykjanesbraut þann 19.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 3.2.2009.
3. Bréf X, dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Breiðhóltsbraut í átt að Kópavogi og var A ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. Á brúnni yfir Reykjanesbraut við umferðarljós sveigði ökumaður B yfir á vinstri akrein vegna kyrrstæðrar og bilaðrar bifreiðar á hægri akrein. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra afturhorn B. Myrkur var, þegar áreksturinn varð, og bleyta, slabb og hálka mun hafa verið á akbrautinni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. B hafi verið fyrir aftan biluðu bifreiðina og verið beygt til vinstri í veg fyrir A. Hann hafi hemlað og reynt að beygja undan en ekki tekist að koma í veg fyrir að A lenti aftan á B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða á klst. Hann hafi verið nýbúinn að færa sig yfir á vinstri akrein til að komast hjá kyrrstæðu bifreiðinni og koma sér aftur á hraða, þegar A hafi komið og ekið aftan á vinstra afturljós B.

Álit.

B var beygt af hægri akrein yfir á þá vinstri í veg fyrir A. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu verðu að telja að það hafi gerst í sömu andrá og A kom aðvífandi eftir vinstri akrein. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Hann ber því sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var og aðstæður leyfðu eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök. Eru því ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur ekið á kyrrstæða bifreið í vegkanti við Vesturlandsveg 14.01. 2009,

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.02. 2009.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.02. 2009

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélag B telur efnislega að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið á “kyrrstæðar bifreiðarnar” sem voru fyrir utan akbrautina á vegöxlinni.

Vátryggingafélag A vísar til þess að farþegi í B hafi opnað hurð út í umferðina. Við það hafi ökumaður A sem kom akandi á Vesturlandsvegi fípast en reynt að sveigja frá til að lenda ekki á hurðinni með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bifreiðinni og lent á ökutækjunum sem lagt var í vegkantinum. Félagið telur að skipta skuli sök til helminga.

Álit.

Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni í kjölfar þess, að því er hann telur, að farþegi opnaði hurð B, en bifreiðin stóð utan vegar við Vesturlandsveg. Telja verður að ökumaður A hafi ekki haft næga stjórn á bifreið sinni. Virðist sem óryggi hafi komið á ökumanninn við það að farþegi í B opnaði hurðina í þann sama mund og bifreið kom á móti.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B þrátt fyrir að farþegi í bifreiðinni hafi opnað hurðina við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum þ.á m. staðsetningu bifreiðanna, ber ökumaður A sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2009

Húsfélagið M
og
Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar

Skemmdir á klæðningu þann 11.12. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Gögnin veita takmarkaðar upplýsingar um aðstæður.

M gerir kröfu úr fasteignatryggingu húsfélagsins eftir að slæmt veður gekk yfir. Samkvæmt M mun hluti (partur) af klæðningu hafa fokið af hlið hússins í kviðum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að atvikið falli ekki undir vátrygginguna. Félagið telur að tjónið megi rekja til þess að umrædd klæðning hafi ekki verið sett upp á réttan hátt og því hafi verið um galla að ræða sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ dráttvélarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ vöruflutningabifreiðarinnar B.**

Árekskur á þjóðvegi nr. 1, Vesturlandsvegi, norðan Gufuár í Borgarbyggð þann 4.9.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Dráttarvélinni A og vöruflutningabifreiðinni B var ekið norður Vesturlandsveg og var A ekið á undan B. A dró sturtuvagn og B dró festivagn. Er ökumaður B hugðist aka fram úr A var A beygt til vinstri inn á malborinn afleggjara að sumarbústöðum og ruslagámum. Varð þá árekskur með ökutækjunum. A hafnaði utan vegar vinstra megin við akstursstefnu, sem og B að hluta. Biðskyldumerki er við afleggjarann sem ökumaður A hugðist aka inn á og brotin miðlína var á Vesturlandsvegi.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið hægt og tekið eftir B í baksýnispegli. Hafi hún verið nokkuð langt fyrir aftan eða við svokallað Stapahlið sunnan Gufuár. Hann kvaðst telja að hann hafi gefið stefnumerki áður en hann beygði.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. A hafi verið ekið talsvert hægt og hafi hann ákveðið að aka fram úr henni, enda hafi öll skilyrði verið til þess. Er hann hafi verið kominn að A hafi henni verið beygt til vinstri. Hafi hann verið kominn það nálægt að árekstri hafi ekki verið forðað. Ökumaður B kvaðst ekki hafa séð nein stefnumerki á A.

Vitni sem ók á eftir B kvaðst hafa séð að stefnumerki loguðu á A til vinstri. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir hvort stefnumerki hafi logað á sturtuvagninum sem A dró.

Álit.

Með hliðsjón af framburði vitnis þykir sannað að ökumaður A gaf stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Ökumaður B átti að taka eftir stefnumerkjagjöfinni jafnvel þótt vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir að stefnumerki hafi logað á sturtuvagninum. Með því að ökumaður A hafði undirbúið greinilega beygju til vinstri með stefnumerkjagjöf bar ökumanni B að aka hægra megin fram úr, sbr. 2. másl. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og ber ökumaður B sök á árekstrinum. Ekki þykja næg efni til að fella sök á ökumann A eins og atvikum var háttað í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys við fall úr álstiga þann 27.02. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.01. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að merkja tilbúna veggeiningu og að hreinsa frá rafmagnsröri. Skyndilega hafi stigi sem hann stóð í runnið undan honum og hann fallið og slasast sbr. fyrirliggjandi gögn. M reisti stigann sjálfur upp við eininguna.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til vanbúnaðar á vinnustað og skorts á verkstjórn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar m.a. til þess að Vinnueftirlitið hafi ekki gert athugasemd við stigann eða að hann hafi ekki hentað til verksins. Félagið telur ósannað að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum sem vátryggingartaki (B) beri ábyrgð á.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki verður séð að slysið megi rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. F+ 3 fjölskyldutryggingar.

Maður slasaðist við líkamsárás þ. 24.10.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 29.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-10.
2. Bréf V dags. 12.2.2009.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi heyrt læti frá stofu og sjónvarpsholi á heimili sínu þar sem G var gestkomandi og hafi hann komið að þar sem G var að berja konu M. M reyndi að ganga á milli en þá réðist G á M með þeim afleiðngum að hann varð fyrir slysi. M krefst bóta úr F+3 fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi í umrætt sinn tekið þátt í handalögmálum og vísar V til gr. 4.7. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða í handalögmálum.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að M varð fyrir slysi í handalögmálum og á hann því ekki rétt á bótum frá V með vísan til gr. 4.7 vátryggingaskilmála umræddrar tryggingar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.**

Krafa um bætur úr húftryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 29.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kvartar M yfir því að fá ekki tjón á bifreið sinni bætt úr húftryggingu hennar. Hann kveður tiltekinn aðila hafa ekið bifreiðinni í leyfisleysi og lent í eltingarleik við lögreglu sem endaði með því að bifreiðinni var ekið á skjólvegg.

Álit.

Engin frekari gögn liggja fyrir í málinu um tjónsatvikið og tildrög þess. Er málið svo vanreifað og illa upplýst að ekki eru tók á að taka það til úrskurðar. Með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er málinu vísað frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2009

M og

Vátryggingafélagið V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar E

Tjón varð vegna þakleka meðan á framkvæmdum stóð þ.ágúst-des 2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 30.1.2009. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 10.12.2008 og 20.2.2009.

Málsatvik.

Verktakinn E samdi við húsfélag um viðgerð á húsi sem m.a. fólst í að rífa þakið og endursmíða. M segir að vinna við þakið hafi hafist í júlí og vart hafi orðið við alvarlegan leka frá þakinu í ágúst en við framkvæmdina hafi E ekki gert neinar ráðstafanir til að koma í veg fyrir leka frá þakinu. M lýsir því og leggur fram gögn til sanninda þess að um leka hafi verið að ræða frá þeim tíma og segir hún að ástandið hafi verið orðið mjög slæmt í október og loks hafi hún þurft að flytja út úr íbúð sinni en ástandið hafi verið verulega slæmt einnig í mörgum öðrum íbúðum hússins. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu E hjá V þar sem um handvömm hans við verkið hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á grein 5.2. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að ábyrgðin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður taki að sér að gera við o.s.frv. ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Þá heldur V því fram að alltaf hafi legið fyrir að tjón yrði vegna framkvæmdanna en ekki hægt að fullyrða um það fyrirfram hversu mikið það yrði.

Álit.

Ljóst er að í vátryggingaskilmálum sem gilda um frjálstra ábyrgðartryggingu E hjá V eru mjög víðtæk ákvæði sem undanskilja bótaábyrgð verktakans jafnvel þó að fallist verði á að hann hafi ekki staðið með eðlilegum hætti að verkinu og valdið tjóni vegna þess. Hvað sem því líður þá gilda þau ákvæði sem kveðið er á um í vátryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir og er því það tjón sem E kann að hafa ollið og að framan er lýst undanþegið bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu hans hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu E hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 10.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2009

**K ehf.
og
X hf. vegna ábyrgðartryggingar**

Ábyrgð á bótakröfu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. febrúar 2009 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 18. febrúar 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að K rekur geymsluskemmu og tekur að sér gegn greiðslu geymslu búslóða, bifreiða o.þ.h. í skemmum. Einstaklingur setti ákveðna hluti úr búslóð sinni til geymslu hjá K árið 2006. Þegar einstaklingurinn vitjaði búslóðarinnar í byrjun árs 2008 kom í ljós að hluti hennar hafði orðið fyrir skemmdum. K neitaði að greiða bætur vegna skemmdanna og fór viðkomandi þá í mál við K. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 22. desember 2008 var K dæmt bótaskyld gagnvart viðkomandi einstaklingi. X neitaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu K með vísan til tryggingaskilmála, liðar 17.3.2. en þar kemur fram að tjón vegna skemmda á munum sem eru af öðrum ástæðum í vörslu tryggðs, bætist ekki. K hefði ekki sýnt af sér saknæma háttsemi og bæri því ekki bótaábyrgð á tjóninu.

Álit.

Af tryggingaskilmálum tryggingar K má ljóst vera að tjón það sem viðkomandi einstaklingur varð fyrir bætist ekki úr ábyrgðartryggingu K..

Niðurstaða.

Tjón K vegna skaðabótaábyrgðar gagnvart einstaklingi verður ekki bætt.

Reykjavík, 10. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys 09.12. 2004, hjólagrind með skinku valt á M.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var ásamt öðrum starfsmanni að draga á eftir sér hjólagrind (vagn) með skinku. Grindin sporðreistist þegar hún lenti á brík (misfelli) í gólfi rétt hjá kæli með þeim afleiðingum að M varð undir grindinni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta. Hún telur að rekja megi slysið til aðstæðna sem fyrir hendi voru og ófullnægjandi verkstjórnar.

Vátryggingafélagið viðurkennir bótaábyrgð að hálfu. Það telur að óumdeilt sé að M hafi verið kallaður til að vinna annað verk sem hafi verið meira aðkallandi og því hafi verið nauðsynlegt að fara með grindina aftur inn í kæli. Félagið telur að M hafi mátt vera ljós sú hætta sem fólgin var í því að draga hjólagrindina á eftir sér eins og hún var hlaðin. M hafi haft starfsreynslu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi slys M fyrst og fremst til þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru þ. á m. ófullnægjandi verkstjórnar. Miðað við þekkingu M á starfinu þykir rétt að skerða réttarstöðu hennar sem nemur 1/3 vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hluta samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2009

Frávísun

M

og

Vátryggingafélagið X v/skipatryggingar

**Tjón á aðalvél togara 02.04. 2008,
ágreiningur um bótafjárhæð**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Fram kemur í nefndu bréfi vátryggingafélagsins að bótaskylda vegna tjóns á aðalvél sé óumdeild. Álitaefnið sem M óskar úrskurðar um lýtur að fjárhæð bóta vegna tjóns á sveifarási. Félagið vísar til þess að starfssvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sé takmarkað í 1. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar og verði ekki séð að hér sé um ágreining að ræða sem nefndin fjalli um. Nefndin geti því aðeins úrskurðað um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir. Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit.

Vátryggingafélagið hefur ekki gefið samþykki sitt fyrir því að nefndin fjalli um ágreining félagsins og M þ.e. bótafjárhæð þ. á m. skýringu vátryggingarskilmála félagsins fyrir skipa-tryggingu. Með hliðsjón af ofanrituðu og 3. gr. samþykktar nefndarinnar er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 3. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysáttryggingar M

Maður meiddist á fæti þegar hann var að skipta um glugga í húsi þ.30.9.2008 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.2.2009 ásamt bréfi lögmanns M og fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

Í tilkynningu um vinnuslys segir M að hann hafi verið að vinna við að setja glugga í hús og misstigið sig og slasast á hné. Sama frásögn kemur fram frá M í læknisvottorði dags.28.11.2008. Í bréfi lögmanns M segir að hann hafi verið að bera 200 kg. glugga í umrætt sinn og hafi misstigið sig á brún sem var á gólfinu og slasast á hné og telur lögmaðurinn ljóst að um slys hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi ekki orðið fyrir slysi í samkvæmt slyshugtaki vátryggingarréttar.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir segir ”Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur tjóni á líkama þess sem vátryggður er, og gerist án vilja hans.” Ljóst er miðað við þær atvikalýsingar og gögn sem fyrir liggja í málinu að tjón M er ekki bótaskyldt úr slysáttryggingu hans hjá V miðað við ofangreinda tilvitnun í vátryggingaskilmála slysáttryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ kynbótahryssutryggingar.

Kynbótahryssa gat ekki gengið með fyli alla meðgöngu og því ekki nýtanleg til kynbóta.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.2.1009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júní 2008 keypti M kynbótahryssutryggingu fyrir hryssu hjá vátryggingafélaginu X. Í vátryggingunni felst m.a. svokölluð afnotamissistrygging, en skv. gr. 2.1 í skilmálum, sem um þá vátryggingu gilda, greiðast bætur ef hin vátryggða hryssa er úrskurðuð ónothæf til ræktunar í kjölfar sjúkdóms eða slyss og eru hin bótaskyldu tilvik nánar tilgreind í gr. 2.1. til 2.1.12.

Sumarið 2008 gekk hryssan með fyli eftir að hún hafði verið með stóðhesti í júní það ár. Samkvæmt vottorði dýralæknis, dags. 1.11.2008, staðfestist að hryssan hafði látið fylið, en það hafði áður greinst með sónar. Í þessu sama vottorði kom fram að hryssan hafði einnig misst fyl, sem höfðu greinst með sónar, árin 2004, 2006 og 2007. Miklar líkur voru á að hún gæti ekki gengið með fyl alla meðgöngu og sé því ekki nýtanleg til kynbóta.

M hefur krafist bóta úr framangreindri afnotamissistryggingu sökum þess að hún telst ónothæf til ræktunar.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi málgögnum liggur ekkert fyrir um það að hin vátryggða hryssa hafi orðið ónothæf til ræktunar vegna sjúkdóms- eða slysatilviks sem nánar eru tilgreind í gr. 2.1.1 til 2.1.12 í skilmálum tryggingarinnar. Það er nauðsynlegt skilyrði svo um bótaskyldu geti verið að ræða að eitthvert þessara tilvika hafi verið til staðar og vangeta hryssunnar til að ganga með fyl verði rakin til þess. Fyrst svo er ekki hefur ekki stofnast bótaréttur afnotamissistryggingunni.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 10. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Tjón á bifreið sem rekja má til lyftu á bifreiðaverkstæði 20.12. 2008,

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Óþarft er að geta takmarkaðrar umfjöllunar M í málskotinu.

Vátryggingafélagið lætur þess getið að M hafi verið með bifreið sína inni á verkstæði þar sem hann starfar. Eftir vinnu hafi bifreiðinni verið lagt í lyftustæði til “þurrkunar þegar lyftan fer af stað og lyftir bílnum upp á framhurðunum og olli tjóni á bifreiðinni”.

M lætur, auk kaskótryggingar, getið ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar í málskotinu. Vegna þessa vísar vátryggingafélagið til þess að M hafi ekki leitað eftir bótum úr þeirri vátryggingu hjá félaginu. Félagið vekur og athygli á því að sú vátrygging bætir ekki skemmdir á bifreiðinni sjálfri eða öðrum eignum M (vátryggingartaka) eða vátryggðs sbr. gr. 15 í skilmálum þeirrar vátryggingar. Bifreiðin hafi ekki verið í notkun í umrætt sinn að álitu félagsins.

Álit.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu kaskótryggingar.

Rétt er að láta þess getið vegna umfjöllunar um ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar að sú vátrygging bætir ekki skemmdir á bifreiðinni sjálfri eða öðrum eignum M (vátryggingartaka) eða vátryggðs. Bifreiðin var ekki í notkun í umrætt sinn þannig að ekki reynir á þá vátryggingu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 10. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Vestmannaeyjum þ.22.7.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.2.2009. ásamt greinargerð lögmanns og fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags 23.2.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni þar sem henni var ekið eftir vegi í Vestmannaeyjum og valt bifreiðin. Ökumaður A segist aðspurður ekki hafa ekið á yfir 100 km. hraða og ekki verið í kappakstri í umrætt sinn. Vitni segja að þeir og ökumaður A hafi verið í spyrnu en A hafi verið mun kraftmeiri og hafi hún því fljótlega horfið þeim sjónum. Annað vitni telur að A hafi verið ekið á um 140-150 km. hraða í umrætt sinn. M krefst bóta úr húftryggingu sinni hjá V og heldur því fram að hann hafi ekki ekið hraðar en um 10 km. umfram hámarks hraða og ekkert liggi fyrir um vanbúnað A og ekki hafi verið um hraða- eða glannaakstur að ræða. V hafnar bótaskyldu og segir A hafa verið í ofsakstri í umrætt sinn auk þess sem M hafi verið í kappakstri í umrætt sinn.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en M hafi ekið A í umrætt sinn af stórkostlegu gálseysi og á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda fasteignar.

Kona féll á hálfu á bifreiðastæði.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 5.2.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.2.2009.

Málsatvik.

Síðdegis þann 28.10.2007 sótti M ásamt eiginmanni sínum samkomu í nánar tilgreindri kirkju í eigu K. Þau höfðu lagt bifreið sinni á bifreiðastæði að norðaustanverðu við kirkjuna, en gengið er inn í hana að sunnanverðu. Bifreiðastæðið er að hluta malbikað og að hluta malborið. Lögðu þau bifreiðinni á hinum malbikaða hluta þess, en frá bifreiðinni í átt að kirkjudyrunum gengu þau eftir malbornum hluta bifreiðastæðisins. Sól var þá að setjast og blautt í kring að sögn M.

Er samkomunni lauk hafði fryst og hálfu myndast á bifreiðastæðinu. Kvað M þau hjónin hafa leiðst og stutt hvort annað er þau gengu eftir bifreiðastæðinu að bifreiðinni. Ætlaði M þá að ganga ein að hurðinni farþegamegin þar sem hún ætlaði inn í bifreiðina, en erfitt hafi verið að fóta sig sökum hálkunnar. Við hægra horn bifreiðarinnar var eins og fótunum hafi verið kipt undan henni og féll hún utan í frambretti bifreiðarinnar og skall á hægra framhjól. M slasaðist nokkuð við þetta.

M telur að af hálfu K hafi ekki verið hugað nægilega að hálkuvörnum á bifreiðastæðinu í kringum kirkjuna eftir að samkomunni lauk. Hún hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að ganga út frá því að hálfu hafi ekki verið til staðar, við upphaf samkonunnar þegar M ásamt eiginmanni sínum gengu eftir bifreiðastæðinu til að komast í kirkjuna. Meðan á samkomunni stóð myndaðist hálfu. Svo virðist sem hún hafi myndast við skyndileg veðrabrigði er sól settist. Ekki hefur verið sýnt fram á að fyrirsvarsmenn K né aðrir starfsmenn K hafi vitað eða mátt vita um hina skyndilegu hálfu myndun þannig að þeim hafi verið gerlegt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að eyða hálfu, þar sem M féll við og slasaðist. Ekki hefur heldur að öðru leyti verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem K getur borið ábyrgð á. Að þessu athuguðu ber K ekki skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut í umrætt sinn. Líkamstjón hennar verður því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu K hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bættist ekki úr ábyrgðartryggingu K hjá X.

Reykjavík, 10. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar A

Umferðaróhapp 01.02. 2009, bifreið ekið á ljósastaur.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var A ekið á ljósastaur og “hafði óskráð kerra hangið aftan í bifreiðinni”. Lögreglan getur þess að hún hafi haft afskipti af M fyrir um kvöldið vegna sömu kerru.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi því ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa alltof stóra og þunga kerru aftan í bifreiðinni, þrátt fyrir athugasemd lögreglu fyrir um kvöldið um að óheimilt væri að draga kerruna á lítilli bifreið. Félagið telur að M hafi fyrirgert bótarétti sínum sbr. ákvæði skilmála (grein 3.2) og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Hann hafði ekki stjórn á bifreiðinni sökum aðgæsluleysis og vanbúnaðar. Óforsvaranlegt var af M að verða ekki við fyrirmælum lögreglu um að skilja kerruna eftir. Kerran var of þung og breið fyrir bifreiðina. Lögreglan getur þess að það hafi verið hálfka og ísing og bifreiðin á “mjög slitnum sumardekkjum, ónegldum”.

Með hliðsjón af ofanrituðu má fallast á það mat vátryggingafélagsins að fella skuli niður bótarétt M með vísan til vátryggingarskilmála og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Ósannað er að ekið hafi verið í veg fyrir bifreiðina.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar vinnuvélar.**

Vinnuvél valt af flutningsvagni í hringtorgi þann 22.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.2.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 9.3.2009.

Málsatvik.

Vinnuvél (skotbómulyftari) í eigu M var flutt á eftirvagni, sem dreginn var af vörubifreið, frá athafnasvæði við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði og til stóð að flytja hana á tiltekinn stað í Hafnarfirði. Er bifreiðinni var ekið um hringtorg á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns féll vinnuvélin af vagninum og skemmdist talsvert, bæði ytra byrði hennar og aflvél. Við rannsókn málsins kom í ljós að vélin var bundin að framan í spil á vagninum. Að öðru leyti hafði hún ekki verið bundin niður eða skorðuð föst á vagninum. Ennfremur mun aflvél hafa verið í gangi er atvikið gerðist. Eigin þyngd vélarinnar mun vera rúm 10.600 kg.

Umrædd vinnuvél var vátryggð svokallaðri vinnuvélatryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni fyrir það tjón sem varð á vélinni. X hefur fallist á greiðslu helmings bóta vegna tjónsins að því frátöldu að það hefur hafnað tjóni sem varð á aflvélinni. Í afstöðu sinni til bótaskyldu hefur X m.a. vísað til þess að í gr. 6.4 í skilmálum sem um vátrygginguna gilda er mælt fyrir um þá varúðarreglu að vátryggður skuli fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun vinnuvélarinnar. Í fyrirliggjandi handbók framleiðanda um notkun og viðhald umræddrar vinnuvélar segi í kafla 3.9.1 varðandi flutning hennar að drepíð skuli á aflvél og kveikjulykill fjarlægður. Einnig hefur X vísað til þess að samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 554/2003 um hleðslu, frágang og merkingu farms skal við flutning vinnuvélar, eins og hér um ræðir, setja klossa framan við hjól fremsta áss og aftan við a.m.k. tvö önnur hjól og binda öll hjól fremsta og aftasta áss. Til varnar hliðarskriði skulu vera klossar eða skjólborð að a.m.k. 50 mm á hæð.

Álit.

Af málgögnum má ráða að ekki sé um það deilt að í umrætt sinn hafi sami starfsmaður M haft með höndum stjórn vinnuvélarinnar, gengið frá henni á flutningsvagninum, svo og stjórnað bifreiðinni er flutti hana þegar óhappið varð.

Af því sem að framan greinir þykir ljóst að frágangur vinnuvélarinnar á flutningsvagninum var ófullnægjandi með öllu og til þess fallinn að valda verulegri hættu á að hún myndi velta af vagninum í flutningnum eins og raunin varð. Verður það virt starfsmanni M til stórkostlegs gáleysis hvernig hann gekk frá vélinni á vagninum. Með slíkri háttsemi losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ennfremur þykir ljóst af gögnum málsins að skemmdir á aflvél vinnuvélarinnar verða raktar til þess að umræddur starfsmaður M gætti ekki þeirrar varúðarreglu í gr. 6.4 í vátryggingarskilmálum um að fara skuli eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun hins vátryggða. Er sök hans í þessum efnun meiri en svo að hún teljist óveruleg. Skilyrðum 26. gr. laga nr. 30/2004, sbr. 7. gr. vátryggingarskilmálanna, er því fullnægt þannig að X megi takmarka ábyrgð sína í heild eða að hluta vegna tjóns á aflvélinni sökum þess að varúðarregla var brotin.

Í 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 segir að í váttryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi megi, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að váttryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Í 8. gr. skilmálanna fyrir vinnuvélatryggingu hjá X segir að félagið geti borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og stjórnanda hinnar váttryggðu vinuvélar. Verður M því að sæta takmörkunum á bótaábyrgð X að því marki sem hún skal sæta takmörkunum vegna stórkostlegs gáleysis fyrrgreinds starfsmanns og að hann gætti ekki varúðarreglna.

Þegar virt eru ákvæði lokamálsliðar 26. gr. og síðari málsliðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 verður að telja að X sé heimilt að skerða bótaábyrgð sína gagnvart M að helmingi, bæði hvað varðar tjón á ytra byrði vinnuvélarinnar og aflvél hennar. Samkvæmt þessu skal tjón á vinnuvélinni bætast að helmingi.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að helmingi úr vinnuvélatryggingu hjá X.

Reykjavík, 31. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda sundlaugar.

Stúlka slasaðist í rennibraut í sundlaug.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.2.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.3.2009.

Málsatvik.

Þann 15.9.2007 sótti M, þá 8 ára gömul, sundlaug S ásamt foreldrum sínum. Hún renndi sér niður stóra rennibraut við sundlaugina. Hún mun hafa farið upp stiga við rennibrautina og ekki séð að neinn væri á undan sér. Hafi hún beðið skamma stund áður en hún renndi sér niður og ekki séð að neinn hafi komið úr rennibrautinni né veitt því athygli að einhver væri í brautinni. Er hún hafi svo verið í yfirbyggðum hluta rennibrautarinnar hafi verið þar fyrir drengur sem hafi verið kyrrstæður í rennibrautinni. Hafi M lent á þessum dreng með þeim afleiðingum að tvær framtennur brotnuðu.

M telur að slysið megi rekja til þess að öryggisbúnaði við rennibrautina hafi verið áfátt og öryggisgæsla hafi ekki verið sem skyldi. Sökum þessa hafi verið brotin nánar tilgreind ákvæði í reglugerð nr. 457/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og í reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur um slysið og tildrög þess. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að umrædd rennibraut eða búnaður hennar hafi ekki fullnægt reglum sem gilda um slíkar rennibrautir og notkun þeirra. Þá verður heldur ekki séð að slysið verði rakið til þess að gæsla við rennibrautina hafi verið ófullnægjandi. Að öllu athuguðu þykir ekki hafa verð sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem S ber ábyrgð á. Samkvæmt því ber S ekki skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut í umrætt sinn. Líkamstjón hennar verður því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bættist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 24. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu á bifreið vegna skemmdarverks.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Ódagsett bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar þar sem hjálagt fylgdi mynddiskur með ljósmyndum af bifreiðinni.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðin varð fyrir skemmdarverki, hún var rispuð sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um bótaskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína en sendi ljósmyndir af bifreiðinni. M lætur þess getið að verkstæði hafi metið kostnað við viðgerð og að vátryggingfélagið neiti að greiða helming viðgerðarkostnaðarins. M telur afstöðu félagsins ósanngjarna.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður að telja að bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Vátryggingafélagið hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína ellegar mótmælt umfjöllun M í málskotinu. Umfjöllun M er því lögð til grundvallar við afgreiðslu málsins. Vátryggingafélagið á að bæta það tjón sem varð á bifreiðinni við umrætt skemmdarverk. Það hefur ekki sýnt fram á að það skuli einungis bæta 50% viðgerðarkostnaðar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Vinnuslys við smíðar 07.01. 2009,
fingurmeiðsl.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að leggja parket. Hann var að saga parket úti á svölum íbúðar með hjólsög. Hann hafði sögina í hægri hendi og parketborð í vinstri hendi. Mun sögin hafa hrokkið til þannig að M sagaði í vísifingur og löngutöng vinstri handar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann telur að rekja megi slysið til þeirrar vinnuáðstöðu sem hann hafi þurft að notast við sem hann telur að hafi verið ófullnægjandi.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. M hafi starfað hjá A frá því í ágúst 1999 og þar á undan hjá sama eiganda í 10 ár. Hann hafi þennan tíma starfað við smíðar og hefur víðtæka reynslu af öllum sviðum smíðavinnu. Félagið telur að M hafi sjálfur haft forræði á því hvernig vinnuáðstöðu var háttáð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Virðist mega rekja slys M fyrst og fremst til aðgæsluleysis hans sjálfs. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn máls þessa. Lagt er til grundvallar að M hafi sjálfur haft forræði á því hvernig vinnuáðstaðan var.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að Vinnueftirlitið telji að meginorsök slyssins megi rekja til þess að “vinnuáðstaðan var ófullnægjandi og samverkandi þáttur gæti verið léleg lýsing”.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á byggingarvinnustað þann 3.12.2002.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.2.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði á vegum fyrirtækisins V í nýbyggingu við heimavist Menntaskólans á Akureyri. M er lærdur múrarameistari og var að störfum í tengibyggingu gömlu og nýju heimavistar skólans. Á gangi við norðurvegg hafði verið raðað upp 20 gifsplötum ofan á tvo planku sem voru á gólfinu. Búið var að taka eitthvað af plötum úr staflanum þannig að plankarnir á gólfinu stóðu fram undan plötunum. Er M var á gangi til vesturs eftir ganginum á leið sinni út að steypuhræivél, sem þar var, mun hann hafa rekið tærnar í annan plankann. Við það hafi hann misst jafnvægið og dottið fram fyrir sig í gólfið. M hlaut áverka á báðum handlimum.

M telur V bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af ljósmyndum að dæma, sem fyrir liggja í málinu, má ráða að gifsplötunum hafði verið staflað upp við vegg á tiltölulega þröngum gangi. Ekkert liggur fyrir um það í málinu hvers vegna þessi staður var valinn til að stafla plötunum eða hver hafi komið þeim fyrir við vegginn. Ekkert liggur heldur fyrir um það að annar staður hafi verið heppilegri eða að geymsla platnanna eða uppröðun þeirra hafi verið óvenjuleg eða með öðrum hætti en við mátti búast á byggingarvinnustað eins og hér um ræðir. Þá hefur ekki verið sýnt fram á með gögnum málsins að staðsetning platnanna og plankanna, sem undir þeim voru, hafi farið í bága við skýr laga- eða stjórnvaldsfyrirmæli. Að öllu virtu verður ekki talið að V beri fébótaábyrgð á líkamstjóni M. Þar með fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 31. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2009

M og Vátryggingafélagið V v slysátryggingar ökumanns A

Umferðaróhapp þegar ökumaður torfæruhjóls missti stjórn á því þ. 16.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.2.2009. ásamt fylgiskjölum 1-13.
2. Bréf V dags 9.3.2008 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa verið á leiðinni heim til sín og misst stjórn á A í beygju með þeim afleiðingum að hann fell af hjólinu og slasaðist. Ökumaður A var með allan þann öryggisútbúnað og hlífur sem lög gera ráð fyrir segir í lögregluskýrslu en ökumaður var ekki með ökuréttindi á ökutæki eins og hér um ræðir. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá V. Lögmaður M heldur því fram að upplýsingar um slysið hafi borist V fyrir þ. 25.4.2007 en þá hafi V tilkynnt að slysið hefði sannanlega verið skráð hjá V. Þ. 18. júní 2008 hafi V hafnað bótaskyldu en þá hafi verið meira en ár liðið frá því að V hafi verið kunnugt um atvik sem leyst hafi getað V undan ábyrgð þar til að V hafi tilkynnt M þá afstöðu sína að hafna bótaskyldu á þeirri forsendu að M hafði ekki öðlast ökuréttindi þegar slysið varð. Lögmaður M vísar til 31.gr. og 94 gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. V hafnar bótaskyldu þar sem um stórfellt gáleysi ökumanns hafi verið að ræða en á slysdegi hafi ökumaður verið nýorðinn 17 ára gamall og án ökuréttinda. V segir rétt að lögregluskýrsla vegna slyssins og upplýsingar um ökuferil M hafi borist V í apríl 2007 en nánari upplýsingar um ökuferil M og réttindasögu hafi ekki borist V fyrr en 20.10.2008. Þá vísar V til lögskýringarsjónarmiða varðandi 31.gr og 94.gr vátryggingasamningalaga.

Álit.

Ágreiningslaust er, að V bárust upplýsingar um slysið m.a. lögregluskýrsla eigi síðar en í apríl 2007. Þá er einnig ágreiningslaust að M hafði ekki ökuréttindi á slysdegi. Upplýsingar um það koma fram í lögregluskýrslu. V tilkynnti ekki um að það hafnaði bótaskyldu fyrr en í júní 2008.

Í 1. mgr. 31.gr vátryggingasamningalaga nr. 30/2004 segir að hyggist vátryggingafélag bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta skuli það tilkynna vátryggingataka eða vátryggðum þá afstöðu sína og skuli tilkynningin send út án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð Þá segir í 2. mgr. 31.gr að vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr., glati það rétti sínum til að bera ábyrgðartakmörkunina fyrir sig. Í 94.gr. vátryggingasamningalaga er kveðið á um það að vátryggingafélag sem hyggist bera fyrir sig að það sé laust undan ábyrgð að öllu leyti eða að hluta skuli senda vátryggingataka tilkynningu um þá afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita þeim rétti sínum og vanræki félagið að senda slíka tilkynningu glati það rétti til að bera fyrir sig atvikin.

Þegar tilkynning barst V í apríl 2007 þá kallaði það á viðbrögð félagsins, vildi V bera fyrir sig að það teldi sig laust úr ábyrgð sbr. 31.gr og 94. gr. vátryggingasamningalaga. Slíka tilkynningu sendi V ekki frá sér fyrr en rúmt ár var liðið frá því að félaginu var sannanlega tilkynnt um tjónið og það

hafði allar forsendur til að taka afstöðu og tilkynna um að það hafnaði bótaskyldu vegna þess að M hafði ekki ökuréttindi. Í 31.gr. og 94.gr. váttryggingasamningalaga segir að tilkynningu skv þeim lagaákvæðum skuli félagið senda án ástæðulass dráttar og jafnframt er tekið fram að sendi félagið ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar þá glati það rétti til að bera fyrir sig atvikin eða ábyrgðartakmörkunina sem fyrir hendi voru.

V tilkynnti M eða lögmanni hans ekki um það án ástæðulauss dráttar sbr. 31.gr. og 94.gr. váttryggingasamningalaga að félagið hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum sem raktar eru hér að ofan og glataði þannig rétti til að bera fyrir sig tilvikin sbr. 2. mgr. 31.gr. váttryggingasamningalaga. M á því rétt á bótum úr hendi V vegna þess tjóns sem hann varð fyrir í máli þessu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 24.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Umferðaróhapp á hringveginum í Rangárþingi eystra þann 12.01. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 09.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið Suðurlandsveg við Hellu, B var ekið til austurs en A til vesturs. Ökumaður B kveðst hafa verið á um 60-70 km/hraða þegar hann sér hópferðabifreiðina A stöðva á akreininni á móti sér og beygja inn á akreinina í veg fyrir B. Ökumaður A var að sýna farþegum hross í girðingu. Í framhaldi þessa missti ökumaður B stjórn á bifreið sinni þannig að hún fór út af veginum.

Vátryggingafélagið B telur að ökumaður B hafi hagað akstri sínum í samræmi við 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þegar A var ekið í veg fyrir bifreiðina. Félagið telur að ökumaður A hafi með háttsemi sinni valdið hættu á alvarlegu slysi en með skjótum viðbrögðum B hafi hann náð að draga verulega úr þeirri hættu sem stafaði af háttsemi ökumanns A. Félagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á því tjóni sem varð á B sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag A telur að ekki verði lögð sök á ökumann A því hann hafi tekið vinstri beygju án hindrunar þar sem B hafi verið það langt frá þegar beygjan var tekin og ekki varð árekstur með bifreiðunum. Rásför eftir B voru 90 metrar, félagið telur því að ökuhraði B hafi verið of mikill.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var bifreiðinni A ekið í veg fyrir B í mikilli hálfu. Ökumanninum bar að veita umferð sem á móti kom forgang. Þessa gætti hann ekki og því ber hann ábyrgð á útafakstri B. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2009

M og

vátryggingafélagið V vegna húsbýggjendatryggingar

Ágreiningur um tjón á sumarbústað í byggingu.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 24. febrúar 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16. mars 2009.

Málsatvik.

Þann 12. október 2008 var tilkynnt um tjón á sumarbústað í byggingu sem staðsettur er á lóð á X. Þegar eigendur hans komu á vettvang umræddan dag hafði sumarbústaðsins ekki verið vitjað síðan um miðjan ágúst. Af gögnum málsins má ráða að nokkuð tjón hafi orðið á loftplötum, gólfefni, milliveggjum og útveggjum, auk þess sem burðarvirki var blautt. Fyrir liggur að að sumarbústaðurinn var tryggður með húsbýggjendatryggingu hjá V sem innifelur fok- og óveðurstryggingu. Í skilmálum þeirrar tryggingar, nánar tiltekið gr. 21.1. kemur fram að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða vegna óveðurs. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 28,5 m/sek og gert er að skilyrði að mæling frá Veðurstofu Íslands sé lögð til grundvallar.

M telur að tjón hafi orðið á tímabilinu 17.-19. september 2008 og vísar máli sínu til stuðnings til vefsíðu Veðurstofunnar um slæmt veður á landinu á því tímabili, sem og upplýsinga frá nágrönnum um afleiðingar þess. M telur auk þess að mælingar Veðurstofunnar gefi ekki rétta mynd af því svæði sem sumarbústaðurinn er á.

V telur ósannað hvenær tjónið varð eða með hvaða hætti þar sem ekki var vitjað um hina vátryggðu eign á um tveggja mánaða tímabili á haustdögum. Auk þess vísar það til þess að fyrir liggja gögn frá Veðurstofu Íslands um vindmælingar á tilgreindu tímabili sem sýni að vindhraði hafi aldrei náð 28,5 m/sek.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki ljóst hvenær tjónsatburður varð. Skv. frásögn M var skilið við sumarbústaðinn um miðjan ágúst og var hans ekki vitjað fyrr en 12. október sama ár þegar tjón uppgötvaðist. Gögn málsins benda til þess að slæmt veður hafi verið á þessum slóðum á tímabilinu 17.-19. september en þó er ekki ljóst hvort tjónið varð á því tímabili eða smátt og smátt með öðrum hætti. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek á því tímabili sem talið er að tjón hafi orðið. Frásögn M um að veðurstöðvar Veðurstofu Íslands mæli ekki vindhraða með nákvæmum hætti m.v. staðsetningu sumarbústaðarins er ekki studd gögnum. Gildissvið fok- og óveðurstryggingarinnar byggir á gr. 21.1. í vátryggingarskilmálum tryggingarinnar og gerir ekki ráð fyrir því að annar mælikvarði sé notaður til mats á greiðsluskyldu. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram hvenær tjónið varð eða að vindhraði hafi þá náð umræddum 28,5 m/sek telst umrætt tjón falla utan gildissviðs húsbýggjendatryggingar.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr húsbyggjendatryggingu

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar

Ágreiningur um skýringu vátryggingarskilmála, hvort um undanskilda áhættu sé að ræða er varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M er með fjölskyldutryggingu þegar ágreiningur kom upp. Innifalin er málskostnaðartrygging sem lætur þess getið að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Félagið vísar til þess að ákvæðið eigi ekki við þegar ágreiningur er um eignarétt að fasteign. Það telur að ef fasteignin hefði ekki verið keypt hefði ágreiningur ekki komið upp. Ef “talið yrði að undanþáguákvæðið ætti ekki við í þeim tilvikum þegar kaupsamningi fasteignar er rift væri ómögulegt að segja til um hvenær vátrygging væri gild og hvenær ekki vegna ágreiningsmála sem varða eiganda að fasteign Riftunarmálið er einmitt tilkomið vegna þess að viðkomandi taldist eigandi að fasteign, þó að niðurstaða dóms leiði til þess að eignarréttur falli niður”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. M telur að hún hafi “aldrei orðið eigandi húsnæðis þess sem málskostnaður reis vegna”. Málið snýst um riftun kaupsamnings á fasteign þar sem M byggði aðalkröfu sína á “vanheimild seljanda, brostnum forsendum fyrir kaupum og stórfelldum vanefndum seljanda og að samþykki riftunar sé þegar til staðar”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að umrætt undanþáguákvæði vátryggingarskilmála eigi við þ.e. vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Ágreiningur máls þessa varðar M sem eiganda að fasteign í skilningi skilmála. M höfðaði dómsmál fyrir héraðsdómi árið 2008 til riftunar á kaupsamningi aðila frá árinu 2007, í dómsorði var staðfest riftun M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2009

M

Vátryggingafélagið V-1 v. A og

Vátryggingafélagið V-2) v B

Árekstur bifreiða í hringtorgi á gatnamótum Dalvegjar og Dalsmára þ.16.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.25.2.2009. ásamt uppdráttum af vettvangi.
2. Niðurstaða tónanefndar nr.20/09
3. Tjónaskýrsla dags. 16.12.2009.
4. Bréf V-2 dags. 6.3.2009 ásamt fylgiskjali 1-2
5. Bréf V-1 dags. 8.3.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

B ók um hringtorg og þegar bifreiðinni var ekið út úr hringtorginu skipti B í ytri akrein skv afstöðuteikningu á tjónstilkynningu og lenti í árekstri við A sem var ekið inn í hringtorgið á þeirri akrein sem áreksturinn varð. Ökumaður A segist hafa ekið inn í hringtorgið á hægri akrein og á leið út úr því við fyrstu útkeyrslu en tvær akreinar séu í hringtorginu önnur fyrir ytri hring og hin fyrir innri og hafi hann ekið í ytri. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi skipt um akrein og ekið í vinstri hlið A. Ökumaður B segist hafa gefið merki til að láta vita að hann hafi ætlað að aka út úr hringtorginu og A hafi ekki beðið og árekstur hefði orðið.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram skv afstöðuteikningu að B skiptir um akrein við akstur út úr hringtorginu og ekur úr innri akrein hringtorgsins og yfir í ytri akrein þess. Ökumaður B skiptir því um akrein og ekur í beinu framhaldi á A og ber því alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 24.3.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2009

M v/bifreiðarinnar L

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bónda

Ekið á nautgrip 16.12. 2008 í Arnarneshreppi, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni var ekið á nautgrip.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið vísar til þess að lögreglan hafi rétt náð í bóndann til þess að tilkynna honum um lausa nautgripi þegar óhappið varð. Bóndinn hafi því ekki haft tök á því að “bregðast við með neinu móti...” Í öðru lagi hafi viðhald og eftirlit með girðingum verið gott. Tjónið á bifreiðinni verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi búsins. Í þriðja lagi telur félagið að girðingin hafi verið í samræmi við girðingalög nr. 135/2001 og reglugerð nr. 748/2002 um girðingar fyrir gelt naut. Í fjórða lagi telur félagið að hornstaur í girðingunni hafi brotnað og lagst niður vegna þess að naut hafi nuddað sér utan í hann. Þetta hafi orsakað það að strengir í girðingunni hafi verið slakir sbr. nánar gögn málsins. Búið hafi ekki haft vitneskju um brotna staurinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur efnislega að girðingu hafi verið áfátt t.d. hafi tveir strengir verið á kafi í snjó og þess vegna hafi hún ekki verið held fyrir nautgripi. Hann vísar og til þess að lausaganga búfjár sé bönnuð á þessum stað. Hann telur að bóndinn hafi geymt nautgripi í vanbúinni girðingu. Hann beri því ábyrgð á því tjóni sem varð er bifreiðinni var ekið á nautgripina.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ljóst er að girðingu var ábótavant og að aðgæsluleysi aðila er um að kenna að nautgripir komust út á veg. Það breytir ekki ofanrituðu þó lögreglan hafi ekki náð að gera aðilum viðvart um lausa nautgripi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist er stigi rann undan honum í nýbyggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 28.2.2008 var M við störf í nýbyggingu. Hann stóð í lausum stiga í um 3-3,5 m hæð og vann við uppsetningu á þaksperrum. Hann var með borvél í höndum og var að bora í gegnum timbur og inn í steinvegg. Þar sem rýmið, sem M var að vinna í, var opið að ofan mun hafa snjóað í það og gólf af þeim sökum verið hált. Rann þá stiginn undan M og hann féll niður á steinsteyppt gólfið og hlaut meiðsl af.

M telur vinnuveitanda sinn, V, hafa látið honum í té ófullnægjandi búnað til að vinna það verk sem honum var falið, auk þess sem ekki hafi verið gætt að því af hálfu V að aðstæður væru nægilega öruggar á vinnustaðnum. Krefst M þess að tjón sem hann hlaut í slysinu verði bætt af X, ábyrgðartryggjanda V. Félagið hefur hafnað bótaskyldu sinni.

Álit.

Ekkert bendir til að stigi sá er M var í hafi verið vanbúinn. Um það virðist heldur ekki vera deilt með aðilum. M er lærður trésmiður og mun hafa langa starfsreynslu hjá V. Hann ákvað sjálfur að nota stigann við það verk sem hann vann að. Honum átti að vera treystandi til að velja sjálfur þau tæki sem hann þurfti til að geta unnið verkið á sem öruggastan hátt. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða að þess hafi ekki verið gætt af hálfu V að tryggja nægilega öryggi starfsmanna á vinnustaðnum eða slysið verði að öðru leyti rakið til atvika sem V getur borið ábyrgð á. Tjón M bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 7. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A - hópferðabifreið

og

Óvátryggt ökutæki (B og ABÍ)

Árekstur Reykjanesbraut þann 23.05. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 02.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf ABÍ til nefndarinnar, dags. 18.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið suður Reykjanesbraut og var B á undan A. B hugðist snúa við á veginum við aflagðan vegslóða sem notaður var af Varnarliðinu. Ökumaður B beygði til vinstri í þann sama mund og A var ekið framúr.

Vátryggingafélag A telur ljóst að ökumaður B hafa ekið út á vegöxlina hægra megin miðað við akstursstefnu en beygir síðan skyndilega til vinstri í veg fyrir A sem þá hafi ekið aðeins til vinstri til þess að aka ekki of nálægt bifreiðinni B sem ekið var út af akbrautinni hægra megin. Félagið telur að framburðir farþega í A styðji framburð ökumanns bifreiðarinnar. Félagið telur að ökumaður A hafi ekki haft möguleika á að bregðast við þessari óvæntu hegðun ökumanns B.

M telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir bifreiðina A. Óþarft er að geta umfjöllunar hans.

B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum, skilyrði til framúraksturs hafi ekki verið til staðar. Óþarft er að geta umfjöllunar hans.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja ljóst að ökumaður B hafi hægt skyndilega á ökuhraða sínum og sveigt til hægri út í vegöxl áður en bifreiðinni var beygt til vinstri. Virðist sem ökumaðurinn hafi ekki hugað að þeirri umferð sem á eftir kom áður en hann beygði til vinstri. Telja verður að ökumaður B hafi beygt í veg fyrir A og að hann beri því ábyrgð á árekstrinum.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A þrátt fyrir að á vettvangi sé hálfbrotin lína.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O

Óhapp þegar hjólreiðarmaður féll um rafmagnskapal þ.3.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 4.3.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 16.3.2009.

Málsatvik.

M hjólaði eftir göngustíg og féll þegar hann flæktist í rafmagnskapli sem lá út á stíginn með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að framkvæmdir hafi staðið yfir á umræddum stað og frágangur rafmagnskaplanna hafi verið með þeim hætti að þeir hafi verið lagðir í grasið út frá stígnum og í umræddu tilfelli hafi strengnun verið stungið inn í runna og fyrir um daginn hafi verið ekið um svæðið og þá hafi ekkert sést athugavert.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi gengið frá rafmagnsköplum með viðunandi hætti þannig að þeir sköpuðu ekki hættu fyrir umferð um göngustíginn. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu vegna tjóns á krana vörubifreiðar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 4.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.3.2009.

Málsatvik.

Þann 11.11.2005 var vörubifreiðinni A í eigu M ekið undir Höfðabakkabrú í Reykjavík með þeim afleiðingum að krani á bifreiðinni rakst í brúna og skemmdist. A var húftryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem varð á krananum úr húftryggingu A. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

M kveður bifreiðina hafa verið keypta á árinu 2000 af nánar tilgreindu láanafyrirtæki fyrir 8.466.000 krónur að krananum meðtöldum og lánafyrirtækið hafi séð um að kaupa ábyrgðar- og húftryggingu fyrir bifreiðina hjá X. Hins vegar hafi X ekki hirt um að skoða bifreiðina áður en vátryggingarsamningurinn tók gildi.

Af hálfu X hefur komið fram að í beiðni um vátrygginguna hafi þess ekki verið getið að A hafi verið búin aukabúnaði eða að beðið hafi verið um að vátryggja aukabúnaðinn sérstaklega.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.5 í skilmálum þeim, sem giltu um húftryggingu A er tjónið varð, bætir félagið ekki skemmdir “á hvers kyns aukabúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, talstöðvum, farsímum, vörulyftum, máluðum auglýsingum og lausum toppgrindum nema um annað hafi verið samið sérstaklega.” Ljóst þykir að bílkrani sá, sem deilt er um í máli þessu, telst til aukabúnaðar ökutækis eins og lýst er í skilmálaákvæði þessu. Af þeim sökum bætast skemmdir á krananum ekki úr húftryggingu A nema sérstaklega hafi verið um það samið að vátryggingin tæki til slíks tjóns. Gegn neitun X verður að telja að ekki hafi verið um það samið að kraninn skyldi falla undir húftryggingu A. Vátryggingafélög kunna að áskilja sér að kanna ástand ökutækis áður en húftrygging tekur gildi. Slíkt þarf þó ekki að vera algilt, einkum þegar ökutæki er keypt fyrir atbeina lánafyrirtækis. M gat ekki treyst því að skoðun færi fram á ökutækinu af hálfu X fyrir gildistöku vátryggingarinnar eða að með slíkri skoðun yrði séð til þess að bílkraninn yrði vátryggtur. Að framangreindu athuguðu bætist tjónið á bílkrananum ekki úr húftryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón M á bílkrana á A bætist ekki úr húftryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Vatnsleki í nýbyggðu húsi vegna meints ófullnægjandi frágangs á þaki.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.3.2009.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að húseign í eigu M hafi verið byggð af byggingarverktakanum B, en B mun hafa keypt lögmælt starfsábyrgðartryggingu fyrir byggingarstjóra hjá vátryggingafélaginu X.

M kveður leka hafa komið að húsinu sem hann virðist rekja til þess að frágangur “á lóðréttum samskeytum á þaki hússins” “geti ekki talist hefðbundinn og samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum.” Þá telur M að engar “deiliteikningar af ytri lóðréttum samskeytum” hafi verið til. M krefst bóta úr fyrrgreindri starfsábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög óskýr og erfitt um vik að átta sig á hvert sé tjón M og hver sé ætluð orsök þess. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er byggingarstjóri byggingarframkvæmda. Hann ber einkum ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að tjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir verði rakið til atvika sem byggingarstjóri hússins ber ábyrgð á lögum samkvæmt. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá X.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að það er ekki á færi úrskurðarnefndar að kveðja til sérfróða aðila til að leggja mat á þau ágreiningsefni sem lögð eru fyrir nefndina til úrlausnar.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 7. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns

Umferðaróhapp 27.07. 2007, tilkynning skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M missti stjórn á bifreið sinni er hann ók vestur Villingaholtsveg þannig að bifreiðin valt.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. röksemdafærslu þess í gögnum málsins. Það vísar því á bug að M hafi fyrst fengið vitneskju um atvik sem krafan er reist á þegar hún leitaði til læknis u.þ.b. einu og hálfu ári eftir slysið. Ekkert liggir fyrir um að M hafi leitað til læknis á árinu 2008. Félagið telur að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafan er reist á á slysdegi þann 27.07. 2007 “enda engin rök sem hníga að því að miða beri við síðara tímamark”. Félaginu hafi ekki borist upplýsingar um að kröfum yrði haldið uppi vegna slyssins fyrir en með tölvupósti frá lögmanni M dags. 18.01. 2008 og því hafi ársfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn.

Álit.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu ökumanns.

Í 124. gr. laga um vátryggingarsamninga er þess getið að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Í athugasemdum frumvarps til laga um vátryggingarsamninga við nefnt ákvæði er þess getið m.a. að vátryggingafélög “hafa af því mikla hagsmuni að kröfur komi fram sem fyrst og það hefur samfélagslega þýðingu að ljúka slíkum málum án óþarfa dráttar. Upphaf frestsins miðast við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingabætur....”

Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt nefndu ákvæði. Hafa ber hugfast að í frumskýrslu lögreglu af vettvangi er þess m.a. getið að M “taldi sig þurfa að fara og láta lækni líta á sig þar sem hún fann til lítilsháttar eymsla um líkamann og eins var hún með smá skrámu á hægri hné...” Ljóst var að hér varð líkamstjón.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 7. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 79/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Umferðaróhapp þegar ekið var á bílhurð þ.7.2.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.3.2009. ásamt bréfi lögmanns og fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 233/08
3. Bréf V-2 dags 3.2.2009.
4. Bréf V-1 dags. 16.3.2009

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa verið ökumaður A og opnað hurð bílsins til að stíga út úr bifreiðinni þar sem henni hafi verið lagt við Bankastræti í Reykjavík og í sömu andrá hafi B komið og ekið á hurðina og hafi hún hlotið meiðsl á ökla er hann lenti á milli dyrakarms og bílhurðar. Ökumaður A segir að afturdekk B hafi farið í hurð A. Ökumaður B segist hafa ekið suður Bankastræti og heyrð skell og orðið var við að eitthvað hafi lent utan í B. Ökumaður A gerir kröfu til bóta úr öikumannstryggingu vegna meiðsla sbr. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B sbr. 88. gr. umferðarlaga. Bæði vátryggingafélögin hafna bótaskyldu og bendir V-1 á að slysið verði ekki rakið til notkunar A í skilningi ofangreindra ákvæða umferðarlaga. Slyd M hafi hvorki hlotist af hreyfingu eða hættueiginleikum ökutækisins.

Álit.

Miðað við gögn málsins er öll sök felld á ökumann A sem opnar hurð bifreiðarinnar í veg fyrir B. Slyd ökumanns B verður rakið til stjórnar ökumanns á ökutækinu við notkun ökutækisins og á því M rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá vátryggingafélagi A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök. Ökumaður A á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá tryggingafélagi sínu V-1.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega.

Starfsmaður tognaði í baki er hann lyfti upp rafskautsklemmu sem hafði fallið ofan á samstarfsmann hans.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 21.9.2005 var M við störf í kerfóðrun hjá V. Varð þá sá slysaatburður að rafskautsklemma féll ofan á fót samstarfskonu M. Brást M við og aðstoðaði ásamt öðrum við að lyfta rafskautsklemmunni ofan af fæti konunnar. Við það tognaði hann í baki.

Hefur M krafist bóta vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut úr slysatryggingu launþega sem V hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki sé fullnægt skilyrðum vátryggingarskilmála að um slys hafi verið að ræða.

Álit.

Vátryggingarskilmálar, sem giltu um þá vátryggingu sem M krefst bóta úr, liggja ekki fyrir í málinu. Af fyrirliggjandi gögnum má þó slá föstu að í skilmálunum sé ákvæði þess efnis að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og nánar greinir í skilmálunum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og að með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

M tognaði í baki er hann lyfti þungu fargi ofan af fæti samstarfsfélaga síns. Varð M þannig fyrir meiðslum án þess að það verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem er skilyrði þess að, um slys geti verið að ræða eins og að framan greinir. Í þessu efni skiptir ekki máli jafnvel þótt svo kunni að vera að samstarfsfélagi M hafi fengið fargið ofan á sig af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Hvorki af framangreindri skilgreiningu orðsins “slys” í skilmálunum eða öðrum skilmálaákvæðum er gefið færi á að rýmka hugtakið þótt M hafi hlotið meiðslin í þeirri viðleitni að koma annarri manneskju til bjargar. X verður heldur ekki gert skylt lögum samkvæmt að bæta tjón M úr slysatryggingunni þótt meiðsl hans hafi hlotist við þær sérstöku aðstæður sem að framan greinir. Líkamstjón M bætist því ekki úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

Líkamstjóns M bætist ekki úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 7. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 82/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á gatnamótum Dalshrauns og Stakkahrauns 04.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Skrifleg afstaða vátryggingafélaganna.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var ekið Stakkahraun í vestur með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri inn Dalshraun, þegar bifreiðin skautaði áfram og rann yfir að kantsteininum hinum megin götunnar. A hugðist aka inn á Stakkahraun. Biðskylda er á gatnamótunum.

Vátryggingafélag B telur að leggja skuli alla sök á A, hann hafi ekki náð að stöðva við biðskylduna og runnið áfram á B sem var kyrrstæð á götunni eftir að hafa runnið til á veginum. Félagið vísar m.a. til frásagnar aðila og að ökumaður A hafi séð B koma “frá vinstri, en ökumaður þess bíls hafði misst stjórn á bílnum sínum og sá bíll stoppaði þversum fyrir framan mig....en bíllinn hjá mér rann áfram og náði ekki að stoppa....”

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi ekið of hratt í beygjuna og misst stjórn á bifreið sinni og runnið yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir A.

M telur að ökumaður A skuli bera sök á árekstrinum. Bifreið B hafi verið kyrrstæð í “nokkurn tíma áður en hinn bíllinn ekur inn í hliðina á mínum bíl”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B 2/3 hluta sakar á árekstrinum fyrir missa stjórn á bifreiðinni og aka í veg fyrir A. Ökumaður A ber 1/3 sakar, hann veitti umferð um Stakkahraun ekki forgang. Virðist sem ökumaðurinn hafi ekki haft stjórn á bifreið sinni og ekið á B, sem þá var orðin kyrrstæð.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2009

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar S

Kona rann í bleytu og slasaðist þ.27.8.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 10.3.2009. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 6.4.2009.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá S og gekk inn á eldhússvæði og steig í bleytu fyrir framan vask og rann og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns S og bendir á að sá staður sem slysið varð sé eingöngu ætlaður starfsfólki og virða verði það þeim starfsmanni til gáleysis sem síðast notaði vaskinn að þurrka ekki upp bleytu, þá vísar M til laga nr. 46/1980 og reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða einkum 6.gr. Fram kemur hjá M að M hafi gengt starfi öryggisvarðar en auk hennar séu 3 starfsmenn á vakt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M gegni starfi öryggisvarðar og veitingastjóra og skv aðgerðarplani í eldhúsi þar sem tekið sé tillit til þrifa og slíks sé því framfylgt af veitingastjóra. Þá segir V aðstæður í eldhúsinu séu þannig að ekki sé erfitt að sjá vatn á gólfi og húsnæði það sem um ræðir sé fjarri því að vera vanbúið. Þá hafi M borið að sýna eðlilega aðgæslu við störf sín sem hún hafi ekki gert í umrætt sinn.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hafi ekki verið fullnægjandi í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til aðgerða eða aðgerðarleysis annarra starfsmanna á vinnustað.M á þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 84/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. abyrgðartryggingar J

Flísar losnuðu í húsi og því haldið fram að það hafi verið vegna sprenginga þ. 31.3.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 27.3.2009.

Málsatvik.

M er húseigandi í Brautarholti telur að tjón hafi orðið á húsi hans vegna sprenginga J í grunni á horni Höfðatúns og Borgartúns. M telur að flísar utan á húsinu og inni í húsinu hafi losnað við sprengingarnar. Forsvarsmaður M segir að eftir sprengingarnar hafi fólk sem var við vinnu hafi orðið vart við að gólfhlísarnar lyftust upp. Fyrirsvarsmaður J sagði að nokkrar kvartanir hefðu borist frá íbúum í nágrenni framkvæmdasvæðisins en fyrirtækið færi eftir ákveðnum stöðlum og gildum og væru allar sprengingar sem gerðar hefðu verið innan við viðmiðunarmörk. M krefst bóta úr abyrgðartryggingu J hjá V og segir það staðreynd að flísar hafi losnað í og á húsi sínu vegna sprenginga J. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið hafi hvorki orðið af ásetningi eða gáleysi starfsmanna J og ekki liggi annað fyrir en réttilega hafi verið staðið að öllum sprengingum og þá sé hús M í 300 metra fjarlægð frá þeim stað þar sem sprengt var.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn J hafi framkvæmt sprengingar í húsgrunni þeim sem hér ræðir um með óforsvaranlegum hætti þannig að leiði til skaðabótaskyldu J. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr abyrgðartryggingu J hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr abyrgðartryggingu J hjá V.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 85/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður á öldrunarheimili féll á nýþvegnu gólfi fyrir framan dyr fólkslyftu.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 12.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var starfsmaður öldrunarheimilisins D sem rekið er af F. Hún tók lyftu af þriðju hæð hússins að D niður á fyrstu hæð. Er hún kom út úr lyftunni rann hún á blautu gólfi, sem var nýbúið að skúra, og meiddist illa á vinstra hné.

M krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu sem F hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X. Byggir krafan á því að engar aðvaranir hafi verið uppi eða gerðar ráðstafanir af öðru tagi til að draga úr slyshættu. Um sé að ræða dúkalagt gólf sem verði hált sem svell þegar það er blautt og enn hálla sé sápa eða bón notað við skúringar.

Bótaskyldu hefur verið hafnað af hálfu F. Gólf fyrir framan lyftuna sé ávallt þrifið á sama tíma og M gekk út úr lyftunni. Henni mátti því vera ljóst að gólfið gæti verið blautt á umræddum tíma. Á gólfinu séu leirflísar og við þrifin séu notaðar deigar moppur sem eru sérstaklega hannaðar til þrifa á sjúkrahúsum og rennbleyta ekki gólfin. Einungis vatn er notað, en engin hreinsiefni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að staðið hafi verið að þrifum gólfsins fyrir framan lyftuna með óforsvaranlegum hætti, þegar M slasaðist. Þannig bendir ekkert til þess að við þrifin hafi gólfið blotnað eða orðið svo hált að hættulegt hafi verið að ganga á því. Er ósannað að slysið verði rakið til atvika sem F ber ábyrgð á sem eigandi D. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu F hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 20. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2009

M1, M2 og M3

og

Vátryggingafélagið X v/ réttaraðstoðartryggingar.

Ágreiningi um gildi erfðaskrár skotið til héraðsdóms á grundvelli laga um skipti dánarbúa.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.3.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málskotaðilar (hér eftir nefndir M) hafa, að ætla verður, hver sína fjölskylduþryggingu hjá vátryggingafélaginu X sem felur í m.a. réttaraðstoðartryggingu.

M áttu aðild að ágreiningsmáli um arftökurétt eftir K sem lést á árinu 2008, en M eru systkinabörn hennar. Ágreiningnum var skotið til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur með vísan til 53. gr., sbr. 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o.fl.

M hafa farið fram á að málskostnaður vegna reksturs málsins fyrir héraðsdómi verði greiddur úr réttaraðstoðartryggingunni hjá X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu þar sem það telur að ekki sé um að ræða ágreining í einkamáli eins og áskilið er í inngangsorðum í skilmálum fyrir réttaraðstoðartryggingu.

Álit.

Í fyrrgreindum inngangsorðum vátryggingarinnar segir að það sé hlutverk hennar að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. 1. gr. skilmálanna fjallar um gildissvið vátryggingarinnar. Þar segir m.a. að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Ennfremur segir í téðri grein skilmálanna að vátryggingin taki ekki til sakamála og ekki heldur ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla. Ekki er berum orðum tekið fram í vátryggingarskilmálunum að vátryggingin taki ekki til dómsmáls sem rekið er fyrir héraðsdómi með hætti sem á við um það dómsmál sem M eiga aðild að. Í Lögfræðiorðabók, útg. 2008, segir að einkamál sé mál sem einstaklingur eða lögpersóna höfðar á hendur öðrum einstaklingi eða lögpersónu til úrlausnar á réttarágreiningi um réttindi þeirra og skyldur. Þar segir einnig að einkamál séu stundum skilgreind á neikvæðan hátt þannig að það séu öll dómsmál sem ekki eru sakamál. Þegar litið er til þess hvað felst að jafnaði í hugtakinu einkamál og hvernig gildissvið réttaraðstoðartryggingarinnar er afmarkað í 1. gr. skilmálanna verður ekki talið að kostnaður við rekstur þess dómsmáls sem M áttu aðild að fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sé undanskilinn í vátryggingunni. Þau eiga því rétt á að fá kostnaðinn greiddan úr umræddri vátryggingu.

Niðurstaða.

M eiga rétt á greiðslu málskostnaðar úr réttaraðstoðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar

Ágreiningur um greiðslu úr málskostnaðartryggingu þegar máli lauk með réttarsátt um annað en málskostnað M til handa, úrskurður 8.1.2009.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 12.3.2009. ásamt bréfi lömanns M og fylgiskjölum 1-22
2. Bréf V dags 20.3.2009 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M fékk fyrirtæki til að vinna að endurbyggingu íbúðarhúsnæði síns eftir tjón vegna eldsvoða. Ágreiningur kom upp milli M og fyrirtækisins. Ágreiningur varð vegna galla og greiðslu lokareiknings til fyrirtækisins og höfðaði fyrirtækið mál á hendur M. Við fyrirtöku í málinu þ. 17.12.2008 óskaði stefnandi að málið yrði fellt niður. Lögmaður M krafðist málskostnaðar úr hendi stefnanda og var málið tekið til úrskurðar um kröfuna. Héraðsdómi Suðurlands úrskurðaði þ. 8.1.2009 að M skyldi fá ákveðna fjárhæð í málskostnað og vegna útlagðs kostnaðar. M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V og heldur fram að lokaniðurstaða málsins sé sambærileg því að dómur hafi verið kveðinn upp eða sátt gerð um málskostnaðinn. M hafi ekki getað krafist þess að málið gengi til dóms eða réttarsátt yrði gerð þar sem stefnandi hafi krafist niðurfellingar málsins. Þá vísar M til þess að hann hafi allan tímann sem réttarágreiningurinn milli hans og fyrirtækisins stóð verið í sambandi við V og V greitt inn á útlagðan kostnað málsins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að í vátryggingaskilmálum þar sem segi að félagið greiði eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður geti ekki fengið greiddan hjá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Með hliðsjón af framangreindu orðalagi vátryggingaskilmála telur V að mál sem eru til lykta leidd með úrskurðum falli ekki undir framangreint orðalag vátryggingaskilmála og þá hafilögmaður M ekki krafist þess að réttarsátt yrði gerð í málinu

Álit.

Stefnandi málsins átti þess kost skv C lið 105 gr laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að fella dómsmálið niður einhliða. Stefndi M átti þá ekki annan kost en að gera kröfu um greiðslu málskostnaðar og úrskurðað yrði um hann svo sem gert var. Sá úrskurður er sambærulegur því að dómur gangi í málinu hvað varðar málskostnað og útlagðan kostnað við þær aðstæður sem hér ræðir um. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar L

Ágreiningur um bótaskyldu úr launþegatryggingu vegna slyss framkvæmdastjóra og eiganda einkahlutafélags þ. 21.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.3.2009. ásamt bréfi lögmanns og fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags 27.3.2009 ásamt fylgiskjali 1-2.

Málsatvik.

M er eigandi og framkvæmdastjóri L ehf. M slasaðist við vinna sína hjá L þegar hann datt úr stiga. Lögmaður M krefst bóta úr launþegatryggingu L hjá V og bendir á að í umrætt sinn hafi M verið í vinnu hjá L og breyti engu þó hann eigi félagið og reki það þar sem hann þiggi laun eins og aðrir starfsmenn. V hafnar bótaskyldu og bendir á að einungis einn starfsmaður sé tryggður hjá L en M sé framkvæmdastjóri og eigandi L. V segir að ef eigandi fyrirtækis á að vera tryggður í slysatryggingu launþega þá sé hann sérstaklega nafngreindur inn í viðkomandi skírteini, þá sé L með tvo starfsmenn auk M og því ljóst að þeir allir þrír geti ekki fallið undir tryggingu sem tryggin eingöngu einn starfsmann.

Álit.

M var framkvæmdastjóri og eigandi L og bar að gæta þess að tryggingar væru með fullnægjandi hætti. Fyrir liggur að einungis einn launþegi L af þremur var tryggður launþegatryggingu hjá V. M var ekki tilgreindur sérstaklega með launþegatryggingu hjá V. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi verið með gilda tryggingu hjá V í umrætt sinn á hann ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu L hjá V.

Reykjavík 7.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2009

M og váttryggingafélagið X vegna A og váttryggingafélagið Y vegna B

Árekstur á Snæfellsnesvegi við Gríshólsá 13. ágúst 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12. mars 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf váttryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30. mars 2009.
- 3) Bréf váttryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18. mars 2009.

Málsatvik.

Þann 13. ágúst 2008 var lögreglunni í Stykkishólmi tilkynnt um árekstur A og B við Gríshólsá á Snæfellsnesi. Þegar komið var á vettvang var önnur bifreiðin utan vegar en hin á veginum og báðar mikið skemmdar og óökufærar. Miðað við gögn málsins voru ökumenn A og B báðir að aka Snæfellsnesveg í vestur þegar áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið mjög hægt áður en hann beygði til vinstri út af veginum við veghandrið og í sömu mund ætlaði ökumaður B að aka fram úr A. Ökumaður B kveðst hafa ekið á um 80 km/klst og gefið stefnuljós til vinstri til merkis um fyrirhugaðan framúrakstur. Ljósmyndir í lögregluskýrslu sýna ágætlega aðstæður á vettvangi, m.a. yfirborðsmerkingar á veginum. Þar kemur fram að á akbrautinni er hvítmáluð hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu, þar sem hálfbrotna línan var nær ökumönnum.

Álit.

Við þær aðstæður sem uppi voru við árekstur ökutækjanna A og B á Snæfellsnesvegi bar ökumanni A að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig, en skylda til þess kemur fram í 2.mgr. 15.gr., sbr. 1.mgr. 16.gr., umferðarlaga nr. 50/1987. Framburður ökumanns A um stefnuljósagjöf í tæka tíð fær ekki nægilega stoð í gögnum málsins. Ekki er því talið sannað að hann hafi gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig eins og honum var skylt skv. fyrrgreindu lagaákvæði. Ökumaður B þurfti hins vegar að gæta vel að merkingum á akbraut. Eins og fram hefur komið var á akbraut Snæfellsnesvegur hvítmáluð hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu. Skv. c.-lið 23.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra er varhugavert að aka yfir þessar línur og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B gætti þess ekki nægilega vel og ber því hluta sakar vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar íþróttahúss (A)

Meiðsl við badminton þann 28.10. 2008, ófullnægjandi rakavörn.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Umræddan dag var M að spila badminton í húsnæði A í hádeginu. Vatn mun skyndilega hafa lekið úr lofti hússins og myndað poll sem varð þess valdandi að M hrasaði og meiddist sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit.

Talið er að rakavörn hafi gefið sig í húsnæði A. Hluti af starfsmönnum A mun hafa verið kunnugt um ástand hússins og að hafa þyrfti loftræstingu hússins í gangi allan sólarhringin til að koma í veg fyrir að vatn gæti dropað úr lofti hússins. Þess virðist ekki hafa verið gætt að allir starfsmenn vissu af þessum annmarka hússins. Miðað við fyrirliggjandi gögn virðast mistök hafa valdið því að starfsfólk slökkti á loftræstingu hússins með fyrrgreindum afleiðingum þ.e. að vatn dropaði inn.

Starfsmaður A lætur þess getið m.a. í fyrirliggjandi yfirlýsingu að “þetta hafði gerst nokkrum sinnum á undanförunum vetrum, og röktun við málið til loftræstingar. Þeir lekar (slagar) voru hins vegar á öðrum stöðum sem ekki var talin hætta á sambærilegu slysi og varð....”

Að teknu tilliti til ofanritaðs og fyrirliggjandi gagna verður að telja að tjónsatburð máls þessa megi rekja til ófullnægjandi viðhalds hússins og vanrækslu við að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir. Vegna þessa er fallist á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Ekki er tilefni til að telja M meðábyrgan að því óhappi sem varð. Hann þyrfti ekki búast við því að vatn gæti lekið niður á þá aðstöðu sem í boði var.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2009

M og

Vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar

Tjón vegna meintra mistaka tannlæknis þ.desember 2007..

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.3.2009.ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 28.10.2008 og 20.3.2009 ásmat fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M telur að tannlæknir sá sem hún leitaði til hafi vanrækt að upplýsa M með fullnægjandi hætti og úrræði tannlæknisins hafi ekki verið hentug í tilviki M og hafi tannlæknir valið ranga aðferð fyrir M og vanrækt að gera M grein fyrir þeirri áhættu sem fólst í aðgerðinni og hversu litlar líkur væru á því að aðgerðirnar heppnuðust. Í bréfi C tannlæknis til lögmanns M segir m.a. að tannlæknirinn hafi að morgue leyti metið stöðuna rétt en í einu tilviki telur C að reynt hafi verið að bjarga tönnum sem hafi verið orðnar of lélegar og mistök hafi verið að gera ekki sjúklingi grein fyrir því. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki komi fram í málskosti hvaða tjóni M hafi orðið fyrir vegna meintra mistaka tannlæknisins. Þá mótmælir V álit sem kemur fram í bréfi Hönnu Kristínar og gerir ítarlega grein fyrir því hvað tannlæknir M gerði og tennur M hafi verið mjög illa farnar. Loks bendir V á að skilyrði bótaskyldu sé að orsakatengsl séu milli tjóns og meðferðar og sýna verði fram á að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af þeirri meðferð sem veitt var og m.a. af þeim ástæðum eigi M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu tannlæknisins hjá V.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á forsendur bótaskyldu V úr sjúklingatryggingu tannlæknis M vegna þeirra meintu mistaka sem M heldur fram að um hafi verið að ræða. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu M hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbúskaskótryggingar

Ágreiningur hvort um innbrot hafi verið að ræða í bifreið 17.01. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.04. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort brotist hafi verið inn í bifreið M eða hvort hún hafi verið ólæst.

Vátryggingafélagið telur að bifreiðin hafi verið ólæst. Forsenda fyrir greiðsluskyldu sé sú að ótvíræð merki séu um innbrot. Samkvæmt lögregluskýrslu voru engin ummerki um innbrot í bifreiðina. Þá kemur fram í skýrslunni að M kvaðst ekki vera viss um það hvort hann hafi læst bifreiðinni umrætt sinn. Loks hafi skoðun tjónamatsmanns félagsins leitt í ljós að ekki voru greinileg ummerki um innbrot í bifreiðina.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur sig hafa sannreynt að brotist hafi verið inn í bifreiðina sbr. fyrirliggjandi sérfræðiálit er fylgdu málskotinu sem staðhæfa að greinileg ummerki séu um innbrot í bifreiðina.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi. Lagt er til grundvallar að brotist hafi verið inn í bifreiðina. Í álitu Lásapjónustunnar, dags. 10.02. 2009, segir m.a. “Strax og komið var að bifreiðinni var augljóst að þeir sem brutust inn í bifreiðina hafi beitt ruddalegum aðferðum án þess að reyna að komast hjá því að valda skemmdum á bifreið...Bílstjóraturð hefur verið spennt upp hægramegin við þak og fellur hún nú það illa að falsinum að augljóst er að hún hefur verið spennt upp...” Þá segir og m.a. að “ennfremur benda verksummerki til þess að þeir hafi nákvæmlega vitað hvernig ætti að bera sig að.”

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Umferðaróhapp þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni þ. 7.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 18.3.2009 ásamt ljósmyndum
2. Lögregluskýrsla dags. 7.12.2008
3. Bréf V dagsþ 12.12.2008 og 6.4.2009 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að svo virðist sem ökumaður A hafi misst stjórn á A með þeim afleiðingum að hún hafnaði á ljósastaur. Ökumaður var ekki á vettvangi þegar lögregla kom á staðinn. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V en V hafnar bótaskyldu og telur ökumann hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann missti stjórn á A á sumardekkjum í snjó og hálku enda viðurkenni ökumaður að hafa misst stjórn á A í umrætt sinn.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur við um sjálfan tjónsatburðinn. Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.

Ágreiningur um hvernig bæta skuli tjón á parketi af völdum vatnsleka.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 18.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 4.1.2009 varð vatnsleki í eldhúsi á miðhæð í húsi M. Olli lekinn skemmdum á parketi undir glugga í eldhúsinu. Samkvæmt gögnum málsins er um að ræða samfellt parket á hæðinni sem nær yfir eldhús, hol og stofu án nokkurra þröskulda eða annars konar upphækkana er skilja þessi rými að í gólfletinum.

Fasteignin er vátryggð með fasteignatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. X hefur fallist á að greiða bætur fyrir tjónið sem nemur kostnaði við að skipta um parket í eldhúsinu og að settir verði svokallaðir skillistar milli parketsins í stofu annars vegar og í holi hins vegar. M hafa ekki viljað fallast á þessa lausn þar sem heildarsvipur á hæðinni verði ekki sá sami og áður. Þau hafa lagt til að tjónið verði bætt á þann veg að sá hluti parketsins sem er skemmdur verði endurnýjaður og allt gólfefnið síðan slípað saman. Að sögn M nemur áætlaður viðgerðarkostnaður á grundvelli þessarar lausnar 280.000 krónum, en 148.464 krónum samkvæmt þeirri lausn sem X leggur til.

Álit.

Samkvæmt 3. gr. skilmála vatnstjónstryggingar í umræddri fasteignatryggingu skulu vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Þá segir í ákvæðinu að bætur greiðist fyrir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Ákvæði þetta verður að skilja svo að í því felist að félaginu beri að þessu leyti að bæta tjónið þannig að eignin verði eftir tjónið í sama ástandi hvað snertir verðgildi og gæði og hún var í fyrir tjón. Eftir því sem næst verður komist felst í þeirri lausn að setja skillista milli parketsins, þar sem það mætist í holi og stofu við parketið í eldhúsi, að skörp skil verða í heildargólfletinum þar sem skillistarnir koma auk þess sem þeir mynda einhverja upphækkun. Verður að fallast á það með M að lausn af þessu tagi mynda rýra gæði heildargólfflatarins í samanburði við hvernig hann er fyrir, þ.e. heill og samfelldur. Telja verður að sú lausn sem M leggja til þjóni betur þeim markmiðum að koma fasteigninni í sama ástand, bæði að verðgildi og gæðum, og hún var í fyrir tjónið. Einnig verður að telja að bótakrafa á grundvelli þessarar lausnar sé hófleg eins og hún er sett fram, en hún hefur ekki sætt sérstökum tölulegum andmælum af hálfu X. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir því mega fallast á kröfur M.

Niðurstaða.

Tjón á fasteign M bætist samkvæmt kostnaðaráætlun þeirra sem felst í því að greiddur skal kostnaður við endurnýjun hluta gólfefnis og allt gólfíð síðan slípað saman.

Reykjavík, 20. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar B

Skemmdir á bifreið þegar ekið var á ruðning (klaka) á vegi eftir moksturstæki 20.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 18.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.03. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni var ekið eftir Sætúmsgötu á Suðureyri þegar hún rakst á klaka þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. röksemdafærslu þess í gögnum málsins. Það telur að um undanskilda áhættu sé að ræða. Í skilmálum komi fram að vátryggingin bætir ekki skemmdir sem hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföst og lausu grjóti". Félagið telur ljóst að ákvæðið eigi við þegar tjón verður þegar ökutækið tekur niðri líkt og hér varð.

Vátryggingafélagið vísar og til þess að það telur að M hafi glatað rétti sínum til bóta þar sem hann krafðist ekki meðferðar fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan tilskilins frests sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið kveðst hafa hafnað bótaskyldu með bréfi 10. mars 2008 til vátryggingartaka en móttaka málskotsins hafi verið 18.03. 2009.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit.

Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins og miðað við takmörkuð gögn máls þessa verður lagt til grundvallar að M hafi ekki gætt 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga varðandi tímafrest til að krefjast meðferðar málsins. Vátryggingafélagið tilkynnti M um málshöfðunarfrestinn með bréfi, dags. 10.03. 2008, en málskotið var ekki móttækið fyrir en 18.03. 2009. M hefur því glatað rétti sínum samkvæmt nefndu ákvæði þar sem hann krafðist ekki meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur Vesturlandsvegi við Hamar, Borgarbyggð, við gatnamót þann 18.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið norður Vesturlandsveg og var A á undan B. Bifreiðinni B var ekið framúr A í þann sama mund sem A var beygt til vinstri við gatnamót sem þarna eru.

Ökumaður A kveðst hafa gefið stefnuljós um fyrirhugaða beygju til vinstri inn að afleggjaranum að Hamri. Biðskyldumerki er við gatnamótin.

Ökumaður B kveðst hafa verið á um 80-90 km hraða og séð til ferða A. Hann kveðst hafa ætlað að aka framúr bifreiðinni en þá hafi A skyndilega verið beygt til vinstri í veg fyrir B. Ökumaður B kveðst ekki hafa séð stefnuljós á A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi tekið beygju á vegamótum þegar B hafi verið ekið framúr á hálfbrotinni línu og árekstur orðið. Það telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka framúr á gatnamótum en slíkt er óheimilt skv. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann reynir að aka framúr A sem beygt var til vinstri á vegamótum. Hálfbrotin lína er á vettvangi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að reyna framúrakstur á gatnamótum. Skilyrði til framúraksturs voru ekki til staðar.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar

Ágreiningur um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu v máls þingfest þ. 25.11.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2009. ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 3.4.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M telur að réttaraðstoðartrygging sín hafi verið orðin virk þ. 28.10.2008 þegar ljóst hafi verið að til málhöfuðunar þyrfti að koma vegna ágreinings vegna vanheimildar í fasteignaviðskiptum árið 1998. M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V og bendir á að atvik málsins hafi gerst þegar niðurstaða kærunefndar lá fyrir 27.maí 2008 og bendir á gr 7.2. í 8. kafla skilmála tryggingarinnar E-22. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi verið með heimilistryggingu hjá V á tímabilinu 1.6. 2007 til 31.5.2008 réttaraðstoðartrygging var ekki innifalin í þeirri tryggingu. M breytti tryggingunni þannig að frá og með 1. júní 2008 var réttaraðstoðartrygging inni í ofangreindri tryggingu. V bendir á að ágreiningur í máli M hafi verið kominn upp í febrúar 2008 þegar M hafi fengið bréf frá lögmanni og málinu vísað til kærunefndar fjöleignahúsa en það alit hafi legið fyrir þ. 27. maí 2008 svo sem áður greinir. V bendir á að vátrygging M hafði ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en réttarágreiningurinn kom upp og vanheimild við sölu fasteignarinnar hafi gerst löngu áður en réttaraðstoðartryggingin tók gild.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins og atvikum öllum liggur fyrir að vátrygging M hafði ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en réttarágreiningur milli M og gagnaðila hans kom upp. Samkvæmt skilmálum vátryggingar M hjá V á M því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2009

M og vátryggingafélagið V vegna X

Slys á fjórhjólí 26. desember 2008 nálægt Garði á Reykjanesi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19. mars 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2009.

Málsatvik.

Þann 26. desember 2008 slasaðist ökumaður fjórhjólsins X þar sem hann ók því nálægt Garði á Reykjanesi. Lýsing hans á atvikum þeim sem leiddu til slyssins er verulega stutt, en í tjónstilkynningu til vátryggingafélagsins segir að fjórhjólinu hafi verið ekið til vinstri í beygju og við það hafi ökumaður fallið í jörðina með þeim afleiðingum að hægri fótur hans brotnaði. Í bréfi lögmanns hans til nefndarinnar kemur fram að slysið hafi atvikast þannig að umbjóðandi hans hafi verið „að aka fjórhjólinu X þegar það valt í beygju með þeim afleiðingum að hann datt af hjólinu og fótbrotnaði.“ Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögregla hafi verið kvödd á vettvang og lögregluskýrsla liggur því ekki fyrir. Ökumaður fjórhjólsins X er fæddur í október 1996 og var því rétt orðin 12 ára þegar slysið varð. Fjórhjólíð er skráningarskytt vélknúið ökutæki og skráð sem torfærutæki í ökutækjaskrá. V tryggði hjólíð með lögmælti slysatryggingu ökumanns á slysdegi.

Vátryggingafélagið hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns með vísan til gr. 8.1 í skilmálum vátryggingarinnar á þeim grundvelli að ökumaður hafi ekki haft ökuréttindi til að aka umræddu fjórhjólí. Lögmaður málskotsaðila telur að tilvísun vátryggingafélagsins eigi ekki við.

Álit.

Ökumaður fjórhjólsins X var eins og áður segir einungis 12 ára þegar hann slasaðist við akstur þess. Fjórhjólíð er skráð í ökutækjaskrá með 439 rúmsentimetra slagrymi. Í 4.gr. 55.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að óheimilt er að stjórna slíku tæki nema hafa réttindi til að stjórna bifreið eða bifhjólí. Ljóst er að ökumaðurinn hafði hvorki réttindi til að stjórna bifreið eða bifhjólí. Þrátt fyrir stutta lýsingu á tjónsatburðinum sjálfum verður við úrslausn málsins að taka afstöðu til þess hvort ökumaður sýndi stórkostlegt gáleysi við aksturinn, sbr. 90.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og hvort orsakatengsl eru milli þess og líkamstjóns hans. Þá verður að líta til aldurs ökumanns sem og þess að hann hafði ekki réttindi til að aka fjórhjólinu.

Stór þáttur í akstri ökutækja er að hafa til þess þekkingu og reynslu. Sá sem reynir að aka ökutæki án þeirrar þekkingar og reynslu má vita að það getur valdið hættu. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í þessu máli verður að telja að ökumaður, þrátt fyrir ungan aldur, hafi mátt gera sér grein fyrir því að hann hafði ekki nægilega reynslu og þekkingu til þess að aka fjórhjólí. Sérstaklega þegar litið er til lýsingar hans á tjónsatburðinum, sem verður ekki öðruvísi skilin en þannig að hann hafi einfaldlega verið að beygja til vinstri og við það misst stjórn á fjórhjólinu. Það að ráða ekki við akstur fjórhjólsins í jafn einföldum akstri og lýsing af tjónsatburði bendir til þykir sýna að ökumaður hafi alls ekki haft næga þekkingu og reynslu til að aka fjórhjólinu. Það að

reyna að aka því telst því stórkostlegt gáleysi að hálfu ökumanns. Af þeirri ástæðu telst greiðsluskylda váttryggingafélagsins ekki fyrir hendi, sbr. gr. 8.1 í váttryggingaskilmálum og einnig með vísan til 90.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Í ljósi þeirrar niðurstöðu þykir ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um váttryggingaskilmála váttryggingafélagsins, sérstaklega ákvæði gr. 8.1, með hliðsjón af því hvort unnt sé að takmarka ábyrgð félagsins með hlutrænum hætti vegna ökuréttindaleysis,

Niðurstaða.

Tjón M er ekki greiðsluskylt úr slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

Árekstur Völvufelli 05.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið í “handbrensubeygju” líkt og ökumaður bifreiðarinnar heldur fram, eftir Völvufelli frá leikskólanum sem þarna er. Álitaefnið er hvort hann hafi ekið í veg fyrir B sem ók Völvufell til norðurs. Bifreiðin B var á sumardekkjum.

M heldur því fram að rekja megi árekstur þennan til vanbúnaðar B.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A skuli bera meginábyrgð á árekstrinum því hann hafi átt að víkja fyrir umferð um Völvufell, en að rétt sé að leggja nokkra ábyrgð (1/4) á B þar sem bifreiðin var á “slitnum sumardekkjum”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Athygli vekur að ökumaður A tók að því er hann segir “handbrensubeygju” í hálfu sem telja verður alls ófullnægjandi aksturslag við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Ekki er itlefni til að leggja ábyrgð á ökumann B, þrátt fyrir að bifreiðin hafi verið á sumardekkjum. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi áreksturinn til vanbúnaðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við Foldatorg Grafarvogi 11.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.03. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið inn á bifreiðastæðið við Foldatorg verslunarmiðstöð í þann sama mund sem B var ekið eftir bifreiðastæðinu og á móti A. Mikil hálka var og er ökumaður B hemlaði rann bifreið hans á A.

Vátryggingafélag B telur að rétt sé að skipta sök til helminga þar sem ekki verða færðar sönnur á staðsetningu bifreiðanna eða aðdraganda árekstursins.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera sök á árekstrinum þar sem honum hafi borið að veita umferð af götunni forgang en “rennur svo niður brekkuna af stæðinu”.

M telur að ökumaður B hafi ekið ógætilega og runnið á A.

Ökumaður B telur að ökumaður A hafi tekið of þrönga beygju inn á bifreiðastæðið í veg fyrir B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað um nákvæma staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn. Ökumenn virðast ekki hafa hugað nægjanlega að því sem framundan var þ.e. ökumaður A hefði mátt staðsetja bifreið sína meira hægra megin er hann beygði til vinstri og ökumaður B virðist hafa ekið of hratt miðað við aðstæður. Með hliðsjón af ofanrituðu er rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2009

M og

Vátryggingarfélagið V v. Kaskótryggingar A

Óhapp þegar bifreið var ekið við Hofsjökul þ. 27.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2009.ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 14.4.2009

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A í hópi bíla norðan Hofsjökuls við Illviðrishjúka og segist hafa ekið á 20-30 km hraða þegar snjór/klaki yfir læk brotnaði undan framhjólunum þannig að bíllinn féll fram á framhjólin og áfram og þau fóru yfir gjána sem opnaðist en þegar afturhjólin féllu fram af tók A mikið hopp og lenti harkalega á framhjól og síðan afturhjól og varð A fyrir tjóni vegna þessa. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V og bendir á að hann hafi sérstaka tryggingu sem gildi við akstur utan vega á svæðum eins og þeim sem A var ekið um í umrætt sinn. M heldur því fram að túlka beri ákvæði vátryggingaskilmálanna með hliðsjón af sérákvæði því sem hann hafi um akstur A utan vega og virðist telja að skýra eigi ákvæði greinar 1.1. í vátryggingaskilmálum rúmt og með þeim hætti taki það til þess tjóns sem um er að ræða á A í máli þessu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að bifreiðinni hafi verið ekið yfir misfelli á snjó sem hafi orðið til þess að A hafi hoppað á stórum hjólbörðum og við það hafi orðið skemmdir á undirvagni A m.a. hafi hásingar bagnað en þetta tjón falli ekki undir ákvæði 1.1. í vátryggingaskilmálum og því sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Í gr 1.1. í vátryggingaskilmálum er tekið fram hvaða tjón tryggingin bæti á hinu vátryggða ökutæki. Þar segir að tryggingin bæti tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs, eldsvoða, hraps, veltu, grjóthruns, snjóflóðs, skriðufalls, aur-eða vatnsflóðs. Ljóst er að það tilvik sem hér ræðir um fellur undir skilmála gr. 1.1. þar sem að tjónið varð vegna hraps þegar snjórinn/klakinn brotnaði undan A. Þar sem að tilvik það sem hér um ræðir fellur undir skilgreiningu gr. 1.1. í vátryggingaskilmálunum eins og að framan greinir á M rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V. Tekið skal fram að sérákvæðið er hluti af vátryggingarsamningnum sem slíkum og upphefur ekki að neinu leyti ákvæði gr. 1.1. í vátryggingasamningnum og jafnframt að ekki liggur annað fyrir en að skásti kosturinn hafi verið fyrir ökumann A að aka bifreiðinni áfram í umrætt sinn eftir að klakinn/ísinn brotnaði undan A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2009

M og vátryggingafélagið V vegna X

Kaskótrygging; umferðaróhapp á Miklubraut við Rauðarárstíg 17. janúar 2009

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23. mars 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2009.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir í gögnum málsins segir að aðfaranótt 17. janúar sl. hafi bifreiðin X fundist kyrrstæð og mannlau á hægri akrein Miklubrautar til vesturs. Tilkynnt hafði verið um atvikið til lögreglu kl. 3:51. Aðstæður á vettvangi voru þannig að það var myrkur, götulýsing var fyrir hendi og snjóþekja á malbikuðum veginum. Þegar lögregla kom á vettvang vísaði bifreiðin X í öfuga akstursstefnu og hafði auðsjáanlega verið ekið í gegnum vegrið sem aðskilur akreinar Miklubrautar. Bifreiðin var mannlau og læst þegar hún fannst og með aðvörunarljós kveikt. Í lögregluskýrslu eru einnig raktir framburðir vitna. Eitt vitnið sá bifreiðina X við akstur austur Hringbraut við Umferðamiðstöðina. Vitnið ber að bifreiðinni hafi verið ekið mjög greitt austur Hringbraut og þegar vitnið kom út úr beygju á mótis við Rauðarárstíg hafi hann séð hvar bifreiðin X var komin á öfugan vegarhelming. Annað vitni sem ók í gagnstæða átt, vestur Miklubraut, sá bifreiðina koma í gegnum vegriðið og enda í öfugri akstursstefnu. Hafi maður hlaupið út úr bílnum og í átt að Lönguhlíð. Farþegi í sömu bifreið bar með sama hætti. Ekki kemur fram í lögregluskýrslu að eigandi bifreiðarinnar X hafi verið yfirheyrdur í tengslum við atvikið eða frekari atvik rannsökuð. Í málinu liggur einnig fyrir tjónstilkynning frá ökumanni og eiganda bifreiðarinnar X þar sem hann lýsir tjónsatviki þannig að hann hafi um kl. 3:30 misst stjórn á bifreið sinni vegna hálfu í aflíðandi beygju. Hann gefur þær skýringar á því að hafa yfirgefið vettvang að hann búi í næsta nágrenni og hafi farið beint heim.

Eigandi bifreiðarinnar gerir kröfu um greiðslu bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar en hún var tryggð hjá V á tjónsdegi. Vátryggingafélagið hefur hafnað greiðslu bóta með vísan til þess að ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og því sé ekki unnt að fallast á greiðsluskyldu með vísan til gr. 11.2 í vátryggingaskilmálum kaskótryggingarinnar, sbr. 2.mgr. 27.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Einnig vísar vátryggingafélagið til þess að ökumaður hafi brotið ákvæði 10.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um skyldu til að tilkynna lögreglu um umferðaróhapp sem hefur í för með sér tjón á eignum, en ljóst sé að umtalsvert tjón varð á vegriði því sem áður hefur verið vísað til.

Álit.

Við mat á atvikum málsins verður helst litið til aðstæðna á vettvangi og framburðar vitna um aksturslag ökumanns bifreiðarinnar X rétt fyrir tjónsatburð. Með því að yfirgefa vettvang telst ökumaður einnig hafa vanrækt skyldur sínar skv. 10.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður að líta til framburðar ökumanns á tjónstilkynningu með hliðsjón af því og verður hann að bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér frekari sönnun um aðstæður á vettvangi eða aksturslag sitt.

Það liggur fyrir skýr framburður vitnis um að bifreiðinni X hafi verið ekið mjög greitt fyrir óhappið. Í lögregluskýrslu kemur fram að þónokkuð tjón varð á vegriði sem skilur að akreinar

Miklubrautar. Þegar litið er til þess og að bifreiðin X hafi náð að fara í gegnum vegriðið og endað þannig á öfugum vegarhelmingi bendir til þess að ökumaður hennar hafi ekið mjög hratt. Ökumaður ber að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni í mikilli hálku. Ekki kemur hins vegar með skýrum hætti fram í lögregluskýrslu að mikil hálka hafi verið á veginum heldur er talað um snjóþekju. Það telst sannað með framburði vitnis að ökumaður bifreiðarinnar X vanrækti með áberandi hætti að aka með hliðsjón af aðstæðum auk þess sem hann ók allt of greitt. Með hliðsjón af atvikum öllum telst sannað að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Með vísan til gr. 11.2 í kaskótryggingarskilmálum og 2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 losnar váttryggingafélagið úr ábyrgð vegna kaskótryggingarinnar.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki greiðsluskylt úr kaskótryggingu.

Reykjavík 21. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar heimilistryggingar

Maður slasast þegar hann datt úr stiga þ.27.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.23.3.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf V dags. 1.12.2008 og 31.3.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að fara niður úr stiga eftir að hafa sett ljós í samband og datt og bar fyrir sig hendurnar með þeim afleiðingum að báðar hendur brotnuðu. Í umrætt sinn var M að setja ljós í samband en M er rafvirki að mennt og vinnur sem slíkur, en af hálfu M er tekið fram að slysið hafi orðið á laugardegi þegar M var í frítíma sínum og fyrir liggur vottorð vinnuveitanda M um að hann hafi ekki verið í vinnu hjá honum þegar slysið varð. M segist vera með aðstöðu fyrir hross í húsinu þar sem slysið varð. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V og segist hvorki hafa verið við vinnu eða arðbært starf sem slíkt í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og bendir sérstaklega á skilmála í vátryggingarsamningi grein 27.3. þar sem segir að tryggingin nái ekki til slysa sem vátryggður verði fyrir í starfi hvort sem um sé að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaþætta fylgir. V telur og engu máli skipta hvort M hafi verið búinn að vinna við ljósabúnaðinn þegar slysið varð og hafnar því að það sé hluti af daglegum athöfnum fólks almennt að sinna ljósabúnaði í 5 metra hæð.

Álit.

Miðað við gögn málsins var M í frítíma sínum í umrætt sinn. Ekki liggur fyrir ágreiningur um að M var að vinna við ljós í húsi þar sem hann hafði aðstöðu fyrir hross. Ekki hefur verið hrakið að M var ekki í vinnu fyrir vinnuveitanda sinn í umrætt sinn og þá hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi verið að sinna arðbærum störfum í skilningi vátryggingaskilmála þegar slysið varð. M á því rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu heimilistryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu heimilistryggingar hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2009

M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/B

**Skemmdir á bifreiðinna A sökum bifreiðarinnar B sem rann á hana 07.01. 2009,
kveikt hafði verið í B.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Kveikt var í bifreiðinni B sem síðan rann á bifreiðina A.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi.

Vátryggingafélag B telur að tjónsatvik máls þessa falli ekki undir notkunarhugtak skv. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu B vegna tjóns á bifreiðinni A.

Vátryggingafélag A telur að tjón sem varð á A verði ekki rakið til notkunar B þó svo að bifreiðinni hafi runnið af stað eftir að kveikt var í henni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann getur þess möguleika að bifreiðin B hafi farið í gang við eldsvoða þennan og þannig ekið á A. Vegna þessa megi rekja tjónið til notkunar B í skilningi 88. gr. umferðarlaga.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má ráða að kveikt hafi verið í B á bifreiðastæði. Skömmu síðar og á meðan eldur var laus fór bifreiðin á A. Að teknu tilliti til ofanritaðs verður tjónið á A rakið til notkunar B í skilningi sérreglu 88. gr. umferðarlaga. Bifreiðin var á ferð. Rekja má tjónið á A til hættulegra eiginleika B sem bifreiðar.

Niðurstaða.

B er ábyrgð á því tjóni sem varð á A.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2009
M og
Vátryggingafélagið V v heimilistryggingar

Tjón sem varð þegar stóll datt niður stiga þ. 13.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 23.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3.
2. Bréf V dags. 6.4.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að sonur tryggingartaka hafi verið gestkomandi ásamt fleiri drengjum á heimili tjónþola og hafi hann rekist í stól við stigaskör og hafi stóllinn fallið niður stiganum milli hæða og hafi stóllinn laskast og rispur komið í stiga og höggvist hafi upp úr stiganum. Í málskoti er atvikum lýst þannig að drengurinn sem um ræðir hafi fært stólinn og ekki gætt þess að hann hafi sett hann nærri stigaskör og stóllinn hafði fallið niður stigaskörina þegar hann stóð snögglega upp. M krefst bóta úr heimilistryggingu sinni vegna tjóns sem sonur hans olli tjónþola. V hafnar bótaskyldu og bendir á mismunandi atvikalýsingar og telur að leggja beri atvikalýsingu í tjónstilkynningu til grundvallar. Þá telur V að ekki sé um bótaskyld tilvik að ræða í þessu sambandi heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. M á því ekki rétt á að tjónið bætist úr heimilistryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2009

M og K og váttryggingafélagið V vegna málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar

Málskostnaður vegna ágreinings um bætur fyrir eignarnám á lóð.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24. mars 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 3. apríl 2009.

Málsatvik.

Í janúar 2009 lá fyrir dómur Hæstaréttar í máli sem varðar M og K. Um var að ræða mál sem þau höfðu gegn Kópavogsbæ vegna kröfu um greiðslu skaðabóta vegna eignarnáms á lóð þeirra í Kópavogi. Í málinu kröfðust þau bóta vegna skerðingu lóðarréttinda og vegna greiðslu kostnaðar vegna endurnýjunar á byggingarleyfi vegna bílskúrs á lóðinni auk þess sem krafist var greiðslu kostnaðar vegna ágreinings um andlag. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina frekar efnisatriði dómsins en Hæstiréttur féllst ekki á kröfur M og K í málinu. Eftir að dómur var kveðinn upp sendu M og K erindi til V, en þau eru tryggð með málskostnaðartryggingu í gegnum eina af fjölskyldutryggingum félagsins.

Byggja M og K á því að váttryggingafélagið eigi að greiða þeim bætur vegna málskostnaðar sem á þau féll vegna dómsmálsins. Váttryggingafélagið hefur ekki fallist á greiðslu bóta og vísar til þess að í skilmálum fjölskyldutryggingar komi með skýrum hætti fram í gr. 47.7 sem að váttryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem varða váttryggðan sem eiganda fasteignar, nema hann hafi fasteignatryggingu hjá félaginu. Þar sem svo sé ekki hafi ekki stofnast réttur til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar er ákvæði í gr. 45-47 sem skilgreina gildissvið málskostnaðartryggingarinnar. Afmörkun gildissviðs málskostnaðartryggingarinnar vegna ágreiningsmála vegna fasteigna er í gr. 47.7. Þar kemur með skýrum hætti fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar, nema hann hafi fasteignatryggingu hjá félaginu, hún uppfylli gr. 50 í skilmálunum og nái til þeirrar fasteignar sem ágreiningur snýst um. Orðalag váttryggingaskilmálanna er skýrt hvað þetta varðar. Lóðin í Kópavogi sem var tekin eignarnámi er fasteign í skilningi íslensks réttar og skv. almennum málskilningi. Sjónarmið M og K um að lóðin sem skert var með eignarnáminu sé ekki hluti af brunabótamati og því ekki fasteign þykja ekki eiga við. Það að gera kröfu um bætur fyrir eignarnám fasteignarinnar og ágreiningur vegna þeirrar kröfu varðar því skv. orðanna hljóðan M og K sem eigendur fasteignar. Þar sem ljóst þykir af gögnum málsins að M og K voru ekki með fasteignatryggingu hjá váttryggingafélaginu vegna fasteignarinnar sem tekin var eignarnámi þegar ágreiningur kom upp þykir ekki sýnt að ágreiningur falli innan gildissviðs málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki greiðsluskylt úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar.

Reykjavík 21. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2009

M og vátryggingafélagið V vegna slysatriyggingar

Undanþáguákvæði í skilmálum slysatriyggingar vegna brjóskloss.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26. mars 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 6. apríl 2009.

Málsatvik.

Þann 20.maí 2008 slasaðist málskotsaðili við byggingarvinnu þegar stillansi brotnaði undan honum með þeim afleiðingum að hann féll um 4 metra. Enginn ágreiningur er um hvort slys sé að ræða í skilningi vátryggingarskilmála slysatriyggingar. Málskotsaðili hlaut nokkuð líkamstjón í slysinu. Í málinu liggur m.a. fyrir áverkavottorð frá slysadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss sem lýsir afleiðingum þess og áætlaðri óvinnufærni í um 2-3 vikur. Í málinu liggja einnig fyrir önnur læknisvottorð vegna slyssins og þá sérstaklega vegna óþæginda í baki sem komu fram um hálfum mánuði eftir slysið. Í læknisvottorði heimilislæknis dags. 27. ágúst 2009 kemur fram lýsing á því að um brjósklos sé að ræða. Eftir þetta leitaði málskotsaðili til sérfræðings í taugaskurðlækningum og liggur fyrir vottorð hans dags. 28. nóvember 2008.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeirrar slysatriyggingar sem á við í málinu kemur fram í gr. 9.4. að vátryggingin greiði ekki bætur vegna tiltekinna sjúkdóma eða sjúklegs ástands, jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök. Þar á meðal er brjósklos. Í fyrirbyggjandi læknisvottorðum kemur fram að óvinnufærni málskotsaðila, umfram það sem vátryggingafélagið hefur greitt bætur vegna, er vegna sjúklegs ástands sem lýst er sem brjósklosi. Af þeim gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að um brjósklos sé að ræða. Skv. orðanna hljóðan í gr. 9.4. undanskilur vátryggingafélagið sig greiðsluskyldu þegar um brjósklos er að ræða. Þegar af þeirri ástæðu telst ekki vera fyrir hendi greiðsluskylda úr slysatriyggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki greiðsluskylt úr slysatriyggingu.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar sjómanna

Meiðsl um borð í skipi 04.01. 2007, ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálum og frestur til að krefjast meðferðar máls.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var við vinnu sína um borð í skipi. Hann hlaut meiðsl er hann kastaði frá sér "kröku". Hann telur að orsök meiðsla sinna sé samtvinnuð allt frá því að slynkur kom á skipið, hvernig vinnulagið var við verkið sbr. líkamsstöðu hans, krakan sjálf sem kastað var og þyng hennar og ekki síst hið sjóblauta reipi sem var uppvafið á handlegg hans. Hann telur að um slys hafi verið að ræða þ.e. skyndilegan utanaðkomandi tjónaatburð.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Það vísar til bréfs síns til M, dags. 23.05. 2007, þar sem greiðsluskyldu var hafnað. Fram kom að á grundvelli atvikalýsingar verði ekki séð að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og því óhjákvæmilegt að hafna greiðsluskyldu. Félagið vakti athygli á því í bréfinu að frestur til að bera ágreining máls þessa undir úrskurðarnefndina falli niður ef meðferðar er ekki krafist fyrir nefndinni innan eins árs frá móttöku bréfsins sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar að M hafi skotið máli þessu til nefndarinnar eftir að eitt ár var liðið frá höfnun félagsins, krafa M sé því fallin niður sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu. Hann telur að um slys hafi verið að ræða sem falli undir þá vátryggingu sem hér um ræðir.

Álit.

Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins og miðað við gögn máls þessa verður lagt til grundvallar að M hafi ekki gætt 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga varðandi tímafrest til að krefjast meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefndinni. Vátryggingafélagið tilkynnti lögmanni M um málshöfðunarfrestinn með bréfi, dags. 23.05 2007, en málskotið var ekki móttakið fyrr en 26.03. 2009. M hefur því glatað rétti sínum samkvæmt nefndu ákvæði þar sem hann krafðist ekki meðferðar málsins fyrir nefndinni innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2009
M og
Vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um hvort hjartapræðing falli undir ákvæði sjúkdómatryggingar þ.17.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 26.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 2.4.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

M var með hjartsláttartruflanir og fór í hjartapræðingu. M var með sjúkdómatryggingu hjá V og krefst bóta úr þeirri tryggingu. Af hálfu M er því haldið fram að í raun hafi verið um hjartaskurðaðgerð að ræða í umrætt sinn. V heldur því fram að ekki hafi farið fram hjartaskurðaðgerð í skilningi skilmála vátryggingarinnar heldur hjartapræðing

Álit.

Í 7. gr vátryggingaskilmála þeirra sem hér um ræðir er m.a. talað um bótaskyldu vegna hjartaskurðaðgerðar og þar segir "Vátryggður gengst undir hjartaskurðaðgerð til að laga lokugalla eða aðra byggingargalla". Ljóst er af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að M gekst ekki undir hjartaskurðaðgerð og þegar af þeirri ástæðu er ekki fullnægt skilmálum vátryggingaskilmálanna og M á því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Varðar gildissvið málskostnaðartryggingar, ágreiningur vegna vátryggingarfjárhæðar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur sig eiga rétt til greiðslu hámarksbóta úr vátryggingunni árlega þar til lögmaður hans (lögmannsstofa) hefur lokið vinnu sinni vegna þess fasteignagallamáls sem hann tók að sér að vinna.

Vátryggingafélagið telur að umrætt tjón hljóti að teljast eitt tjónsatvik. Félaginu sé a.m.k. ekki kunnugt um að öðru sé haldið fram. Í viðkomandi ákvæði skilmála (grein 6.1) er fjallað um það hverjar hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks skuli vera. Félagið telur ákvæðið afdráttarlaust. Í ákvæðinu komi fram hverjar hámarksbætur séu á vátryggingarárinu. Bætur verði aldrei hærri en hámarksbætur. Félagið vekur og athygli á því að tjónsáburðurinn í þessu máli spannar ekki mörg ár þótt reikningar frá lögmanni geri það. Samkvæmt 2. gr. laga um vátryggingarsamninga er vátryggingaratburður skilgreindur sem það atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta geti komið. Af því leiðir að hver reikningur frá lögmanni er ekki sjálfstæður vátryggingaratburður eða tjónsatvik, a.m.k. ekki í skilningi skilmála enda leiða reikningar ekki til bótaskyldu heldur tiltekin málsatvik sem leiddu til einkaréttarlegs ágreinings. Félagið kveðst hafa greitt hámarksbætur vegna umrædds tjónsáburðar. M eigi ekki frekari kröfur á hendur félaginu vegna þessa máls.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M telur að ef upp kemur eitt tjónsatvik sem spannar lengra tímabil en eitt vátryggingarár eigi að greiða bætur að tilteknu hámarki á hverju vátryggingarári vegna þessa. Vátryggingarskilmála eigi að túlka hlutlægt og skýra á skilmála M í hag ef þeir eru taldir óskýrir sbr. 36. gr. b. laga um samningagerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

M getur þess að samkvæmt fyrirliggjandi tímaskýrslu falla 36,33 tímar undir vátryggingartímabilið 01.04. 2006 – 31.03. 2007 og 7,25 tímar undir vátryggingartímabilið 01.04. 2007 – 31.03. 2008. Ágreiningur standi því um greiðsluskyldu félagsins á 7,25 tímum. Óumdeilt er vátryggingafélagið hefur greitt að fullu vátryggingarfjárhæð tímabilsins 01.04. 2006 – 31.03. 2007.

Álit.

Umrætt ákvæði skilmála er svohljóðandi: “Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð Málskostnaðartryggingar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.”

Vátryggingafélagið telur að bætur vegna hvers tjónsatviks geti ekki farið fram úr þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgeind er (þ.e. kr. 900.000).

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fjallist á sjónarmið vátryggingafélagsins í máli þessu. Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks getur ekki farið umfram þá fjárhæð sem samið var um í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Vátryggingafélagið hefur að fullu greitt bætur í samræmi við þá vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir. Bætur hafa þegar verið greiddar sem nemur þeirri hámarksfjárhæð sem samið var um.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Umferðaróhapp þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni þ. 28.1.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 30.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 14.4.2009.

Málsatvik.

M ók A frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur og lagði á stað upp úr kl. 22 að eigin sögn. M segir að rétt áður en hann ók út úr Hvalfjarðargöngunum til suðurs hafi hann sofnað eða dottað og vaknað við að hann hafi ekið utan í gangnavegg. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og telur að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða hjá M í umrætt sinn.

Álit.

Fallist er á það með V að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða í umrætt sinn þegar hann sofnar eða dottar við akstur í gegn um Hvalfjarðargöng. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.4.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2009

Endurupptaka – leiðréttur úrskurður

M

og

Vátryggingafélagið X v. kaskótryggingar bifreiðar

**Umferðaróhapp þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni í Hvalfjarðargöngum
þann 28.1.2009.**

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 30.3.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.4.2009.
3. Ódagsett bréf M þar sem athugasemdir voru gerðar við upphaflegan úrskurð, dags. 20.04. 2009.

Málsatvik.

M ók A frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur og lagði á stað upp úr kl. 22 að eigin sögn. M segir að rétt áður en hann ók út úr Hvalfjarðargöngunum til suðurs hafi hann sofnað eða dottað og vaknað við að hann hafi ekið utan í gangnavegg. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þessa tjóns.

Vátryggingafélagið telur að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða hjá M í umrætt sinn. Það telur rétt að skerða bætur úr kaskótryggingu um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns og brota á varúðarreglum skilmála félagsins.

Álit.

Fallist er á það með vátryggingafélaginu að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða í umrætt sinn þegar hann sofnar eða dottar við akstur í gegn um Hvalfjarðargöng. Rétt er að skerða bætur úr kaskótryggingu um 1/3 vegna þessa.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu, en rétt er að skerða bótarétt hans sem nemur 1/3.

Reykjavík 05.05.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2009

M

og

vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðatryggingar hönnuðar

Krafa í starfsábyrgðatryggingu hönnuðar vegna fasteignarinnar X í Reykjavík.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30. mars 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 14. apríl 2009 ásamt bréfi lögmanns hönnuðarins dags. 25. febrúar 2009.

Málsatvik.

Í desember 2008 sendi M bréf til V þar sem farið var fram á afstöðu félagsins til bótaskyldu félagsins úr starfsábyrgðatryggingu hönnuðar vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á stigahúsum fjölbýlishússins X í Reykjavík. M er verktakafyrirtæki sem byggði umrædd stigahús. Í kröfubréfi M kemur fram að hann telji að það þurfi viðbótarframkvæmdir til þess að bæta úr loftræstingu í stigahúsi fjölbýlishússins og telur þær framkvæmdir forsendu þess að lokaúttekt byggingaryfirvalda geti farið fram. Byggir M á því að gerð hafi verið hönnunarmistök að hálfu hönnuðarins. Ekki er gerð grein fyrir því frekar að hálfu M í hverju þau mistök felast en svo virðist sem byggt sé á því að ákvæði byggingarreglugerðar hafi ekki verið uppfyllt með teikningum hönnuðarins. Að hálfu hönnuðarins og vátryggingafélags hans er kröfunni mótmælt með vísan til þess að lokaúttekt vegna húsnæðisins hafi nú þegar farið fram án athugasemda vegna stigahúss. Einnig er byggt á því að teikningar hönnuðarins hafi fengið samþykki byggingaryfirvalda og séu í samræmi við byggingarreglugerð. Að lokum telur hönnuðurinn og vátryggingafélag hans að loftræsting stigahúss sé í samræmi við byggingareglugerð m.t.t þess að opnanlegur gluggi sé í stigahúsi eins og gerð er krafa um í byggingarreglugerð.

Álit.

Greiðsluskylda úr starfsábyrgðatryggingu hönnuðar byggir á því að sýnt sé fram á skaðabótaábyrgð hönnuðarins, þ.e. t.d. að teikningar hans uppfylli ekki gildandi reglur eða vinnubrögð hans séu ekki samræmi við viðurkenndar starfsaðferðir hönnuða. Sá sem heldur því fram að hönnuður beri skaðabótaábyrgð ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Með hliðsjón af gögnum málsins telst M ekki hafa sýnt fram á að umrædd skilyrði séu uppfyllt. Ekki liggja fyrir gögn um að hönnun hússins sé ekki í samræmi við byggingareglugerð eða að mistök hafi verið gerð við hönnunina að öðru leyti.

Niðurstaða.

Ekki er viðurkennd greiðsluskylda úr starfsábyrgðatryggingu hönnuðar.

Reykjavík 21. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda

Umferðaróhapp, bifreið ekið út af Reykjanesbraut við Bústaðaveg 27.01. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið getur afstöðu sinnar í nefndu bréfi. Það telur grundvöll til skerðingar bótaréttar vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Það vísar m.a. til aksturs yfir leyfilegum hámarkshraða, (sagður ökuhraði 90 km/klst þar sem hámarksrharði er 70 km/klst), í engu samræmi við aðstæður og að vanbúnaður hjólbarða bifreiðarinnar hafi í för með sér að telja verður að ökumaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem réttlæti skerðingu um þriðjung. Félagið vísar til dóms Hæstaréttar, dags. 04.12. 2008 í máli 170/2008, en þar var litið til allra atvika og talið að ökumaður hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Bifreiðin var vanbúin, sagður ökuhraði var 90 km þar sem hámarkshraði er 70 km og vitni staðhæfir að bifreiðinni hafi verið ekið óvarlega sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Þegar óhappið varð mun hafa verið mikil umferð og mikill vatnsagi á akbrautinni. Tjónþolinn var á 18. aldursári. Vitni staðhæfir að bifreiðinni hafi verið ekið glæfralega miðað við aðstæður. Við eina af akgreinaskiptum bifreiðarinnar hafi bifreiðin snúist á veginum og hafnað utan vegar og á tré. Tjónþolinn greinir sjálfur svo frá að hann hafi rykkt í stýri bifreiðarinnar er hún hafi skrikað til á veginum.

Að teknu tilliti ofanritaðs, vátryggingarskilmála og laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, er grundvöllur til skerðingar á bótarétti M sem nemur 1/3.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar flutningsaðila

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél í bifreið í flutningi.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 31.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A í eigu M var flutt á vegum B frá Akureyri til Reykjavíkur í október 2008. Að loknum flutningi til Reykjavíkur kom í ljós að vél A skemmd. Samkvæmt matsgerðum tveggja vélfróðra aðila sem M aflaði má rekja skemmdirnar til þess að vélin hafi verið sett á yfirnúning og að því er virðist í einhvern tíma og eða meðan vélin var köld.

M hefur krafist bóta hjá vátryggingafélaginu X vegna vélarskemmdanna. X kveður M hafa krafist bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B. X hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeirri forsendu að vátryggingin taki ekki til skemmda á munum sem B hafi í vörslum sínum og hins vegar að ekki sé sýnt fram á bótaábyrgð B á tjóni M.

Álit.

Í skilmálum fyrrgreindrar ábyrgðartryggingar hjá X segir í grein 6.2 að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans. Um það er ekki deilt að B hafði tekið A til flutnings og A var af þeim sökum í vörslum B þegar skemmdirnar eru sagðar hafa orðið á vélinni. Af þessu leiðir með vísan til téðs skilmálaákvæðis að tjónið er ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki að sjá að um aðrar vátryggingar sé að tefla hjá X sem til álita geta komið varðandi greiðslu bóta vegna tjónsins. Að fenginni þessari niðurstöðu er það ekki á færi úrskurðarnefndar að fjalla frekar um flutningsábyrgð B.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 120/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Nýbýlavegi 13.01. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.04. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið Nýbýlaveg og var A á undan B. A hugðist skipta af um akrein en hætti við sökum bifreiðar sem þar var. Mun A hafa stöðvað skyndilega eða dregið úr hraða við miðlínu vegarins og vegna þessa var B ekið á A.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir B sem á eftir kom.

M telur að ökumaður B hafi ekið alltof nærri A og að hann eigi að bera ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur. Virðist sem hann hafi hætt við að skipta um akrein og þá ekið í veg fyrir B sem á eftir kom.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 5. maí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 122/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Áræktur í Pósthússtræti í Reykjavík þann 11.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 3.4.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 16.4.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 20.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A mun hafa verið ekið aftur á bak í Pósthússtræti. Í sömu andrá mun bifreiðinni B hafa verið ekið áfram áleiðis úr bifreiðastæði samsíða götunni vinstra megin við A. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og framendi B við númeraplötu.

Á forsíðu sameiginlegrar tjónstilkynningar segir varðandi A að ökumaður hafi litið í baksýnispegil og bakkað. B hafi þá komið frá bifreiðastæði. Í athugasemdum ökumanns A í tilefni af málskoti þessu kveðst hann aldrei hafa heyrt i neinni flautu og sé þess nokkuð viss að ekki hafi verið flautað á hann. Á árækstrarstað hafi ökumaður B ekki talað um það að hann hafi flautað.

Ökumaður B kvað B hafa verið lagt í bifreiðastæði og hafi hann beðið þess að A færi hjá svo hann gæti ekið úr stæðinu. Hann hafi svo ekið af stað, en séð að ökumaður A hafi byrjað að bakka. Kvaðst ökumaður B þá hafa hemlað og flautað á A. Ökumaður A hafi ekki stöðvað og haldið áfram að bakka uns A rakst á B.

Álit.

Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað og flautað er hann varð þess var að A var ekið aftur á bak í áttina að B. Hann ók af stað eftir að A hafði verið ekið fram hjá. Hann þurfti ekki að búast við að A yrði síðan ekið aftur á bak eins og reyndin varð. Ökumaður A ók aftur á bak án þess að vita af ferðum B fyrir aftan sig fyrir en áræktur varð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og af þeim sökum ber hann sök á árækstrinum. Ekki verður séð að efni séu til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 5. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á bifreiðastæði við Hólagarð 07.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.04. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.04. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum. Afturhluti B lenti á vinstri afturhluta/horni A. Álitaefni er t.d. hvort bifreiðin A hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að leggja ábyrgð á B. Vátryggingafélag A telur að leggja beri alla sök á árekstrinum á B þar sem hann hafi bakkað á A sem hafi verið kyrrstæð sbr. framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita. Félagið vísar ofanrituðu til stuðnings m.a. til úrskurða úrskurðarnefndar í málum 70/2008, 181/2008 og 242/2007.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga þar sem báðir aðilar hefðu þurft að gæta betur að sér og ekki þykir sýnt að A hafi verið stöðvuð það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu.

M telur að ökumaður B hafi ekið á A kyrrstæða sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. sameiginlegri tjónstilkynningu og framburði ökumanna verður öll sök lögð á ökumann B. Virðist ökumaður B hafa bakkað á A sem var kyrrstæð á bifreiðastæðinu.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins þ.á m. sameiginlega tjónstilkynningu og frásagnir ökumanna.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 5. maí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 126 /2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um hvort skemmdir í íbúð hafi hlotist við innbrot í íbúðina.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 7.4.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 14.2.2008 tilkynnti málskotsaðili M til lögreglunnar í Reykjavík að brotist hafi verið inn í kjallaraíbúð í hans eigu í Reykjavík og skemmdir unnar í íbúðinni. Í skýrslu lögreglunnar segir að búíð hafi verið að sparka tvö göt á hurð úr forstofu inn í íbúðina. Skemmdirnar hafi verið á innanverðri hurðinni líkt og sparkað hafi verið í hana innanfrá. Læsingar hafi verið í lagi og ekkert benti til að hurðin hafi verið spörkuð upp. Skemmdir sáust á millihurð sem búíð hafi verið að sparka í og læsingar og listi verið ónýt. Skemmdir voru á stormjárnri á opnanlegum glugga í vestasta herbergi íbúðarinnar þannig að hægt var að komast inn og út um gluggann. Að því er segir í lögregluskýrslu hafi engin merki verið að sjá að glugginn hafi verið spenntur upp með áhaldi.

Íbúðin var auð og kvaðst M vera þess fullviss að fyrrum leigutaki hafi brotist inn, en nágrenni hafi heyrt einhvern umgang í íbúðinni. M kvaðst hafa komið í íbúðina um þremur vikum áður. Þá hafi leigutakinn búíð þar enn og engar skemmdir hafi þá verið að sjá í íbúðinni, en M vissi ekki nákvæmlega hvenær hann hafi flutt út. Taldi M ólíklegt að leigutakinn hafi valdið skemmdunum meðan hann bjó í íbúðinni. Hann hlyti að hafa brotist inn.

M hefur húseigandatryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur krafist félagið um bætur úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem hann kveður að hafi verið unnar á íbúðinni við innbrotið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.4 í skilmálum fyrrgreindar vátryggingar bætist tjón á vátryggðri eign af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Í skýrslu lögreglu kemur fram að þrátt fyrir skemmdir á stormjárnri á einum glugga íbúðarinnar hafi engin merki verið um að glugginn hafi verið spenntur upp með áhaldi. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af stormjárninu og glugganum að utanverðu verður ekki ráðið að verksummerki séu þess eðlis að glugginn hafi verið spenntur upp og skemmdir á stormjárninu hafi hlotist við innbrot eða innbrotstilraun. Skemmdir inni í íbúðinni, sem lýst er í lögregluskýrslu, gefa ennfremur ekkert það til kynna að þær hafi hlotist við innbrot eða innbrotstilraun. Að þessu virtu telst bótaskylda ekki vera fyrir hendi úr húseigandatryggingu M.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskylt.

Reykjavík, 5. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 128/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Bifreið skemmdist er hún rann niður í gil þann 21.9.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.4.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.4..2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði lagt fólksbifreið sinni A utan vegar við Vatnsdalsveg norðan við Tumastaði í Rangárbíngi eystra. Er M ætlaði að aka að nýju upp á veginn rann A í blautu grasi niður í gilbotn og varð fyrir skemmdum.

M kvaðst í umrætt sinn hafa stöðvað bifreiðina aðeins fyrir utan veginn til að taka myndir og njóta náttúrunnar. Er hann ætlaði að bakka aftur upp á veginn hafi A ekki náð gripi í blautu grasinu. Hann hafi reynt að mjaka A fram og aftur, en með þeim afleiðingum að hún hafi farið of langt áfram og byrjað að renna niður hlíðina. Hann hafi stokkið út úr A, en hún runnið niður þverhnipt bjargið. Í skýrslu lögreglunnar um atvikið kemur einnig fram að bílför á staðnum þar sem A fór fram af bendi til að þar hafi henni verið ekið fram og til baka og reynt að beygja til hægri og vinstri.

A var húftryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 3.3. í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda segir að vátryggingin gildi ekki m.a. við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á ökutæki ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerða á akbrautinni. M hafði ekið eftir Vatnsdalsvegi og lagt A utan við veginn að sögn til að njóta náttúrunnar og taka ljósmyndir. Er hann var að reyna að koma bifreiðinni aftur upp á veginn gerðist það að hjólbarðar náðu ekki gripi í blautu grasi með þeim afleiðingum að hún rann og hrapaði niður í gilbotn. Þótt M hafi lagt A með þessum hætti utan vegarins verður að álit nefndarinnar ekki lítið svo á að í tilviki þessu hafi verið um að ræða akstur um vegleysur í skilningi fyrrgreinds skilmálaákvæðis eða akstur af öðru tagi sem er undanþeginn bótaskyldu samkvæmt ákvæðinu. Eins og málið liggur fyrir verður ekki hjá því komist að telja tjónið á A bótaskyldt úr húftryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr húftryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 12. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 132/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður féll í lausum stiga í húsbyggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 15.4.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði á vegum vinnuveitanda síns, V í nýbyggingu tiltekinna íbúða í Reykjavík. M stóð uppi á steypupalli að rétta af steypumót til undirbúnings fyrir steypu. Að því loknu fór hann aftur á bak niður lausan álstiga sem hafði verið reistur upp við enda steypupallsins. Á leiðinni niður rann stiginn á steypu gólfinu og M féll til hægri og lenti með hægri mjöðm á skástífu fyrir steypumótin. Stiginn var um 3,5 m á lengd og efri brún steypupallsins var í 2,7 m hæð. Á enda annars kjálkans sem snéri niður, vantaði alveg plastþófa og á hinum enda kjálkans var þófinn slitinn. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að stiginn hafi greinilega verið úr sér genginn og gaf eftirlitið þau fyrirmæli að honum skyldi fargað.

M hefur leitað eftir bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur fallist á bótaábyrgð V að 1/3 hluta.

Álit.

Af gögnum málsins þykir nægilega sýnt fram á að umræddur stigi var verulega vanbúinn vegna slits og um leið hættulegur til notkunar þar sem þófar undir honum voru horfnir eða slitnir vegna notkunar. Fram hjá því verður heldur ekki litið að aðstæður í nýbyggingunni voru hættulegar. Þrátt fyrir það var stiginn meðal þeirra tækja sem V lagði starfsmönnum sínum til á vinnustaðnum. Verður það virt V til vanrækslu að hafa ekki tekið stigann úr umferð áður en slys hlaut af. Ber V því ábyrgð á líkamstjóni M. M er húsasmiður að mennt. Hann átti að gera sér grein fyrir hinu bága ástandi stigans áður en hann notaði hann til að fara upp á steypupallinn og aftur niður. Verður að virða það honum til nokkurs gáleysis að hafa notað stigann án þess að gera ráðstafanir til að tryggja að hann myndi ekki renna til á gólfinu eða viðhafa aðra og öruggari aðferð til að komast upp á pallinn og niður af honum aftur. Að öllu athuguðu þykir rétt að V beri ábyrgð á líkamstjóni M að 2/3 hlutum en M beri sjálfur 1/3 hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 139/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ forfallatryggingar .**

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu vegna versnandi sjúkdóms.

Gögn.

1. Málskot, móttekið .2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júlí 2008 pantaði M ferð fyrir sig og eiginkonu sína til Kanaríeyja sem átti að hefjast 11. mars 2009. Um leið greiddi hann staðfestingargjald, en í október 2008 greiddi hann ferðina upp.

M þjáist af lungnaþembu, COPD, á talsvert háu stigi. Hann tekur reglulega inn lyf og getur með því móti haldið einkennum niðri. Við þær aðstæður er ferðafrelsi hans ekkert takmarkað vegna sjúkdómsins og getur þá undir venjulegum kringumstæðum farið í flugferðir. Í byrjun mars 2009 fékk hann slæma kvefpest og var þá settur á sterameðferð og sýklalyf vegna versnunar fyrrgreinds sjúkdóms og var ráðlagt að hætta við hina fyrirhuguðu ferð til Kanaríeyja.

M hafði greitt a.m.k. helming ferðakostnaðarins með nánar tilgreindu greiðslukorti og hafði af þeim sökum í gildi forfallatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Krafðist M bóta úr forfallatryggingunni vegna þess hluta ferðakostnaðarins sem hann fékk ekki endurgreiddan frá ferðaskrifstofunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 6.1 í umræddri forfallatryggingu hjá X bætist ferðakostnaður sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að kr. 200.000 vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi hans, enda vottað af starfandi lækni. Í gr. 6.2 eru tilgreindar nokkrar takmarkanir á bótaskyldu félagsins, en samkvæmt gr. 6.2.1 bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Fyrir liggur í málinu, eins og að framan greinir, að M þjáðist af lungnaþembu, sem meðhöndluð var með lyfjum, er hann ákvað að fara í hina fyrirhuguðu ferð til Kanaríeyja og greiddi staðfestingargjaldið í júlí 2009. Vegna versnunar þessa tiltekna sjúkdóms komst hann ekki í ferðina þegar til átti að taka í mars 2009. Þar sem forföllin stöfuðu af sjúkdómi sem M þjáðist af og var í meðferð vegna er hann greiddi staðfestingargjaldið gildir hér ábyrgðartakmörkun sú sem getur í gr. 6.2.1 í skilmálunum. Af því leiðir að ferðakostnaður sá, sem M krefst greiðslu á, bætist ekki úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Ferðakostnaður M bætist ekki úr forfallatryggingu hjá X.

Reykjavík, 19. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 148/2009

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar E

Vinnuslys í húsnæði E við losun bretta með handlyftara .

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30. apríl 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 15. maí 2009.

Málsatvik.

Þann 7. febrúar 2008 varð vinnuslys í húsnæði E við Klettagarða í Reykjavík. Í tilkynningu E um slysið kemur fram að M, starfsmaður E, var að losa bretta með handlyftara inn í kæli. Til þess þurfti hann að fara inn í lokað rými kælisins. Eftir að M hafði losað brettið þurfti hann að stjórna lyftaranum út úr kælinum. Það gerði hann þannig að hann stýrði lyftaranum aftur á bak inn á vinnusvæði sem aðrir höfðu aðgang að. Í þann mund sem hann kom út úr kælinum bar að annan starfsmann E á stórum lyftara með stóru bretti. Lenti M fyrir stóra lyftaranum og kastaðist fram á hann og svo aftur á brettið sem á stóra lyftaranum. Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til læknis fjórum dögum eftir atburðinn þar sem hann kvaðst hafa slasast.

M telur að E beri skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyssins þar sem starfsmaður þess, stjórnandi stóra lyftarans, hafi ekið gáleysislega með þeim afleiðingum að hann sá lyftari lenti á M auk þes sem kemur fram í málskoti að hann telur að ekki hafi verið nægilega skýrar reglur um akstur lyftara á vinnusvæðinu. V telur fyrir hönd E að reglur umferðarlaga nr. 50/1987 gildi um akstur lyftarana og að M hafi átt að gæta að sér áður en hann ók aftur á bak, sbr. 2.mgr. 17.gr. þeirra laga auk þess sem það vísar til úrskurðar nr 83/2007 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Fyrirliggjandi gögn eru takmörkuð þegar litið er til lýsingar málsaðila á málsatvikum. Ekki liggur fyrir sjálfstæð lýsing M eða stjórnanda stóra lyftarans sem hann telur að hafi ekið á sig. Hvað gildissvið umferðarlaga nr. 50/1987 varðar er ekki fallist á að þau nái yfir atvikið, sbr. skilgreiningu í 1.gr. laganna. Þó gildissvið umferðarlaganna nái ekki til vinnustaðarins þá er eðlilegt að gera þær kröfur til þeirra sem fara afturábak að þeir gæti sín sérstaklega vel. Ekkert hefur komið fram um að sá sem ók stóra lyftaranum hafi ekið honum óeðlilega eða á rangri akstursleið. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að reglur um akstur eða umgengni í vöruhúsinu hefðu komið í veg fyrir slysið eða ef þær hefðu verið til staðar að aðstæður hefðu verið öðruvísi. Af þessum sönnunarskorti ber málskotsaðili almennt hallann en það er hans að sanna að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi. Þegar litið er til þess að Vinnueftirliti var ekki tilkynnt um slysið verður þó að líta til þess hvort það leiði til þess að E beri hallann af sönnunarskorti um þau. Þegar litið er til gagna málsins virðast málsaðilar nokkuð sammála um atvik þess þó huglæg afstaða málsaðila og stjórnanda stóra lyftarans liggi ekki fyrir. Ekki er fallist á að það verði að leggja til grundvallar að stjórnandi stóra lyftarans hafi sýnt gáleysi við stjórn hans þó hans lýsing á atvikinu liggi ekki fyrir. Þó hægt hafi verið að standa betur að rannsókn málsins og sönnunarskortur sé metinn E í óhag leiðir það hins vegar ekki til hlutlægrar skaðabótaábyrgðar. Það þarf allt að einu að sýna fram á að sá skortur á sönnun leiði til skaðabótaskyldu.

Það að ökumaður stóra lyftarans hafi ekið á M má allt eins rekja til þess að M fór aftur á bak beint út úr kælinum í veg fyrir lyftarann. Það verður að gera ríkar kröfur til þess sem fer út úr slíku rými að gæta að sér. Meiri kröfur en á þann sem fer um vinnuhúsnæði af því tagi sem um ræðir í þessu máli. Ekki hefur verið sýnt fram á gáleysi stjórnanda lyftarans eða brot E á skyldum sínum sem vinnuveitanda. Að því sögðu telst greiðsluskylda ekki fyrir hendi að hálfu vinnuveitandans.

Niðurstaða.

Ekki er um að ræða greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu E.

Reykjavík 3. júní 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 149/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.**

Ágreiningur um ákvörðun bóta úr sjúklingatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.5.2009.

Málsatvik.

Þann 11.2.2003 gekkst M undir ristilspeglun hjá L lækni, sérfræðingi í meltingarsjúkdómum. Speglunin var framkvæmd á stofu hjá S. Í kjölfar speglunarinnar fékk M ýmsa alvarlega fylgikvilla sem leiddu m.a. til þess að hún var metin til 50% varanlegrar örorku. S hafði keypt sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. X viðurkenndi rétt M til bóta úr sjúklingatryggingunni vegna þess líkamstjóns er hún hlaut af völdum fyrrgreindra fylgikvilla, þ. á m. vegna varanlegrar örorku.

Við uppgjör bótanna, sem fram fór þann 13.2.2009, lá fyrir að M hafði frá upphafstíma varanlegrar örorku, 13.2.2004, notið bótageiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og til 67 ára aldurs myndi hún njóta örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar. Frá bótum vegna varanlegrar örorku dró X tiltekna fjárhæð er svaraði til eingreiðsluverðmætis bótageiðslnanna frá Tryggingastofnun. Frádráttinn byggði X á 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/993, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, en samkvæmt ákvæði þessu dragast frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns m.a. greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum. M hefur mótmælt þessum frádrætti sem ólögætum. Fyrir úrskurðarnefnd er til úrlausnar hvort X hafi að lögum verið heimilt að beita téðum frádrætti.

Álit.

Um ákvörðun bótafjárhæðar úr sjúklingatryggingu fer eftir skaðabótalögum, sbr. 5. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í þessu felst að bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast samkvæmt því sem nánar greinir í 5. skaðabótalaganna, þ. á m. samkvæmt því er greinir í 4. mgr. greinarinnar um frádráttarliði. Skiptir í þessu sambandi ekki máli þótt í málsgreininni sé fjallað um greiðslur sem dragast skaðabótakröfu og að krafa um bætur úr sjúklingatryggingu sé í reynd ekki skaðabótakrafa. Horfa verður á 5. gr. skaðabótalaganna í heild þegar fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku skal fara eftir skaðabótalögum eins og mælt er fyrir um í 5. gr. laganna um sjúklingatryggingu. Þá má hér líta til þess að bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 57/1987 með síðari breytingum eru ákveðnar með svipuðum hætti og bætur úr sjúklingatryggingu, en með dómi Hæstaréttar frá 26. febrúar 2009 í máli nr. 342/2008 var á það fallist að í slíkri vátryggingu skyldu greiðslur frá almannatryggingum dragast frá við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku.

Þá verður ekki séð að það leiði til rangrar niðurstöðu hvað fjárhæð bóta varðar þótt bætur úr sjúklingatryggingu skuli draga frá skaðabótakröfu, sbr. 3. másl. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaganna, sbr. 24. gr. laga nr. 111/2000, þegar slík krafa er höfð uppi á sakargrundvelli að fengnum bótum úr sjúklingatryggingu.

Að framangreindu virtu verður að telja að X hafi verið heimilt að draga eingreiðsluverðmæti bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins frá bótum fyrir varanlega örorku við uppgjör bóta úr sjúklingatryggingunni.

Niðurstaða.

Við uppgjör bóta til M úr sjúklingatryggingu dregst eingreiðsluverðmæti bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins frá bótum fyrir varanlega örorku.

Reykjavík, 9. júní 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 153/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Strandgötu og Linnetsstígs í Hafnarfirði þ. 20.04.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 7.5.2009 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 190/09
3. Bréf V-1 dags. 8.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-2
4. Bréf V-2 dags. 8.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

B var ekið Strandgötu í Hafnarfirði til norðurs og A var ekið Linnetsstíg til vesturs. Árekstur varð með bifreiðunum á gatnamótum Strandgötu og Linnetsstígs. Ökumaður A segir að B hafi ekið á hægra frambrettið á A og hafi ekki virt stöðvunarskyldu. Ökumaður B segist hafa stöðvað við stöðvunarskyldu og litið eftir umferð en enga séð og því ekið af stað en A hafi ekið á B á ólöglegum hraða en um sé að ræða vistgötu og umferðarhraði því mjög takmarkaður. Af hálfu V-1 hafa verið lögð fram gögn um umferðarhraða.

Álit.

Ökumaður A ók virti ekki stöðvunarskyldu í umrætt sinn sem honum bar að gera og ber því alla sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið ekið með þeim hætti að eðlilegt sé að fella sök á ökumanns þess bíls miðað við aðstæður.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 23.6þ 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu er maður á reiðhjóli rakst utan í bifreið þann 9.1.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.5.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hjólaði vestur Bankastræti og áfram vestur Austurstræti. Þá var bifreiðinni A ekið norður Pósthússtræti og beygt til vinstri vestur Austurstræti. Á móts við Austurstræti 12 rakst M utan í hægra framhorn A og féll við það í götuna og fékk högg á andlitið svo blæddi úr efri vör. Þegar atvikið átti sér stað var myrkur úti, en götulýsing er sögð hafa verið góð.

M kvaðst hafa hjólað á 40 km hraða á klst. þar sem lítil sem engin umferð hafi verið. Hjólbarðar undir reiðhjólinu hafi verið negldir og af þeim sökum kvað M erfitt í auðu færi að breyta í skyndingu akstursstefnu þess. Hann kvaðst hafa séð A koma frekar hægt frá Pósthússtræti og sýnt að ökumaður hennar hafi ekki séð til sín. Hann hafi reynt að stýra hjólinu upp á gangstétt hægra megin við A til að komast hjá að lenda aftan á A, en þá hafi hjólið lent á stólpa við gangstéttarbrún og snúið hjólinu og það lent á hægra framhorni A með fyrrgreindum afleiðingum.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að M hafi komið fram með hægri hlið A, sveigt fyrir bifreiðina og lent á hægra framhorni hennar með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Hann hafi staðið á fætur, þegið munnþurrku, skilið eftir nafn sitt og síðan hjólað á braut.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Á grundvelli þessara ströngu ábyrgðarreglna á M rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem þær skerðast ekki sökum þess að hann telst vera meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í umrætt sinn hjólaði M á miklum hraða í myrkri og hafði heldur ekki fulla stjórn á hjólinu vegna dekkjabúnaðar þess. Þessi háttsemi M verður virt honum til stórkostlegs gáleysis. Af gögnum málsins þykir fullvíst að slysið hafi orðið rúmum 30 m vestan gatnamóta Pósthússtrætis og Austurstrætis. Verður slysið að öllu leyti rakið til hinnar háskalegu háttsemi M. Af þeim sökum verður hann að sæta því að bótaréttur hans verði skertur að nokkru. Að öllu virtu þykir rétt að bótaréttur hans skerðist um 1/3 hluta, en hann eigi að sama skapi rétt til bóta að 2/3 hlutum.

Eins og mál þetta er lagt fyrir úrskurðarnefnd er ekki tekin afstaða til bótaréttar M vegna hugsanlegs tjóns á reiðhjóli hans.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 9. júní 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 162/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatr. ökumanns og eiganda bifhjólans A

Umferðaróhapp þegar maður féll af mótorkjólum þ.18.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2009 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 2. 6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M féll af mótorkjólum sem hann ók og varð fyrir slysi m.a. höfuðmeiðslum þegar hann ók hjólinu án þess að vera með hjálm á höfðinu. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns. Ekki er ágreiningur um það að M eigi rétt á bótum en V vill skerða bætur til M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis, þar sem hann hafi í umrætt sinn ekið án þess að nota viðurkenndan hlífðarbúnað þ.á.m. höfuðhjálms en lögmaður M krefst þess að hann fái tjón sitt bætt a fullu og færir fyrir því rök og vísar í dóma máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort að M eigi rétt að fá tjón sitt bætt að fullu eða verði að þola skerðingu vegna stórkostlegs gáleysis. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M verði að bera 1/3 tjónsins vegna þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka án hlífðarhjálms eða hlífðarfatnaðs. Í 72. gr umferðarlaga nr. 50/1987 er áskilið að hver sá sem er á bifhjólum skuli nota m.a. viðurkenndan hlífðarhjálms. M fór ekki að framangreindu ákvæði 72.gr. umferðarlaga og sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi og verður því að sæta því að eiga rétt á bótum en þær séu skertar um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis M í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V en ber 1/3 tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 16.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Fall í hálum tröppum á gangstétt þann 5.2.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.6.2009.

Málsatvik.

M féll í tröppum í göngugötu fyrir framan verslunarmiðstöð í sveitarfélaginu S og hlaut áverka á höfði. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hálkublettir hafi verið í tröppunum og ekki hafi verið að sjá eða finna að neinar háлкуvarnir hafi verið notaðar í þeim.

Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir í málinu, og ekki virðist vera um þær deilt með aðilum, að snjóbræðslukerfi er í umræddum tröppum. Þegar slysið varð hafi hins vegar gengið á með snjóéljum og úti hafi verið um 8° C frost, en við slíkar aðstæður nái bræðslukerfið ekki að bræða allan þann snjó sem sest á tröppurnar.

M kveður bæjaryfirvöld S bera ábyrgð á líkamstjóni því er hann hlaut og krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M slasaðist í tröppum sem eru hluti af göngugötu og þar með gangstígakerfi í S. Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að S hafi verið skylt samkvæmt lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum að koma í veg fyrir hálkumyndun eða eyða háлку sem myndast hefur á almennum gangstígum í sveitarfélaginu, þ. á m. í tröppunum sem M féll í. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að starfsmönnum S hafi af öðrum ástæðum borið að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir hálkumyndun í tröppunum áður en M slasaðist þannig að bótaábyrgð verði felld á S á sakargrundvelli. Af þessu leiðir að líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 23. júní 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Slys þegar maður ætlaði út úr bifreið en rak sig í sleppibúnað þ. 16.5.2008 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 29.5.2009.

Málsatvik.

M var að sinna störfum vegna reglubundins viðhalds á ökutækinu. Þegar M ætlaði að stíga út úr A þá rakst hann í sjálfvirkan sleppibúnað sem er staðsettur vinstra megin fyrir ofan hurðina en hurðin er undir spennu og lokast sjálfkrafa. Hurðin skall af krafti á fótlegg M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M segir að bifreiðin hafi drepit á sér og ekki farið í gang og hafi hann ætlað út úr henni til að aðstoða við að tengja startkapla og hafi gripið um stálplötu og togað sig upp úr bílstjórasætinu en síðan rekið vinstri olnbogann í sjálfvirkan sleppibúnað fyrir hurðina og hún lokast og klemmt á honum fótinn. Vitni sá þegar hurðin lenti á fæti M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A og af hans hálfu er á það bent að lokunar búnaðurinn sem um ræðir sé hluti af útbúnaði A sem sé sérútbúin og sé lokunar búnaðurinn ætlaður til notkunar við sérstakar aðstæður svo sem nánar er lýst. Þá er því haldið fram af hálfu M að slysið hafi orðið við hefðbundna notkun A þegar átti að gangsetja hana og því eigi að fella bótaskyldu undir ábyrgðartryggingu ökutækisins hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið að fara úr kyrrstæðu ökutæki og sjálfvirki lokunar búnaðurinn sé ekki tengdur við vélaraflið bifreiðarinnar. Slysið verði því ekki rakið til aksturs A eða sérstakra eiginleika A sem ökutækis og því geti umrætt atvik ekki fallið undir ábyrgðartryggingu ökutækisins

Álit.

Í umrætt sinn hafði A ekki verið gangsett og var því hvorki í gangi né á ferð þegar slysið varð. Sjálfvirki lokunar búnaðurinn sem M slasaði sig á er sérstakur búnaður sem er ekki nauðsynlegur við notkun A sem ökutækis. Sjálfvirki lokunar búnaðurinn er sérstakur búnaður sem hefur ekki með akstur eða notkun A sem ökutækis að gera. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 16.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega

Slys þann 14.06. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.05. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.07. og 24.07. 2009.
- 3) Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.07. 2009, þ.e. viðbrögð við bréfi nefndarinnar, dags. 14.07. 2009 og athugasemdum vátryggingafélagsins.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Þann 28.03. 2008 tilkynnti M vátryggingafélaginu um að hann hafi slasast við vinnu sína þann 14.06. 2006. Hann féll niður um 2,5 metra hæð þannig að meiðsl hlaut af. Vátryggingfélagið telur að atvikið hafi verið tilkynnt eftir að frestur til þess að tilkynna atvikið hafi runnið út sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið vísar m.a. til þess að grundvöllur bótaskyldu úr slysatryggingu er slys. Í skilmálum er hugtakið “slys” skilgreint. Félagið telur ekki rétt að leggja til grundvallar það tímamark þegar tjónþoli telur sjálfur að hann hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum af slysi. Það eigi sérstaklega við í þessu tilviki M, “en ekki liggur fyrir að hann hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum af slysinu”. Atvik sem er tilefni kröfu M er það atvik þegar hann varð fyrir slysi á hné og meiðir sig þann 14.06. 2006. Félagið telur það ekki háð “neinni einustu óvissu hvenær þetta gerðist. Það er því ekki undirorpið túlkun hvenær frestur skv. 124. gr. vátryggingarsamningalaga byrjar að líða”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi og mótmælir afstöðu vátryggingafélagsins. Hann telur efnislega ekki rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests í þessu tilviki við slysið. M hafi ekki verið unnt að gera sér grein fyrir afleiðingum strax við slysið. M vísar m.a. til læknisvottorðs, dags. 20.09. 2007, þar sem draga megi þá ályktun að fólk jafni sig að ölli jöfnu að fullu á áverkum sem þeim sem M fékk. M hafi verið vongóður um að “hrista þetta af sér”. Afleiðingar hafi reynst aðrar og meiri en álitnið var í fyrstu. Hann telur að brjós-klos sem hann hafi fengið síðar sé bein afleiðing slyssins. Fyrirliggjandi vottorð og sjúrkasaga beri það með sér. Rétt sé að M hafi ekki gengist undir örorkumat, slíkt sé kostnaðarsamt. M telur að endanlegar afleiðingar slyssins skipti ekki máli í því tilviki sem hér er til umræðu. M telur að engu öðru atviki til að dreifa heldur en slysinu þann 14. júní 2006 sem skýrir þær afleiðingar sem hann býr við í baki.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Í því tilviki sem hér er til umræðu þykir rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests við það þegar M varð fyrir slysi á árinu 2006.

Ekki hefur verið sýnt fram á hverjar hafa nákvæmlega verið varanlegar afleiðingar slyssins, hvort þær séu meiðsl á hné eða nái einnig til meiðsla á baki. Ósannað er að brjós-klos sem M fékk á árinu 2009 sé að rekja til slyssins.

M leitaði til slysadeildar í kjölfar slyssins. Hann var greindur m.a. með tognun og rifbrot sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Hann var með viðvarandi verki eftir þetta. Fullyrðingar M um að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að hann kynni að búa við varanlegar afleiðingar vegna vinnuslyssins verður að hafna sem ósönnuðum, líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Með hliðsjón af ofanrituðu gætti M ekki tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Athygli vekur og hve illa er upplýst um orsakatengsl í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 172/2009. Endurupptaka
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B**

Árekstur bifreiða á innákeyrslu á Suðurlandsbraut í Reykjavík þ.20.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.5.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 20.5.2009.
3. Bréf V dags. 9. júlí 2009 beiðni um endurupptöku.

Málsatvik.

A ætlaði að aka út á Suðurlandsbraut en í sömu mund skipti af vinstri akrein yfir á hægri akrein og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa beðið á biðskyldu eftir að hægri akrein tæmdist og síðan ekið á stað inn á hægri akrein götunnar en í sömu mund hafi B beygt yfir á hægri akrein af vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa skipt yfir á hægri akrein og fylgst með umferð í baksýnispeglinum og ekki athugað hvort að óhætt væri að skipta og ekki séð bíl A. Úrskurður Vátrygginganefndar var kveðinn upp þ. 23.6.2009 og með bréfi dags. 9.júlí bað um endurupptöku á málinu og telur félagið að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum þar sem hún hafi ekki virt biðskyldu og því ekki unnt að leggja sök á ökumann B og ekki liggi fyrir að B hafi verið ekið of hratt í umrætt sinn.

Álit.

V sem tryggir báðar bifreiðarnar sem um ræðir hefur óskað eftir því að málið verði endurupptekið og fært rök fyrir þeirri niðurstöðu að A beri alla sök á árekstrinum. Á það getur Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum ekki fallist og tekur fram að öll þau sjónarmið og rök sem koma fram hjá V voru til skoðunar og umfjöllunar við meðferð og úrskurð málsins þ.23.6. s.l. Niðurstaða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum er því óbreytt en hún og rökstuðningur fyrir henni var eftirfarandi: ”Í umrætt sinn ók A inn á aðalbraut í veg fyrir B sem skipti um akrein í þann mund. Ökumaður A ber meginsök á árekstrinum þar sem hann ók inn á aðalbraut án þess að það væri unnt vegna aðvifandi umferðar. Ökumaður B ber einnig nokkra sök á árekstrinum þar sem hún fylgdist ekki nægjanlega með aðstæðum þegar hún skipti um akrein og ber því einnig nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 sakar og B beri 1/3 sakar.”

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og ber 1/3 sakar.

Reykjavík 21.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á innákeyrslu á Suðurlandsbraut í Reykjavík þ.20.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.5.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 20.5.2009.

Málsatvik.

A ætlaði að aka út á Suðurlandsbraut en í sömu mund skipti af vinstri akrein yfir á hægri akrein og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa beðið á biðskyldu eftir að hægri akrein tæmdist og síðan ekið á stað inn á hægri akrein götunnar en í sömu mund hafi B beygt yfir á hægri akrein af vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa skipt yfir á hægri akrein og fylgst með umferð í baksýnispeglinum og ekki athugað hvort að óhætt væri að skipta og ekki séð bíl A.

Álit.

Í umrætt sinn ók A inn á aðalbraut í veg fyrir B sem skipti um akrein í þann mund. Ökumaður A ber megin sök á árekstrinum þar sem hann ók inn á aðalbraut án þess að það væri unnt vegna aðvífandi umferðar. Ökumaður B ber einnig nokkra sök á árekstrinum þar sem hún fylgist ekki nægjanlega með aðstæðum þegar hún skipti um akrein og ber því einnig nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 sakar og B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 23.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2009

K

og

Vátryggingafélagið X vegna innbútryggingar

Þjófnaður úr húseign þann 16. janúar 2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þann 19. maí 2009, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar frá 2. júní 2009, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. K býr í parhúsi á einni hæð með kjallara og risi. Farið var inn um glugga á jarðhæð á suðurhlíð hússins. Mun innbrotið hafa uppgötvast þegar íbúar komu heim rúmlega kl. 17 þann 16. janúar 2009 en þá hafði enginn verið í húsinu frá um kl. 08:30 sama dag. Búið var að róta mjög mikið í flestum ef ekki öllum hirslum hússins. Fjöldi hluta var stolið, s.s. borðtölvu, leikjatölvu, fartölvu, sjónvarpi, myndavélum og skartgripum. Örlítið af hinum stolnu munum voru endurheimtir tæplega tveimur mánuðum síðar en lögreglan hafði fundið þá í tilteknu yfirgefnu húsnæði.

K krefst bóta úr innbútryggingu sinni en vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu á þeim grundvelli að ekki hafi verið sjáanleg ummerki um innbrot og að brotið hafi verið á þeirri varúðarreglu að gluggar skulu vera tryggilega læstir. K heldur því fram að glugginn hafi verið lokaður, að það sé staðfest í lögregluskýrslu málsins og að annað sé ósannað. Telur K að vátryggingafélagið verði að bera hallann af skorti á óyggjandi staðreyndum um hvort glugginn hefði verið lokaður eða opinn. Vátryggingafélagið telur með vísan til ljósmynda tæknideildar lögreglunnar, ljósmynda félagsins og viðtals við húsráðanda nægilega sannað að glugginn hafi verið opinn þegar innbrotspjófnaðurinn átti sér stað.

Álit.

Ósannað er að K hafi viðurkennt að glugginn hafi verið opinn. Þó þykir sannað með vísan til ljósmynda lögreglunnar og vátryggingafélagsins af vettvangi að glugginn hafi verið opinn þegar innbrotið átti sér stað. Engin sjáanleg ummerki voru á glugganum sjálfum sem bendir til að hann hafi ekki verið spenntur upp. Stormjárnið virðist hafa verið skrúfað frá sem bendir til þess að glugginn hafi verið opinn. K gætti samkvæmt framangreindu ekki að því að læsa með tryggilegum hætti glugganum á jarðhæð hússins og braut þar með gegn varúðarreglu í skilmálum vátryggingafélagsins. Í ljósi þessa, 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 254/2008 og 296/2008 á K ekki rétt á bótum úr innbútryggingunni.

Niðurstaða.

K á ekki kröfu um bætur úr tryggingu sinni hjá X.

Reykjavík 7. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 19.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.6.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 18.3.2004 gerðu M sem verkkaupi og V sem verksali með sér verksamning um að V skyldi reisa í tveimur áföngum 5.688 m² stálgrindarhús fyrir M. Skyldi fyrri áfanga vera lokið 1.9.2004 og þeim síðari 1.12.2004. Við upphaf framkvæmda var B, byggingatæknifræðingur, byggingarstjóri verksins, sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framkvæmdir drógust á langinn og þann 18.8.2005 var verksamningnum rift af hálfu M, en 16.3.2006 var bú V tekið til gjaldprotaskipta. Þann 27.3.2006 hætti B störfum byggingarstjóra við húsbygginguna. B hafði í gildi starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá X. Samkvæmt vátryggingarstaðfestingu, dags. 3.11.2005, vegna vátryggingartímabilsins 5.1.2004 til 31.12.2004 nam vátryggingarfjárhæð 6.035.683 krónum vegna hvers tjóns, en allt að 18.107.049 krónum á vátryggingartímabilinu.

Samkvæmt matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, dags. 4.7.2008, var komist að þeirri niðurstöðu að húseignin væri haldin fjölmörgum ágöllum sem nánar eru tilgreindir í rúmlega 100 liðum í matsgerðinni. Var í flestum liðum um að ræða að verki hafi verið ólokið eða það hafi verið haldið göllum. M krafðist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X. Bótaskylda var viðurkennd af hálfu X og 30.12.2008 greiddi félagið sem nam vátryggingarfjárhæð hvers tjóns á árinu 2006 eða 7.075.718 krónur auk dráttarvaxta frá 15.6.2006 og kostnaðar.

M hefur ekki fallist á að framangreind bótagreiðsla sé fullnægjandi og telur sig eiga rétt til hámarksvátryggingarfjárhæðarinnar á árinu 2006 eða 21.840.730 króna að teknu tilliti til vísitöluhækkunar. Kveður hann að á grundvelli matsgerðar hinnar dómkvöddu matsmanna sé ljóst að tjón hans nemi 42.377.375 krónum vegna galla á verkinu og að B beri bótaábyrgð gagnvart sér á þessu tjóni. Með vísan til gr. 33.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 telur hann sig eiga rétt til lágmarksheildarfjárhæðar tryggingabóta sem, eins og fyrr segir, nam 21.840.730 krónum á árinu 2006. Einnig sé um mörg tjón að ræða sem leiði til sömu niðurstöðu að greiða beri heildarvátryggingarfjárhæðina. X hefur hafnað kröfum M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1998 skal við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis vera byggingarstjóri. Í 3. mgr. sömu gr. segir að byggingarstjóri sé framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda og hann beri ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Í gr. 33.1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir að byggingarstjóri skuli hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Samkvæmt gr. 33.2 í reglugerðinni skal tryggingin nema minnst 5.000.000 krónum vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tólf mánaða tímabils skal nema minnst 15.000.000 krónum. Fjárhæðir þessar miðast við byggingarvísitölu 229,8 stig og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Í gr. 4.1 í skilmálum X fyrir starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra segir að ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks takmarkist við 5.000.000 krónur og heildargreiðsla þess vegna

allra tjónsatvika innan hvers tólf mánaða vátryggingartímabils geti þó ekki orðið hærrí en 15.000.000 krónur. Fjárhæðir þessar breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eins og að framan greinir, sbr. 15. gr. skilmálanna.

Ekki virðist vera ágreiningur með aðilum um að B hafi vanrækt skyldur sínar sem byggingarstjóri við byggingarframkvæmdir þær sem verksamningur M og V tók til og með því hafi hann bakað sér bótaabyrgð gagnvart M. Hins vegar er hvorki í málskoti, matgerð hinna dómkvöddu matsmanna né öðrum gögnum málsins að finna útlistun né haldbæran rökstuðning fyrir því að unnt sé að líta svo á að þeir gallar sem voru á byggingunni verði raktir til fleiri tjónsatvika en eins.

Eins og fyrir getur takmarkaðist ábyrgð X vegna hvers einstaks tjónsatviks við 7.075.718 krónur á árinu 2006, sbr. gr. 4.1 og 15. gr. skilmála þeirra sem um vátrygginguna giltu. Fjárhæð þessi er í fullu samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem mælt er fyrir um að skuli vera lágmarksvátryggingarfjárhæð vegna hvers tjónsatviks að teknu tilliti til breytingar á vísitölu samkvæmt gr. 33.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þar sem ekki verður talið að um fleiri en eitt tjónsatvik hafi verið að ræða getur ekki komið til álita að X beri að greiða þá heildarfjárhæð sem til greiðslu getur komið úr vátryggingunni vegna allra tjónsatvika á vátryggingartímabilinu. Að öllu framangreindu virtu hefur M ekki sýnt fram á að hann eigi rétt til frekari bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X en hann fékk við uppgjörð 30.12.2008. Einstaka fjárhæðir í því uppgjör eru ekki til endurskoðunar fyrir nefndinni þar sem ekki liggur fyrir samþykki beggja málssaðila um að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu B, byggingarstjóra, hjá X.

Reykjavík, 7. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2009

M v/A og V vegna ábyrgðartryggingar B

Tjón á bátnum A í S-höfn aðfararnótt 24. desember 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20. maí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur V dags. 9. júní 2009 þar sem vísað er til afstöðu félagsins til lögmans M í símbréfi dags. 16. febrúar 2009.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu sem dagsett er 8. janúar 2009 kemur fram að M hafði samband við lögreglu þann 29. desember 2008 og sýndi lögreglumanni skemmdir á bátnum A sem hann taldi raktar til þess að báturinn B, sem bundinn hafi verið utan á A, hefði rekist utan í A með fyrrgreindum afleiðingum. Í lögregluskýrslu kemur fram að M telji að atvik þessi hafi orðið aðfararnótt 24. desember, eða 5 dögum fyrr. M lýsir því í lögregluskýrslu að hann telji að bönd sem héldu B umrædda nótt hafi verið 14 mm að aftan og 16 mm að framan og gömul og lúin. Hann heldur því einnig fram í skýrslunni að þau hafi slitnað í miklum öldum með þeim afleiðingum að A hafi skemmst. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing frá formanni björgunarsveitar á staðnum sem lýsir aðstoð sveitarinnar að morgni aðfangadags 2008 vegna báts sem slitnað hafði frá bryggju, nánar til tekið hafði framband hans slitnað. Ekki kemur fram í yfirlýsingunni hvaða bátur þetta var. Einnig liggur fyrir ódagsett yfirlýsing hafnarstjóra staðarins sem lýsir eftirfarandi: „þá var veður ekki þannig að eðlilega bundinn bátur hefði átt að losna með þeim hætti sem henti er (B) losnaði og rak á bátinn (A)“. Í málinu liggja ekki fyrir frekari gögn að hálfu M um aðstæður umrædda nótt. Í bréfi V til lögmans M í febrúar sl. kemur fram að eigandi B hafi upplýst félagið um að tógin sem notuð var til að binda B í umrætt sinn hafi verið um 25 mm hver. B hafi verið bundinn með þremur endum að framan og þremur að aftan og tógin hafi ekki verið gömul eða lúin eins og M hafi haldið fram. Einnig kemur fram í bréfi V að skv. veðurathugunarstöðinni á Garðskagavita hafi mestu hviður mælst á bilinu 24 til 30 m/s aðfararnótt aðfangadags. V telur m.v. ákvæði skilmála ábyrgðartryggingar sem í gildi var vegna bátsins B sé ekki sýnt fram á að tjón á A hafi orðið vegna skaðabótaskyldrar háttsemi eiganda B. Ekki liggi fyrir sönnunargögn sem styðji fullyrðingar M um að tógin sem B var bundin með hafi verið þess eðlis sem hann lýsir í lögregluskýrslu og því geti félagið ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B. Einnig bendir V á að þó fallist væri á bótaskyldu þá komi fram í 9.gr. skilmála tryggingarinnar að meginhluti þess tjóns sem M krefji félagið um, þ.e. óbeint tjón, sé undanþegið greiðsluskyldu, svo sem aflatjón, rekstrartap, afnotamissi og annan kostnað af töfum.

Álit.

M heldur því fram að tjón á A verði rakið til þess að ekki hafi verið nægilega búið um B í S-höfn með þeim afleiðingum að bönd sem héldu B slitnuðu með þeim afleiðingum að B rakst utan í A þannig að tjón varð. Hann gerir skaðabótakröfu úr ábyrgðartryggingu eiganda B vegna tjónsins. Sá sem verður fyrir tjóni verður að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi svo hann fái greiddar bætur úr hendi hins skaðabótaskylda. Skv. almennum sönnunareglum duga yfirlýsingar þess sem verður fyrir tjóni ekki til þess að leggja skaðabótaábyrgð á annan nema gögn liggi fyrir sem sannreyna þær yfirlýsingar eða styðja þær að einhverju leyti. Í þessu máli liggja ekki fyrir slík sönnunargögn. Yfirlýsing hafnarstjórans í S-höfn verður ekki ein og sér talin sanna að tóg eða bönd sem notuð voru til að festa B við A hafi verið þess eðlis að ætla mætti að þau

héldu ekki festu. A ber hallann af þessum sönnunarskorti. Upplýsingar um veður sem liggja fyrir í málinu gefa auk þess til kynna að hugsanlega megi rekja tjónið til veðuraðstæðna án þess að á því verði byggt með beinum hætti. Að þessu virtu þykir ekki sannað að eigandi B hafi skapað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M vegna frágangs á B fyrir aðfararnótt 24. desember 2008.

Ekki verður sérstaklega fjallað um gögn sem lögð voru fram vegna tjónsfjárhæðar þeirrar sem M krefur V um eða gildissvið undanþáguákvæðis 9.gr. skilmála ábyrgðartryggingar V þar sem bótaábyrgð telst ekki vera fyrir hendi.

Niðurstaða.

Ekki er um að ræða greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu G.

Reykjavík 16. júní 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 176/2009

M (málskotsaðili)

og

Vátryggingafélagið X v/umsóknar um líf- og sjúkdómatryggingu

Umsókn um líf- og sjúkdómatryggingu synjað. Fjölskyldusaga. Erfðaupplýsingar.

Gögn.

- 1) Málskot, móttekið 18.5.2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf X til nefndarinnar, dags. 8.6.2009.
- 3) Bréf M til nefndarinnar, dags. 26.6.2009.
- 4) Bréf X til nefndarinnar, dags. 6.7.2009.
- 5) Tölvupóstur M til nefndarinnar, dags. 21.8.2009, ásamt fylgiskjali.
- 6) Tölvupóstur X til nefndarinnar, dags. 21.8.2009.

Málsatvik.

M óskaði eftir líf- og sjúkdómatryggingu hjá X með umsókn dags. 3. apríl 2008. Í samræmi við upplýsingaskyldu vátryggingataka um áhættu skv. 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, með áorðnum breytingum, upplýsti M að móðir hans hefði látist úr arfgengri heilablæðingu. Jafnframt óskaði M, að eigin frumkvæði, að fá að leggja fram vottorð frá Taugalækningadeild Landspítalans dags. 28. mars 2008, þar sem fram kemur að M hafi farið í DNA rannsókn og staðfest er að hann sé „ekki með stökkbreytingu á Leu68GIn sem veldur arfgengri heilablæðingu”.

Í bréfi dags. 19. maí 2008 hafnaði X umsókn M með vísan til niðurstöðu áhættumats félagsins, á grundvelli fjölskyldusögu um arfgenga heilablæðingu. Tekið var fram að skv. 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga væri félaginu óheimilt að taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðarannsóknir eins og þær sem fylgdu umsókn M.

M óskaði eftir frekari rökstuðningi fyrir synjun umsóknar hans; annars vegar á því að X sæi sér ekki fært að takmarka bótasvið líftryggingar á annan hátt en getið væri um í skilmálum tryggingarinnar, hins vegar á tengslum arfgengrar heilablæðingar við aðra sjúkdóma. Rökstuðningur X barst M í bréfi dags. 6. ágúst 2008. Í honum kom fram að auðvelt væri að veita sjúkdómatryggingu með takmörkun á bótasviði þannig að hún undanskilji tiltekinn bótabátt. Leiði áhættumat félagsins hins vegar í ljós áhættu sem varðað getur fleiri en einn bótabátt telur það sér ófært að veita umbeðna vátryggingu og synjar umsókninni. Samkvæmt upplýsingum endurtryggjenda félagsins, sem jafnframt væru ráðgefandi aðilar við áhættumat í persónutryggingum, eru tengsl við aðra sjúkdóma í miðtaugakerfi. Meðal þeirra, sem bótaskyldur er úr sjúkdómatryggingu er Alzheimer sjúkdómur ef hann greinist fyrir 60 ára aldur. Vegna eðlis líftrygginga væri örðugleikum bundið að koma við tilteknum takmörkunum á gildissviði vátryggingarinnar, svo og sökum þess að torvelt getur reynst að fá dánarorsök staðreynda. Eina takmörkunin á bótasviði í líftryggingum varðaði sjálfsvíg vátryggðs innan eins árs frá því að ábyrgð félagsins tók síðast gildi. Félagið sæi sér ekki fært að veita líftryggingu með frekari takmörkun. Vegna þeirrar mjög svo sérstöku áhættu sem félagið yrði að taka tillit til við mat á umsókn M um persónutryggingar væri ekki unnt að beita álagi á iðgjaldið. Þá væri heldur ekki unnt í ljósi framangreinds að veita umbeðnar vátryggingar með takmörkunum.

Með málskoti dags. 18. maí 2009 bar M synjun umsóknar sinnar um persónutryggingar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum. Málsástæður hans eru eftirfarandi:

- a) Að X sé heimilt að veita viðtöku læknisvottorði sem staðfestir að M sé ekki með erfðaeiginleika sem valdi arfgengri heilablæðingu.
- b) Að X sé óheimilt að synja M um líf- og sjúkdómatryggingu.

Álit.

a) Viðtaka læknisvottorðs.

Að því er varðar viðtöku læknisvottorðs þar sem fram kom að M hefði farið í DNA rannsókn og staðfest er að hann sé „ekki með stökkbreytingu á Leu68GIn sem veldur arfgengri heilablæðingu” er það niðurstaða nefndarinnar að X hafi samkvæmt gildandi lögum ekki verið heimilt að taka við og hagnýta sér þær upplýsingar sem í vottorðinu komu fram.

Ákvæði 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, með áorðnum breytingum, kveður á um að váttryggingarfélagi sé óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Samkvæmt athugasemdum í greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, sem varð að lögum nr. 156/2007 og breytti 82. gr. laga nr. 30/2004, er með *erfðarannsókn* í ákvæðinu einkum átt við DNA-rannsókn, RNA-greiningu og vefja- og blóðrannsókn sem gerð er í þeim tilgangi að meta hættu einstaklings á því að verða síðar veikur. Verður að líta svo á að læknisvottorðið sem hér um ræðir hafi að geyma niðurstöður erfðarannsóknar í skilningi laganna. Með lögum nr. 156/2007 var, samkvæmt ummælum í greinargerð, leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar það væru sem váttryggingafélagi er óheimilt að nota í áhættumati sínu. Í álitu meiri hluta viðskiptanefndar Alþingis segir ennfremur, um frumvarpið er varð að lögum nr. 156/2007: „Váttryggingafélagi er þannig óheimilt að hagnýta sér upplýsingar úr erfðarannsókn burtséð frá því hvort þær eru váttryggingartaka eða váttrygðum í hag eður ei”.

Ekki er m.ö.o. fallist á það með M að X hafi verið heimilt að veita viðtöku og nýta læknisvottorðið sem um ræðir við áhættumat, með vísan til lögskýringargagna.

b) Synjun um líf- og sjúkdómatryggingu.

Samkvæmt 3. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga, með áorðnum breytingum, skal tryggingafélag rökstyðja synjun um veitingu persónutryggingar ef eftir því er leitað. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir úrskurðarnefndina af hálfu X verður ekki talið sýnt fram á að réttmæt og haldbær rök réttlæti synjun um líf- og sjúkdómatryggingu gagnvart M.

Þannig segir m.a. í athugasemdum félagsins, dags. 8. júní 2009, að „það er í algjörum undantekningartilvikum sem félagið hafnar váttryggingarumsókn á grundvelli sögu um arfgengan sjúkdóm í fjölskyldu umsækjanda. Að öllum jafnaði er slík váttrygging veitt og þá eftir atvikum, í samræmi við áhættumatið og tegund váttryggingar, með álagi og/eða takmörkun á bótasviði váttryggingarinnar“. Ennfremur segir í sama bréfi: „Hér er um mjög sérstætt tilvik að ræða og afstaða félagsins alls ekki í samræmi við það sem að jafnaði gerist við afgreiðslu váttryggingarumsókna, þegar fyrir liggja upplýsingar um arfgenga sjúkdóma hjá skyldmönnum umsækjanda sem geta gefið til kynna að hætta sé á að umsækjandinn muni einnig þróa með sér eða fá slíkan sjúkdóm. Íðulega er váttrygging veitt í slíkum tilvikum en með álagi á iðgjald og/eða nánar tilgreindri takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar. Vegna hinna mjög svo sérstöku aðstæðna í tilviki álitsbeiðanda var hins vegar ekki gerlegt að veita váttryggingu með slíkum kjörum“. „Hér verður að horfa til þess að áhættumatið verður að miða við að málskotsaðili kunni að bera hið hættulega gen í sér. Ýmsir sjúkdómar í miðtaugakerfi, sem eru bótaskyldir úr sjúkdómatryggingu, geta einnig tengst umræddu geni. Því verður ekki komið við svo skynsamlegt

geti talist að setja í váttrygginguna allar þær takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar sem nauðsynlegar væru af þessum sökum. Þá blasir ennfremur við að undir þessum kringumstæðum yrði að veita váttrygginguna einnig með slíku álagi að það yrði ekki í neinu samhengi við það sem kalla mætti eðlilegt eða hóflegt iðgjald“. Að framangreindu virtu taldi X sér ekki annað fært en að synja M um váttrygginguna og heldur því fram í lok bréfsins að fullgild og málefnaleg rök séu fyrir synjuninni. Í bréfi X dags. 6.7.2009 segir ennfremur "að ógerlegt er að koma að viðhlítandi ábyrgðartakmörkunum í þessu sérstaka tilviki. Þá er ljóst að váttrygging af þessu tagi fengist ekki endurtryggð".

Að mati nefndarinnar er hinum „mjög svo sérstöku aðstæðum í tilviki álitsbeiðanda“ ekki gerð skil af hálfu X, í gögnum málsins, með þeim hætti að málefnaleg ástæða teljist vera fyrir hendi til synjunar umsóknar M um persónuþryggingar.

Litið hefur verið svo á, í norrænum váttryggingarétti, að játa beri einstaklingum nokkurn rétt til váttryggingarverndar í persónuþryggingum. Að mati nefndarinnar er ekki nægilegt að vísa með almennum hætti til reglna endurtryggjanda váttryggingafélags, til grundvallar synjun um slíkar tryggingar. Gera verður þá kröfu til váttryggingafélaga að þau geri skýrlega grein fyrir þeim almennu skilyrðum um heilsufarsástand sem þau byggja áhættumat sitt á ef þau telja umsækjanda falla utan þeirra skilyrða. Í athugasemdum félagsins við málskoti M verður ekki litið svo á að því hafi verið gerð skil með fullnægjandi hætti, í samræmi við góða og eðlilega viðskiptahætti, því ógerlegt er að mati félagsins að koma að viðhlítandi ábyrgðartakmörkunum í tilviki M.

Fallist er á það með M, eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, að rökstuðningi X fyrir synjun gagnvart M um persónuþryggingar sé ábótavant og synjun félagsins hafi því ekki verið byggð á málefnalegum ástæðum. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir úrskurðarnefndina af hálfu X verður ekki talið sýnt fram á að réttmæt og haldbær rök réttlæti algjöra synjun um líf- og sjúkdómatryggingu gagnvart M.

Niðurstaða.

X er óheimilt að veita viðtöku og nýta læknisvottorð Taugalækningadeildar Landspítala, um niðurstöður DNA-rannsóknar sem M gekkst undir, við áhættumat vegna umsóknar M um persónuþryggingar. Synjun X á umsókn M um persónuþryggingar var hins vegar ekki rökstudd með fullnægjandi hætti, í samræmi við eðlilega og góða viðskiptahætti. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir úrskurðarnefndina af hálfu X verður ekki talið sýnt fram á að réttmæt og haldbær rök réttlæti synjun um líf- og sjúkdómatryggingu gagnvart M.

Reykjavík 1. september 2009

Sigríður Rafnar Pétursdóttir

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda farþega meðan ferð stóð þ.31.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.5.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 3.6.2009.

Málsatvik.

Málskotsaðilar segja báðir í tilkynningu um ferðatjón að þeir hafi farið í ferð sem hafi staðið frá 31.3. til 5.4.2009 og bæði veikst á fyrsta degi ferðar svo sem nánar er lýst í tilkynningunni og verið veik alla ferðina og ferðin hafi af þeim sökum verið þeim algjörlega ónýt. Málskotsaðilar voru með ferðaslysátryggingu hjá V og krefjast bóta vegna þess að ferðin hafi verið þeim algjörlega ónýt. V hafnar bótaskyldu og bendir í því sambandi á ákvæði vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að skilyrði bótaskyldu vátryggingafélags sé að orlofsferð sé rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður hafi legið á sjúkrahúsi hálfan ferðatímann, en bætur verði ekki greiddar sé ofangreindum skilyrðum ekki fullnægt. V telur því tjón M sé ekki bótaskyldt úr ofangreindri tryggingu þeirra hjá V.

Álit.

Í umrætt sinn er ekki um það deilt að málskotsaðilar hafi verið veikir meðan á ferð stóð svo sem þeir lýsa. Spurning er hvort að skilyrði séu fyrir hendi til greiðslu bóta úr ferðatryggingu eins og hér háttar til. Samkvæmt ákvæðum vátryggingaskilmála er það skilyrði til greiðslu bóta úr ferðatryggingu málskotsaðila að ferðin hafi verið rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða málskotsaðilar legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann svo sem kveðið er á í vátryggingaskilmálum. Hvorugu tilvikinu var til að dreifa og málskotsaðilar eiga því ekki rétt á bótum úr F+ ferðatryggingu sinni.

Niðurstaða.

Málskotsaðilar eiga ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 23.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Brunnlok á snjóbræðslukerfi olli skemmdum á bifreið er henni var ekið yfir lokið.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 25.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.6.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 6.3.2009 ók M bifreið sinni, A, úr bifreiðastæði á tiltekinni götu í sveitarfélaginu S. Var A þá ekið yfir brunnlok fyrir snjóbræðslukerfi í götunni og næsta nágrenni. Við það sporðreistist lokið og rakst undir bifreiðina og olli skemmdum á bensíntanki og handbremsu.

Telur M að tjónið megi rekja til ófullnægjandi frágangs sem S beri ábyrgð á eða almennt óforsvaranlegs umbúnaðar um brunnlokið. Krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um annað en að hér hafi verið um venjulegt brunnlok að ræða sem víða megi finna í gatnakerfi S. Ekkert liggur heldur fyrir um það að lokið hafi verið vanbúið eða frágangur þess í götunni hafi verið ófullnægjandi þannig að S hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart M. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til þess að starfsmenn S hafi gengið þannig um brunnlokið að virt verði þeim til sakar. Að öllu virtu hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð S. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 30. júní 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2009

M og

Vátryggingafélagið V v starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra A

Tjón í húsi vegna rakaskemmda og bóta krafist úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þ. 12.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.5.2009 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 8.6.2009
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

M keyptu fokhelt hús og frágengið að utan í júní 2004. Fljótlega eftir kaupin komu í ljós rakaksemmdir og gerðu M athugaemdir við byggingarstjóra og kom hann og gerði ákveðnar lagfæringar en þrátt fyrir þær þá varð ljóst að ekki hafði tekist að koma í veg fyrir leka og/eða raka. M gerir kröfu til þess að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V og hafa lagt fram mat sem M létu Davíð Karl Andrésson húsasmíðameistara vinna fyrir sig máli sínu til stuðnings. Í nefndri matsgerð koma fram hugleiðingar um það sem gæti verið að í þessu tilviki og hvaða hugsanlegar úrbætur þurfi að gera á húsinu. V hafnar bótaskyldu og segir að af gögnum málsins virtum verði ekki séð að stofnast hafi til bótaábyrgðar og lögð sé fram einhliða matsgerð unna fyrir M en þar sé ekkert að finna sem breyti þeirri afstöðu V að hafna bótaskyldu og telur að skilyrði vátryggingaskilmála vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra leiði ekki til bótaskyldu í málinu.

Álit.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu kemur ekki fram hverjar eru orsakir þeirra meintu galla sem komið hafa fram á húsi M. Þá liggur ekki fyrir hvað þarf að gera til að lagfæra það sem úrskreiðis kann að hafa farið eða hvað það muni kosta. Þegar gögn málsins eru jafn ófullkomin og greint er frá hér að framan verður sök ekki felld á byggingarstjóra hússins og því ekki um bótaskyldu V úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hússins að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 30..6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.

Ágreiningur um ábyrgð fasteignasala á tildæmdum málskostnaði.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.5.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.6.2009.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dags. 28.1.2003, keyptu M fyrir milligöngu fasteignasölnunnar A fasteignina B. Seljandi eignarinnar var D, en hann hafði byggt húsið og búið í því um 20 ár er hann seldi það til M. Í söluyfirliti, sem hafði verið útbúið af hálfu A, var eigninni lýst sem góðu og snyrtilegu einbýlishúsi á tveimur hæðum. Eignin var afhent M við undirritun kaupsamnings. Auk yfirtöku skulda og áhvílandi fasteignaveðbréfa skyldi kaupverð greiðast með 2.000.000 krónum sem greiddar voru við undirritun kaupsamnings, svo og með samtals 4.705.755 krónum sem skyldu greiðast í þrennu lagi á tímabilinu 15.5. til 15.10.2003.

Skömmu efir að M fluttu að B urðu þau vör við ýmsa galla á eigninni sem þau töldu D bera ábyrgð á. Fóru leikar svo að M héldu eftir þeim greiðslum sem þeim bar að greiða eftir undirritun kaupsamningsins eða 4.705.755 krónum til að mæta kostnaði við að bætum úr þeim göllum á B sem þau töldu D bera ábyrgð á. Dómkvaddur matsmaður taldi eignina haldna margvíslegum göllum og að kostnaður við að bæta úr þeim næmi alls 5.800.420 krónum. Er matsgerðin lá fyrir síðari hluta árs 2003 var af hálfu M lýst yfir skuldajöfnuði á fyrrgreindum eftirstöðvum til að bæta úr göllum. D undi ekki þeirri afstöðu og höfðaði mál á hendur M til heimtu eftirstöðva kaupverðsins. Með dómi Hæstaréttar var staðfest á grundvelli matsgerðarinnar að B hafi verið haldin göllum sem D bæri ábyrgð á gagnvart M og að teknu tilliti til nokkurra breytinga á kostnaði samkvæmt matsgerðinni var talið að skaðabætur til handa M næmu hærri fjárhæð en eftirstöðvum kaupverðsins. Voru M því sýknuð af kröfum D jafnframt sem D var gert að greiða M málskostnað í héraði 900.000 krónur og fyrir Hæstarétti 400.000 krónur eða samtals 1.300.000 krónur.

Lögmenn M í héraði og fyrir Hæstarétti gerðu þeim reikning samtals að fjárhæð 3.000.000 króna auk þess sem þau lögðu í kostnað, samtals 300.235 krónur, við öflun tveggja matsgerða á undan matsgerð hins dómkvadda matsmanns. Nam kostnaður M vegna málarekstursins því alls 3.300.235 krónum. Þar af fengu þau greiddar 1.300.000 krónur úr hendi D og 1.000.000 krónur úr málskostnaðartryggingu hjá vátryggingafélagi sínu. Eftirstöðvarnar, 1.000.235 krónur, gera þau kröfu um að verði greiddar úr starfsábyrgðartryggingu A hjá X. Reisa þau kröfu þessa á því að A beri ábyrgð á því að þeim hafi verið seld eignin án þess að þeim hafi verið gerð grein fyrir þeim göllum sem hún var haldin. X hefur hafnað kröfunni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en X mótmæli því ekki að mistök hafi átt sér stað af hálfu A sem hafi leitt til þess að eignin hafi verið seld M án þess að þeim hafi á viðhlítandi hátt verið gerð grein fyrir þeim göllum sem hún var haldin. Hvað sem því líður bar D, sem byggði húsið, hafði búið í því um árabil og seldi það til M, ábyrgð á þeim annmörkum sem á því voru eins

og komist var að niðurstöðu um með dómi Hæstaréttar. Ætla verður að fyrir báðum dómstigum hafi málskostnaðarreikningar legið fyrir er endurspegluðu kostnað M af málarekstrinum. Engu að síður var D ekki gert að greiða M hærri málskostnað en samtals 1.300.000 fyrir báðum dómstigum. Í þessu felst að D var ekki talinn bera ábyrgð á hærri fjárhæð gagnvart M en nam hinum dæmda málskostnaði. Ekki verður séð að A geti borið frekari ábyrgð á kostnaði vegna málarekstursins en D var gert að greiða. Af þessu leiðir að M eiga ekki rétt til að fá eftirstöðvar kostnaðar vegna málarekstursins greiddan úr starfsábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M eiga ekki kröfu um greiðslu eftirstöðva málskostnaðar úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 30. júní 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2009
M og
Vátryggingafélag Íslands (V) v. A og B

Árekstur bifreiða á Þingvallavegi þ. 10.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.5.2009.ásamt greinargerð og fylgiskjölum 1-9
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 153/09
3. Bréf V dags. 9.6.2009

Málsatvik.

A var ekið vestur Þingvallaveg en B var ekið austur Þingvallaveg. Ökumaður A segist hafa sveigt yfir á vinstri akrein vegarins til að fara fram hjá kyrrstæðri bifreið en hafi þá séð B koma úr blindbeygju á móti A og hafi hann þá sveigt aftur yfir á hægri akrein. Ökumaður B segir að þegar hann sá A koma á móti sér á vinstri vegarhelmingi hafi hann sveigt B yfir á vinstri vegarhelming til að reyna að koma í veg fyrir árekstur en ökumaður A hafi þá sveigt yfir á hægri akrein og árekstur orðið. Ökumaður A heldur því fram að A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð og málsatvikalýsing í lögregluskýrslu sé ekki alls kostar rétt

Álit.

Ökumaður A fór yfir á öfugan vegarhelming í umrætt sinn vegna hindrunar sem var á veginum. Ökumaður B sá A koma á öfugum vegarhelmingi og tók þá ákvörðun að aka yfir á öfugan vegarhelming til að koma í veg fyrir árekstur og verður sú ákvörðun hans eins og aðstæður voru ekki virt ökumanni B til sakar. Ökumanni A bar sbr. 3.málslið 1. mgr. 19.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar að nema staðar þar sem að hindrun var á veginum en það gerði ökumaður A ekki heldur ók yfir á öfugan vegarhelming en sú ákvörðun hans var ástæða þess að árekstur varð og ber A því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

A ber alla sök

Reykjavík 30.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2009

M og váttryggingafélagið VT v/ A og váttryggingafélagið V v/ B

Árekstur við bensínstöð.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29. maí 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Tölvupóstur V dags. 15. júní 2009.
- 3) Tölvupóstur VT dags. 15. júní 2009.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var báðum ekið á athafnasvæði bensínstöðvar við Suðurfell í Reykjavík þegar varð með þeim árekstur. Í skýrslu vegna tjónsins kemur fram að skýrsluritari skoðaði upptökur úr eftirlitsmyndavél bensínstöðvarinnar til að upplýsa um atvik. Kom þar fram að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð. B var ekið rólega frá bensíndælu nr. 7 í vinstri beygju þegar áreksturinn verður. Myndir í tjónstilkynningu sýna glögglega afstöðu bifreiðanna við áreksturinn.

M telur að hann hafi verið nánast stopp á bifreiðinni A þegar ökumaður B hafi komið í flýti og ekið á sig. Ökumaður B telur hins vegar að þegar hún tók vinstri beygju á athafnasvæði bensínstöðvarinnar hafi bifreiðinni A verið ekið á vinstra horn B. Ákoma var á hægri horni A.

V telur ökumann A bera alla sök þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang. VT telur ökumann B bera alla sök þar sem hún hafi ekið úr kyrrstöðu á A.

Álit.

Í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á opnum svæðum, skuli sá þeirra, sem hefur hinn á hægri hönd, veita hinum forgang. Afstaða bifreiðanna var þannig að A hafði B á hægri hönd. M gætti þess ekki nægilega vel við akstur bifreiðarinnar A að veita B þennan forgang og ber hann því sök á árekstrinum. Ekki þykir unnt að fella sök á ökumann B, en í tjónstilkynningu kemur fram að skv. upptöku úr öryggismyndavél hafi hún ekið rólega nokkra leið þegar áreksturinn varð og telst áreksturinn því ekki hafa orðið við það að B var ekið úr kyrrstöðu. Einnig kemur fram í tjónstilkynningu að ökumaður B hafði ekki möguleika til að sjá A þaðan sem hún ók.

Niðurstaða.

Öll sök á A.

Reykjavík 29. júní 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/flutningabifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/bifhjólsins B

Árekstur hringtorgi við gatnamót Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar 27.04. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.06. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vísar til þess að eftir að ökumaður B hafi farið inn í hringtorgið hugðist hann beygja til hægri út úr því strax við fyrstu gatnamót. Vegna stærðar A hafi ökumaður hennar þurft að velja hægri akrein (ytri akrein) í hringtorginu. “Að öðrum kosti hefði eftirvagn skorið torgið”. Ökumaður A hafi ekki átt von á ökutæki á innri akrein í þessu tilviki.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur sennilegt að ökumaður bifhjólsins hafi ætlað að nota hringtorgið til að fara framúr flutningabifreiðinni (A). Félagið vísar til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 140/2009.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. A hafi átt að víkja fyrir B.

Álit.

Það hringtorg sem hér er til umræðu hefur þá sérstöðu að algengt er að ökumenn velji innri hring þess þó að þeir ætli út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót. Hafa ber og hugfast að ökumaður A vissi af bifhjólum sem á eftir komu en nokkur hópur þeirra var í samfloti.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum. Bifreiðinni var ekið um ytri akrein hringtorgsins og átti ökumaður hennar því að víkja fyrir umferð um innri hring þ. á m. fyrir B. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árekstrinum, hann átti að gæta aukinnar aðgæslu miðað við aðstæður. Ökumanninum mátti vera ljóst að flutningabifreiðin hugðist beygja til vinstri á hringtorginu.

Að teknu tilliti til ofanritaðs, fyrirliggjandi gagna, þ. á m. ákomu á bifreiðunum og aðstæðna á vettvangi, ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 7. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2009
(M) v A og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar B

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á stikufót þ. 7.3. 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.6.2009
2. Bréf V dags. 18.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M ók bifreið sinni rétt utan við Staðarbakka í Hörgárdal í mikilli snjóblindu og lenti nánast utan vegar þar sem að vegastiku vantaði og ók utan í járnfestingu vegastikunar og reif dekkið hægra megin að aftan. M krefst bóta vegna þessa úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki megi rekja atvikið til saknæmrar ólögætrar háttsemi vátryggingataka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. V segir að sá vegur þar sem atvikið varð sé heimreið um 5 km long og B beri ekki ábyrgð á snjómokstri á umræddum vegi en hann sé alfarið í umsjá sveitarfélagsins og B beri því ekki ábyrgð á því að vegastika hafi verið brotin og hafi ekki fengið tilkynningu um það eða vitað af því að vegastikan hafi verið brotin.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á sök B á tjóni M og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 30.6.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2009

M og V vegna ábyrgðartryggingar R

Fall úr stiga 7. október 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 3. júní 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 22. júní 2009.

Málsatvik.

Þann 7. október 2008 varð vinnuslys í byggingu á Keflavíkurlflugvelli þar sem M var við vinnu sína hjá R. Í tilkynningu um slysið til TR kemur fram eftirfarandi lýsing: „Var við vinnu í tröppu og var að fara niður úr henni – missti jafnvægi og fétt (sic) til hliðar og lendir með olnboga á tröppuþrepi og braut olnboga”. Undir þessa lýsingu skrifa M sjálfur og forsvarismaður R. Eitt vitni er tilgreint að slysinu. Í tjónstilkynningu frá M til V kemur fram sú lýsing M að hann hafi verið nýbúinn að ganga frá lagnaleið upp í lofti þegar trappa sem hann stóð í fór á hlið og hann féll úr henni úr efsta þrepi. Skv. upplýsingum frá V kemur fram að tilgreint vitni telur að M hafi verið á leið niður úr umræddri tröppu þegar hann missti jafnvægið og féll til hliðar.

M telur í fyrsta lagi að lýsing tjónsins í slysatilkynningu til TR sé ekki rétt og hann hafi fallið úr efsta þrepi tröppunnar. M telur að það hafi verið óforsvaranlegt að hálfu R að fela honum að vinna verk með þeirri tröppu sem hann notaði þar sem þær hafi ekki verið boðlegar og með því hafi R brotið gegn 13., sbr. 46.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Auk þess hafi verið lagt að M að hraða framkvæmd verksins. M telur að R beri skaðabótaábyrgð vegna slyssins og beri hallan af sönnunarskorti um atvik þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 79.gr. áðurnefndra laga nr. 46/1980.

V telur að leggja beri til grundvallar lýsingu í tjónstilkynningu til TR þar sem M og forsvarismaður R undirriti þá lýsingu. Önnur atvikalýsing hafi síðar komið fram að hálfu M og sé ósannað að atvik hafi borið að með þeim hætti sem síðar hefur verið lýst. Auk þess telur V að atvik málsins í heild sýni að um óhappatvik hafi verið að ræða og trappan sem notuð var til verksins hafi verið til þess fullnægjandi, ekki hafi verið sýnt fram að vanbúnað hennar auk þess sem fleiri tröppur og framlengingar hafi verið til staðar á vinnustaðnum.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að aðila ber ekki að fullu saman um málsatvik. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins að hálfu R og með vísan til dómaframkvæmdar Hæstaréttar í svipuðum málum verður R að bera hallann af sönnunarskorti um þau. Þegar litið er til þessa ágreinings sérstaklega er ljóst að hann snýr aðallega að því hvar M var nákvæmlega staðsettur þegar hann féll úr þeirri tröppu sem hann var að vinna í, þ.e. hvort hann var staddur í efstu tröppu eða neðar á leið niður úr tröppunni. Ágreiningur um málsatvik leiðir ekki sjálfkrafa til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort vinnuaðstæður M hafi með einhverjum hætti verið ófullnægjandi eða hvort það megi að öðru leyti rekja slysið til sakar vinnuveitanda eða starfsmanna hans. M vísar með almennum hætti til reglna Vinnueftirlits ríkisins um lausa stiga, tröppur og búkka. Ekki verður séð af þeim reglum að R hafi brotið gegn

skyldum sínum með notkun umræddrar tröppu. Þó lýsing M sé lögð til grundvallar verður heldur ekki séð að slysið megi rekja til gáleysis að hálfu starfsmanna R eða annarra atvika eða aðstæðna sem R ber ábyrgð á. Það að fara niður tröppur er verk sem krefst athygli þess sem um tröppuna fer og ekki verður séð að trappan sem notuð var hafi verið hættuleg í eðli sínu og telst slysið því rakið til óhappatilviljunar sem R sem vinnuveitandi ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki er um að ræða greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu R.

Reykjavík 7. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2009

M

og

Vátryggingafélag X v/vatnstjónstryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns í sumarhúsi á vormánuðum 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Tjónið má tekja til þess að inntakloki fyrir vatn inná vatnskerfi hússins, sem staðsettur er utandyra, gaf sig og vatn komst inn í leiðslukerfi hússins með þeim afleiðingum að vatnskassi salernis fylltist af vatni og frostsprakk svo og eldhúskrani, sem opinn var vegna aftöppunar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess m.a. í nefndu bréfi. Félagið hafnat bótaskyldu með vísan til 1. gr. skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum, óvæntum og ófyrirséðum leka sbr. nánar ákvæði skilmála. Félagið telur að “bilunin er upprunnin í loka sem staðsettur er utan veggja hússins”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Vatnsskemmdir urðu innan veggja hússins vegna skyndilegs, óvænts og ófyrirséðs leka sem bótaskyldur er samkvæmt vátryggingarskilmálum.

Það breytir ekki framanrituðu þó umræddur inntakloki hafi verið staðsettur utandyra.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 30. júní 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður slasaðist þegar gírkassi datt úr stroffu þegar verið var að hífa hann þ.24.10.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 7.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Verið var að hífa gírkassa upp úr viðgerðargryfju á verkstæði A. Kaðall var bundinn utan um gírkassann og hengdur á krók á lyftubúnaði. Þegar verið var að hífa gírkassann upp úr gryfjunni rann kaðallinn til á króknum og við það steypist gírkassinn niður og á M sem slasaðist við það að gírkassinn féll á hann. M gerir kröfur um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir lögmaður hans að M hafi verið skipað að setja bönd á gírkassann og verið að því þegar híft var áður en hann hafði lokið þessari vinnu sinni og hafi gáleysi meðstarfsmanns valdið slysi M. Af hálfu M er tekið fram að hann hafi verið óvanur þessu verki og ekki gert það áður. V hafnar bótaskyldu og segir það verk sem M var að vinna í umrætt sinn einfalt og hættulítið og vanur maður á ferð og beri vitni að M hafi beðið um að híft yrði áður en það var gert. Þá segir V að tjónþola sé einum um að kenna hvernig fór að því marki sem ekki sé um óhappatilviljun að ræða.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að ekki hafi verið gengið nógu vel frá festingum á gírkassanum við lyftibúnaðinn og hafi það verið órsök slyssins eins og nánar er lýst. Sá sem gekk frá þessari festingu var M. Ekki hefur verið upplýst að starfsaðstöðu eða aðbúnaði hafi verið ábótavant eða að sök liggja hjá einhverjum öðrum starfsmanni A en M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 5.8 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2009
M v bifreiðarinnar A og
Vátryggingarfélagið V v. ábyrgðartryggingar eiganda lyftara B

Árekstur bifreiðar og lyftara þ. 15.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2009. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Lögregluskýrsla dags. 15.12.2008. og ljósmyndir.
3. Bréf V dags. 9.6.2009.

Málsatvik.

Árekstur varð með A sem var ekið vestur Grímseyjargötu á Akureyri og inn á Laufásgötu og beygt þar til suðurs og lyftarans B sem veur ekið norður Laufásgötu. Ökumaður A segist hafa allt í einu lenti á lyftaranum og ekki hafa séð til ferða hans fyrir en hann lenti á honum þar sem að lyftarinn hafi verið ljóslaus með öllu. Ökumaður B segist hafa séð til ferða A og hafi náð að stöðva B áður en árekstur varð, en B hafi verið ljóslaus og þá viðurkenndi ökumaður B að vera réttindalaus. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir ökumann A ekki hafa virt stöðvunarskyldu og hafi tekið þrönga vinstri beygju með þeim afleiðingum að hann hafi ekið á B, þá segir V að góð lýsing hafi verið á vettvangi. Ökumaður A segir fullyrðingar V rangar að því leyti m.a. að lýsing hafi ekki verið góð á vettvangi, þá hafi ökumaður A ekki tekið þrönga vinstri beygju og ástæða árekstursins eingöngu þá að ökumaður A sá ekki B vegna ljósleysis B fyrir en árekstur varð.

Álit.

Í umrætt sinn var B ekið ljóslausum í myrkri á vettvangi og verður ekki annað séð en það sé orsök árekstursins og ber B því alla sök. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu lyftarans B, hjá V.

Reykjavík 30.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á hringveginum nokkrur fyrir utan Akureyri þ.7.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.6.2009. ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 230/09
3. Bréf V -2 dags 16.4.2009 ásamt fylgiskjali.
4. Bréf V-1 dags. 19.6.2009

Málsatvik.

Bifreiðin B sem dró hestakerru var ekið eftir hringveginum nokkru fyrir utan Akureyri og ók A á eftir B. A ætlaði að aka framúr B en þá var B beygt til vinstri inn afleggjara og árekstur varð með bifreiðunum og A lenti utan vegar. Ökumaður A og farþegi í A segja að ökumaður B hafi ekki gefið stefnumerki áður en hann beygði en ökumaður A segist hafa ekið á 80-90 km hraða í umrætt sinn og ákveðið að fara fram úr B þar sem að engin umferð var á móti og hafið framúrakstur en þá hafi B verið beygt til vinstri og lent á hægri hlið A. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja inn á afleggjara og ekið á um 60-70 km. hraða og séð til ferða A þar sem A var ekið á eftir B og hafi hann gefið stefnuljós talsvert áður en hann nálgast afleggjarann og hægt á sér og ekið að miðlínu vegarins. Þá hafi hann séð að A var ekið fyrir hornið á hestakerrunni þegar hann var að beygja og árekstur orðið. Sérstaklega aðspurður segir ökumaður B að hann hafi kannað ljósabúnað á kerrunni nokkru áður og þá hafi allt verið í lagi. Við skoðun á ökutækjum kom í ljóst skv lögregluskýrslu að ökutæki B er 183 cm að breidd en hestakerran sem B dró í umrætt sinn er 241 cm að breidd þannig að ekki sjást stefnuljós bifreiðarinnar B þegar hún dregur hestakerruna. Stefnuljós til vinstri á hestakerrunni var bilað að því er fram kemur í lögregluskýrslu.

Álit.

Ökumaður B veit af A fyrir aftan sig en ákveður samt að beygja til vinstri og að því er ökumaður B segir þá telur hann sig hafa gefið stefnuljós tímanlega, en fram kemur í gögnum málsins að stefnuljós til vinstri á hestakerrunni virkaði ekki og breidd hestakerrunnar er það mikil að ökumaður sem á eftir kemur sér ekki stefnuljós bifreiðarinnar. Vanbúnaður þessi er á ábyrgð ökumanns B. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr.umferðarlaga nr. 50/1987 er varúðarskylda lögð á ökumann sem ætlar að beygja til vinstri á vegi. Ökumaður B þykir ekki hafa sýnt af sér nægjanlega varúð áður en hann beygði til vinstri á veginum og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 30.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.6.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 12.9.2008 varð árekstur með bifreiðunum A og B, sem M ók á Grensásvegi í Reykjavík. Bifreiðirnar voru kyrrstæðar á gatnamótum gegnt rauðu ljósi og var A fyrir aftan B. A mun vera sjálfskipt og er ökumaður hennar steig af hemlafetli rann hún aftan á B. Við það urðu skemmdir (beygla) á afturstuðara B, en engar á A. M kveðst hafa orðið fyrir meiðslum á hálsi og baki við áreksturinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A sem var vátryggð hjá X.

Í beiðni heimilislæknis M um sjúkrapjálfun, dags. 23.10.2008, segir svo: “Hálstögnun í bílslysi 12.9. Verkir síðan og stíðleiki í hálsi. Fer ekki út í handleggi. Dál. stíðleiki og verkir frá hálsi og niður í brjóstbak og vi. herðablað. Aumur vöðvar. Finnur fyrir þessu daglega. Vinnur mest við tölvur.” Frekari gögn um meiðsl M af völdum árekstursins liggja ekki fyrir í málinu.

X hefur hafnað greiðsluskyldu sinni úr ábyrgðartryggingu A, þar sem ósannað sé orsakasamband milli árekstursins og þeirra meiðsla sem M telur sig hafa hlotið við hann. Til stuðnings afstöðu sinni hefur X m.a. bent á skemmdir á bifreiðunum, svo og niðurstöðu sérstaks forrits, PC Crash, um höggkraft og hröðun sem varð við áreksturinn og áhrif höfðu á líkama M.

Álit.

Gögn um líkamstjón M sem hún hlaut við áreksturinn eru af mjög skornum skammti. Engin gögn liggja fyrir, svo sem matsgerðir, sem sýna fram á að sjúkdómseinkenni M verði rakin til árekstursins. Miðað við hve fyrirliggjandi gögnum eru rýr um líkamstjón M og gegn eindregnum andmælum X verður við svo búið að telja ósannað M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn sem veiti henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 7. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2009

M og váttryggingafélagið T v/ A og váttryggingafélagið V v/ B

Árekstur vélsleða á X.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 9. júní 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 22. júní (misritun apríl) 2009.
- 3) Tölvupóstur váttryggingafélagsins T til nefndarinnar dags. 29. júní 2009.

Málsatvik.

Þann 3. maí 2009 varð árekstur með vélsleðunum A og B þar sem þeir óku í hópi vélsleða um X. A var ekið yfir krapa í á og á eftir honum var B ekið. Þegar B nágaðist A var A ekið til hægri og varð þá árekstur með vélsleðunum. M heldur því fram í málskoti sínu að ökumaður B hafi sýnt vítavert gáleysi með aksturslagi sínu og óaðgæslu. V telur að ökumaður B eigi að bera alla sök þar sem hann ók til hægri í veg fyrir fyrir A. T telur að sök á árekstrinum liggji hjá A þar sem hann ók í humátt á eftir B án þess að gæta þess að hafa nægilegt bil milli vélsleðanna.

Álit.

Í málinu liggja fyrir framburðir ökumann A og B og skýrslur af vitnum. Ljóst er af þeim gögnum að ökumenn vélsleðanna voru í hópi vélsleðamanna við akstur. Við þær aðstæður ber ökumönnum að gæta sérstaklega að sér þar sem stutt getur verið milli vélsleða og erfitt að leggja reglur umferðarlaga til grundvallar þar sem um er að ræða akstur utan vega. Þegar áreksturinn varð voru ökumenn A og B báðir að aka yfir krapaá og bar við þær aðstæður að gæta sérstakrar varúðar. Ökumaður A fór á undan og eftir að hann kom yfir ána ók hann til hægri án þess að gæta nægilega að umferð fyrir aftan sig en hann mátti vita að einhver í hópnum kæmi á eftir honum yfir ána. Ökumanni B bar hins vegar að gæta þess áður en hann ók yfir umrædda krapaá að það væri unnt án þess að aka of nærri öðrum vélsleðum. Ökumanni B bar að gæta þess sérstaklega að sá vélsleði sem á undan honum fór hefði nægt tækifæri til að komast yfir ána og koma sér þar fyrir áður en hann ók af stað. Að þessu virtu og með tilliti til aðstæðna eru báðir ökumenn taldir hafa sýnt af sér gáleysi við aksturinn. Sök annars er ekki meiri en hins og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Þjófnaður úr íbúðarhúsnæði 09.02. 2009, ágreiningur um bótaskyldu

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ýmsum munum var stolið úr húsnæði M sem er tveggja hæða einbýlishús. Húsið var samkvæmt lögregluskýrslu mannlaust og ólæst um tíma umræddan dag. M hafði skotist heim til að taka úr lás um kl. 14.30 þar sem sonur hennar hafði týnt lykklum sínum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. M lætur þess efnislega getið að ekki sé hægt að sanna að farið hafi verið inn í húsið á meðan það var ólæst. Læsing garðhurðar sé mjög slitin og því hægur vandi að fara þar inn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að tæknideildarmaður lögreglu hafi rannsakað vettvang. Engin ummerki hafi verið eftir verkfæri til að komast inn í húsið og leiða megi líkur að því að farið hafi verið inn í húsið um útidyrhurðina. Félagið vísar til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að vátryggður skuli sjá til þess að ekki sé skilið við ólæsta húseign mannlausa. Félagið vísar og til varúðarreglna skilmála. Sé þeim ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið telur það stórkostlegt gáleysi að skilja húsið eftir ólæst og mannlaust.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér var ræðir. Húsið var skilið eftir mannlaust og ólæst um tíma. Telja verður að farið hafi verið inn í húsið á þeim tíma. Ósannað er að farið hafi verið inn í húsið um garðhurðina. Með hliðsjón af ofanrituðu og umfjöllun vátryggingafélagsins er rétt að bótaréttur falli niður.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Skemmdir á bifreið er henni var ekið í holu í malbiki á Víkurvegi í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.6.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi þann 22.12.2008 var bifreið M ekið eftir Víkurvegi. Lenti bifreiðin í holu í malbikinu og við það eyðilagðist dekk og felga á hægra framhjól. Myrkur hafi verið og útilokað fyrir ökumann að forðast holuna.

Samkvæmt skýrslu lögreglu vegna atviksins barst henni tilkynning kl. 21.09 með beiðni um að fara á vettvang, en vegfarandi hafi hringt þaðan og tilkynnt um holuna og hún væri búin að valda tjóni á mörgum bifreiðum sem hefðu lent ofan í henni. Af hálfu lögreglu voru starfsmenn Reykjavíkurborgar kallaðir út til að lagfæra götuna. Hafi holan myndast í veginum vegna hláku sem hafi verið á umræddum tíma. Stærð holunnar hafi verið 155x75 cm og dýpt 12 cm.

Í tölvuskeyti deildarstjóra framkvæmdasviðs Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 30.12.2008, segir að á umræddum stað hafi malbik verið byrjað að slitna og hugsanlega gæti myndast þarna hola um veturinn miðað við okkar veðurfar. Enginn hafi þó séð fyrir að hola myndi myndast eins fljótt og raun varð. Laust fyrir kl. 22 umrætt kvöld hafi bakvakt verið kölluð út og aðvörunarbúkki hafi verið settur við holuna, en að morgni næsta dags hafi verið gert við hana til bráðabirgða.

M telur að kenna megi lélegum frágangi um hvernig fór og hefur krafist bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að holan hafi myndast vegna ófullnægjandi frágangs við malbikun götunnar eða fyrir vanrækslu starfsmanna borgarinnar við viðhald hennar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 115/2009, er varðar ábyrgð Reykjavíkurborgar á tjóni á annarri bifreið sem lenti í sömu holu og hér um ræðir, verður ábyrgð ekki felld á Reykjavíkurborg og fæst tjónið því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 14. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Háaleitisbraut við Lágmúla þ.25.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 238/09
3. Bréf Sjóvá-Almennar tryggingar dags.2.7. 2009.

Málsatvik.

A ók austur Háaleitisbraut og tók vinstri breygju í áttina að Lágmúla. Umferð var mikil og bifreiðar sem voru með akstursstefnu í vestur Háaleitisbraut á vinstri og hægri akbraut stöðvuðu við gatnamót Lágmúla til að hleypa A inn í Lágmúla, en samfelld bílaröð var frá Ármúla að Kringlumýrarbraut. Þegar ökumaður A hugðist aka áfram yfir Háaleitisbraut og inn á Lágmúlann kom B á milli kyrrstæðu bifreiðanna á Háaleitisbraut og ók á framhorn A. Ökumaður A segist hafa verið komin út á mið gatnamótin þegar hún hafi séð B koma á miklum hraða á milli akbrautanna sem hafi verið fullar af kyrrstæðum ökutækjum og ekið á A. Ökumaður B segir að hann hafi aðeins farið út á miðjuna þar sem bílar hafi verið stopp fyrir framan hann og þá hafi A sveigt fyrir B frá vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segir að hann hafi farið yfir þar sem ökutækin á báðum akreinum hafi verið stopp og leiðin hafi verið greið fyrir hann.

Álit.

Ágreiningslaust er að mikil umferð var um Háaleitisbraut í umrætt sinn og bifreiðar kyrrstæðar á báðum akreinum frá Kringlumýrarbraut og upp að Ármúla. Tvær akreinar eru á þeim stað þar sem áreksturinn varð en þeim fjölgar neðan við gatnamótin. Bifreiðar á báðum akreinum á Háaleitisbraut þar sem A hugðist aka yfir voru stopp og gáfu ökumönnum sem ætluðu að beygja til vinstri af syðri akrein Háaleitisbrautar yfir í Lágmúla færi á að gera það. Ökumaður A mátti gera ráð fyrir því að þar sem ökutæki voru stopp á báðum akreinum þá væri unnt að aka yfir götuna og inn í Lágmúla og verður sök ekki lögð á ökumann A fyrir að aka með þeim hætti. Ökumaður B sér að bifreiðar hafa stöðvað á báðum akreinum en hann reynir að troða sér á milli þeirra þó að einungis séu tvær akreinar þar sem hann ók. Miðað við aðstæður verður ekki annað séð en akstur ökumanns B hafi verið óeðlilegur og hættulegur og að hann hafi ekki sýnt nægjanlega varkárni við aksturinn og verður því öll sök lögð á ökumann B í máli þessu.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 21.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu – frágangur málskots.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 10.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.6.2009.

Málsatvik.

Þann 4.3.2009 kvaðst M hafa hrasað í lausum stiga er bíldekk féll ofan á hann af efra lofti á vinnustað hans. Í bréfi til X, dags. 26.4.2009, lýsir M atvikum nánar þannig að hann hafi verið að setja sex fólksbíladekk upp á háaloft á verkstæðinu. Til þess hafi hann reist stiga upp í lúgugat á loftinu og borið hvert dekk fyrir sig upp um lúgugatið. Er hann hafði sett fjögur dekk upp á loftið og verið leið upp stigann með það fimmta, sem hann hélt á í hægri hendi, hafi eitt dekkið dottið niður um gatið og lent á vinstri öxl. Við það hafi hann misst takið á stiganum og fallið um 1 m niður á gólf, lent á löppunum en fallið svo á bakið.

Álit.

Af gögnum málsins virðist mega ráða að M hafi krafist bóta úr slysátryggingu hjá X, en félagið hafnað bótaskyldu og það sé tilefni þess að M hefur skotið málinu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Málskot til nefndarinnar er á hinn bóginn óundirritað og þar er engin grein gerð fyrir því hvert kvörtunarefnið sé né rökstuðningur fyrir kvörtuninni. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, skal málskotsaðili, þegar hann leggur mál fyrir nefndina, gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái í hendur öll gögn frá vátryggingafélagi sem varða mál hans. Með því að málskotið er óundirritað liggur ekki fyrir heimild sem hér um ræðir. Af því leiðir að X er ókleift að leggja fyrir nefndina þau gögn sem það telur nauðsynlegt. Að framangreindu virtu er málskotinu svo áfátt að málið er ekki tækt til úrskurðar. Með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna, sbr. og e. liðar 4. gr. þeirra, er málinu vísað frá úrskurðarnefnd.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 14. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Umferðaróhapp 13.09. 2009, ágreiningur um skerðingu bótaréttar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Sonur M fékk bifreiðina lánaða, missti stjórn á henna með þeim afleiðingum að bifreiðinni var ekið utan í plastöryggisvegg. Samkvæmt skýrslu lögreglu var ökumaður á um 70-75 km hraða er hann ók inn á vinnusvæði en hafði hægt á sér. Er hann steig á hemla byrjaði hann að skauta á bleytunni og missti stjórn á bifreiðinni. Við skoðun á dekkjum kom í ljós að þau voru sumardekk og mjög slitin líkt og vátryggingafélagið lætur getið.

Vátryggingafélagið telur að skerða skuli bótagreiðslu vegna stórkostlegs gáleysis eiganda bifreiðarinnar. Félagið telur það stórkostlegt gáleysi að lána ólögráða syni sínum er nýlega hafði fengið ökuréttindi bifreiðina í því ástandi sem hún var. Félagið telur að vátryggður hafi vanrækt skyldu sína að gæta þess að bifreiðin sé í lögmætu ástandi og fullkomnu lagi. Á þeim grundvelli skerðir félagið bótarétt til vátryggðs um 1/3. Vísar félagið jafnframt til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 243/2008 (sami tjónsaturður). Félagið vísar til ákvæðis skilmála og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann lætur þess m.a. getið að í nóvember 2008 hafi máli þessu verið “ranglega skotið til” úr skurðarnefndar í nafni sonar M, ökumanns bifreiðarinnar. Niðurstaðan hafi verið sú að skerða bætur um 1/3 hluta sbr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin rétt að skerða bótarétt til vátryggðs sem nemur 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Ekki er unnt að fallast á umfjöllun M um að skilyrði samsömunar séu ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 14. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega (K)

Ágreiningur um hvort M hafi verið vátryggður vegna slyss þann 27.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 11.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf úrskurðarnefndar til M, dags.07.07. 2009, þar sem honum var veittur kostur á andmælum vegna umföllunar vátryggingafélagsins.
- 4) Bréf M til úrskurðarnefndar, dags. 10.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort M hafi orðið fyrir slysi sem starfsmaður K.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. M hafi ekki verið að störfum á vegum K þegar hann varð fyrir slysi sbr. umföllun félagsins í gögnum málsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að M hafi verið að störfum fyrir K í umrætt sinn þegar hann slasaðist. Hann fékk laun frá K, hann slasaðist á vinnustað vegna vinnuvélar í eigu fyrirtækisins og ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi verið sagt upp störfum með lögformlegum hætti fyrir slysið. Þá hefur vinnuveitandi þ.e. fulltrúi K skrifað undir slysatilkynningu vegna máls þessa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2009 (áður 44/2007)

Endurupptaka - frávísun

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hundeiganda

Hundur beit póstburðarmann á árinu 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttekið 11.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M hefur óskað eftir endurupptöku á grundvelli nýrra/frekari upplýsinga.

Málsatvikum í lýst í úrskurði nr. 44/2007. Þeirra er óþarft að geta.

M óskar endurupptöku málsins.

Vátryggingafélagið telur að skilyrði endurupptöku séu ekki fyrir hendi sbr. 10. gr. samþykktar nefndarinnar. Félagið telur að engar nýjar upplýsingar komi fram í lögregluskýrslu sem lögð var fram, dags. 10.06. 2008. Frekari skýringar aðila hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta.

Álit.

Skilyrði endurupptöku eru ekki fyrir hendi samkvæmt 10. gr. samþykktar nefndarinnar.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 14. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 208/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega hjá R

Kona meiddist þegar hún var ásamt 3 öðrum starfsmönnum að aðstoða sjúkling þ. 8.3.2007

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 11.6.2009. ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 6.7.2009.

Málsatvik.

M starfaði við heimahjúkrun í þjónustuþbúðum aldraðra og var að aðstoða konu til að rísa á fætur þar sem hún hafði fallið í gólfið. Þrír starfsmenn reyndu að lyfta konunni upp en það tókst ekki og því var fjórði maðurinn fenginn þeim til aðstoðar og tókst þeim að lyfta konunni upp en við átökin fann M fyrir miklum verkjum og leitaði til lækna og fór í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga hnjasks sem hún telur sig hafa orðið fyrir við að aðstoða konuna í umrætt sinn. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega R hjá V. Lögmaður M bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vnnueftirliti ríkisins þegar í stað og því hafi engin rannsókn farið fram á tildrögum slyssins. Af hálfu M er haldið fram að hún hafi fengið slink á handlegg og afleiðingar slyssins, slitin sin hafi komið fram um leið. Lögmaður M færir rök fyrir því að tjón M hafi verið slys og alla vega hafi þyngsli konunnar sem lyft var verið skyndilegur utanaðkomandi atburður sem falli tvímælaust innan slyshugtaksins. V hafnar bótaskyldu og telur ekki hafa verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála en þar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Ekki hafi verið um slíkt að ræða í umrætt sinn og það atvik sem hér ræðir um því ekki bótaskyldt úr slysatryggingu launþega.

Álit.

Atvikið varð þegar M ásamt 3 öðrum starfsmönnum var að lyfta konu. Ekkert liggur fyrir um annað en það hafi verið gert með venjubundnum hætti og ekkert sem liggur fyrir í málinu sem sýnir eða bendir til þess að sú sem lyft var hafi streist á móti eða gert nokkuð til að tálma því að henni væri lyft. Ekki hefur því verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi þar sem um hafi verið að ræða líkamstjón vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 21.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Maður féll af efra lofti niður á jarðhæð í lagerhúsnæði.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.6.2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fyrirtækinu V og var verkstjóri eða vöruhússtjóri í vöruhúsi V. Í vöruhúsinu er geymslurými á svokölluðu efra lofti. Gólf efra loftsins er í 4 m hæð frá gólfi jarðhæðar hússins. Á einum stað er opið frá efra loftinu út í sjálft lagerrými þar sem gert er ráð fyrir að vörulyftari geti lyft vörum upp á loftið eða tekið vörur sem flytja þarf niður af loftinu. Fyrir opi þessu er færanlegt öryggishlið um 1,17 m á hæð. Það er svo tekið frá þegar lyftari þarf að athafna sig og koma vörubrettum inn á gólfið á efra loftinu eða sækja þangað bretti.

Af gögnum málsins má ráða að haustið 2007 hafði S sameinast V, en fyrir sameininguna hafi S haft starfsemi með höndum í vöruhúsinu og M hafi verið starfsmaður S fyrir sameiningu og starfað þar sem vöruhússtjóri.

Um kvöldmatarleytið þann 14.1.2008 var unnið við hreinsun í geymslurýminu á umræddu efra lofti. Hafði M ásamt þremur öðrum vinnufélögum sínum borið glerplötur, 295,5 x 99 cm að flatarmáli, að opinu og lagt þar á vörubretti sem var við gólfbrúnina. Héldu tveir um hvorn enda á plötunum. Er þeir báru eina glerplötuna og lögðu á vörubrettið gekk M aftur á bak og kom plötunni fyrir á þeim enda brettisins sem var við brúnina á opinu. Er hann hafði losað takið á plötunni mun hann hafa stigið eitt skref aftur á bak og féll við það niður á jarðhæðina, en öryggishliðið var þá ekki fyrir opinu. M slasaðist alvarlega við fallið.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að meginorsök slyssins megi rekja til þess að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir fallhættu þegar öryggishliðið var fjarlægð. Gefin voru svofelld fyrirmæli af hálfu stofnunarinnar um tafarlausar úrbætur: Annars vegar um að alltaf skuli leitast við að gæta fyllsta öryggis þegar flytja á vörur upp á loftið og niður af því og hins vegar að gera skuli ráðstafanir til að tryggja fullt öryggi starfsmanna við vinnu á loftinu þegar fjarlægja þarf hliðið.

Einn vinnufélagi M kvaðst hafa fært það í tal við M, er þeir voru að bera plöturnar að opinu, hvort ekki væri rétt að hafa öryggishliðið fyrir opinu. M hafi svarað því neitandi.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 20.-23. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er mælt fyrir um skyldur verkstjóra. Samkvæmt 20. gr. merkir verkstjóri í lögnum hvern þann sem á vegum atvinnurekanda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess. Í 21. gr. laganna segir að verkstjóri skuli sjá um að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé

ríkjandi á vinnustöðum sem hann hefur umsjón með. Þá skal verkstjóri, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna, beita sér fyrir að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um að þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti sé framfylgt. Ennfremur skal verkstjóri, sbr. 2. mgr. sömu gr., tryggja að hættu sé afstýrt, ef hann verður var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum. Í fyrirbyggjandi starfslýsingu vöruhúsastjóra S kemur fram að vöruhúsastjóri beri m.a. ábyrgð á daglegum rekstri vöruhússins og beri að sjá til þess að farið sé að öryggis- og verklagsreglum í vöruhúsinu.

Af gögnum málsins þykir mega slá föstu að M gegndi stöðu verkstjóra í skilningi laga nr. 46/1980 í vöruhúsi V þar sem slysið varð. Honum átti ekki að geta dulist sú mikla hættu sem fólst í því að hafa ekki öryggishliðið fyrir opinu á sama tíma og glerplöturnar voru lagðar bretti á gólfbrúninni fast við opið. Ekkert bendir til þess að nauðsynlegt hafi verið að koma plötunum fyrir á brettinu fyrir opnu hliði. Það stóð M næst að sjá til þess að fyllstu varúðarráðstafana væri gætt meðan umrætt verk var unnið. Yfirmenn M máttu treysta því hann skipulegði verkið með þeim hætti að ekki skapaðist slyshætta fyrir hann sjálfan eða aðra starfsmenn V sem þarna unnu. Verður ekki séð að V beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Tjón verður af þeim sökum heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Skemmdir á bifreið er henni var ekið á steypustyrktarjárn á Miklubraut í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.7.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 13.6.2009 ók M bifreið sinni vestur Miklubraut í Reykjavík. Á móts við hús nr. hús nr. 76 kvað hún steypustyrktarjárn, sem hafi verið á götunni, hafa rekist utan í vinstri hlið bifreiðarinnar.

Í skýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að búið hafi verið að fræsa malbik af akreinum fyrir umferð vestur Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Lönguhlíð. Þá kemur þar einnig fram að svo virðist sem umrætt steypustyrktarjárn sé hluti úr kantsteini.

Mál þetta var skoðað af hálfu Reykjavíkurborgar og leiddi sú skoðun til þess að Reykjavíkurborg taldi að umrætt steypustyrktarjárn hafi ekki verið hluti af kantsteini við Miklubraut. Kantsteinninn hafi verið heill og óbrotinn á því svæði þar sem áreksturinn varð. Líklegast sé að járnþúturinn hafi legið á götunni og mögulega hafi hann dottið af vörubílsfalli.

M telur að fleira járnarúsl hafi verið á götunni og hafi frágangur við malbikunarframkvæmdir verið mjög slæmur. Hefur M krafist bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Svo bótaskylda geti verið fyrir hendi þarf að sýna fram á að tjónið verði rakið til vanrækslu starfsmanna Reykjavíkurborgar eða annarra sem hún ber ábyrgð á við þær framkvæmdir á götunni sem þarna stóðu yfir. Ekki hefur verið sýnt fram á að steypustyrktarjárninu, sem rakst í bifreið M, hafi legið á götunni vegna atvika sem Reykjavíkurborg getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 14. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/heimilistryggingar vegna slyss

Ágreiningur um tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort M hafi misst bótarétt sinn sökum tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. nefndu bréfi til nefndarinnar. Umrædd slys urðu í sept. 2006 og júní 2007 en tilkynning um þau hafi ekki borist fyrir en í júlí 2008. Í báðum tilvikum telur félagið að árs tilkynningarfræstur hafi verið liðinn.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. lækisfræðilegum gögnum, er bótaréttur fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er rétt að miða tilkynningarskyldu máls þessa við þegar slys urðu. Miðað við gögnin var það fyrst á árinu 2008 sem M mátti gera sér grein fyrir því að um varanlegt mein var að ræða og um leið vitneskju hans um atvik sem krafa hans er reist á. Það atvik sem veldur því að tilkynningarfræstur stofnast í máli þessu varð ekki fyrir en á árinu 2008. Ekki er við M að sakast í þessu sérstaka tilviki að hafa ekki tilkynnt vátryggingafélaginu fyrir um kröfu sína.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar A

Gildissvið ábyrgðartryggingar gjaldþrota fyrirtækis vegna slyss 5. september 2001.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 15. júní 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 29. júní 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M var við störf hjá vinnuveitanda sínum þann 5. september 2001 þegar hann slasaðist við vinnu sína. Verið var að vinna við hús í byggingu og brotnaði vinnupallur sem M stóð á ásamt öðrum manni. Í málskoti kemur fram að vinnuveitandi M hafi verið undirverktaki hjá A við byggingu hússins og að A hafi séð um að koma upp vinnupallinum sem brotnaði svo með þeim afleiðingum að M slasaðist. Fyrirtækið A hefur verið úrskurðað gjaldþrota og er skiptum þrotabúsins lokið.

M telur slysið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A þar sem ekki hafi verið gætt nægilega að reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum o.fl. þegar vinnupallurinn var settur upp og beri A því skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins. Einnig bendir hann á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til viðeigandi yfirvalda og verði A að bera hallann af því. V telur að ábyrgðartrygging A taki ekki til slyssins þar sem ekki hafi verið staðreynt fyrir gjaldþrotaskipti A að skaðabótaábyrgð þess hafi verið fyrir hendi. Einnig telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi að hálfu A auk þess sem sönnunarskortur sé um atvik málsins sem verði ekki talinn A í óhag. Auk þess bendir V á tengsl M við aðila sem gefur yfirlýsingu í málinu um slysið.

Álit.

Þegar umrætt slys varð í september 2001 var í gildi hjá V ábyrgðartrygging vegna starfsemi A. Um ábyrgðartrygginguna giltu vátryggingaskilmálar sem vísuðu til laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Í gildistíð þessara laga átti tjónþoli ekki beinan rétt á vátryggingafélag vegna ábyrgðartryggingar nema ákvæði 95.gr. laganna væru uppfyllt. Skv. 1. mgr. 95. gr. öðlast sá, sem tjón bíður, rétt vátryggðs á hendur vátryggingafélagi, þegar staðreynt hefur verið, að vátryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið og upphæð bótanna hefur verið ákveðin. Í þessu máli liggur ekki fyrir að gerð hafi verið krafa á A eða í þrotabú A í kjölfar slyssins. Skiptum er lokið í gjaldþrotabú A og á M þess því ekki kost nú að gera kröfu á hendur A. Það er því ljóst að skaðabótaskylda A hefur ekki verið staðreynd í skilningi 1.mgr. 95.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954 eða upphæð bótanna ákveðin. Getur M því ekki gert kröfu í ábyrgðartryggingu A hjá V og er greiðsluskylda því þegar af þeirri ástæðu ekki fyrir hendi úr tryggingunni og ekki þörf á að fjalla frekar um mögulega skaðabótaskyldu A.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2009
Vátryggingataki (M) og
Vátryggingafélag (V) v. Húftryggingar báts (A)

Bátur varð fyrir tjóni þegar bátur sem lá við hlið hans sökk þ. 7.3.2009.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 15.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Báturinn A var bundin við bryggju á Ísafirði og við hlið A var bátur sem sökk og dró hann A niður og var skorið á landfestar bátsins sem sökk og við það réttist A við og var dreginn að bryggju annarsstaðar í höfninni og dælt var upp úr bátum og gengið var úr skugga um að ekki væri leki á bátum. M krefst bóta vegna tjóns á A úr húftryggingu sinni hjá V og telur sig hafa keypt tryggingu fyrir því tjóni sem báturinn verði fyrir eða kunní að valda. V hafnar bótaskyldu og segir tjónið ekki falla undir vátrygginguna og vísar í því sambandi í vátryggingaskilmála þar sem segir að félagið bæti, algert tjón, kostnað við björgun og aðrar ráðstafanir til varnar tjóni og þáttöku í sameiginlegu sjótjóni. V segir að M geri kröfu til bóta vegna þess að A og báturinn sem sök hafi slegist saman og báturinn orðið fyrir tjóni en ekki alþjóni og því ekki um bótaskyldu V að ræða.

Álit.

Hvorki hefur verið sýnt fram á né verður séð að tjón það sem varð á A í umætt sinn sé bótaskyldt miðað við ákævdí vátryggingaskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.7.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda í febrúar 2008 og febrúar 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M veiktist sbr. fyrirliggjandi gögn, ágreiningur er um hvort skilyrði greiðsluskyldu séu fyrir hendi. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann styður umfjöllun sína m.a. við fyrirliggjandi læknisvottorð.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins einkum nefnt bréf, dags. 30.06. 2009.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögnin uppfyllir M ekki þau þrjú hlutrænu skilyrði bótaskyldu sem krafist er samkvæmt vátryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar þ.e. sem tilgreind eru í ákvæðum 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3. Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins þurfa öll skilyrði nefndra ákvæða að vera uppfyllt svo sannað teljist að vátryggingaratburður hafi orðið. Fyrirliggjandi læknisvottorð breytir ekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Slys þegar maður klemmdist á hendi þegar verið var að hífa mót upp á vörubíl þ.31.1.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 7. 7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M slasaðist á hendi þegar hann klemmdist á löngutöng vinstri handar þegar verið var að hífa stafla af steypumótum á vörubílspall. Vitni segir að M hafi verið að stýra stæðunni sem verið var að hífa þegar slinkur hafi komið á hana með fyrrgreindum afleiðingum. M segir að hann hafi haldið við stæðuna til að reyna að koma henni á réttan stað og telur sig hafa verið með höndina á röngum stað á röngum tíma. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V og segir lögmaður M að slysið hafi orðið vegna gáleysis stjórnanda kranans sem var að hífa í umrætt sinn en stjórnandinn sé starfsmaður Í og því Í ábyrgt fyrir mistökum starfsmanns síns. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma eða ólögmæta háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem benda til þess að aðbúnaði eða tækjum hafi verið ábótavant í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanns Í og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar rekstraraðila keilusalár.

Málskotsaðili meiddist er keilukúla féll á tær hennar við enda keilubrautar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 19.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.7.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 15.3.2009 var M í fyrsta sinn í keilu í keilusal A. Mun M hafa staðið við enda keilubrautar er keilukúla kom upp úr boltalyftu og féll þá úr þar til gerðri rennu og á tær M.

M kveður færiband eða rás þá, sem keilukúlurnar fara eftir, hafa stíflast og það hafi leitt til þess að kúla hafi fallið á tær hennar.

Af hálfu A er talið að orsök þess að kúla hafi farið upp úr rennunni og fallið á tær M hafi verið sú að of margar kúlur hafi verið í notkun í keilubrautinni. Ekki sé vitað til að bilunar hafi orðið vart í brautinni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki fyrir að bilun hafi orðið í umræddri keilubraut sem hafi valdið slysinu. Þá verður heldur ekki ráðið af málgögnum að slysið verði rakið til ófullnægjandi eftirlits eða skorts á leiðbeiningum af hálfu A. Að öllu athuguðu telst því ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 14. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2009

M

og

vátryggingafélagið (V) v/ábyrgðartryggingar A

Slys í verslun A þann 19. maí 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19. júní 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 6. júlí 2009.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi verið í verslunarrými A og að því er virðist án nokkurs fyrirvara hafi hann heyrt hátt hljóð og úr hillu við hlið hans, úr um 2 metra hæð, hafi fallið stálbakkar sem A hafði til sölu. Fóru umræddir stálbakkar á fætur M sem slasaðist nokkuð. A segir í tjónstilkynningu sinni til V að M hafi verið í verslun A að bíða eftir afgreiðslu. Á meðan M var að bíða hafi hann verið að skoða stálbakka í hillum verslunarinnar með þeim afleiðingum að bakki eða bakkar féllu úr hillu og á fót M. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá öðrum vegna slyssins, ekki liggur fyrir að vitni hafi séð hvað gerðist eða hvernig aðstæður voru á vettvangi.

M telur að A beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins og bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem A hafi vanrækt að stilla stálbökkum í verslunarrými sínu upp á nægilega tryggan hátt. Skyldur verslunareiganda séu ríkar þar sem hann býður viðskiptavinum í verslunarrými til að skoða vörur og því verði að gera þær kröfur að vörunum sé komið fyrir á öruggan og tryggan hátt. Einnig telur M að þar sem A tilkynnti ekki um slysið til lögreglu verði A að bera hallann af sönnunarskoti um málsatvik.

V heldur því fram í athugasemdum sínum vegna málsins að frásagnir af atvikum málsins séu ekki sambærilegar hjá M og A. V telur að sönnunarbyrði hvíli á M og honum beri að sýna fram á að slysið megi rekja til skaðabótaábyrgðar A. Ekki hafi verið um vinnuslys að ræða þar sem starfsmaður slasast og gildi því ekki sömu tilkynningarreglur um slysið og þegar svoleiðis stendur á. V telur að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt í málinu m.v. þau gögn sem liggja fyrir.

Álit.

Málsatvik eru nokkuð óljós í málinu þar sem frásögnum M og A ber ekki saman um tildrög slyssins. Skv. almennum sönnunarreglum ber þeim sem gerir kröfu um skaðabætur að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í málinu liggja ekki fyrir óyggjandi gögn um að frágangi á vörum í verslun A hafi verið ábótavant frekar en að hann hafi sjálfur umgengist vörurnar með þeim hætti að þær dattu úr hillunum. Sönnunarstaða málsins verður að ráðast af þeim gögnum sem fyrir liggja. Ekki telst sannað að slysið megi rekja til skaðabótaábyrgðar A.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar sjómanns

Ágreiningur um tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort M hafi misst bótarétt sinn sökum vanrækrar tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. nefndu bréfi til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 05.01. 2009, tilkynnti M félaginu um slys við vinnu sína um borð í skipi í apríl 2006. Var bréfið móttakið af félaginu 12.01. 2009. Félagið vísar til þess að M hafi tilkynnt um atvik einu ári og átta mánuðum eftir að frestur til þess að tilkynna hafi runnið út. Félagið vísar í þessu sambandi til 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður að telja að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta skv. nefndri 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í þessu sérstaka tilviki er rétt að miða tilkynningarskyldu við tjónsatburð sem varð á árinu 2006 en ekki síðari tíma vitneskju M. Hann gætti þess ekki að tilkynna félaginu innan árs um þá vitneskju sína að um varanlegt mein var að ræða. M varð fyrir meiðslum á hné í apríl 2006, honum virðist þegar hafa mátt vera það ljóst að um varanlegt mein var að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að miða skuli við annað tímamark t.d. á árinu 2008. Einkenni um meiðsl komu strax fram og M leitaði strax læknis vegna þeirra.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. vátryggingaskilmála sjúkdómatrygginga.

Krafa um bætur vegna andláts sonar M þ. 9.3.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags 9.7.2009

Málsatvik.

Í lok ársins 2007 greindist sonur M með stóran æðargúl í heila og samkvæmt læknisvottorði Ólafs Thorarensen sérfræðings dags. 12.3.2009 var ljóst að útilokað var að gera aðgerð á æðargúlnum og jafnframt að drengurinn hafi verið einkennalaus þar til hann var lagður inn á spítala þ. 5.3.2008 þegar hann hafði verið á fimleikaæfingu og verið að klifra í köðlum en missti skyndilega takið og rann niður kaðalinn og var lagður inn á bráðamóttöku Landsspítalans í Fossvogi. Drengurinn fékk hjartastopp og var endurlífgaður og tölvusneiðmynd syndic útbreidda og mikla heilablæðingu út frá æðargúlnum og var hann úrskurðaður heiladaður þ. 9.3.2009 og síðar þann sama dag hafi verið slökkt á öndunarvél. Drengurinn lést þ. 9.3.2009. M gera kröfu til bóta vegna andláts sonar þeirra úr sjúkdómatryggingu hjá V og telur skilyrði vátryggingaskilmála sjúkdómatryggingar uppfyllt til þess að bætur verði greiddar. V hafnar bótaskyldu og vísar í því sambandi til ákvæða 5. gr vátryggingaskilmála og telur ekki skilyrði til greiðslu bóta á grundvelli annarra ákvæða vátryggingaskilmálanna.

Álit.

Sonur M var lagður inn á spítala þ. 5.3.2008 og var úrskurðaður látinn þ. 9.3. eða 5 dögum síðar. Í 5. gr vátryggingaskilmála aðila segir að skilyrði fyrir bótageiðslu sé að vátryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að vátryggingaratburður hafi verið staðfestur. M eiga því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys við flatbökuvél þann 25.04. 2008, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við að hreinsa flatbökuvél. Hann mun hafa lyft öryggishlíf sem varð til þess að vélin stöðvaðist. Að sögn M fór vélin í gang sjálfkrafa þegar hann setti hlífina aftur niður og hægri hendi festist í vélinni, þannig að meiðsl urðu.

Vátryggingafélagið telur að óhapp þetta/slysið megi fyrst og fremst rekja til óhappatilviks og eða eigin gáleysis M en ekki til atvika eða lélegs aðbúnaðar sem vátryggingartaki verði talinn bera ábyrgð á. M hafi unnið í nokkur ár hjá vátryggingartaka og þekkti því vel til vélarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Ósannað er að rekja megið slysið til sakar starfsmanna eða vanbúnaðar á vinnustað. Lagt er til grundvallar að M hafi verið vel kunnugur aðstæðum og verklagi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og kaskótryggingar A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar B

Umferðaróhapp í tengslum við mögulegan glæfraakstur á Hringbraut 26.07. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 09.07. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 13.07. 2009 og 20.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Til álita er hvort ökumenn umræddra bifreiða hafi verið í spyrnuakstri þegar óhappið. Um málsatvik og frásagnir aðila vísast til fyrirliggjandi gagna þ. á m. skýrslna lögreglu.

Vátryggingafélag A telur að hvorki sé fyrir hendi bótaskylda úr slysatryggingu ökumanns né kaskótryggingu bifreiðarinnar A. Félagið telur að rekja megi óhappið (sem varð við að ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni) til stórkostlegs gáleysis M sem fólst í glæfraakstri á Hringbraut. Fyrirliggjandi rannsóknir lögreglu renni stoðum undir þá afstöðu. Félagið vísar til fyrirliggjandi gagna og 6. gr. skilmála slysatryggingar ökumanns og 3. gr. skilmála kaskótryggingar sbr. og 1. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingafélag B hafnar bótaskyldu vegna tjóns á A. Félagið telur ljóst að aðilar máls þessa hafi verið í kappakstri á götum borgarinnar sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Varðandi það að bifreið sem hér er nefnd C hafi ekið inn á Hringbraut í veg fyrir nefndar bifreiðar þá sé það mat félagsins að sök hvíli ekki á þeim aðila vegna þess að nefndum bifreiðum hafi verið ekið á ofsahraða eftir Hringbraut.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Óþarft er að geta efnislega umföllun ökumanna máls þessa.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að rekja megi umferðaróhapp máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanna bifreiðanna A og B. Telja verður að þeir hafi verið í spyrnuakstri eftir götum borgarinnar. Umferðaróhappið verður rakið til þessa en ekki til ógætilegs aksturs ökumanns C. Ökumaður A (M) hefur fyrirgert rétti sínum til bótagreiðslu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2009

M
og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar ökumanns og
kaskótryggingar X

Umferðarslys á Reykjanesbraut 23. október 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23. júní 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13. júlí 2009.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir í gögnum málsins kemur fram að alvarlegt slys hafi orðið á Reykjanesbraut við Mjódd rétt fyrir kl. 7 að kvöldi þann 23. október 2008. Aðstæðum á vettvangi er lýst þannig að það hafi verið myrkur, rigning og slydda og blautt hafi verið auk þess umferð hafi verið mikil. Ökumenn meiddust nokkuð í slysinu og voru fluttir á slysadeild áður en formleg rannsókn lögreglunnar hófst. Af myndum lögreglu á vettvangi má ráða að bifreiðinni X, sem M ók, hafi verið ekið um Reykjanesbraut til suðurs fyrir áreksturinn. Á Reykjanesbraut eru þrjár akreinar í hvora átt. Vitnum ber saman um að bifreiðinni X hafi verið ekið mjög greitt og að ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór upp á umferðareyju sem skilur að akreinar til norðurs og suðurs. Þaðan hafi hún í sömu andrá farið inn á akrein þar sem akstursstefna er til norðurs og skollíð þar á annarri bifreið. Í mælingum lögreglu kemur fram að bifreiðin X hafi stöðvast um 66 metra frá því að hún fór yfir nefnda umferðareyju. M sagði í skýrslutöku sem fór fram stuttu eftir slysið á slysadeild að hann hafi ekið á um 110 km/klst, drukkíð einn bjór nokkru áður og neytt lyfja í venjulegum skammti til lækninga. Nokkur vitni voru að aksturslagi M áður en slysið varð. Þeim ber saman um að bifreiðinni X hafi verið ekið mjög hratt og nokkur vitni tekja að bifreiðinni hafi verið ekið á yfir 100 km/klst. Einnig nefna vitni að bifreiðinni X hafi verið ekið milli akreina áður en M missti stjórn á henni. Í gögnum lögreglu kemur fram að áfengismagn í blóði ökumanns hafi ekki mælst eftir slysið en rannsóknarniðurstaða vegna lyfjaleitar sýnir að ökumaður var undir áhrifum þriggja tegunda lyfja sem geta haft slævandi áhrif við aksturinn. Í málinu liggur einnig fyrir niðurstaða rannsóknar professors í vélaverkfræði við Háskóla Íslands um að ætlaður hraði við slysið hafi verið 107 km/klst með mögulegum lágmarkhraða 85 km/klst og mögulegum hámarkshraða 128 km/klst. Útreikningur prófessorsins miðast við viðurkenndar aðferðir og forsendur sem gerð er grein fyrir í skýrslu hans.

M segir í málskoti sínu að hann telji að ekki sé sannað að hann hafi ekið of hratt m.v. aðstæður eða að áfengis- eða lyfjaneysla hans hafi haft áhrif á aksturhæfni hans. Hann dregur að hluta tilbaka framburð sinn í fyrstu skýrslu lögreglunnar og telur ekki rétt að byggja á þeim upplýsingum sem þar koma fram. M bendir einnig á að ef að samt sem áður verði talið sannað að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn þá beri ekki að fella niður bótarétt að fullu heldur einungis að hluta og vitnar til úrskurða úrskurðarnefndar máli sínu til stuðnings.

V telur í athugasemdum sínum að sýnt sé með lögregluskýrslu, framburðum vitna og aðstæðum á vettvangi, auk hraðaútreiknings og rannsóknarniðurstöður lyfjaleitar að M hafi ekið með stórkostlega gáláusum hætti í greint sinn og með vísan til l.mgr. 8.gr. B-hluta skilmála ökutækjatrýgginga varðandi slysáttryggingu ökumanns, gr. 11.2 í kaskótryggingarskilmálum og

2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 sé félagið að fullu laust úr ábyrgð vegna tjóns M. Félagið vísar á bug að þeir úrskurðir sem M vísar til í málskoti sínu eigi við í málinu þar sem aðstæður séu ekki eins.

Álit.

Við mat á atvikum málsins verður helst litið til aðstæðna á vettvangi og framburðar vitna um aksturslag M rétt fyrir tjónsatburð. Það liggur fyrir skýr framburður vitna um að bifreiðinni X hafi verið ekið mjög greitt fyrir óhappið. M ber að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna þess að önnur bifreið hafi ekið í veg fyrir hann. Ekki kemur fram í framburðum vitna að önnur bifreið hafi truflað akstur X. Ekki verður því byggt á þeim fullyrðingum M. Aðstæður á vettvangi voru ekki eins og best verður á kosið þegar slysið varð, það var myrkur og bleyta og gekk á með eljum. Á þessum stað á Reykjanesbraut er alla jafna mikil umferð og í skýrslu lögreglu og framburðum ökumanna og vitna kemur fram að það hafi verið mikil umferð þegar slysið varð. Það telst sannað með framburði umræddra vitna að ökumaður M vanrækti stórlega að aka með hliðsjón af aðstæðum auk þess sem hann ók allt of greitt. Með því að neyta slævandi lyfja og áfengis fyrir aksturinn telst M einnig hafa skapað óþarfa hættu í umferðinni sem og með hliðsjón af því að hann hafði fyrr um daginn keypt bifreiðina sem hann ók og var óvanur akstri hennar. Með hliðsjón af atvikum öllum telst sannað að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið mjög háskalega og það hafi leitt til þess að hann missti stjórn á bifreiðinni X með alvarlegum afleiðingum. Slík háttsemi telst stórkostlegt gáleysi við aksturinn í skilningi váttryggingaréttar. Við mat á því hvaða áhrif sú háttsemi á að hafa á bótarétt M telst með vísan til ofangreindra sjónarmiða að hann ekki hafa sérstakar málsbætur sem gætu leitt til bótaréttar að hluta. Með vísan til B-hluta skilmála ökutækjatrýgginga varðandi slysatryggingu ökumanns, gr. 11.2 í kaskótryggingarskilmálum og 2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 losnar váttryggingafélagið að fullu úr ábyrgð vegna þeirra váttrygginga.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki greiðsluskylt úr slysatryggingu ökumanns X eða kaskótryggingu sömu bifreiðar.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (S)

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 30.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Efnislyfta við steypustöðina S (vátryggingartaka) festist í efstu stöðu eftir að hafa verið tæmd í steypusíló, þegar lyftan losnaði skyndilega og féll 7-8 metra í neðstu stöðu og lenti á M sem var staddur undir lyftunni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ. á m. nefndu bréfi, dags. 08.07. 2009.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fallist á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. M virðist ekki hafa verið varaður við þeirri hættu sem fyrir hendi var. Vegna þessa var M staddur undir lyftunni er hún féll niður.

M mun einungis hafa starfað hjá S frá lokum febrúar 2008 sem bílstjóri á steypubifreið. Vegna þessa var þeim mun meiri ástæða til að vara starfsmanninn við þeirri hættu sem fyrir hendi var.

Með hliðsjón af ofanrituðu er lagt er til grundvallar að slysið verði rakið til ófullnægjandi varúðarráðstafana.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega (G)

Maður slasast á hendi í byggingarvinnu þ.16.7.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.6.2009
2. Greinargerð lögmanns M ásamt fylgiskjöllum 1-8
3. Bréf V dags. 8.7.2009

Málsatvik.

M slasaðist á hægri vísifingri þ.16.7.2007 þegar hann vann við smíðar sem starfsmaður G. M leitaði til læknis þ. 3.8.s.á og fékk lyfjameðferð en fór af landi brott skömmu síðar. M segir að frá 3 ágúst til 16. ágúst s.á hafi hann ekki getað unnið og sem afleiðingar slyssins segir M að hann geti sennilega aldrei beygt fingurinn eins og hann hefði getað áður. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega sem G er með hjá V. Fram kemur hjá lögmanni M að systið hafi verið tilkynnt til V þ. 20.10.2008 og bendir á að afleiðingar slyssins hafi verið mun alvarlegri en M hafi talið í fyrstu og hafi hann ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir en um haustið eftir að hann hafði gengið undir lækni meðferð m.a. í Póllandi en óljóst sé hve lengi hún hafi staðið. Þá bendir lögmaðurinn á að ákvæði um ársfrestinn í l. nr. 20/1954 beri að skýra rúmt til hagsbóta fyrir tjónþola. M byggir á því að ársfresturinn hafi byrjað að líða þegar hann vissi um alvarlegar afleiðingar slyssins en fyrir ekki. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. 1 20/1954 þar sem að ársfrestur til tilkynningar hafi verið liðinn en V hafi borist upplýsingar um að kröfum kynni að vera beint að félaginu þ 14. október 2008. Þá bendir V á að líta megi svo á að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafan er reist á strax á slysdegi en í síðasta lagi í lok ágúst 2007.

Álit.

V heldur því fram að M hafi fengið vitneskju um atvik sem krafa M er reist á strax á slysdegi eða í síðasta lagi í lok ágúst 2007. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að M hafi ekki haft þá vitneskju á þeim tíma. Tjónþoli sem vill bera fyrir sig að hann hafi ekki vitað um afleiðingar slyss fyrir en á ákveðnum tíma eftir slysdag verður að leggja fram gögn sem sanna eða gera sennilegar slíkar fullyrðingar. Engin gögn liggja fyrir um það af hálfu M og M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega G hjá V þar sem að ársfrestur var liðinn þegar slysið var tilkynnt M miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ almennrar slysatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr almennri slysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 24.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.7.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 21.5.2008 tók M almenna slysatryggingu hjá X. Fjárhæð dagpeninga á viku hverri nam 100.000 krónum og vátryggingarfjárhæð fyrir algera örorku nam 25.000.000 krónum og dánarbætur námu 15.000.000 krónum. Í vátryggingarbeiðni svaraði M neitandi spurningu um það hvort hann hefði í gildi slysatryggingu hjá öðru vátryggingafélagi.

Þann 5.7.2008 var komið að M þar sem hann lá meðvitundarlaus í skurði í verksmiðjuhverfi á Selfossi. Í málinu liggja fyrir tvö læknafréttir, efnislega samhljóða, annars vegar frá taugalækningadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss, dags. 9.7.2008, og hins vegar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, dags. 23.6.2009. Í bréfum þessum kemur að svo hafi virst sem M hafi verið úti að hlaupa. Hann hafi legið á andliti og fengið “einhvern atýpískan krampa þegar honum er snúið á bretti. Virðist leita í decorticate stöðu, augu horfa upp og með miklum ósértækum nistagmus, er með púls í öllum útlimum, kaldur viðkomu, óvíst hve lengi sjkl. lá í skurði.” M var fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Á leiðinni í sjúkrahúsi er M með stöðuga væga krampa allan tímann, ósértækar augnhreyfingar, horfir upp með mikilli “hæ-vi” hreyfingu. M var með, að því er virtist, nýlega áverka á höfði, nokkuð stórt “hematome” á enni. Kviður var mjúkur. Hann hafi einnig hlotið áverka á hægri hné og hægri handlegg. Virtist detta í “fokus” við og við, horfði í augu þeirra sem hlúðu að honum en svaraði ekki sársaukaáreiti. Það hafi liðið nokkrar klukkustundir þar til samband náðist við hann. Hann hafi einungis talað pólsku og þurft túlk með sér. Ekki hafi verið saga um flog né saga um flogaveiki í fjölskyldu.

Við skoðun við komu á slysideildina var hann með rispur á hægri hlið líkamans og hægri megin á enni. Við taugaskoðun var hann ekki áttaður á stað og stund; ekki “agiteraður”. Augnhreyfingar voru eðlilegar sem og heilataugaskoðun. Kraftar, skyn og “reflexar” voru “symmetrískir”, nema að erfitt hafi verið að meta kraft hægri megin þar sem hann hafi kennt sér mikils meins bæði í fæti og hendi. Hann kvað sársauka stoppa sig af. Þá voru fínhreyfingar sagðar vera ögn verri vinstra megin.

Hvað rannsóknir varðar sem M gekkst undir voru helstu niðurstöður sem hér segir: “CT áverka skann 5.7.: Eðlil. MR höfuð 7.7.: Eðlil. EEG 7.7.: Eðlil. Rtg. af útlimum og mjaðmagrind sýndi enga beináverka. Bl.prufur verið allar eðlil. þar með talið hjartaensým við komu á slysideild, engar elektrolytatrufanir. EKG og Holter: Eðlil.”

M var lagður inn á sjúkrahúsið í tvær nætur. Daginn eftir innlögn var hann áfram ruglaður, man ekki eftir því að hafa hrasað, fékk í eitt skipti kippi sem stóðu í um eina mínútu, kvartaði einnig um “rotatorískan” svima og ógleði sem versnaði við hreyfingar. Næsta dag var hann skýr á stað og stund og verkir voru minni. Svimi var sömuleiðis hverfandi. Álitid var að M hafi fengið krampa, en ekkert fannst við rannsóknir á heila, en það verði þó ekki útilokað að fullu. M var útskrifaður heim til sín með fyrirmæli um að vera frá vinnu í a.m.k viku og hvíla sig. Einnig var

honum ráðlagt að hafa samband aftur, ef hann yrði var við höfuðverk eða fengi aftur krampa. M fékk tíma hjá heilsugæslulækni og ráðgert að eftirfylgd yrði í hans höndum.

Skömmu eftir atvikið mun M hafa farið til Póllands. Í fyrirliggjandi vottorði pólsks heimilislæknis, dags. 3.6.2009, segir að í sjúkraskrá M séu engin merki um arfgenga sjúkdóma eða annað er tengst gæti slysinu þann 5.7.2008.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það að auk fyrrgreindrar slysatryggingar hjá X hafi M enn fremur keypt slysatryggingu hjá váttryggingafélaginu A þann 13.5.2008 og váttryggingafélaginu B þann 15.5.2008. Mun M einnig hafa krafist bóta úr þessum váttryggingum. Þá mun M einnig hafa keypt sjúkrakostnaðartryggingu innanlands hjá váttryggingafélaginu D sem tók gildi þann 22.5.2008.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, getur váttryggingafélag á meðan það hefur ekki samþykkt að veita persónutryggingu, óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Spurningar X er lúta að upplýsingum um slysatryggingar hjá öðrum váttryggingafélögum hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni.

M, sem er pólskur að uppruna, mun hafa starfað hér á landi sem byggingaverkamaður. Hann kaupir almenna slysatryggingu hjá X með háum váttryggingarfjárhæðum, en leynir því við váttryggingartökuna að skömmu áður hafi einnig keypt sams konar váttryggingu hjá tveimur öðrum váttryggingafélögum hér á landi auk þess sem hann keypti um svipað leyti sjúkrakostnaðartryggingu innanlands hjá fjórða váttryggingafélaginu. Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum verður ekki með neinu móti ráðið að M hafi hlotið líkamsáverka sem tengst geta slysi, þegar að honum var komið í skurðinum þann 5.7.2008 eða um einum og hálfum mánuði eftir að hann keypti fyrrgreindar váttryggingar. Bera gögnin það miklu fremur með sér að áverkar og sjúkdómseinkenni, sem fram komu hjá honum, hafi verið tilbúningur.

Þegar framangreint er metið heildstætt þykir mega slá því föstu að M hafi svíksamlega leynt X upplýsingum sem því voru nauðsynlegar við áhættumatið. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 ber váttryggingafélag ekki ábyrgð, ef váttryggingartaki eða váttryggður hefur svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið. Af þessu lagaákvæði leiðir að X ber ekki ábyrgð á því tjóni sem M kveðst hafa orðið fyrir við atvikið þann 5.7.2008.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. takmarkaðrar líftryggingar hestsins P.

Hestur slasaðist og náði ekki fullum bata í maí 2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 24.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 4.5.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hesturinn P mun hafa slasast í maí 2007 og náði ekki fullum bata og er sjúkrasögu hans lýst í læknisvottorði og telur sá dýralæknir sem hefur haft hann til meðferðar að hann yrði aflífaður enda væri hann mjög kvalinn. P var tryggður bæði góðhestatryggingu og takmarkaðri líftryggingu. V óskaði eftir því að annar dýralæknir skoðaði hestinn og var það mat hans að ekki væri tilefni til aflífunar P. Þriðji dýralæknirinn skoðaði P og mælti með því að hann yrði aflífaður. M krefst bóta úr góðhestatryggingu P og takmarkaðri líftryggingu P. V hefur samþykkt að greiða bætur úr góðhestatryggingu P og er því ekki ágreiningur um það. Hins vegar hafnar V að greiða bætur úr takmarkaðri líftryggingu P. Þar sem að atvikið falli utan bótaskyldu tryggingarinnar sbr. grein 1.5. vátryggingaskilmála. Í því sambandi bendir V á að það sé samdóma álit þeirra dýralækna sem skoðað hafi P að hann þjáðist af helti en það sé undanskilið bótasviði takmarkaðrar líftryggingar. Þá vísar V til þess að ákvæði 1.2. í takmarkaðri líftryggingu sbr kafla VII. í skilmálum ED15 taki aðeins til þess þegar hestur er tafarlaust aflífaður þar sem hann er svo skúkur eða slasaður og lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.

Álit.

Í máli þessu eru ágreiningur um það hvort að M á rétt á bótum úr takmarkaðri líftryggingu hestsins P hjá V. Miðað við lýsingu á meiðslum P og með vísun til annarra gagna málsins þá á M ekki rétt á bótum úr takmarkaðri líftryggingu P hjá V með vísun til gr. 1.5 vátryggingaskilmála takmarkaðrar líftryggingar og gr. 1.2. sbr kafla VII. í vátryggingaskilmálum ED15

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr takmarkaðri líftryggingu P hjá V.

Reykjavík 21.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2009

M v/bifhjóls

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (V)

Umferðaróhapp á Vestfjarðavegi Súgandafirði á akbraut inn í jarðgöngum í ágúst 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.06. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar vegna málskotsins.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður bifhjóls, með tjaldvagn í eftirdragi, missti stjórn á hjólinu að því er hann telur vegna ísingar þannig að tjón varð.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Efnislega telur hann að V hefði átt að koma í veg fyrir þá ísingu sem myndast hafði. Aðstæður hafi verið varasamar sem V hafi átt að koma í veg fyrir eða vara við. Ísing hafi myndast þrátt fyrir lofthita (+9 gráður).

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að V og starfsmenn hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. M hafi ekki sýnt af sér næga varkárni “við þær aðstæður sem alkunna er að eru í jarðgöngum og hafi það aðgæsluleysi ökumannsins verið orsök óhappsins.”

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar ábyrgðartryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til sakar þ.á m. aðgæsluleysis starfsmanna V. Óhappið virðist mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs við akstur bifhjólsins.

Athygli vekur að bifhjólið var með tjaldvagn í eftirdragi þegar óhappið varð. E.t.v. kann það að hafa haft áhrif á aksturseygisleika bifhjólsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 230/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/alkaskótryggingar

Umferðaróhapp í Kömbum þann 21.03. 2009, ágreiningur um bótaskyldu

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni var ekið um Kamba á um 70-80 km hraða þegar bifreiðin tók að rása á veginum.

Ökumaðurinn kvaðst hafa náð hraðanum í um 50 km áður en hann missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir bifreið sbr. gögn máls þessa.

Vátryggingafélagið metur atvik þ. á m. ástand bifreiðarinnar þannig að hæfilegt sé að skerða bætur að 1/3 hluta vegna háttsemi ökumanns og vátryggðs sbr. umfjöllun félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaréttur fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum. Rétt er að skerða bætur sem nemur 1/3 hluta vegna háttsemi ökumanns og vátryggðs. Bifreiðin var vanbúin til aksturs við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum. Skerða ber bótarétt um 1/3 hluta.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2009
M) og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Skeiðarvogi við Réttarholtsveg þ.24.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 26.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 204/09
3. Bréf V-1 dags. 6.7.2009
4. Bréf V-2 dags. 13.7.2009.

Málsatvik.

A ók á eftir B suður Skeiðarvog með fyrirhugaða akstursstefnu austur Miklubraut og segist ökumaður hafa skipt um akrein og litið til hægri til að tryggja að engin umferð væri á hægri akrein og síðan hafi hann litið áfram eftir að hann skipti um akrein og þá séð B kyrrstæða fyrir framan sig en á því átti hann ekki von þar sem að græn ör logi stöðugt fyrir umferð á þessum stað. Ökumaður B sagðist hafa séð rautt ljós loga og talið í fyrstu að það ætti við sína akstursstefnu og hafi hann því verið svo til stopp þegar A ók aftan á B.

Álit.

Hvorugur ökumaður þykir hafa ekið með eðlilegri aðgát og varúð í umrætt sinn og verður ekki séð að eðlilegt sé að leggja meiri sök á anna ökumanninn umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu**

Tjón vegna bilunar á inntaksleiðslu fyrir heitt vatn.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 29.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.7.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í janúar 2009 kom í ljós að inntaksrör fyrir heitt vatn hafði farið í sundur í húsi M. Hafði gufa og heitt vatn valdið skemmdum á húsinu. Rörið mun hafa verið leitt inn í steinsteypt húsið á sjöunda áratug síðustu aldar og var óeinangrað. H, seljanda heita vatnsins til M, var tilkynnt um bilunina og var rörið þegar endurnýjað.

M kveður frágang rörsins hafa á sínum tíma verið óforsvaranlegan og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af hálfu H er því haldið fram að á þeim tíma er rörið var lagt í umrætt hús hafi það verið eðlilegur frágangur að hafa búiðinn í gegnum vegginn óeinangraðan. Það hafi verið gert m.a. til að koma í veg fyrir leka inn í húsið. Einnig hafi betri tenging náðst við vegginn og tengingin verið þéttari. Þetta hafi þó breyst með nýjum efnum og aðferðum.

Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að frágangur rörsins í gegnum húsið hafi verið frábrugðinn því verklagi sem tíðkaðist á þeim tíma er það var lagt. Ábyrgð verður því ekki lögð á H á því tjóni sem M varð fyrir. Tjónið verður því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu H hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbústryggingar

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna skemmda á munum sem urðu við eldsvoða í hjólhýsi 16.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur máls þessa er um bótafjárhæð fyrir tjón á innbúi sem varð þegar eldur varð laus í hjólhýsi M.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur sig eiga rétt á að fá bætur í samræmi við vátryggingarfjárhæð innbústryggingar. Verðmæti innbús hans sé tilgreint í skírteini alls rúmar 4,3 milljónir kr.

Vátryggingafélagið telur að heildaverðmæti muna sem skemmdust sé rúmar 3,9 milljónir kr. Félagið telur greiðsluskyldu umfram boð þess ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins þ.á m. bréf félagsins, dags. 06.07. sl. Félagið hafi tekið mið af munalista og afskrifað fjárhæðina vegna aldurs og því hafi bótafjárhæðin verið alls 3,2 milljónir kr. Ekki hafi reynst mögulegt að sannreyna virði einstakra muna og því telur félagið afskriftir í vægari kantinum. Félagið telur þetta sanngjarna niðurstöðu “sérstaklega í ljósi þess að litið var framhjá því hversu stór hluti innbúsins var staðsettur í hjólhýsinu, en samkvæmt skilmálum félagsins ætti einungis 15% af innbúi að bætast sem staðsett er utan heimilis um stundarsakir”. Félagið vísar og til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að tjónsbætur miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á að hann eigi frekari kröfur á hendur félaginu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að uppgjör félagsins sé ósanngjarnt í garð M.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótagreiðslu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 234/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Maður slasaðist á hendi er hugðist hreinsa sandstíflu í blandara fyrir sandblástursvél.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.7.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.7.2009.

Málsatvik.

Þann 11.5.2007 var M að störfum í málmsteypu V. Stútur á sandblandara á sandblástursvél, sem M var að vinna með, hafði stíflast. Til að losa stífluna tók M öryggishlíf framan á stútnum og fór með vinstri hendi upp í stútinn, en við það lentu þrír fingur handarinnar í snigli sem þar var og sködduðust þeir verulega.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi ýtt á takka til að stöðva vélin, er hún stíflaðist. Hann hafi verið með heyrnarhlífir og því ekki heyrt hvort vélin hafi slökkt á sér eða ekki. Eftir að hafa reynt árangurslaust að losa um stífluna hafi hann tekið hlífina af og sett vinstri hönd upp í stútinn til að hreinsa hann, en þá fundið að snigillinn var enn í gangi.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að venjulega sé notað sérstakt járn til að losa um stíflur eins og hér var um að tefla, en einhverra hluta vegna hafi það ekki verið tiltækt í umrætt sinn. Þá kemur fram í umsögninni að aðstæður á slystað virtust vera viðunandi og við þær voru ekki gerðar athugasemdir. Orsakir slyssins voru taldar helst þær að fyrrgreint járn hafi ekki verið tiltækt og M hafi ekki heyrt að vélin var í gangi.

Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja í gögnum málsins mun M hafa unnið um nokkurra ára skeið hjá V og við umrædda sandblástursvél í um eitt ár.

Álit.

M losaði öryggishlíf af stút á sandblástursvélinni og fór með aðra höndina upp í stútinn án þess að hafa fullvissað sig um að slökkt væri á vélinni. Slysið verður ekki rakið til bilunar eða galla í sandblástursvélinni eða að hún hafi að öðru leyti verið vanbúin. Ekkert liggur fyrir um það að járn það sem notað var til að losa um stífluna hafi ekki verið tilstækt vegna atvika sem V ber ábyrgð á. Engin haldbær rök eru fyrir því að slysið megi rekja til þess að V hafi ekki gætt laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum eða stjórnvaldsreglna settum samkvæmt þeim. Að öllu athuguðu ber V ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og tjón hans bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu sem hann hefur keypt hjá váttryggingafélaginu X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. heimilisverndar, frítímaslys.

Maður slasaðist þegar beltavagn valt þ.29.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.7.2009. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 6.7.2009. ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M var að vinna í frítíma sínum við að fjarlægja jarðveg úr garði við heimili sitt og notaði til þess beltavagn sem hann hafði tekið á leigu. Við þessa vinnu valt vagninn með þeim afleiðingum að M meiddist. M krefst bóta úr frítímaslysstryggingu sinni hjá V og segir að hann hafi verið að vinna við heimili sitt og ekki um launað starf að ræða eða arðbært starf í eigin þágu og því sé tjón M bótaskyldt. Þá bendir M á að beltavagninn hafi einungis verið leigður til að auðvelda M störf. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi verið að vinna arðbært starf í eigin þágu þegar slysið varð, þá bendir V á að beðið hafi verið um læknisvottorð með eðli og afleiðingar vinnuslyss sem M varð fyrir.

Álit.

Ekki verður annað séð en öll skilyrði séu uppfyllt til að M eigi rétt á bótum úr frítímaslysstryggingu sinni hjá V. Ekki er á það fallist að í umrætt sinn hafi M verið að vinna arðbært starf í eigin þágu þannig að ekki komi til bótaskyldu V í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2009

M

og

Vátryggingfélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (B)

Slys við fall á bílastæði í hálfu, 11.02. 2009, við verslun í Hraunbæ.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Til álita er hvort rekja megi slyss M til sakar starfsmanna B. M steig út úr bifreið sinni og rann á svellbunka þannig að hún meiddist á fæti. Mikil hálfka mun hafa verið á bílastæðinu, um 5 gráðu frost var þennan dag. Í gögnum málsins kemur m.a. fram að gangstétt fyrir framan verslunina hafi verið auð og hálkulaus. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Efnislega vísar hann til þess að mjög mikil hálfka hafi verið á bílastæðinu fyrir framan inngang verslunarinnar og að engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að koma í veg fyrir það að þeir sem stigu út úr bifreiðum rynnu til í hálfkunni. Hvorki hafi verið borið salt né sandur á þá “miklu klakabunka sem myndast höfðu á bílastæðinu”. Verði það að meta vátryggingartaka og starfsmönnum hans til gáleysis.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að slysið megi fyrst og fremst rekja til óhappatilviks og/eða þess að M tók ekki mið að aðstæðum í opnum tréklossum. Félagið getur afstöðu sinnar í nefndu bréfi sem óþarft er að rekja efnislega. M.a. vísar félagið til dóms Hæstaréttar frá 7. apríl 2009 í máli nr. 538/2008, en í því máli var talið að tjónþoli hafi borið að gæta varkárni við þær verðuraðstæður sem voru á slysdegi. Félagið telur að slys M verði ekki rakið til atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber ábyrgð á “enda var gripið til viðeigandi ráðstafana af hálfu vátryggingartaka á slysdegi”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að starfsmönnum B hafi mátt vera það ljóst að gera hefði þurft sérstakar ráðstafanir á bílastæðunum fyrir framan verslunina í umrætt sinn. Gangstéttin við verslunina mun hafa verið án hálfku. Klaki mun hafa verið við einhver stæði fyrir framan húsnæðið. Í þessu sérstaka tilviki er ekki unnt að fallast á bótaskyldu. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða sem rekja má til gáleysis M sjálfs. Aðilar verða jafnan að gera ráð fyrir því að hálfka geti myndast við þær aðstæður sem fyrir hendi voru og svo var í þessu tilviki. Athygli vekur að M var á tréklossum, það kann að hafa haft áhrif á að hún féll.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2009

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sundlaugareiganda.

Kona datt á flísum við heitan pott í sundlaug þann 22.7.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.7.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.7.2009.

Málsatvik.

M datt á flísum við heitan pott í sundlaug S og hlaut meiðsl á rófubeini.

M kveður slysið megi rekja til þess að umbúnaður gólflísa og aðstæður að öðru leyti hafi ekki verið forsvaranlegur, þ. á m. að tröppur hafi ekki verið eða annar búnaður til að styðjast við.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram í máli þessu sem vísbendingu geta gefið um að aðbúnaður eða aðstæður hafi verið óforsvaranlegur eða ekki fullnægt reglum sem gerðar eru til starfrækslu sundstaða. Er ósannað að S sem eigandi og rekstraraðili sundlaugarinnar beri ábyrgð á líkamstjóni M. Líkamstjón hennar bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá váttryggingafélaginu X.

Álit.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. nefndu bréfi til nefndarinnar.

Þann 05.07. 2009 var komið að M meðvitunarlausum í skurði í verksmiðjuhverfi á Selfossi. M kveðst hafa verið úti að skokka. Félagið telur að ekki hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum. Ósannað sé hvað hafi komið fyrir M. Félagið vísar og til 1. mgr. 82. – 83. gr. laga um vátryggingarsamninga í þessu efni varðandi upplýsingaskyldu við töku vátryggingar.

Varðandi málsatvik er vísað til úrskurðar nefndarinnar nr. 226/2009 um sama tjónsatburð og hliðstæða slysátryggingu en hjá öðru vátryggingafélagi. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var að hafna bótaskyldu sbr. röksemdafærslu þess máls.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Nefndin telur að M hafi með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum og að hann hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeim skilmálum sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 3.7.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.7.2009.

Málsatvik.

M er eigandi raðhúss í sveitarfélaginu S. Af gögnum málsins má ráða að hann hafi keypt húsið nýbyggt. Byggingarstjóri hússins á meðan byggingu þess stóð, sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, mun hafa verið B. Hann hafði í gildi lögmehta starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá vátryggingafélaginu X.

Í málskoti tilgreinir M í fjölmörgum liðum ágalla er hann telur vera á eigninni. Er um að ræða atriði er varða hitalagnir, raflagnir, loftræsikerfi, leka, þak, utanhússklæðningu og fleira. Kveður M að í ýmsum tilvikum hafi ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktar teikningar. Telur M að B beri að lögum ábyrgð á umræddum göllum og hefur krafist viðurkenningar á rétti sínum til bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X. Til nánari skýringar og stuðnings kröfum sínum hefur M lagt fram stöðuúttekt byggingafulltrúans í S, tólf ljósmyndir og níu teikningar. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1998 skal við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis vera byggingarstjóri. Í 3. mgr. sömu gr. segir að byggingarstjóri sé framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda og hann beri ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Eins og áður getur telur M að ýmsa galla á húsinu megi rekja til þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktar teikningar. Ennfremur er í stöðuúttekt byggingafulltrúa í nokkrum tilvikum fundið að því að ekki hafi verið byggt í samræmi við teikningar. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir nein matsgerð eða annað sambærilegt sönnunargagn sem styðjast má við til að taka af öll tvímæli um að B beri stöðu sinnar vegna sem byggingarstjóri ábyrgð á þeim göllum sem á eign M kunna að vera. Af greinargerð málskotsaðila, stöðuúttekt byggingafulltrúa eða öðrum fyrirbyggjandi sönnunargögnum þykir ekki komin fram nægileg sönnun um ábyrgð B. Við svo búið telst tjón M ekki bótaskyld úr téðri starfsábyrgðartryggingu hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans B, hjá X.

Reykjavík, 5. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 242/2009
M og
Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar G

Vinnuslys þegar unnið var við valsavél þ. 18.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 6.7.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V. dags. 11.júní og 4. ágúst 2009.

Málsatvik.

M segist hafa verið að móta járn í valsavél og verið að lagfæra járn og verið með höndina undir valsinum þegar samstarfsmaður hans hafi stigið á pedalann og valsarnir gengið saman og hann slasast alvarlega á hendi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda G hjá V og telur tæki því sem M var að vinna við í umrætt sinn ábótavand. Þá telur hann að samstarfsmaður M hafi sýnt af sér bótaskyld gáleysi auk þess sem verkstjórn hafi verið ábótavant. V vísar til þess að hafa fengið fyrirspurn frá M og óskað eftir frekari gögnum frá vátryggingataka og beðið væri eftir þeim gögnum til að taka mætti upplýsta afstöðu til bótaskyldu í málinu. V telur því að vísa eigi málinu frá á grundvelli 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur ekki tekið afstöðu til kröfu M en óskað eftir frekari gögnum í málinu. Miðað við gögn málsins og það sem fyrir liggur er ekki annar kostur en að vísa málinu frá sbr 3. gr samþykktu um Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 18.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2009

M

og

V v/lögmæltra ökutækjatrýgginga og kaskótryggingar A

Réttaráhrif vanskila ökutækjatrýgginga og uppsögn.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 8. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 21. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 15. apríl 2009 varð tjón á bifreiðinni A. Í málskoti er vísa til þess að váttryggingar þær sem reynir á vegna tjónsins séu lögmæltar ökutækjatrýggingar og kaskótrygging. Samkvæmt gögnum málsins var gjalddagi váttryggingariðgjalds 1. nóvember 2008. Tilkynningar um vanskil voru sendar til M þann 27. október 2008 og 20. janúar 2009. Svokölluð lokaviðvörðun var síðan send þann 23. mars 2009 þar sem skorað var á M að greiða vangoldin iðgjöld ella myndi váttryggingin falla niður að liðnum 14 dögum. Þann 14. apríl var formlega gengið frá niðurfellingu í tölvukerfum V og samdægurs send út tilkynning til Umferðarstofu og M um að lögmæltar ökutækjatrýggingar séu ekki lengur í gildi og réttaráhrif þess. Tilkynning þessi var borin út í ábyrgðarpósti á lögheimili M þann 16. apríl 2009, eða daginn eftir tjónið.

M telur að váttryggingar hafi verið felldar úr gildi án þess að sér hafi verið tilkynnt um það með fullnægjandi hætti. Ekki hafi heldur verið tekið tillit til innborgunar sem M hafi innt af hendi þann 17. febrúar 2009. V telur að rétt hafi verið staðið að uppsögn ökutækjatrýgginganna með bréfi sínu 23. mars og vísar til skilmála trygginganna, 33.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 og III.kafla reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að nokkur vanskil urðu hjá M á iðgjöldum ökutækjatrýgginga hjá V. Um réttaráhrif þeirra vanskila gilda lög um váttryggingasamninga. Vísað er til 33.gr. þeirra laga í skilmálum V. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti losnað undan ábyrgð með því að senda kröfu um greiðslu sem ber með sér að váttryggingin falli niður ef ekki er greidd innan 14 daga frests. Miðað við orðalag lokaviðvörðunar sem V sendi til M 23. mars sl. telst V hafa uppfyllt þetta ákvæði laganna. Aðrar tilkynningar er ekki skylt að senda, en tilkynning skv. III. kafli reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar hefur einungis þau réttaráhrif að tilkynna um óváttryggt ökutæki og réttaráhrif niðurfellingar eru ekki bundin við móttöku tilkynningarinnar. Greiðsla M 17. febrúar sl. var einungis um þriðjungur af heildarskuld vegna ökutækjatrýgginga og breytir ekki réttaráhrifum lokaviðvörðunar vegna vanskila var send út þann 23. mars s.á. en upplýst er að ekki var greitt innan þess frests sem þar kom fram eða samið um greiðslufrest. Skv. framansögðu voru ökutækjatrýggingar M hjá V því ekki í gildi á tjónsdegi 15. apríl. sl.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ökutækjatrýggingum M hjá V.

Reykjavík 21. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um bótaskyldu orkuveitu vegna óhapps í sturtu þann 24.06. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Komið var að M í sturtu. Heitt vatn mun hafa runnið á hann þannig að hann hlaut líkamsmeiðsl af. M mun hafa fengið flogakast á meðan hann var í sturtunni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. ítarlega umföllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið telur að slys M sé fyrst og fremst að rekja til skyndilegra veikinda hans í sturtunni og þess vanbúnaðar sem var á blöndunartækjum, en á vettvangi voru ekki hitastýrð blöndunartæki heldur tvískipt blöndunartæki þ.e. með aðskildum stillingum fyrir heitt og kalt vatn. Sú ráðstöfun sé á ábyrgð húseiganda en ekki vátryggingartaka. Allt bendi til þess að M hafi legið lengi í sturtunni.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að tjónsatburð máls þessa megi rekja til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ekki er unnt að fallast á málsástæður þær sem M nefnir í málskotinu sem röksemd fyrir bótaábyrgð vátryggingartaka. Þá kröfu er ekki unnt að gera til vátryggingartaka, líkt og M heldur fram, að hann “tryggi að vatn sem dælt er inn á neysluvatnskerfi heimila verði aldrei svo heitt að hætta sé á húðbruna”. Tjónsatburð máls þessa má fyrst og fremst rekja til skyndilegra veikinda M og þess að heitt vatn hafi getað runnið á hann.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans F

Ábyrgðartrygging fasteignasala vegna greiðslu kaupverðs þ. 29.2.2008

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 9.7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V. dags. 29.6. og 21.7. ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Fasteignasalinn F hafði milligöngu um sölu alls hlutafjár í byggingarfélagi ásamt öllum eignum félagsins. Kaupendur greiddu hluta kaupverðsins með bát sem metinn var á 7 milljónir. Kaupendur lofuðu að afhenda bátinn sama dag en þegar til átti að taka gat kaupandi ekki afhent bátinn og í ljós kom að kaupandi átti ekki bátinn og hafði ekki framvísað neinni eignarheimild þá er gengið var frá kaupunum. M gera kröfu til að fá meint tjón sitt bætt vegna vanefnda kaupenda úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V. M byggja á því að um sérfræðiábyrgð sé að ræða og hafi F borið að gera söluþingrit um þá eign sem seld var og vísar M til 10.gr. lag aum sölu skipa og fasteigna nr. 99/2004 í því sambandi. V hafnar bótaskyldu og benda á að kaupendur hafi sýnt M bátinn og haft lykla að honum og því hafi F matt ætla að kaupandi væri réttur eigandi bátsins. Þá bendir V á að M hafi ekki sýnt fram á tjón. Þá bendir V á að með kaupanda og seljanda hafi í umrætt sinn verið nafngreindir sérfræðingar í fasteignaviðskiptum

Álit.

F bar að kynna sér öll atriði sem máli skipti varðandi hið selda og kaupverð hins selda þ.á.m. eignarheimild bátsins sem settur var upp í kaupin á kr. 7.000.000.-. Fyrir liggur að F kannaði ekki hvort kaupendur hefðu gilda eignarheimild og sinnti hann því ekki starfsskyldum sínum sem sérfræðingur við viðskipti kaupanda og seljanda í umrætt sinn. Kaupendur eiga því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V. Tekið skal fram af gefnu tilefni frá V að ekki er tekin afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna umræddra viðskipta, þar sem engin gögn liggja fyrir um það í málinu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V vegna þess tjóns sem M kunna að hafa orðið fyrir.

Reykjavík 18.8 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2009

M og Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar Y

Árekstur bifreiðar og reiðhjóls.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum þ. á m. skýrslu lögreglu ásamt myndum.
2. Bréf vátryggingafélagsins nefndarinnar frá 29. júlí 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að þann 3. júní 2008 varð árekstur á milli bifreiðar M og 13 ára barns (Y) á reiðhjóli en hann var ábyrgðartryggður hjá vátryggingafélaginu X. Gögn málsins bera með sér að Y hafi komið hjólandi niður brekku eina á gangstétt út á gatnamót þar sem bifreið M var stödd. Mun bifreiðin hafa verið að fíkra sig áfram við gatnamótin en þar er biðskylda og þó nokkur trjágróður sem byrgir öikumönnum sýn. Þegar bifreiðin var komin um tvo metra fram yfir yfirborðsmerkingu vegar um biðskyldu kom Y á mikilli ferð niður brekkuna á reiðhjóli sínu, sá bifreiðina og bremsaði harkalega með frambremsunni með þeim afleiðingum að hann kastaðist af hjólinu í götuna án þess að lenda á bifreiðinni, en hjólið fór utan í bifreiðina og upp á vélarhlífina. M krefur nú X um bætur vegna þeirrar eigin áhættu sem hann þurfti sjálfur að bera við uppgjör úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Almennar reglur skaðabótaréttarins gilda um ábyrgð á tjóni bifreiðarinnar. Vitni lýsa því að Y hafi verið á mikilli ferð þegar hann kom að gatnamótunum. Sannað er að hann var á of miklum hraða miðað við aðstæður og hefði hann átt að gera sér grein fyrir því þrátt fyrir ungan aldur. Gögn málsins bera ekki með sér að M hafi sýnt af sér gáleysi. Verður því að telja að Y beri fulla ábyrgð á tjóni á bifreiðinni.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Meiðsl á skemmtistaðnum 28.02. 2009, þegar flatjárn mun hafa stungist inn í kálfa M þegar M hugðist fara yfir handrið.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.07. 2009, þar sem félagið vísar til bréfs síns, dags. 26.05. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var stödd á skemmtistað. Hún slasaðist við grindverk sem hún hugðist fara yfir.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í nefndu bréfi. Félagið telur m.a. að ekki hafi sérstök slysaætta fylgt umræddu grindverki. Háttsemi M verði að telja óvenjulega og þarflausa.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Háttsemi M var óvenjuleg og þarflaus og leiðir ekki til greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Áræktur bifreiða á Kjarnagötu á Akureyri þ.8.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 10.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða tónanefndar nr.173/09
3. Bréf V-1 dags. 27.7.2009
4. Bréf V-2 dags. 31.7.2009.

Málsatvik.

A var ekið af Kjarnagötu inn á bifreiðastæði en í sömu andrá var B ekið norður bifreiðastæðið á leið út af bifreiðastæðinu og varð áræktur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ekið á 20-25 km. hraða og ekki séð til ferða B fyrir en stuttu áður en áræktur varð. Ökumaður B segist hafa séð A skyndilega fyrir framan sig og reynt að afstýra árækstri en það ekki tekist.

Álit.

Ekki verður séð miðað við öll gögn málsins að annar ökumaður beri meiri sök en hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 18.8.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 249/2009

M

og

V v/ ábyrgðartryggingar A

Vinnuslys í kjötvinnslu þann 16. júní 2008. Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13. júlí 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 11. ágúst 2009.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A þann 16. júní 2008, þegar hún var við vinnu sína við svokalla hamborgaravél. Í lögregluskýrslu vegna slyssins kemur fram að vélin þjappi saman hökkuðu kjöti fyrir hamborgara. Þar kemur einnig fram að M sagðist hafa orðið vör við að einhver hluti haksins var fastur í vélinni og hún hafi ætlað að reyna að losa aðeins um það og þá hafi vélin náð að höggva af tveimur fingrum hennar. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að það telji að aðalorsök slyssins sé rakin til þess að hægt væri var að komast að hættulegum, hreyfanlegum hlutum vélarinnar og gerir tillögu að úrbótum sem felast í því að gera ráðstafanir til þess að starfsmenn komist ekki í snertingu við hreyfanlega vélarhluti.

Lögmaður M telur að slys M sé að öllu leyti rakið til hættueiginleika vélarinnar sem M var að vinna við og að hún hafi ekki verið búin fullnægjandi hlífum þar sem hægt var að komast að hreyfanlegum hlutum hennar. Lögmaður M vísar einnig til þess að færiband vélarinnar hafi verið bilað og hafi verið þannig um nokkurt skeið auk þess að mikið álag hafi verið við vinnu við vélna og hraði. Ekki hafi M fengið kennslu eða viðvörðun varðandi öryggismál vélarinnar eða hættueiginleika hennar, auk þess sem hún hafi vart verið mælandi á íslensku og hafi því ekki getað tjáð sig nægilega skýrt við lögreglu um orsök slyssins.

V telur ósannað gegn fullyrðingum A að vélin sem M var að vinna við í greint sinn hafi verið í ólagi eða að M hafi nokkurn tíma kvartað yfir því. V bendir auk þess á að með skýrslu sinni um orsök slyssins hafi Vinnueftirlit ríkisins ekki bannað notkun vélarinnar og ráðstafanir þær, sem bent er á að grípa þurfi til, vísi einungis til þess að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að komast að hreyfanlegum hlutum vélarinnar. Vélin sé búin öryggishlíf sem fylgir henni og ekki sé gert ráð fyrir frekari hlífum á vélna að hálfu framleiðanda hennar. Vísað er til þess að M hafi fengið þjálfun og leiðbeiningar við störf sín við vélna þegar hún hóf störf hjá A þann 1. október 2004. V vísar til upplýsingar frá A um að starfsmönnum hafi verið stranglega bannað að setja hendur í vélna auk þess sem áletrun á vélinni sjálfri, á enskri tungu, kemur fram um að gæta þurfi að höndum hjá vélinni.

Álit.

Þegar lítið er til orsaka slyss M hjá A verður lagt til grundvallar að hún hafi sett hendur inn í hamborgarvél til þess að hreinsa hana. Þegar lítið er til hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar A verður ekki hjá því lítið að skv. almennum sönnunarreglum ber M að sýna fram á að skilyrði þeirrar ábyrgðar séu fyrir hendi. Í gögnum málsins koma ekki fram skýr gögn um að umrædd vél hafi verið biluð eða að M hafi kvartað yfir henni við A. Ekki er því hægt að leggja til grundvallar fullyrðingar lögmanns M um slíkt. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins vegna slyssins er vísað með almennum hætti til reglugerðar 367/2006 og gerð krafa um úrbætur sem felst í því að A skuli koma í veg fyrir að starfsfólk komist að hreyfanlegum hlutum hennar. Ekki er vísað til þess í skýrslunni að A hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðarinnar eða að hægt hafi verið að búa vélna frekari hlífum. Þá stendur eftir hvort A hafi gert nægar aðrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slys sem þessi gætu orðið. Í málinu hefur lögmaður M haldið því fram að M hafi ekki fengið

fullnægjandi leiðbeiningar um vinnu við vélina og tungumálaerfiðleikar hafi leitt til þess að M hafi ekki vitað hvernig hún átti að bera sig að við vinnu sína við vélina. Þessar fullyrðingar eru engum gögnum studdar auk þess sem ljóst er af gögnum málsins að M hafði starfað hjá A í tæp fjögur ár þegar slysið varð, m.a. við nýliðakennslu á umrædda vél. Með hliðsjón af málsatvikum er ekki annað hægt að leggja til grundvallar en að slysið sé eingöngu rakið til gáleysis M sjálfar. Að þessu virtu er ekki unnt að fallast á að A hafi sem vinnuveitandi M skapað sér skaðabótaábyrgð þannig að greiðsluskylda hafi myndast úr ábyrgðartryggingu hans hjá V.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/Söluverndartryggingar S

Ábyrgð seljenda vegna raka- og lekaskemmda íbúðarhúss.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 31. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Ágreining í málinu má rekja til þess að með kaupsamningi dags. 31. október 2007 seldu S fasteign í Reykjavík til M. S höfðu þá tekið vátrygginguna Söluvernd hjá V en sú vátrygging bætir m.a. almennt fjártjón seljenda fasteignar vegna skaðabótaábyrgðar skv. lögum um fasteignakaup nr. 40/2002, enda sé tjónið afleiðing galla á fasteigninni. M gera grein fyrir því í málskoti sínu að eftir afhendingu eignarinnar hafi komið í ljós leki á þaki. M leituðu einhliða til húsasmíðameistara til mats á fasteigninni. Hann telur, sbr. bréf dags. 2. maí 2008, að það þurfi nokkurra lagfæringa við og viðgerðarkostnaður nemi alla vega þremur milljónum króna. Mat húsasmíðameistarans á kostnaði er ekki sundurliðað. Í söluyfirliti eignarinnar kemur fram að seljanda sé ekki kunnugt um galla á fasteigninni en inn á söluyfirlitið hefur þó verið handskrifað "Kynnt við tilboð. Raki? Bólga í við við þakgluggi."

M telur að fasteignin sé haldin göllum sem felast í leka- og rakaskemmdum og að seljendum hafi verið kunnugt um þá galla. Þeir beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M sem felist í fyrirsjáanlegum viðgerðarkostnaði upp á a.m.k. þrjár milljónir króna. Ekki hafi M getað kannað eigninna nægilega vel við skoðun þannig að gallarnir kæmu í ljós en að S hafi ekki getað dulist ástand eignarinnar og borið að segja frá því. Byggir M á því að með mati húsasmíðameistara sé ljóst að skilyrði 18.gr. laga nr. 40/2002 séu uppfyllt.

V telur ábyrgð S ekki fyrir hendi og vísar til dóma Hæstaréttar Íslands um túlkun á hugtakinu galli í skilningi laga nr. 40/2002 og telur að M hefðu átt að þekkja til þeirra galla sem þeir vísa til í málskoti sínu. Sérstaklega er vísað til handskrifaðra upplýsinga á söluyfirliti um raka eða "...bólgu í við við þakglugga..." sem sýni að M hefði átt að kynna sér ástand fasteignarinnar betur. Einnig telur V að M hefði átt að þekkja til ástands þakjárns fasteignarinnar við eðlilega skoðun og ekki átt að geta dulist að það væri illa farið af ryðskemmdum. Einnig er vísað til aldurs fasteignarinnar, en hún var byggð árið 1986. V mótmælir því að S hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi við sölu fasteignarinnar og vísar til ástandsskoðunar sem gerð var á henni fyrir sölu og þess að tilboð hafi ekki verið gert að hálfu M fyrir en þau höfðu skoðað eignina tvisvar. Einnig bendir V á þar að auki séu þeir gallar sem komi til skoðunar í málinu rýri ekki verðmæti fasteignarinnar svo nokkru varði, eins og áskilið er í 18.gr. laga nr. 40/2002. Í álit V kemur fram að félagið hafi leitað álits byggingarfróðra aðila sem telji að kostnaður við lagfæringar sé ekki meira en um ein milljón króna. Kaupverð fasteignarinnar hafi verið kr. 41.700.000.- og því sé ljóst að ætlaður kostnaður rýri ekki verðgildi eignarinnar, en lagt hefur verið til grundvallar í skrifum ýmissa fræðmimanna að galli verið að rýra verðmæti eignar um a.m.k. 10% til þess að geta talist skaðabótaskyldur galli í skilningi laga nr. 40/2002.

Álit.

Í 18.gr. laga nr. 40/2002 kemur fram að fasteign teljist gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögnum eða kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi. Málskot M byggir á því að fyrir hendi sé ábyrgð hjá S skv. umræddri grein en greiðsluskylda V úr Söluvernd tekur til þeirrar ábyrgðar. Skv. almennum sönnunarreglum ber M

að sýna fram á að skilyrði umræddra laga séu fyrir hendi. Í málinu liggur fyrir söluyfirlit þar sem var handskrifuð setning sem vísar til mögulegs raka og bólgu í við við þakglugga. Í málskoti M kemur fram sú skýring að sú tilvísun hafi verið vegna bólgu á einum stökum glugga og að enginn hefði getað gert sér í hugarlund að skemmdir væru eins víðtækar og þær reyndust vera. Þegar metin er möguleg saknæm háttsemi S verður þó að líta til þessa og verður ekki hjá því komist að ætla að full ástæða hafi verið fyrir M sem kaupendur að sinna skoðunarskyldu sinni betur með hliðsjón af þessum athugasemdum við tilboðsgerð. Ekki voru gerðir fyrirvarar að hálfu M við kaupsamningsgerð hvað þetta varðar. Ekki þykir sannað að seljendur hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með hliðsjón af þessu sem og því að ekki var um nýja fasteign að ræða. Ekki er því sannað að skilyrði 18.gr. laga nr. 40/2008 sé uppfyllt hvað varðar saknæma háttsemi seljanda. Að þessu gefnu stendur eftir annað skilyrði umræddrar 18.gr. um að bótaskylda stofnist ef ágalli rýri verðmæti notaðrar fasteignar svo nokkru varði. M hefur lagt fram ósundurliðaða og stutta matsgerð húsasmíðameistara um ætlaðan kostnað upp á a.m.k. þrjár milljónir vegna viðgerða. V hefur í athugasemdum sínum vegna málsins vitnað til álits byggingarfróðra aðila sem telja ætlaðan viðgerðakostnað um eina milljón króna. Kaupverð fasteignarinnar var eins og áður er komið fram meira en fjörutíu milljónir króna. Miðað við þau fátæklegu gögn sem lög hafa verið fram um ætlaðan kostnað við að bæta úr ágalla þeim sem M heldur fram að hafi verið á fasteigninni telst ekki sannað að hann rýri verðmæti eignarinnar svo nokkru varði í skilningi 18.gr. laga nr. 40/2002. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi úr Söluvernd hjá V.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr Söluvernd V.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar og slysatryggingar launþega (S)

Vinnuslys 17.10. 2006 og 25.04. 2007, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M gerir kröfu til greiðlu bóta úr slysatryggingu launþega og/eða nefndri ábyrgðartryggingu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. fyrirliggjandi gögn. Athygli vekur að félagið sendi nefndinni ekki afstöðu sína til málskotsins.

Álit.

M gerir aðallega þá kröfu að viðurkennd verði bótaskylda úr nefndri ábyrgðartryggingu á vinnuslysum M. Til vara er krafist að viðurkennt verði ábyrgð vátryggingafélagsins á grundvelli slysatryggingar launþega hjá S.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi úr slysatryggingu launþega vegna slyssins á árinu 2006, þegar M rak fót sinn undir vörubretti og snéri sig á hné. Lagt verður til grundvallar að frásögn M sé réttmæt og að um slys hafi verið að ræða. Ekki hefur verið nægjanlega sýnt fram á að vinnuaðstaðan hafi verið ófullnægjandi í þessu tilviki og því kemur umrædd ábyrgðartrygging ekki til álita.

Greiðsluskylda er fyrir hendi úr nefndri ábyrgðartryggingu vegna slyssins á árinu 2007, þegar stæða hrundi á M vegna brotins bakka. Vinnuaðstaðan, sem bent hafði verið á, var ófullnægjandi í því tilviki.

Ofanrituð umfjöllun tekur enga afstöðu til afleiðinga þeirra atvika sem hér um ræðir. M hefur sem fyrr sönnunarbyrði um fjárhagslegar afleiðingar þeirra óhappa sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi úr slysatryggingu launþega vegna slyssins á árinu 2006 og úr ábyrgðartryggingu vegna slyssins á árinu 2007.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 252/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. gæludýratryggingar v G.

Ágreiningur um bótaskyldu úr gæludýratryggingu v dauða tíkur þ.15.9.2008 .

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 16.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 4.8.2009.

Málsatvik.

M tók gæludýratryggingu fyrir tíkina G og þ.15.9.2008 lést G og í kjölfarið krafði M V um greiðslu tryggingarfjárins kr. 300.000 sem M telur markaðsvirði tíkurinnar. Ágreiningur er við V um bótafjárhæðina og hefur V greitt M kr. 180.000 sem félagið telur markaðsvirði hins vátryggða gæludýrs. M hafnar því að um fullar bætur samkvæmt tryggingunni sé um að ræða og krefst þess að fá greiddar bætur úr gæludýratryggingu sinni svo sem kveðið var á um í tryggingu fyrir tíkina.

Álit.

V hefur ekki lagt fram gögn sem sýnir að markaðsverð tíkurinnar hafi verið annað en kveðið var á um í tryggingu þeirri sem tekin var fyrir tíkina. Ekkert er því komið fram í málinu sem réttlæta það að V greiði annað og minna en kveðið var á um í vátryggingaskírteini fyrir dýrið.M á því rétt að fá greiddar bætur fyrir tíkina G kr. 300.000.-

Niðurstaða.

V ber að greiða kr. 300.000.- til M vegna gæludýratryggingar G að frádreginni þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt.

Reykjavík 18.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar**

Krafa um bætur úr húftryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. júlí 2009, ásamt fylgiskjöllum, þ. á m. umboð, bréf til vátryggingafélagsins frá 19. júní 2009, tölvubréfasamskipti og greiðsluseðill.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar frá 31. júlí 2009, ásamt útfylltu uppsagnareyðublaði frá 15. janúar 2009.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti telur M að bifreið hans hafi verið húftryggð hjá vátryggingafélaginu X þann 6. júní 2009 þegar bifreiðin lenti utan vegar á Garðvegi, milli Garðs og Reykjanesbæjar. X telur aftur á móti að vátryggingin hafi verið fallin niður.

Þann 15. janúar 2009 undirritaði M uppsagnareyðublað þar sem fram kom að hann segði upp húftryggingu sinni hjá X frá og með 1. júní 2009. Uppsögnin barst ekki vátryggingafélaginu X fyrr en 14. maí 2009 eða eftir að X hafði sent greiðsluseðil þann 24. apríl 2009 til M vegna endurnýjunar á húftryggingunni, sbr. 18. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Litið er svo á að uppsögnin frá 14. maí 2009 hafi felld úr gildi endurnýjunartilboð vátryggingafélagsins X frá 24. apríl 2009 enda þá ljóst að M vildi ekki húftryggja bifreið sína hjá X. Talið er að X hafi verið rétt og skylt að fella niður húftrygginguna frá 1. júní 2009 í samræmi við uppsögn M og því var hún ekki í gildi þegar bifreiðin skemmdist þann 6. júní 2009.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík 18. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskylduverndar 2.

Maður olli tjóni þegar hann datt á sjónvarp þ.24.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 17.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 28.júlí 2009.

Málsatvik.

M var að mála íbúð fyrir mágkonu sína og missteig sig þegar hann var á leið niður úr tröppu og datt á sjónvarp sem datt í gólfið og brotnaði. M krefst bóta úr tryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að um óhapp hafi verið að ræða og M hafi ekki bakað sér bótaábyrgð.

Álit.

Mjög takmörkuð gögn fylgja málskoti þessu. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki annað ráðið en að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem M á ekki rétt á að bætt sér úr nefndri tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskylduverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.7 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar**

Tjón á fartölvu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. júlí 2009, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar frá 30. júlí 2009.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að M var á ferðalagi með börnum sínum og bróður. Þegar þeir komu á áfangastað fór M að taka farangur úr bifreiðinni. Þegar hann var á leið inn í hús með nokkrar töskur féll fartölva bróður hans úr skotti bifreiðarinnar. Mun þriggja ára sonur M hafa verið við bílinn þegar þetta gerðist. Þess er nú krafist að ábyrgðartrygging X bæti tjónið á fartölvunni.

Álit.

Ekkert kemur fram í gögnum málsins sem gefur til kynna að um saknæma háttsemi M hafi verið að ræða en það er skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni. Ósannað er að sonur M hafi átt hlut að máli.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík 18. ágúst 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um bótaskyldu, vinnuslys við fall úr stiga þann 14.03. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var við vinnu sína sem trésmiður. Hann var að fara af vinnupalli niður á svalir. Hann notaði til þess stiga sem var reistur af svölunum og upp á vinnupallinn. Þegar M steig á stigann rann hann undan M eftir hellulögðu gólfinu. Við það féll M og slasaðist. Um málsatvik er að öðru leyti vísað til fyrirliggjandi gagna.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. ítarlega umföllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Vinnueftirlit ríkisins telur að umræddur stigi hafi verið ófullnægjandi og ekki nægjanlega skorðaður.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Umræddur stigi var ófullnægjandi og um leið aðstæður á vettvangi. Á því ber vátryggingartaki ábyrgð á.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar. Ástæður slyss þessa má fyrst og fremst rekja til ófullnægjandi aðstæðna á vettvangi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Tryggvagötu og Grófarinnar í Reykjavík þ.12.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 22.7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 608/2008
3. Bréf V-1 dags. 31.7.2009
4. Bréf V-2 dags. 29.7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

A var ekið Tryggvagötu til austurs og segist ökumaður hafa séð B þegar hann nálgast gatnamótin við Grófina og séð að ökumaður B hafi ætlað að aka inn á Tryggvagötu og aka götuna til vesturs og hafi hann reynt að sveigja frá en það ekki dugað til að afstýra árekstri. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka inn á Tryggvagötu og aka hana til vesturs og hafi hún ekið inn á gatnamótin og ekki tekið eftir A og því hafi hún ekið í hlið A.

Álit.

Þar sem árekstur varð með A og B gildir almennur umferðarréttur og bar A því að veita B forgang og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 18.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2009

M v/bifreiðarinnar B

og

vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar þvottastöðvar N

Ábyrgð eigenda þvottastöðvar vegna lakkskemmda á bifreið.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 29. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Þann 12. maí 2009 ók M bifreiðinni B í gegnum þvottastöð N í Kópavogi. Þegar bifreiðin kom út úr þvottastöðinni gerði M starfsmönnum N viðvart um lakkskemmdir á bifreiðinni sem hann taldi hægt að rekja til þvottastöðvarinnar auk þess sem merki á B hafi farið af og skoðunarmerki að framan hafi tættst í sundur.

M telur að þvottastöð N beri ábyrgð á tjóni því sem varð á B í umrætt sinn. Hann hafi oft farið með B í gegnum þvottastöðvar og það hljóti eitthvað að hafa verið að þessari fyrst tjón varð á B með þeim hætti sem varð.

V telur ósannað að tjón á B megi rekja til bilunar í þvottastöðinni eða vanbúnaðar hennar að nokkru leyti. Ekki sé heldur ljóst að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna þvottastöðvarinnar. Auk þess vísar V til leiðbeininga til viðskiptavina þvottastöðvarinnar um að ekki sé borin ábyrgð á rispum á bón- eða lakkhúð bílsins.

Álit.

Um er að ræða bifreið sem M fer með í sjálfvirka þvottastöð N í Kópavogi. Í málinu liggur ekkert fyrir um að þvottastöðin hafi verið í ólagi á tjónsdegi. Ekki hefur heldur verið sannað af gögnum málsins að starfsmenn N hafi með saknæmum hætti valdið tjóni á bifreið M. Þegar lítið er til þessa og skýrrar ábyrgðarleysisyfirlýsingar N í leiðbeiningum fyrir viðskiptavinum hinnar sjálfvirku þvottastöðvar, sem þeir lesa áður en þeir fara með bifreiðar sínar í gegnum þvottastöðina, telst M ekki hafa sýnt fram á skaðabótaábyrgð N. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 260/2009
M og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar H

Stafsmaður á sjúkrastofnun slasast þegar hún var að aðstoða vistmann þ. 9.9.2005.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 22.7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V. dags. 4.8.2009.

Málsatvik.

M var að aðstoða vistmann við að klæða sig og beygði M sig niður og teygði sig í buxur vistmannsins til að hífa þær upp. M segir að þá hafi samstarfskona hennar misst tök á buxunum og rekið fingur af miklu afli í auga M með þeim afleiðingum að M slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda H hjá V og telur að verkstjórn hafi verið ábótavant auk þess sem samstarfskona hafi staðið að verki með óforsvaranlegum hætti og frekari leiðbeiningar hefði átt að veita við framkvæmd starfans. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M og samstarfskona hennar í umrætt sinn séu reyndir starfsmenn. Um hafi verið að ræða einfalt verk og því alfarið hafnað að starfsmenn H eða fyrirsvarsmenn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi vanrækslu eða annað sem leitt gæti til skaðabótaskyldu.

Álit.

Verk það sem M var að vinna ásamt samstarfskonu sinni var einfalt. Í gögnum málsins kemur ekki fram sönnun þess að H eða aðilar sem hann ber ábyrgð á hafi sýnt af sér háttsemi sem leitt gæti til skaðabótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 24.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A

Vinnuslys í álveri þann 16. júní 2006. Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 7. ágúst 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A þann 16. júní 2006 þegar hann rann, með þeim afleiðingum að hægri fótur hans lenti í lekadalli með sjóðandi áli. M var að vinna við að skafa fljótandi álleifar úr síuhúsi ofan í lekadallinn eftir að steypu var lokið. Nánar tiltekið stóð hann á innri dalli á yfirfallsrennu og skrifaði fótur með fyrrnefndum afleiðingum. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að M hafi verið settur í verkið tilfallandi en hann sinni yfirleitt öðrum störfum á vinnustaðnum. M telur að A hafi ekki gætt þess nægilega vel í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og aðbúnað á vinnustöðum, að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slys sem þetta gæti orðið. Vísar M til álits Vinnueftirlits ríkisins að orsök slyssins megi rekja til þess að lekadallurinn hafi verið óvarinn og tillagna um að úrbætur verði gerðar til að koma í veg fyrir að slys sem þetta geti endurtekið sig. M vísar einnig til skyldu vinnuveitanda skv. áðurnefndum lögum til að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt við framkvæmd starfa og sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun. V heldur því fram að skaðabótaábyrgð A hafi ekki stofnast vegna slyssins þar sem M hafi brugðið út af verklagi sem viðhaft var venjulega við verkið. V bendir auk þess á að M hafi unnið lengi hjá A og átt að vera vel meðvitaður um þá hættu sem stafaði af fljótandi áli.

Álit.

Starfsemi A er þess eðlis að nokkur hætta stafar af henni. Ríkar kröfur eru til A um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stuðla að öryggi á vinnustaðnum, bæði hvað varðar umbúnað og það að starfsfólk fái skýrar leiðbeiningar um framkvæmd verka. Ekki er annað að sjá af gögnum málsins en að auðvelt hefði verið fyrir A að gera áhættumat vegna framkvæmd þess verks sem M vann þegar slysið varð, auk þess sem aðbúnaður var þess eðlis að lekadallur sá sem M virðist hafa stigið á var óvarinn. Í ljósi þess að M var óvanur framkvæmd þessa tiltekna verks bar vinnuveitanda hans að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi hans við framkvæmd þess. Með vísan til ofangreinds telst A hafi ekki uppfyllt ákvæði 14. og 46.gr. laga nr. 46/1980 og að það eru orsakatengsl milli þess og slyssins. Ef V telur að M hafi farið gegn venjulegu verklagi á vinnustaðnum stendur það honum nær að sýna fram á hvert það vinnulag var, en gögn um meint vinnulag hafa ekki verið lögð fyrir nefndina með nægilega skýrum hætti. M sjálfur sýndi gáleysi við það stíga svo nálægt lekadallinum sem hann gerði. Þykir, með hliðsjón af starfsreynslu hans hjá A og eðlilegrar aðgátar, rétt að hann beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar (A)

Umferðaróhapp 30.04. 2009, ökumaður ók austur Miklubraut á vegrið og yfirgaf vettvang, fíkniefnaneysla, ágreiningur um brottfall bótaréttar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.08. 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M, eigandi bifreiðarinnar, telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Sonur hennar ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Það telur að hann hafi verið varanlegur umráðamaður bifreiðarinnar. Hann flúði af vettvangi og var handtekinn skömmu síðar, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að ökumaðurinn hafi ekki sýnt fram á að hann hafi verið alskáður við akstur bifreiðarinnar. Dómstólar hafi lagt það á þá aðila sem segjast hafa neytt áfengis eða fíkniefna eftir að akstri lauk að þeir þurfi að sanna að þeir hafi verið alsgáðir þegar óhappið varð. Félagið vísar til áhrifa stórkostlegs gáleysis sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 2. mgr. 29. gr. sömu laga um samsömun.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsaburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Líkt og vátryggingafélagið bendir á veldur þetta brottfalli bótaréttar sbr. ákvæði vátryggingarskilmála og 2. mgr. 27. gr. sbr. og 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2009

M

og

Vátryggingafélagið X hf. v/sjúkra- og slysatryggingar

Meiðsl á skemmtistað 22.12. 2008, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.07. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.07. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M mun hafa orðið fyrir meiðslum á skemmtistað. Áltítaefni er m.a. hvort M hafi verið ölvuð er hún missteig sig ellegar rann til á blautu gólfi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið vísar til áverkavottorðs þar sem því er haldið fram að M hafi verið á skemmtistað, “drukið talsvert af áfengi og missteig sig”. Félagið vísar til síðari tilkynninga um atvik þar sem fram komi að um vinnuslys hafi verið að ræða og sérstaklega merkt við að “tjónþoli hafi ekki verið undir áhrifum áfengis...” Félagið telur ósannað að um utanaðkomandi atburð (slys) hafi verið að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Mál þetta er illa upplýst. Ósannað er að M hafi verið ölvuð í umrætt sinn. Ósannað er hvort um slys hafi verið að ræða. Ekki liggur fyrir hvort M hafi misstigið sig eða runnið til á blautu gólfi. Með hliðsjón af framanrituðu er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (P)

Vinnuslys við fall í lyftuopi þann 31.03. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M féll niður um lyftuop er hann sagaði planka undan sér. M slasaðist við vinnu sína á vinnusvæði P.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í nefndu bréfi. Það telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi P eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ljóst sé að M hafi viðhaft röng vinnubrögð er hann vann við að saga planku í lyftuopinu. Félagið telur að M hafi unnið verkið í óþökk P. Það vísar og til þess M hafi verið starfsmaður starfsmannaleigu en ekki starfsmaður P. Lagaskylda hafi því ekki hvílt á P að gera M ljósa slysa- og sjúkdómahættu eða sjá um að hann fengi nauðsynlega kennslu og þjálfun, sú skylda hafi hvílt á vinnuveitanda M. Af hálfu P hafi samt sem áður verið útskýrt fyrir M hvað hann átti að gera þegar hann kom á staðinn. Í því hafi ekki falist að saga planku í lyftuopi heldur aðstoð við tvo smíði við þeirra störf. Verkstjórn hafi ekki verið ábótavant. Félagið telur að ef úrskurðarnefndin komist að því að bótaskylda sé fyrir hendi þá er það afstaða félagsins að M beri sjálfur sök á tjóni sínu vegna eigin sakar. Honum hafi mátt vera ljós sú “hætta sem fólgin var í því að beita sög niðurfyrir sig þ.e. saga undirstöðu undan sér”. Félagið vísar til þess að þetta var fimmti starfsdagur M í vinnu. P hafi gengið út frá því að M hafi verið vanur byggingarverkamaður.

Vinnueftirlitið telur að slysið megi rekja til “rangra vinnubragða sem hugsanlega má rekja til misskilnings vegna tungumálaörðugleika”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ljóst að rekja megi slys M til rangra vinnubragða, ófullnægjandi verkstjórnar og mögulegs misskilnings vegna tungumálaörðugleika. Mikilvægt er að P og/eða starfsmenn hans þ.á m. verkstjórar kynni sér reynslu og þekkingu þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til verka. Breytir ekki framanrituðu þó þeir séu starfsmenn starfsmannaleigu. Ábyrgð á verkstjórn í þessu tilviki virðist hafa verið hjá P og eftir atvikum reyndum starfsmönnum hans. Fyrir liggur að tungumálaörðuleikar voru fyrir hendi og að M hafi átt að vinna sem verkamaður á vinnusvæðinu þ.e. að aðstoða smíði á staðnum. Lagt verður til grundvallar að verkstjórn og um leið aðstæður á vettvangi hafi verið ábótavant, vegna þessa er greiðsluskylda fyrir hendi.

Miðað við takmarkaða starfsreynslu M og tungumálaörðuleika er ekki tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar greiðslukorts

Maður slasaðist í ferð erlendis þ.19.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 23.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-45
2. Bréf V. dags. 5.8.2009.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir slysi þegar hann var að ganga inn á hótél ásamt samferðafólki sínu. M segist hafa litið aftur fyrir sig og gekk þá á tröppur svo hann hrasaði og skall á andlitið og braut tannbrú. Í bréfi lögmanns M segir að ákveðinn nafngreindur maður hafi verið með honum í för og orðið vitni að slysinu. Vitnisburður þessa nafngreinda manns liggur þó ekki fyrir. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi borist til félagsins fullnægjandi gögn til að unnt sé að meta bótaskyldu. Í bréfi V dags. 11.maí s.l. segir að þau gögn sem fyrir liggja staðfesti að gert hafi verið við tannbrú í M en ekki að um slys hafi verið að ræða.

Álit.

Athugasemdir V eru ófullkomnar en samt sem áður verður ekki annað séð en V hafni bótaskyldu vegna þess að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um að M hafi orðið fyrir því slysi sem M heldur fram að hann hafi orðið fyrir. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um slys M nema frásögn hans sjálfs. Vottorð og/eða vitnisburðir samferðarfólks M liggja ekki fyrir í málinu. Fyrir liggur að hafi M orðið fyrir því slysi sem hann heldur fram að hann hafi orðið fyrir þá á hann rétt á bótum sbr. grein 4.3.3. í þeim tryggingarskilmálum sem hér ræðir um. Miðað við fyrirbyggjandi gögn þá hefur M þó ekki fært fram fullnægjandi sönnur um að hann hafi orðið fyrir því slysi sem hann segist hafa orðið fyrir. Meðan svo er verður V ekki úrskurðað bótaskyld í málinu.

Niðurstaða.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn þá á M ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/greiðslukortatryggingar

Bílaleigutrygging í greiðslukortatryggingum. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 4. ágúst 2009.
- 3) Tölvupóstur dags. 17. ágúst 2009 vegna viðbótargagna.

Málsatvik.

M leigði bílaleigubíl í Noregi í apríl sl. Í leigusamningi kemur fram að inni í samningnum sé svokölluð kollisjonskadekning (CDW) og tyveriskadedekning sem virðist bæði ná til þjófnaðar og skemmdarverka á bílnum. Einnig kemur fram að eigin áhætta leigutaka sé NOK 6000 vegna þessa. Bílaleigubílnum var skilað þann 13. apríl en daginn eftir sendi bílaleigan M bréf um að tjón hefði verið á bílnum þegar honum var skilað. Í bréfinu kemur fram að bílaleigan krefji M um eigin áhættu hans í tengslum við tjónið.

M telur að V eigi að greiða bætur úr bílaleigutryggingu greiðslukorts hans, sú trygging hafi verið í gildi og gildissvið hennar nái til tjónsins. V vísar til skilmála bílaleigutryggingar greiðslukortsins en þar kemur fram í gr. 1.1. að vátryggingin gildi aðeins ef vátryggður hafnar því að kaupa af bílaleigunni "Loss Damage waiver" tryggingu (kaskótryggingu) eða viðlíka vátryggingu vegna hins leigða bíls. Þar sem M hafi leigt bíl með viðlíka vátryggingu og vísað er til í gr. 1.1. falli tilkynnt tjónsatvik utan gildissviðs tryggingarinnar.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum þeim sem um bílaleigutryggingu greiðslukorts gilda kemur skýrt fram í gr. 1.1. hvert gildissvið hennar er. Þar er kveðið á um að vátryggingin öðlist ekki gildi nema korthafi greiðslukortsins hafni því að kaupa kaskótryggingu eða viðlíka vátryggingu vegna bílsins. Þegar hins vegar er litið til framlagðra gagna verður að líta svo á að í bílaleigusamningi M séu "kollisjonsdekning" og "tyveridekning" viðlíka vátryggingar og kaskótrygging í skilningi fyrrnefndrar gr. 1.1. í vátryggingarskilmálum. Um er að ræða vernd fyrir tjóni sem verður vegna áreksturs, þjófnaðar og skemmdarverka auk þess sem í bílaleigusamningnum er kveðið er á um eigin áhættu leigutaka vegna tjóns. Nefndin leggur ekki mat á viðskiptaskilmála bílaleigunnar norsku um hvort hún hafi gert M kleift að hafna því að bíllinn sem hann leigði væri með þeirri vernd sem vísað er til. Með vísan til ofangreinds telst tjónsatvikið falla utan gildissviðs vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr bílaleigutryggingu greiðslukorts hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur á Biskupstungnabraut við Keríð Ölfushreppi 06.06. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.08. 2009 ásamt fylgiskjali.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 10.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina. A ók á undan og beygði inn að Kerínu í þann sama mund sem B var ekið framúr.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að reyna að aka framúr á nefndum stað, hann telur og að ökuhraði B hafi verið of mikill sbr. nánar umfjöllun M í gögnum málsins.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka framúr á óbrotinni miðlínu. Ekki verði sett sök á ökumann A þó hann hafi jafnvel stöðvað til að taka vinstri beygju að fjölförnum ferðamannastað. Ekki sé unnt að taka mið af vitni sem ók á eftir B því þar hafi faðir B verið á ferð og því gæti hann verið hlutdrægur í málinu.

Vátryggingafélag B gerir ekki athugasemdir í málinu.

Ökumaður B staðhæfir í skrifum, dags. 13.07. sl., m.a. að A hafi stöðvað á þjóðveginum og lokað þannig fyrir umferð, samkvæmt eigin lýsingu í skýrslu lögreglu stöðvaði hann eða var á “lullinu í um eina mínútu”. Stefnúmerki hafi ekki verið gefið og viðkomandi hafi engin viðbrögð sýnt þó “flautað væri á hann af tveimur bifreiðum”. Ökumaður B kveðst hafa flautað til að vara ökumann A við og ekið hægt framúr.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Lagt er til grundvallar að hann hafi stöðvað á þjóðveginum og ekið síðan af stað í vinstri beygju án þess að gefa stefnuljós og án þess að huga að umferð sem á eftir kom. Athygli vekur að haft er eftir ökumanninum í skýrslu lögreglu, er hann var spurður um hvort hann hafi veitt því eftirtekt hvort einhver bifreið hafi verið fyrir aftan, að hann kveðst “ekki hafa tekið eftir því þar sem hugarinn hafi verið við Keríð”. Ofanritað og fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að ökumaður A hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2009
M og
Vátryggingafélagið V innbústryggingar.

Nuddpotti var stolið úr gámi þ.12.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 24.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 5.8.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Vatnsnuddpotti var stolið úr gámi af geymslusvæði í Hafnarfirði. Gámurinn hafði verið læstur með hengilás. M krefjast bóta út tryggingu sinni hjá V og taka fram að þau hafi sýnt nægjanlega varúð, ljóst sé að um innbrot hafi verið að ræða í læstan gám og bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt ákvæðum skilmála tryggingarinnar. V hafnar bótaskyldu og telur að heitur pottur falli ekki undir venjulegt innbú og því falli þjófnaðurinn ekki undir gildissvið þeirrar tryggingar sem um ræðir.

Álit.

Trygging sú sem um ræðir tekur til almenns innbús og í vátryggingaskilmálum er því nánar lýst hvað við er átt. Ljóst er að 7 manna vatnsnuddpottur heyrir ekki undir það sem skilgreint er sem almennt innbú og þess vegna tekur sú trygging sem M hafa hjá V hvað þetta varðar ekki til þjófnaðarins á vatnsnuddpottinum og M á því ekki rétt á bótum vegna þjófnaðarins úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

V á ekki rétt á bótum úr fjölskylduverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Áræktur á Stangarhyl í Reykjavík þann 8.7.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 24.7.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 30.7.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 10.8.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið inn á Stangarhyl frá nánar tilgreindu húsi við götuna. Drapst þá á vél bifreiðarinnar. Er vélin hafði verið ræst að nýju og A var ekið af stað, var bifreiðinni B ekið áleiðis fram úr henni og rákust þá saman vinstri framhlið A og hægri framhlið B.

Ökumaður A kvað bifreið sína hafa farið í gang samstundis við fyrsta strart og hafi hann ekið áfram. Er hann hafði ekið um þrjá metra hafi B verið ekið í framhlið A. Hafi hann verið við óbrotna miðlínu og biðskylda verið framundan. B hafi verið eina bifreiðin sem í umrætt sinn hafi verið ekið fram úr A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið vestur Stangarhyl. Við gatnamót framundan hafi A verið á götunni þar sem drepist hafði á vél hennar. Öllum öðrum bifreiðum var ekið fram úr A og hafi hann einnig ætlað að aka fram úr A. Er hann hafi verið samhliða A hafi bifreiðin farið í gang og ökumaður hennar beygt til vinstri án þess að gefa stefnumerki.

Álit.

Óumdeilt er að A stöðvaðist á götunni er drapst á vél hennar. Er ökumaður hennar hugðist aka af stað að nýju bar honum að gæta þess að það væri unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og ber hann af því sök á árekstrinum. Eins og atvik liggja fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður B hafi hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 1. september 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atv.rekstrar

Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar frá 17. ágúst 2009.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína þann 11. apríl 2007. Slysið varð með þeim hætti að M féll niður um 3,5 metra er hann var að klæða stýrishús dráttarbíreiðar. Vinnuveitandi hans var með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá X. M telur að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og beinlínis hættulegar. Enn fremur að hann hafi notað þau tæki sem vinnuveitandi hans hafi lagt honum til og að hann hafi ekki átt þess kost að vinna verkið á annan hátt. Vinnuveitandinn og X mótmæla þessu og telja að ýmis tæki og tól hafi verið á staðnum fyrir M, sem er lærður járnsmiður, til að vinna verkið á öruggan hátt. M hafi verið í sjálfsvald sett hvernig hann hagaði verki sínu við viðgerð á dráttarbíreiðinni.

Álit.

Fyrir liggur að M er járnsmiður að mennt. Hann virðist hafa ákveðið vinnutilhögun sína alfarið sjálfur. Fullyrðingar M og X um hvort fullnægjandi tæki og tól hafi verið til staðar fyrir M til að vinnuaðstaða hans yrði örugg miðað við verkið, ganga þvert á hvor aðra. Gögn málsins bera ekki nægilega skýrt með sér að M hafi ekki haft aðgang að fullnægjandi vinnuaðstöðu. Er því óhjákvæmilegt að telja sök vinnuveitandans, miðað við gögn málsins, ósannaða í þessu máli. Þar af leiðandi er óþarft að taka afstöðu til eigin sakar M.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík 1. september 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B

Árekstur skammt frá gatnamótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur 18.09. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðunum var ekið í sömu áttina út úr hringtorginu sem á gatnamótunum er. Bifreiðarnar lentu saman og bar ökumönnum á vettvangi ekki saman um hvað gerst hafði. Báðir ökumenn segjast hafa ekið á vinstri akrein hringtorgsins. Ákoman á A er á vinstra framhorni en á B er hún á afturbretti hægra megin.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að B hafi verið ekið vinstra megin fram úr A. Virðist sem ökumaður A hafi ekki hugað nægjanlega að annarri umferð og árekstur orðið. Virðist sem ökumaður A hafi ekið á B, hann hafi í raun ekið hægra megin frammeð B. Vegna þessa varð árekstur bifreiðanna. Lagt er til grundvallar að B hafi verið á vinstri akrein líkt og ökumaðurinn heldur fram.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S

Maður datt í stiga við vinnu sína og slasaðist þ.23.8.2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 29.7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-13.
2. Bréf V dags. 10.8.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi verið að fara með sendingu á fiski á veitingastað og þurft að fara með hana niður brattan stiga ofan í kjallara og hafi hann stigið á hálan flöt í stiganum í fyrstu ferð sinni niður með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og fell niður sjö þrep og meiddist. Samstarfsmaður M staðfestir frásögn hans um að halt hafi verið í stiganum. M krefst bóta og telur að starfsfólk S hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar með því að þurka ekki upp vatn eða fitu sem hafi verið í stiganum. Þá hafi stiginn ekki verið í samræmi við byggingarreglugerð þar sem handrið hafi vantað auk þess hafi gólfefni verið sleipt. V hafnar bótaskyldu og telur vátryggingataka ekki hafa bakað sér skaðabótaskyldu þar sem slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna S og sá stigi sem um ræðir sé hvorki hættulegur né torfær þá verði ekki séð að orsakasamhengi sé á milli falls M og að handrið var ekki til staðar.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að starfsfólk S hafi bakað sér bótaskyldu og þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að leiði til bótaskyldu S. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 25.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði verslunar við Seljabraut í Reykjavík þ. 4.7.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.8.2009 ásamt fylgiskjali
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 317/09
3. Tjónaskýrsla dags. 4.7.2009
4. Bréf V-1 dags. 24.8.2009.
5. Bréf V-2 dags. 31.8.2009.

Málsatvik.

A var ekið afturábak úr stöðureit en B var ekið afturábak eftir akstursleið bifreiðastæðisins og varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa verið að bakka og búin að setja í drive þegar árekstur varð, farþegi í bifreið A ber með sama hætti og ökumaður A. Ökumaður B segist hafa verið að bakka í rólegheitum þegar A hafi skyndilega birst þegar hann kom út úr einu bifreiðastæðinu

Álit.

Óumdeilt er að báðar bifreiðarnar voru að bakka og hvorugur ökumaður sýndi nægjanlega aðgæslu við það tækifæri en sérstök varúðarskylda hvílir á báðum ökumönnum í þessu tilvik. Báðir ökumenn bera því sök á árekstrinum og ekki verður séð að edlilegt sé að leggja meiri sök á annan umfram hinn. Sök skiptist því til helminga. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi verið stöðvuð það lengi að máli skipti varðandi sakarskiptingu svo sem ökumaður A og farþegi í A halda fram.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 15.9. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Holtavörðuheidi við Miklagil þann 27.6.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.8.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 20.8.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 24.8.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið á þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi, suður Holtavörðuheidi. A var fremst í röð fimm bifreiða sem var heitið inn á línuveg að Miklagili vinstra megin við veginn. Er A var beygt til vinstri áleiðis út af veginum var B ekið fram úr bifreiðunum og rakst vinstra framhorn B í afturenda A.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt út af veginum. Bil á milli A og næstu bifreiðar fyrir aftan hana hafi verið mjótt, þegar B var ekið fram úr þannig að B rakst á afturenda A. Ökumaður kvaðst hafa gefið stefnumerki.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 90 km hraða og hafi verið að aka fram úr A þegar henni hafi skyndilega verið beygt í veg fyrir hann. Engin stefnumerki hafi verið gefin á A.

Vitni sem var farþegi í framsæti hægra megin í annarri bifreið fyrir aftan A kvað ökumann A hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Hægt hafði verið á ferð bifreiðanna sem þarna voru í samfloti.

Álit.

Ökumaður A staðhæfir að hann hafi gefið stefnumerki til vinstri. Vitni í annarri bifreið fyrir aftan A hefur ennfremur borið að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Þykir mega leggja til grundvallar að ökumaður A hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði. Jafnframt hafði verið dregið úr ferð A og bifreiðanna sem á eftir henni voru. Er þannig ljóst að ökumaður A hafði undirbúið greinilega vinstri beygju er ökumaður B hugðist aka fram úr henni. Í reynd bar ökumanni B við þessar aðstæður að aka hægra megin fram úr A, sbr. 2. málslið 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti ökumaður B ekki er hann ók á hámarkshraða fram úr fimm bifreiðum eftir að dregið hafði verið úr hraða þeirra. Með aksturslagi sínu telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Er ökumaður A beygði til vinstri áleiðis út af veginum gætti hann ekki nægilega að umferð á eftir eins og honum bar skv. 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. ufl. Hann á því einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 8. september 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (R)

Slys við fall í hálfu við verslun þann 19.01. 2008, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu, sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Tjónsatburður máls þessa sé ósannaður. Ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu R, þannig hafi ekki verið sýnt fram á vanrækslu aðila.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Athygli vekur hve skýrslur voru seint teknar af aðilum máls þessa, þannig var framburðarskýrsla ekki tekin af M fyrr en í mars 2008 og af dætrum hennar í apríl 2008. Framburður M og dætra hennar nægja ekki til sönnunar á tjónsatviki máls þessa. Ósannað er að rekja megi tjónsaburðinn til vanrækslu R eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Miðað við atvik er ekki unnt að láta halla á R. M verður að bera halla af sönnunarskortum um aðstæður á vettvangi máls þessa. Lagt verður til grundvallar að tjónsatvik máls þessa megi rekja til óhappatilviks sem R ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Drottningarbraut Akureyri 26.03. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.08. 2009
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 21.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni B var ekið norður Drottningarbraut. A kom frá Hafnargötu framhá stöðvunarskyldu og stöðvaðist með framendann í norðurátt inná Drottningarbraut. Áreksturinn varð í kjölfar þessa. Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftan á A sem hafði runnið út í vegkanntinn í krapa og þurft að stöðva. B hafi ekið á A kyrrstæða. Vátryggingafélag B telur að leggja skuli alla sök á A. Ökumaðurinn hafi ekið í veg fyrir B. M telur að ökumaður A hafi virt stöðvunarskyldu og að B hafi ekið á A kyrrstæða. Hann telur að “þó nokkur tími leið frá því að ég stoppaði og þangað til ökumaður” B rennur aftan á mig.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Virðist sem ökumaðurinn hafi ekki haft stjórn á bifreið sinni og ekið í veg fyrir B. Lagt er til grundvallar að A hafi ekki gætt þess að víkja fyrir umferð um Drottningarbraut og því ekið í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A (LY-053) ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 283/2009

M
og
Vátryggingafélagið V-1 v. starfsábyrgðartryggingar lögmansins L
og
Vátryggingafélagið V-2 v ábyrgðartryggingar birfreidarinnar A

Krafa um greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu lögmans vegna slyss þ. 30.1.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.8.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-18
2. Bréf V-1 dags. 19. ágúst 2009.
3. Bréf V-2 dags. 26. ágúst 2009.

Málsatvik.

Af hálfu M er því haldið fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi þ.30.janúar árið 2000 og leitaði til heimilislæknis síns daginn eftir slysið og aftur nokkru síðar. Þá leitaði M til sérfræðings í bæklunarlækningum í apríl 2001. Í ágúst 2001 fól M lögmanninum L að gæta hagsmuna sinna vegna tjónsins og segir M að L hafi ekkert aðhafst í málinu utan þess að kalla eftir læknisvottorði frá heimilslækni sem dagsett sé þ. 3.11.2001. M afturkallaði umboð sitt til L 28.desember 2006 og leitaði til annars lögmans. Þá fór M í skoðanir hjá læknum og beðið var um mat fyrir hann í desember 2007. Í matsgerðinni kemur fram að varanlegur miski og varanleg örorka M eru metin 15% og stöðugleikapunktur metinn þremur mánuðum frá slysi eða þann 30.apríl 2000. Vátryggingafélag birfreidarinnar sem bar ábyrgð á slysinu hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að málið væri fyrnt sbr 99. gr umferðarlaga og hefði verið fyrnt í árslok 2004 og alla vega í síðasta lagi í árslok 2006. Lögmaður M krafðist þá bóta úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1 en V-1 hafnaði bótakröfu M. Þá gerir lögmaður M einnig kröfu á hendur V-2 um greiðslu bóta þar sem bótakrafa M sé ekki fyrnd og vísar í því sambandi til þess að bæklunarlæknir sá sem M leitaði til árið 2007 hafi þá talið tímabært að meta afleiðingar slyss M auk ýmissa annarra gagna og sjónarmiða. V-1 hafnar greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu L og telur M ekki geta átt bótakröfu á L nema krafa hans hafi verið fyrnd þegar hann afturkallaði umboð sitt til L þ. 28.12.2006 og telur V-1 ósannað að krafa M skv umferðarlögum hafi fyrnst á þeim tíma sem L hafði umboð til að vinna í því og bótaréttur gagnvart honum því ekki fyrir hendi. V-2 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar til sjúkrasögu M og þess að M hafi veitt L umboð þ. 23.8.2001 til að annast um bótamál sitt en í umboðinu hafi falist heimild til að kalla eftir læknisvottorðum, undirrita örorkumatsbeiðni svo og veita viðtöku fé. V-2 segir að þannig liggja fyrir í gögnum málsins að M hafi talið nauðsynlegt að leita liðsinnis lögmans m.a. til að undirbúa örorkumat og veita viðtöku fé vegna bótamáls gagnvart V-2. Þá segir V-2 að L haf tilnefnt ákveðinn nafngreindan lækni í fyrirhugað örorkumat og hafi V-2 samþykkt það og tilnefnt annan nafngreindan lækni sem sinn matsmann í málinu. Síðar virðist fátt eða ekkert hafa gerst í málinu heldur V-2 fram þar til á árinu 2007 en þá hafi nýr lögmaður verið kominn að málinu. V-2 telur einsýnt að M hafi þegar á árinu 2001 eða í síðasta lagi á árinu 2002 haft vitneskju um kröfu sína. Þá andmælir V-2 sjónarmiðum og málsástæðum lögmans M og telur einsýnt að bótakrafa hans sé fyrnd.

Álit.

M varð fyrir slysi þ.30 janúar árið 2000 og leitar fljótlega til heimilislæknis síns og síðan til sérfræðings í bæklunarlækningum í apríl árið 2001 og leitar síðan til L í ágúst það sama ár. Miðað við orðalag umboðs M til L verður ekki annað ráðið en að M hafi gert sér grein fyrir að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna umferðarslyssins. Þannig segir í umboðinu til L að M veiti L fullt umboð til að annast bótamál sitt gagnvart V-2. Þá liggur fyrir miðað við staðhæfingar V-2 sem ekki hefur verið mótmælt að L tilnefndi ákveðinn lækni í fyrirhugað örorkumat og V-2 annan af sinni hálfu haustið 2002. Ekki liggur fyrir hvað gerðist síðan og L hefur ekki gert neina grein fyrir málinu af sinni hálfu. Þar sem að M leitaði til lögmanns árið 2001 og tilnefndir voru læknar í tveggja lækna mat af hálfu M og V-2 árið 2002 þá verður ekki annað séð en að M hafi verið kunnugt um kröfu sína þegar hann veitti L umboð til að annast um bótamál fyrir sína hönd á árinu 2001 en í síðasta lagi árið 2002 og því krafa hans gagnvart V-2 fyrnst í síðasta lagi í árslok 2006.

L tók að sér að gæta hagsmuna M sem sérfræðingur og ber ábyrgð sem slíkur. L þykir ekki hafa rekið mál M með eðlilegum hætti og valdið M tjóni með því að koma ekki í veg fyrir að bótakrafa M fyrntist gagnvart V-2. M á því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1

Reykjavík 29.9.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2009

M og

**Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A og
Vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar B**

Maður slasaðist þegar hann datt í hálfu þ. 19.12.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.8.2009. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V-1 dags 24.8.2009 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 7.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M datt í hálfu á gangstétt fyrir framan heimili sitt og meiddist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 og ábyrgðartryggingu B sem fasteignareiganda hjá V-2. Af hálfu M er því haldið fram að frágangur gangstéttar þeirrar þar sem M datt hafi verið óviðunandi þar sem halli hennar hafi verið of mikill. Af hálfu M er því haldið fram að B sem fasteignareigandi beri ábyrgð á vanbúnaði gangstéttarinnar en til vara að A beri ábyrgð verði ekki á það fallist að umrædd gangstétt sé á ábyrgð B, en í öllum tilvikum sé um saknæman vanbúnað á gangstéttinni að ræða. V-1 hafnar bótaskyldu og telur ekkert í gögnum málsins renni stöðum að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi A, þá sé gangstéttin þar sem M fell innan lóðamarka húss þess þar sem M býr og ábyrgðin því á ábyrgð lóðarhafa. V-2 hafnar einnig bótaábyrgð og telur ósannað að slys M megi rekja til atvika sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á lögum samkvæmt. Bent er á að ekkert liggja fyrir um að frágangi umræddrar gangstéttar sé ábótavant.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að frágangi gangstéttarinnar þar sem M datt hafi verið ábótavant. Þegar af þeirri ástæðu á hann ekki rétt á bótum hvorki úr ábyrgðartryggingu A eða B.

Niðurstaða.

M á ekki rétta á bótum úr ábyrgðartryggingu A eða B.

Reykjavík 15.9. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Slys í verslun þann 11.06. 2009, fall um sýningarpall.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.08. 2009, þar sem hjálagt fylgi afrit að dómi Hæstaréttar í máli 560/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M hrasaði um upphækkaðan sýningarpall í umræddri verslun í Smáralind með þeim afleiðingum að meiðsl hlutust af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að hér hafi verið um óhappatilvik að ræða og/eða gáleysi M sjálfs. Ekki hafi verið um vanbúnað verslunarinnar eða sök starfsmanna H að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða eða eftir atvikum gáleysi M sjálfs. Verður að telja að viðskiptavinir verslunarinnar hefðu mátt gera sér grein fyrir þeim sýningarpalli sem hér um ræðir. Gera verður þá kröfu til viðskiptavina að þeir sýni eðlilega varkárni á leið sinni um verslanir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/slysátryggingar launþega hjá H

Slys í vinnu. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21. ágúst 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 4. september 2009.

Málsatvik.

M var við vinnu sína á H þegar hún datt í hálfu fyrir utan vinnustaðinn þann 12. janúar 2006. Í gögnum málsins má sjá að hún leitaði til bæklunarlæknis í maí 2006 og var óvinnufær allt fram í september 2006 þegar hún hóf störf annars staðar í 70% starfshlutfalli. Í september 2006 var hún einnig enn í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins. M leitaði til lögmans vegna afleiðinga slyssins í ágúst 2008 sem sendir svo tilkynningu um það til vátryggingafélagsins V í apríl 2009. Áður hafði ekki verið tilkynnt um slysið til V. M telur að frestur til að tilkynna slysið sé ekki útrunninn þar sem túlka eigi 124.gr. laga um vátryggingasamninga tjónþola í hag auk þess sem um hópvátryggingu sé að ræða og vísar vegna þess til norsks úrskurðarnefndarmáls um hópvátryggingu. V telur með vísan til 61.gr. laga um vátryggingasamninga þar sem kemur fram að slysátrygging launþega sé ekki hópvátrygging. V telur að hvernig sem sé á málið lítið þá sé ársfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga liðinn í máli M. V vísar til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-5431/2009 þar sem dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki séu rök til þess að miðað verði við tímamark þar sem tilteknar afleiðingar séu komnar í ljós heldur líta til þess að stefnandi í því máli hafði veruleg óþægindi allt frá slysdegi. V telur að M hafi því þurft að tilkynna málið í allra síðasta lagi 11. september 2007. V telur einnig með vísan til túlkunar á upphafi fyrningarfrests 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn og vísar til dómafrankvæmdar Hæstaréttar því til stuðnings.

Álit.

Slysátrygging launþega er ekki hópvátrygging í skilningi laga um vátryggingasamninga, sbr. ákvæði 61.gr. laganna. M er vátryggð í slysátryggingu launþega, sbr. c-lið 2.gr. laga um vátryggingasamninga. Tilkynningarfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga hvílir á þeim sem á rétt til bóta, en það er M en ekki vinnuveitandi hennar. Ágreiningur er því takmarkaður við það hvort skilyrði 124.gr. laga um vátryggingasamninga séu uppfyllt gagnvart M, en þar kemur fram að sá sem eigi rétt til bóta skv. slysátryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik er hún er reist á. Í málsgögnum þessa máls kemur skýrt fram að M leitaði strax til læknis eftir slysið þann 12. janúar 2006, hún leitaði einnig til bæklunarlæknis í maí 2006 og var óvinnufær allt fram í september sama ár þegar hún hóf störf hjá öðrum vinnuveitanda í skertu starfshlutfalli, en í gögnum málsins má sjá að hún sé enn í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins á sama tíma. Eins og áður segir kemur fram í 124.gr. laga um vátryggingasamninga að upphaf tilkynningarfrests vegna slyss miðast við þann tíma sem tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Með vísan til gagna málsins telst sá tímamark hafa stofnast á árinu 2006 í máli M. Því til stuðnings er vísað til langs tímabils óvinnufærni vegna afleiðinga slyssins, þess að M leitaði til bæklunarlæknis vegna slyssins og í síðasta lagi þegar hún hóf störf hjá öðrum vinnuveitanda í skertu starfshlutfalli í september 2006. Þegar hún leitaði til lögmans í ágúst 2008 var ársfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga því löngu liðinn þegar hún tilkynnti um slysið.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 29. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar lækni

Ágreiningur um ábyrgð í framhaldi af aðgerð (brjóstastækkun) 07.11. 2002.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2009

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Fram kemur í fyrirliggjandi sérfræðiáliti lækni, dags. 30.10. 2008, að kvartanir M liggja í því að “árangur aðgerðar hafi orðið með þeim hætti að brjóstin séu hangandi, og stór og að þetta hafi valdið henni auknu líkamlegu álagi í formi vöðvagigtar, hnakka, hálsi og herðum.”

Ágreiningur er um hvort M eigi rétt á bótum í kjölfar lækniáðgerðar (brjóstastækkunar) sbr. ákvæði laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Ekki hafi verið sýnt fram á að umrætt atvik verði talið ná undir 2. – 3. gr. laganna. Leitað hafi verið álits Landlænisembættisins og eftir athugun á kvörtuninni hafi niðurstaða embættisins verið sú, sbr. álit dags. 31.03. 2009, að ekki þótti tilefni til frekari aðgerða og var málinu lokað. Félagið vísar til þess að eðlilegast sé og best að skurðlæknir hafi nokkurt svigrúm á meðan á aðgerð stendur til að velja stærð púða sem passa hverju sinni. Félagið vísar og til fyrirliggjandi sérfræðiálits lækni. Niðurstaðan hafi verið sú að hvorki hafi verið ranglega staðið að meðferð M né aðgerðinni sjálfri. Félagið telur “með engu móti sýnt að eitthvað óeðlilegt hafi komið upp í meðferð” M sem gefur tilefni til bótaréttar úr sjúklingatryggingu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi. “Ung stúlka, lágvaxinn og grannbyggð fer til lýtalækni og biður um brjóstastækkun. Hún fær þessa aðgerð án þess að séð verði að þörf hafi verið fyrir aðgerðina.” M telur að komast hefði mátt hjá því tjóni sem varð eða einkennum sem hún býr við með því að framkvæma ekki aðgerðina eða skýra betur út mögulegar afleiðingar hennar sbr. nánar umfjöllun í málskotinu sem óþarf er að geta. M telur að aðgerðinni hafi ekki verið “hagað eins vel og unnt var.”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. M hefur ekki sýnt fram á skaðabótaskyldu umrædds lækni.

Ávirðingar lögmanns M sem fram koma í málskotinu í garð úrskurðarnefndar gefa ekki tilefni til andsvara.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut norðan gatnamóta Fjarðarhrauns í Hafnarfirði þann 26.6.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 25.8.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 7.9.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 12.9.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið eftir vinstri akrein Reykjanesbrautar í átt að gatnamótum Fjarðarhrauns og var A ekið á eftir B. Er bifreiðirnar áttu skammt ófarið að gatnamótunum var þeim báðum sveigt yfir á hægri akrein. Rákust þá saman að því er virðist aftanverð vinstri hlið A og framanverð hægri hlið og hægri hliðarspegill B.

Ökumaður A kvaðst hafa skipt yfir á hægri akrein þegar ökumaður B, sem hafi verið fyrir framan hann, hafi einnig skipt um akrein og bifreiðirnar rekist saman. Hann hafi verið “kominn um þar bil hálfu bíllengd hans þegar hann skiptir um akrein.” Hann kvaðst hafa séð stefnuljósið að framan hjá honum út um “bílstjóragluggann” og flautað til að gera vart við sig.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að skipta um akrein og gefið stefnumerki þar um. Hann hafi litið í baksýnispegil og séð A fyrir aftan sig. Hann hafi einnig litið í hliðarspegla en engrar bifreiðar orðið þar var. Er hann hafi verið að beygja yfir á hægri akrein hafi A komið akandi og ekið í hlið B. Ökumaður B kvaðst hafa verið kominn alveg yfir á hægri akreinina og A verið komin á beygjuakrein sem hafi legið hægra megin samsíða hægri akreininni áfram til suðurs að gatnamótum Fjarðarhrauns. Hafi ökumaður A ætlað að aka þarna fram úr B.

Í fyrirbyggjandi tölvupósti, sem sagður er vera frá aðila sem aðstoðaði ökumenn á vettvangi við að fylla út tjónstilkynningu, kemur fram að hann hafi skoðað ummerki á vettvangi og séð þar tvö brot af hliðarspegli B. Annað brotið, sem var lítið og létt, hafi legið á hægri akrein fyrir miðju. Hitt brotið, sem var spegilglerið í heilu lagi, hafi legið aðeins framar lengst til hægri á hægri akreininni þar sem “akrein og beygjuafrein mætast.” Telur umræddur aðili að ólíklegra sé að þyngra brotið hafi færst úr stað sem honum þykir benda til að ökumaður A hafi hugsanlega beygt af beygjuakrein inn á hægri akrein og þar af leiðandi inn í hægri hlið B.

Álit.

Um það er ekki ágreiningur meðal ökumanna að A var ekið á eftir B á vinstri akrein Reykjanesbrautar um það leyti er báðir ökumennirnir hugðust sveigja yfir á hægri akreinina. Miðað við ákomustaði á bifreiðunum hefur aftanverð vinstri hlið A verið á móts við framanverða hægri hlið B þegar áreksturinn varð. Á því andartaki er áreksturinn varð, hefur A því verið komin nokkuð áleiðis fram úr B. Fyrir liggur að ökumaður B vissi af ferðum A fyrir aftan sig áður en hann beygði yfir á vinstri akrein. Engu að síður var A komin áleiðis fram með hægri hlið B er áreksturinn varð. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt framangreindu verður ekki annað ráðið en að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að ferðum A áður en hann skipti um akrein. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Af

brotum úr hliðarspegli B, sem fundust við athugun á vettvangi, má ráða að ökumaður A hafi sveigt til hægri undan B er hann varð þess var að B var sveigt af vinstri akreininni yfir á þá hægri. Af brotum þessu verður á hinn bóginn alls ekki fullyrt að orsök árekstursins verði rakin til þess að A hafi verið sveigt af beygjuakreininni yfir á hægri akreinina. Að öllu framangreindu virtu verður öll sök á árekstrinum lögð á ökumann B. Ekki þykir nægilega sýnt fram á að ökumaður A eigi sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 6. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar

**Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna hitaveitukúta
sem féllu niður af vegg í október 2007.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2009

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Tveir hitavatnskútar í kjallara fasteignar M féllu niður af hlöðnum vegg sem þeir voru staðsettir á sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að hitakútar teljist ekki til innréttinga skv. vátryggingaskilmálum. Þeir séu hluti af hitakerfi hússins. Félagið vísar til þess að vátryggingartaki (M) telji að umræddir hitakútar teljist til vatnskassa skv. skilmálum en þar segir “vátryggingin bætir brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atburðar”. Félagið telur að hitakútar falli ekki undir upptalningu skilmála.

Álit.

Að teknu tilliti til umfjöllunar vátryggingafélagsins er ekki unnt að fallast á að hitavatnskútar teljist til innréttinga skv. þeim skilmálum sem hér um ræðir eða að þeir teljist til fasttengdra hreinlætistækja skv. sömu skilmálum. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 6. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar G
og vátryggingafélagið VT v/ bifreiðarinnar A.

Skaðabótaábyrgð vegna sorphirðu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27. ágúst 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 18. september 2009.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélagsins VT til nefndarinnar dags. 18. september 2009.

Málsatvik.

Þann 12. maí 2009 voru starfsmenn G að fjarlægja sorp við heimili M í Kópavogi. Í gögnum málsins kemur fram að eftir losun hafi sorptunna hafi verið skilin eftir tóm með hellusteini ofan á loki hennar. Síðar sama dag f auk tunnan um koll og hellusteinninn lenti á bifreið M.

M telur að G beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni þar sem starfsmenn G hafi ekki skilið við sorptunnuna eins og þeir komu að henni heldur haft sjálfir frumkvæði að því að leggja hellustein ofan á lok tunnunar. Það hafi skapað hættu á tjóni þar sem bifreið M hafi staðið rétt við tunnuna.

V hefur eftir forsvarsmanni G að starfsmenn fyrirtækisins hafi þau fyrirmæli að ganga frá sorptunnum eins og þeir koma að þeim. Það hafi verið gert í umrætt sinn og því mótmælt sem ósönnuðu að starfsmaður G hafi haft frumkvæði að því að leggja hellustein á lok tunnunar. Auk þess bendir V á að sorptunna hafi ekki verið geymd í sorpgerði/sorpskýli á lóð eins og gert er ráð fyrir í gildandi byggingarreglugerð.

Álit.

M gerir skaðabótakröfu á hendur G og skv. almennum sönnunarreglum ber sá sem gerir skaðabótakröfu á hendur öðrum sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. M hefur því sönnunarbyrði fyrir því að starfsmenn G hafi búið um sorptunnu við heimili hennar með sagnæmum hætti, t.d. með því að skilja tunnuna eftir þannig að hætta væri á tjóni og öðruvísi en þeir komu að henni. Í gögnum málsins kemur skýrt fram að hálfu G að starfsreglur þess séu þannig að starfsmenn skilji sorptunnur eftir, að losun lokinni, eins og þeir komu að þeim. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn G hafi skilið við sorptunnu við húseign M með öðrum hætti en þeir komu að henni fyrir losun. Sönnunarbyrði um annað hvílir á M og m.v. þær upplýsingar sem liggja fyrir í gögnum málsins telst M bera hallann af skorti af sönnun um háttsemi starfsmanna G. Ósannað er því að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til háttsemi starfsmanna G.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/brunatryggingar húseignar

Gildissvið brunatryggingar húseignar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 31. ágúst 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 11. september 2009.

Málsatvik.

Þann 24. apríl 2009 kviknaði í skúrbyggingu sem hýsti ljósavél á athafnasvæði M sunnan við Hafnarfjörð. Á svæðinu er félagsheimili úr timbri en skammt frá því er skúrbyggingin. Ágreiningur er um hvort gildissvið lögboðinnar brunatryggingar húseignar taki til tjóns á ljósavélinni og þeirri byggingu sem var utan um hana. M telur að ljósavélin og byggingin utan um hana hafi verið eðlilegt fylgifé félagsheimilisins og eigi því að falla undir gildissvið brunatryggingarinnar ella hefði V átt að vekja athygli á því að skúrinn félli utan vátryggingaverndar. V vísar til 1.mgr. 1.gr. skilmála brunatrygginga fasteigna þar sem segir að vátryggingin taki til húseignar þeirrar, sem tilgreind er í vátryggingaskírteini ásamt venjubundnu fylgifé hennar, sem fellur undir brunabótamat hennar í samræmi við reglur Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma. V bendir á að byggingarinnar sem hýsti ljósavélina hafi ekki verið geti í vátryggingaskírteini eða í gögnum Fasteignarskrár ríkisins og geti tjónið því með vísan til umræddrar greinar í skilmálunum ekki verið innan gildissviðs tryggingarinnar. V mótmælir einnig þeirri kröfu M um að líta á bygginguna og ljósavélina sem hluta af fylgifé hinnar brunatryggðu eignar (félagsheimilisins) þar sem hún hefi verið utan húseignarinnar og verið í þess konar sambandi við mannvirkið sem skilgreiningar fræðimanna eignaréttar geri ráð fyrir.

Álit.

M, sem vátryggingartaki, verður að fylgjast með hvort eignir hans falla innan gildissviðs skilmála um brunatryggingar. Skv. 1.mgr. 1.gr. skilmála brunatrygginga fasteigna hjá V tekur vátryggingin einungis til þeirrar húseignar sem tilgreind er á vátryggingaskírteini. Af gögnum málsins er ljóst er að tjón varð á skúrbyggingu sem er ekki tilgreind á vátryggingaskírteini og tekur 1.mgr. 1.gr. skilmálanna því ekki til hennar. Þegar litið er til þess hvort um sé að ræða venjulegt fylgifé húseignarinnar verður að líta til hefðbundinna skilgreininga á slíku. Í ritinu "Fasteignakaup – Helstu réttarreglur" eftir Viðar Má Matthíasson prófessor kemur fram að fylgifé fasteignar þurfi að vera í þess konar sambandi við mannvirkið að það myndi með henni fjárhagslega heild og verði ekki frá henni skilin, nema það hafi í för með sér erfiðleika og jafnvel fjártjón. Miðað við lýsingar á títtnefndri skúrbyggingu og búnaði hennar er ekki unnt að líta svo á að um hafi verið að ræða venjulegt fylgifé hinnar vátryggðu húseignar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr lögboðinni brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík 6. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar ljósmyndara (B)

og

Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar auglýsingastofu (A)

Meiðsl við myndatöku við gerð auglýsingar 22.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.09. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M var við myndatöku. Hún mun hafa verið hífið upp á fótunum við gerð auglýsingar. Öryggisvírur munu hafa gefið sig með þeim afleiðingum að hún féll niður þannig að meiðsl hlutust af sbr. fyrirliggjandi gögn. M var þátttakandi í verkefni þessu í sjálfbodavinnu, svonefndri “Hjálma-herferð á hvolfi”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélag A hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi af hálfu A. A hafi ekki verið vinnuveitandi M. Fyrir liggir að A hafi samið við B, ljósmyndara, um að sjá um ljósmyndunina og “annað sem sneri að sviðsetningu og myndatöku”. Hann hafi séð um að framkvæma tókuna og fá til þess nauðsynlegan búnað og fagaðila. Hann hafi fengið aðila til til að útvega og nota þá “rólu” sem M féll úr. B hafi verið sjálfstæður verktaki við framkvæmd þessa. A hafi ekki haft umsjón með framkvæmd þessari og ekki hafi hvílt á A að láta fara fram rannsókn á slysinu.

Vátryggingafélag B hafnar því að festibúnaður eða annað honum tengt hafi verið á ábyrgð B. Sjálfstæður verktaki hafi haft umsjón með festibúnaðinum sem hafi ekki verið á ábyrgð B sbr. umfjöllun félagsins í bréfi 04.12. 2008. B hafi ekki farið með eftirlitsskyldu né verkstjórn.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að B hafi haft eftirlitsskyldu og verkstjórn með því hvernig staðið var að umræddri myndatöku. Ekki er unnt að fallast á að ábyrgð vegna þessa hafi verið hjá sjálfstæðum verktaka (svonefndum brellumeistara), miðað við takmörkuð gögn máls þessa. B gætti ekki nægjanlegrar varúðar við myndatökuna og því varð tjónsatburður sá sem um er rætt.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 6. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ókunnrar bifreiðar A

Hjólreiðamaður lendir í umferðaróhappi þ.20.3. 2005.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 31.8.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 4.9.2009.

Málsatvik.

M segist hafa verið að hjóla á Dalvegi í Kópavogi þegar bifreið hafi snögghemlað fyrir framan hann og til að koma í veg fyrir áreksstur hafi hann þurft að sveiga frá upp á gangstétt þar sem hann datt af hjólinu og slasaðist. M veit ekki hvaða bifreið það var sem snögghemlaði fyrir framan hann í umrætt sinn. M gerir kröfu til að V-1 bæti honum tjónið sem hafi orðið af völdum óþekktis ökutækis og það sé tilgangur V að ábyrgjast tjón af völdum óþekkttra ökutækja. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekki leitað til lögreglu og því hafi ekki verið auglýst eftir ókunna ökutækinu. Þá bendir V á að í læknisvottorði frá 23.6.2009 sé ekki tenging við óþekkt ökutæki go þá vísar V einnig til þess sem segir í afriti af sjúkraskrá þar sem einungis sé sagt að M hafi dottið illa á hjóli.

Álit.

M varð fyrir tjóni á árinu 2005 í læknisvottorði dags. 23.6.2009 er vísað til þess þegar M kom á slysa- og bráðadeild Landsspítalans þ. 20.3.2005 en þar segir að M hafi verið á reiðhjóli á Dalveginum í Kópavogi þegar hann hafi dottið og óljóst sé hvað hafi komið fyrir, hvort hann hafi bremsað og farið fram fyrir sig eða fallið hafi orðið með öðrum hætti. M gerði ekki reka að því að afla upplýsinga vegna slyssins eða óska aðstoðar lögreglu við það. Engra gagna nýtur því við sem rennir stoðum undir þá kröfu M að hann eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu óþekktis ökutækis og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu óþekktis ökutækis hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu óþekktis ökutækis hjá V.

Reykjavík 15.9. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/B auk C
og
bifreiðin D

Árekstur Kringlumýrarbraut 30.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 31.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.09. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið eftir sömu akrein í norður. Fremst fór D sem hafði verið stöðvuð vegna bifreiðar á undan. Ökumaður C náði að stöðva fyrir aftan D en álitæfnið er hvort ökumaður B hafi náð að stöðva í tæka tíð áður en A ók aftan á B.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna telur að ökumaður B beri ábyrgð á tjóni bifreiðanna C og D en að ökumaður A beri ábyrgð á afturtjóni B.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á öllu tjóninu sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélag A er sammála niðurstöðu tjónanefndar.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstri bifreiðanna. Félagið telur að verulegt eignatjón hafi orðið á B og að ökumaður B staðhæfi að hann hafi náð að stöðva fyrir aftan C áður en A lendir aftan á B og kastar honum áfram.

Álit.

Ökumenn A og B merkja við reit í tjónstilkynningu um að þeir hafi ekið aftan á hitt ökutækið í akstri á sömu akrein og í sömu átt.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa ber ökumaður B ábyrgð á tjóni á bifreiðunum C og D. Ökumaður A ber ábyrgð á afturtjóni B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á afturtjóni B og ökumaður B ber ábyrgð á tjóni bifreiðanna C og D.

Reykjavík 6. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr.301/2009
M og
Vátryggingafélagið V v slysatryggingar

Bílskúrshurð fór í höfuð manni þ.14.4.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 2.9.2009
2. Tilkynning um slys.
3. Gögn frá tannlækni
4. Bréf V dags. 15.9 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segist hafa verið að loka bílskúrshurð og hafi hurðin opnast og farið í höfuð M. Þ. 7.5. fór M til tannlæknis og kom í ljós drep undir tveim tönnum og síðan þegar M kom aftur til tannlæknisins hafi komið í ljós að þriðja tónnin var byrjuð að gefa sig. Í tilvísun frá tannlækni kemur fram að breytingar í kringum tennur geti komið fram löngu eftir að högg kom á þær. M krefst bóta vegna meintra afleiðinga slyssins úr slysatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á frásögn M í tjónstilkynningu sem er með öðrum hætti en í málskoti. V telur ósannað að tjón M megi rekja til atburðarins þ. 14.4.2009.

Álit.

Frásögn M af því sem gerðist þ.14.4.2009 er ónákvæm og ekki er samræmi á milli þess sem kemur fram í tjónstilkynningu og í málskoti um slysið. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á að drep í tönnum M sé afleiðing af atburðinum þ. 14.4.2009. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðar gagnvart gangandi vegfaranda.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.9.2009.

Málsatvik.

Að kvöldi 8.6.2008 var bifreiðinni A ekið eftir tiltekinni götu í sveitarfélaginu S. Varð M þá fyrir bifreiðinni. Gögn málsins, sem lögð hafa verið fyrir úrskurðarnefnd, eru af skornum skammti. Málsatvikum er einkum lýst í lögregluskýrslu, svo og lögregluskýrslu af M og kunningjafólki hans, tveimur körlum og einni konu. Mun fleiri aðilar að málnu eru tilgreindir í lögregluskýrslu, en skýrslur af þeim hafa ekki verið lagðar fyrir nefndina.

Eftir því sem næst verður komist virðast M og ökumaður A hafa átt einhver óvinsamleg samskipti fyrir þennan sama dag án þess þó að um orðaskipti hafi verið að ræða eða handalögmál. Er A var ekið eftir Norðurtanga umrætt sinn gekk M út á götuna, þar sem A var ekið í því skyni að stöðva bifreiðina og hafa tal af ökumanni. Kveður M að A hafi verið ekið á sig og hafi hann lent á vinstra framhorni A og kastast við upp í loft og síðan hafnað í götunni. Í lögregluskýrslu er haft að því er virðist eftir ökumanni A og öðrum á vettvangi að M hafi hlaupið að A til að stöðva hana, lent uppi á vélarhlíf hennar, þaðan á framrúðuna og fallið síðan í götuna. Í kjölfar atviks þessa brutust út slagsmál milli M og kunningja hans annars vegar og ökumanns A og annarra er honum tengdust hins vegar.

Farið var með M á Heilsugæslustöðina í S. Kemur fram í gögnum málsins að þar hafi hann verið áberandi ölvaður og við það að sofna. Í öryggisskyni var hann fluttur til skoðunar á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Af fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Í máli þessu krefst M viðurkenningar á bótarétti úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1988 ber ökumaður A, sem jafnframt mun vera eigandi hennar, ábyrgð á líkamstjóni M enda þótt það verði ekki rakið til bilunar eða galla í A eða ógætni ökumannsins. Bætur má þó lækka eða fella niður ef M hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. sömu gr. Af fyrirbyggjandi gögnum verður að telja nægilega upplýst að M fór ölvaður út á götuna og stóð í vegi fyrir A í þeim tilgangi að ætla að stöðva áframhaldandi akstur A eftir götunni. Þessi háttsemi M var stórhættuleg og til þess fallin að hann yrði fyrir bifreiðinni eins og raunin varð. Ekki verður annað ráðið en að hann hafi orðið fyrir A einvörðungu vegna þessarar háttsemi sinnar og ekki er fyrir hendi tilefni sem getur réttætt hana. Verður hún metin honum til stórkostlegs gáleysis og eftir atvikum öllum verður að meta hana svo alvarlega að hann telst hafa fyrirgert rétti til bóta. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann varð fyrir A. Hann á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 6. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/greiðslukortatryggingar (ferðatryggingar)

Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna veikinda í ferð erlendis 09.04. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2009

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M hafði farið í aðgerð 03.03. sl. Hann mun hafa fengið leyfi læknis til að fara til Svíþjóðar “til að hvíla sig og ná bata”. Svo lenti hann í því að fá sýkingu og fór á spítala vegna þessa og síðar sendur heim sem hafði aukakostnað í för með sér.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til tjonstilkynningar M. Það telur að ekki liggi fyrir læknisfræðileg gögn í málinu sem sýna fram á annað en að sýkingin sem M fékk í ferðinni hafi tengst þeirri aðgerð sem hann fór í þann 03.03. sl. og varð til þess að framkvæma þurfi aðgerð aftur. Félagið telur að mál þetta falli undir ákvæði skilmála þar sem fram kemur að “félagið bætir ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda eða sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds”.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Líkt og vátryggingafélagið vísar til liggja ekki fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna fram á annað en að umrædd sýking sem upp kom hafi tengst þeirri aðgerð sem M fór í. Vegna þessa er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Starfsmaður slasaðist við fall úr vinnutröppu þann 16.8.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf lögmansstofu f.h. X.

Málsatvik.

M, sem er rafvirki, vann á vegum vinnuveitanda síns, V, í nýbyggingu við að tengja ljósabraut við tengibox. Var boxið í 3,70 m hæð frá gólfi og vann M við verkið í lausum vinnustiga í 1,45-1,75 m hæð. M féll úr stiganum niður á gólf með þeim afleiðingum að hann rotaðist og hlaut jafnframt áverka í andliti og á vinstri hendi. Engin vitni voru að slysinu og M hefur ekkert getað tjáð sig um málsatvik sökum minnisleysis.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að umrædd trappa hafi ekki verið merkt staðli EN-131. Hún hafi verið mjög illa farin, skæld og snúin og ekki sé ósennilegt að hún hafi verið löskuð áður en slysið varð. Segir í umsögninni að slysið virðist mega rekja til þess að ástand tröppunnar hafi verið ófullnægjandi.

Af hálfu M hefur því verið haldið fram að auk ófullnægjandi ástands tröppunnar megi rekja slysið til þess að hann hafi verið látinn vinna í tröppunni lengur en reglur mæla fyrir um. Krefst hann bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt framangreindri umsögn Vinnueftirlitsins þykir nægilega sýnt fram á að ástand tröppunnar, sem M féll úr, hafi verið ófullnægjandi. Á því ber V ábyrgð. M var menntaður rafvirki og átti sömuleiðis að gera sér ljósa grein fyrir hinu bága ástandi tröppunnar. Ber hann því einnig talsverða ábyrgð á líkamstjóni sínu. Að öllu virtu þykir rétt að tjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X, en M beri sjálfur tjón sitt að hálfu vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðasalans (B)

Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við sölu bifreiðar í ágúst 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Það lætur þess efnislega getið að vegna tengsla aðila hafi B orðið við þeirri beiðni að sækja um bílasamning fyrir bifreiðina X hjá M vegna kaupa S á bifreiðinni. Félagið telur að bifreiðin hafi ekki verið í sölumeðferð hjá bílasölnni, B beri því ekki ábyrgð á þeim mistökum sem gerð voru. Vátryggingafélagið vísar til þess að það sé grundvallarþáttur í starfsemi M að fjármagna kaup á ökutækjum sem M er eigandi að, í því skyni að leigja þriðja manni. Það sé hlutverk M að hafa öll nauðsynleg skjöl til reiðu og rétt að efni til áður en hann ynnir af hendi greiðslu láns vegna kaupa á bifreið sem liður í starfsemi hans. Greiði hann út lán án þess að gæta þess er það á ábyrgð hans sjálfs og engra annarra, að álitu félagsins. Óþarf er að geta frekar umfjöllunar félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M, fjármálafyrirtæki, var kaupandi bifreiðarinnar og S umráðamaður hennar. Gengið var frá kaupsamningi og afsali um sölu bifreiðarinnar. Auk þess var bílasamningur gerður milli M og S. M gerði ráð fyrir því að B (bílasalinn) myndi ljúka við sinn hluta málsins og nauðsynlegar tilkynningar um söluna enda hafi M ekki sinnt slíkum tilkynningum við kaup og sölu bifreiða þegar salan fer fram hjá bílasölnum. Í ljós kom árið 2008 að bifreiðin var aldrei skráð á M sbr. nánar umfjöllun í gögnum málsins. Þetta hafi haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir M. Fjárnám hafi verið gert í bifreiðinni fyrir kröfu vátryggingafélags á hendur fyrri eiganda bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi verið vörslusvipt og seld á nauðungarsölu fyrir skuldum og missti S því afnot af bifreiðinni og M tapaði eign sinni vegna mistaka B að senda ekki tilkynningu til ökutækjaskrár um kaupin í ágúst 2007.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og ákvæðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, sem gilda um sölu notaðra ökutækja, verður að telja að bifreiðin hafi verið í sölumeðferð hjá B (bílasölnni). Mistök voru gerð við söluna sem eru á ábyrgð B.

Samkvæmt 15. gr. nefndra laga ber bifreiðasali ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Samkvæmt 16. gr. sömu laga skal bifreiðasali annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst. Þá segir og í 2. mgr. 16. gr. að “bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.” Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna varð misbrestur á þessu hjá B. Hann ber ábyrgð á þeim fjárhagslegu afleiðingum sem urðu vegna þessa. Ekki er unnt að fallast á að B hafi einungis af greiðasemi verið að aðstoða aðila. B var í skjóli starfsleyfis síns og þekkingar að vinna það verk sem hér um ræðir.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að M sé fjármálafyrirtæki sem fæst við að veita bílalán. Tilkynningarskylda var ekki gætt í máli þessu og á því ber B ábyrgð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þ. 20.6.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 3.9.2009. ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Tjónaskýrsla dags. 20.6.2009
3. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 352/2009
4. Bréf V-1 dags. 26.8. og 28.9.2009.
5. Bréf V-2 dags. 25.9.2009

Málsatvik.

Ökumenn óku samsíða inn í hringtorg á Reykjanesbraut og var A í ytri hring og B í innri hring. Árekstur varð með bifreiðunum þegar B ætlaði að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum þess. Ökumaður A segir að árekstur hafi orðið vegna þess að B hafi ætlað út á fyrstu gatnamótum úr innri hring en B á öðrum gatnamótum og verið í ytri hring. Ökumaður B segist hafa gefið stefnuljós um þá ætlun sína að fara út úr hringtorginu og hafi A ekið inn í hægri hlið B.

Álit.

Það var óvarlegt af ökumanni B að ætla að beygja út úr hringtorgi úr innri hring á fyrstu gatnamótum og án þess að huga nægjanlega vel að annarri umferð. Ökumaður B ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður A þykir ekki hafa gætt nægjanlegrar varúðar við akstur um hringtorgið og að gögnum málsins virtum og ákomu á bifreiðunum þykir ökumaður A bera nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 sakar og ökumaður A beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

B ber 2/3 sakar og A ber 1/3 sakar

Reykjavík 13.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/heimilistryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um innbrot hafi verið að ræða 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins nefndarinnar, dags. 05.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var lítil opnanlegur gluggi í stofu spenntur upp. Sjá hafi mátt för á glugganum að utan. Stormjárníð hafi verið skúfað laust. Fram kemur að lögreglu hafi þótt “einkennilegt var að við skoðun var ekkert kám á rykinu í gluggakistunni. Einnig voru gardíurnar mjög rykugar en það var heldur engin sjáanleg hreyfing á rykinu.”

Samkvæmt vátryggingaskilmálum bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum innbrota í læsta íbúð.

Vátryggingafélagið vísar til þess að það er skilyrði greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Félaginu barst lögregluskýrsla, dags. 26.05. 2009, vegna innbrots í umrætt húsnæði á tímabilinu 22. – 26.05. 2009. Tilkynnandi hafi verið leigjandi íbúðarinnar (M). Kveðst hún hafa geymt persónulega muni sína í einu herbergi íbúðarinnar en hún hafi leigt íbúðina með öllum húsgögnum. Út frá rannsókn lögreglu og athugun tjónafulltrúa félagsins á vettvangi telur félagið ósannað að farið hafi verið inn um gluggann. Félagið lætur þess og getið að fram kemur í skýrslu lögreglu að “leigjandi íbúðarinnar, veitti því síðar athygli að svalahurðin var lokuð en ólæst. Taldi hann sig hafa læst hurðinni þegar hann fór að heiman.” Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að um innbrot í læsta íbúð hafi verið að ræða, né að varúðarreglu félagsins sem fram kemur í skilmálum hafi verið fylgt þ.e. “læsa ber tryggilega íbúðarhúsinu, bílum og öðrum stöðum sem vátrygging þessi tekur til þegar þessir staðir eru mannláusir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Efnislega lýsir M samskiptum sínum við lögreglu sem óþarft er að geta. M gerir athugasemdir við skýrslu lögreglu af vettvangi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. ábendingum sem fram koma í skýrslu lögreglu er ósannað að um innbrot hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2009

M
og
vátryggingafélagið v/ málskostnaðartryggingar í fjölskylduþryggingu
og
vátryggingafélagið Y v/ málskostnaðartryggingar í fasteignatryggingu.

Ágreiningur um bætur úr málskostnaðartryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 4.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 7.9.2009.
3. Bréf X, dags. 16.9.2009.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dags. 13.5.2005, keypti málskotsaðili M tiltekið einbýlishús. Hún fékk eignina afhenta 15.6.2005 og afsal var gefið út 5.8.2005. Um það leyti virðist M hafa orðið vör við galla í eigninni. Þann 11.8.2005 rituðu M og seljendur í dagbók fasteignasala, er annaðist sölu eignarinnar, undir bókun er laut að leka í stofu. Var bókunin þess efnis að seljendur ætluðu að hafa samband við málningarþjónustu til að láta þetta meðfram stofugluggum. Frekari galla mun svo hafa orðið vart í eigninni. Fékk M skoðunarmann til að taka út það sem áfátt var talið við eignina. Matsgerð skoðunarmannsins er dagsett í júní 2009. Þann 27. júlí 2009 ritaði lögmaður M seljendum bréf þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum matsgerðarinnar og þeim göllum sem M taldi vera á eigninni. Í því skyni að leysa málið utan réttar boðaði lögmaður M seljendurna til fundar á starfsstöð sinni þann 5.8.2009 til viðræðna um lausn málsins. Seljendur munu ekki hafa mætt á hinn boðaða fund né tilkynntu forföll.

M hafði í gildi hjá vátryggingafélaginu X frá 16.6.2005 til 1.3.2006 fjölskylduþryggingu, sem fól m.a. í sér málskostnaðartryggingu vegna fasteignarinnar. Frá 1.3.2006 mun M hafa haft í gildi fasteignatryggingu hjá vátryggingafélaginu Y. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að frá þeim tíma hafi M á grundvelli þessarar vátryggingar haft í gildi hjá Y málskostnaðartryggingu sem tók til fasteignarinnar. M leitaði bæði til X og Y varðandi greiðslur úr málskostnaðartryggingu vegna fyrirhugaðrar málsóknar á hendur seljendum fasteignarinnar.

X hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að samkvæmt vátryggingarskilmálum sé skilyrði bótaskyldu að réttarágreiningur hafi komið upp á milli aðila á þeim tíma sem vátryggingin var í gildi. Þá geti bótaskylda einnig stofnast ef þeir atburðir eða atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst á meðan vátryggingin var í gildi og ekki séu liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu. Hins vegar sé ekki við annað atvik að miða í þessu sambandi en dagsetningu kaupsamnings þann 13.5.2005 og því meira en fjögur ár liðin frá því atviki, þegar krafa um viðurkenningu var sett fram með bréfi, dags. 17.7.2009.

Bótaskyldu var ennfremur hafnað af hálfu Y þar sem ekki séu uppfyllt skilyrði 7. gr. skilmála fyrir réttarástoðartryggingu fasteignatryggingarinnar, en samkvæmt því ákvæði sé hægt að óska eftir réttarástoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. M hafi fengið eignina afhenta í lok júnímánaðar 2005 og ágreiningur verði með aðilum skömmu síðar og virðist í því efni vera vísað til þeirrar bókunar sem aðilar rituðu undir hjá fasteignasalanum þann 11.8.2005. Skilyrði vátryggingarinnar hafi því ekki verið uppfyllt, þar sem vátryggingin hafði ekki verið í gildi þegar ágreiningur varð.

Álit.

Í máli þessu liggja ekki fyrir vátryggingarskilmálar, sem vísað er til af hálfu X og Y þegar þau hafna kröfum M. Við úrlausn málsins verður því að byggja á þeim skilmálaákvæðum sem hvort félag gerir grein fyrir í bréfum sínum til nefndarinnar.

Samkvæmt því sem liggur fyrir í máli þessu og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan verður að líta svo á að réttarágreiningur, sem uppi er milli M og seljenda húseignarinnar, verði rakinn til þess atviks er kaupsamningur var gerður þann 13.5.2008 um söluna. Bókun sem aðilar undirrituðu hjá fasteignasala þann 11.8.2005 fól ekki í sér að með þeim hefði risið réttarágreiningur heldur þvert á móti samkomulag um að seljendur ætluðu að fá málningarþjónustu til að þetta meðfram gluggum í stofu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur með aðilum hafi í reynd orðið ljós fyrir en seljendurnir mættu ekki til fundar með lögmanni M þann 5.8.2009 né svöruðu á annan hátt bréfi lögmannsins frá 27.7.2009. Engu að síður verður að ætla að M hafi þegar gert sér grein fyrir að um réttarágreining væri að ræða þegar lögmaður hennar tilkynnti með bréf til Y þann 8.7.2009 um fyrirhugaða málsókn á hendur seljendunum og óskaði eftir afstöðu félagsins til bótaskyldu úr réttarástoðartryggingunni. Að öllu virtu þykir við það mega miða að ágreiningur hafi fyrst risið með aðilum eftir að fyrrgreind matsgerð lá fyrir í júní 2009 en áður en bréf lögmanns M til Y var sent þann 8.7.2009.

Réttarágreiningur sá, sem fjallað er um í máli þessu, kom upp samkvæmt því sem hér að framan greinir þremur árum og um fjórum mánuðum eftir að málskostnaðartryggingin hjá X féll úr gildi. Þá verður réttarágreiningurinn rakinn til atviks sem varð áður en vátryggingin tók gildi, jafnframt sem meira en fjögur ár voru liðin frá atvikinu þegar krafist var viðurkenningar á bótaskyldu úr vátryggingunni. Verður því að fallast á það með X að M eigi ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu þeirri sem í gildi hafði verið hjá því félagi.

Þegar mið er tekið af því sem að framan greinir varð réttarágreiningurinn staðreyndur síðari hluta júní eða í byrjun júlí 2009. Þá var í gildi réttarástoðartrygging hjá Y á grundvelli fasteignatryggingar sem M hafði hjá félaginu. Vátryggingin hafði þá einnig verið í gildi í meira en tvö samliggjandi ár. Eins og mál þetta liggur fyrir telst M því eiga kröfu til bóta úr málskostnaðartryggingu þessari vegna hinnar fyrirhuguðu málsóknar gegn seljendum fasteignarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá Y

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 310/2009

M

og

Líftryggingafélagið X vegna sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um lækkun váttryggingafjárhæðar á árinu 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M fékk sjúkdómatryggingu 1998. Á árinu 2009 greindist M með krabbamein og var fallist á greiðsluskyldu. Þegar verið var að ganga frá uppgjöri kom upp ágreiningur um bótafjárhæðina. Sá ágreiningur á rætur sínar að rekja til þess að í febrúar 2009 kom M á starfsstöð félagsins og bað um að váttryggingar hans og konu hans yrðu yfirfarnar og spurt var hvort hægt væri að lækka þær. Í framhaldi þessa áttu aðilar í samskiptum sbr. fyrirliggjandi gögn. Í mars 2009 var fallist á lækkun fjárhæðarinnar. Váttryggingafélagið vísar til þess að M hafi ritað undir eyðublað til lækkunar fjárhæðarinnar í mars 2009 og að hann hafi beðið um að hún myndi taka gildi 1. mars sl. og hafi félagið samþykkt það. Félagið telur að M hafi staðfest þennan vilja sinn með undirritun sinni 1. mars sl. sbr. fyrirliggjandi gögn. Í kjölfar þessa hafi farið fram bakfærsla á iðgjöldum sem þegar höfðu verið dregin af greiðslukorti hans. Í ljósi þessa hafi félagið greitt M bætur miðað við þá fjárhæð sem í gildi var á þeim tíma sem hann greindist með hinn bótaskylda sjúkdóm. M heldur því fram að lækkunin hafi átt að koma til síðar sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann gagnrýnir vinnubrögð félagsins og talsvert ber í milli aðila.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fallist á það sjónarmið váttryggingafélagsins að lækkun váttryggingafjárhæðarinnar hafi verið miðuð við 1. mars 2009. Fyrirliggjandi gögn og framkvæmd váttryggingafélagsins við bakfærslu iðgjalda styðja þá niðurstöðu. Gegn neitun váttryggingafélagsins hefur M ekki sýnt fram á réttmæti þeirra ávirðinga sem hann hefur sett fram í garð starfshátta félagsins.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að ranglega hafi verið staðið að lækkun váttryggingafjárhæðar.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og B og
Vátryggingafélagið V-2 v C

Bifreið skilin eftir á Miklubraut við Elliðaár án viðvörunarljósa eða merkja þ.6.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 7.9.2009. ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-2 dags. 18.9.2009 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-1 dags. 21.9.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um kyrrstæða bifreið(A) á Miklubraut við Elliðaár á vinstri akrein í vestur og var það mat lögreglu að staða A væri mjög hættuleg fyrir umferð og var kallað á kranabíl til að fjarlægja A. Engin hættuljós voru kveikt á A. Ökumaður B segist hafa verið að aka Miklubraut í vestur og séð A það seint að hann hafi orðið að nauðhemla og hafi bill C einnig nauðhemlað en lent aftan á B

Álit.

Ökutæki A var kyrrstætt á mestu umferðargötu landsins en hafði verið komið fyrir eins utarlega í vegkanti og hægt var að gera. Hins vegar voru engin viðvörunarljós logandi á bifreiðinni. Ökumaður A gætti því ekki fullnægjandi varúðar þegar hún yfirgaf A og ekki hefur verið sýnt fram á að gerðar hafi verið ráðstafanir til að fjarlægja bifreiðina af vettvangi jafnskjótt og unnt varð. Ökumaður A ber því sök á því að árekstur varð á milli B og C. Ökumaður B náði að stöðva bifreið sína með því að nauðhemla þegar hann sá A en ökumaður C náði ekki að stöðva bifreið sína þegar B nauðhemlaði og er því ljóst að ökumaður C hefur ekki gætt þess að hafa nægjanegt bil á milli bifreiðar sinnar og B. Ökumaður C ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að skipta sök til helminga á milli A og C.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar á árekstri B og C og C ber helming sakar á árekstri B og C

Reykjavík 13.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.**

Ágreiningur um rétt til bóta úr sjúklingatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.9.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M leitaði þann 9.11.2005 til L, sérfræðings í bæklunar- og handarskurðlækningum, vegna margra ára sögu um handardoða. Í sjúkraskrá L um þessa komu segir m.a. að M hafi komið vegna verkja í báðum þumalrótum og einnig hafi hún verið með verki og dofa í báðum höndum og fingrum sveifarmegin á hendi (þumall, vísifingur, langatöng). Þá hlutaðist L um töku röntgenmynda af báðum þumalrótum M, en þær staðfestu slitgigt í þessum liðum. Var niðurstaða L að M væri með bæði taugaklemmu á miðtaug í úlnliðsrennu og slitgigt í þumalrótum. Ráðlagði L aðgerð við báðum þessum atriðum. Kveður L að einnig hafi hann rætt við M um meðferðarmöguleika, tímalengd meðferðar og mögulega fylgikvilla.

Aðgerð var svo framkvæmd 6.1.2006 vegna taugaklemmunnar og slitgigtar í þumalrótum vinstri handar. Hún mun hafa gengið í alla staði vel fyrir sig. Jafnframt kveður L að eftirmeðferð hafi gengið eðlilega fyrir sig og hafi M útskrifast úr eftirliti þann 24.6.2006.

Að lokinni aðgerð kveðst M hafa haft verki í þumli, hann hafi ekki horfið og nú fái hún doða í höndina þumalfingerarmegin. Einnig hafi hún verki í miðjum lófa. Hún noti þumalinn nánast ekki neitt og hafi ekki komist út á vinnumarkað í kjölfar aðgerðarinnar. M kveðst ekki kannast við að til hafi staðið að laga þumalinn í aðgerðinni hjá L þann 6.1.2006.

M leitaði til S, sérfræðilækins, vegna einkenna sinna í vinstri hendi. Í vottorði læknisins, sem hann ritaði af því tilefni, er rakinn gangur meðferðarinnar hjá L. Í samantektarkafli vottorðsins kemur fram að M hafi haft verk í vinstri hendi eftir aðgerðina sem ekki hafi lagast eða breyst og í raun hafi henni ekki batnað frá því að umbúðir voru teknar. Röntgenmyndir sýni þó eðlilegt ástand (status) eftir aðgerðina. Við skoðun sé "Thenar" vöðvi áberandi rýr sem gæti bent til lítillar notkunar á þumlinum eða vinstri hendi og gripkraftur er mjög minnkaður. Yfirréttá í hnúalið vinstri þumals sé til staðar og það sé nokkuð sem stundum sjáist samfara slitgigt í þumalrót. Af vottorðinu virðist hins vegar mega ráða að ekki hafi verið átt við þennan lið í aðgerðinni hjá L þann 6.1.2006. Þetta hafi ekki verið sýnilegt á þeim tveimur röntgenmyndum sem teknar voru 9.11.2005 fyrir tilstilli L, en það segir í raun ekki til um fyrir víst hvort yfirréttá hafi þá verið til staðar. Þá segir í vottorðinu að læknirinn hafi í raun enga skýringu á því hver sé orsök óþæginda og verkja sem M búi við í þumlinum.

Vegna einkenna sinna í þumlinum krefst M viðurkenningar á rétti til bóta út sjúklingatryggingu, sem L hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Krafa M um bætur úr sjúklingatryggingu L byggir á 4. tölulið 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Samkvæmt því ákvæði skal m.a. greiða bætur ef tjónið má að öllum líkindum rekja til þess að það hafi hlotist við meðferð og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóta laust. Samkvæmt gögnum málsins er ekki upplýst hver sé skýring á þeim verkjum og óþægindum sem M býr við í þumli vinstri handar og hún rekur til aðgerðarinnar hjá L þann 6.1.2006. Ekkert liggur fyrir að tjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir sé af völdum sýkingar eða annars fylgikvilla sem hlotist hefur af umræddri aðgerð. Þegar af þessari ástæðu er ekki fullnægt skilyrðum 4. töluliðar 2. gr. laga nr. 111/2000 um að M eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu L hjá X.

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Umferðaróhapp, ekið á opna hurð bifreiðar, 21.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.09. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni A var ekið eftir Hringbraut en B stóð í bifreiðastæði. Ökumaður B stóð við bifreiðina og var að setja barn sitt í bílstól þegar A var ekið á hurðina. Ökumaður A heldur því fram efnislega í málskotinu að hurðin hafi verið opnuð meira á þeim tímapunkti sem hann ók framhjá með þeim afleiðingum að árekstur varð. Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á því að hafa ekið á opna hurð bifreiðarinnar B. Athygli vekur að haft er eftir ökumanninum í tjónstilkynningu að “Ég sá konuna standa þétt við bifreiðina en ég sá ekki að hurðin stóð opin. Ég ók utan í hurðina.” Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við fyrirliggjandi gögn. Ákoman á bifreiðunum breytir ekki ofanrituðu. Ökumaður A virðist ekki hafa hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 314/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar T

Auglýsingaskilti á söluturni fauk á bifreið í Vestmannaeyjum þ.13.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 10.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-2 dags. 14.5. og 24.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-1 dagsþ 2.10.2009.

Málsatvik.

A var lagt austan við söluturninn T þegar auglýsingaskilti fauk af söluturninum og á bifreiðinni og olli skemmdum. M sem er eigandi A krefst bóta vegna þess tjóns sem varð á A. V-2 hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttesmi eiganda eða starfsmanna T. Þá bendir V-2 á að ákveðið gosdrykkjafyrirtæki eigi skiltið og því beri eigandi eða starfsmenn T ekki ábyrgð á því. Þá bendir V-2 á að M hafi ekki sýnt fram á að uppsetningu eða viðhaldi skiltisins hafi verið ábótavant. Þá bendir V-2 á að mikið óveður hafi verið þann dag sem skiltið fauk og ekki hafi verið sýnt fram á að skiltið hafi verið fest með öðrum hætti en venjulega tíðkast.

Álit.

Skilti það sem var fest á söluturninn T var á ábyrgð húseiganda og honum bar að ganga úr skugga um að það væri nægjanlega vel fest og gengið frá því með viðunandi hætti. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu T eða vátryggingafélags hans að festingar og viðhald festinga skiltisins hafi verið með fullnægjandi hætti. Þegar af þeim ástæðum ber T ábyrgð á tjóni M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V-2

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V-2.

Reykjavík 20.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/heimilistryggingar

Tannbrot 12.06. 2009, ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M mun hafa verið nývaknaður og farið á salerni “sortnaði allt í einu fyrir augunum féll með andlitið á klósettassann við það brotnaði framtönn” sbr. nánari fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til utanaðkomandi atburðar þ.e. yfirliðs.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Til þess að um slys geti verið að ræða þurfi utanaðkomandi atburður að hafa valdið meiðslum þ.e. orsökkin verður að eiga sér rætur utan líkama vátryggðs. Svo hafi ekki verið.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Líkt og vátryggingafélagið heldur fram verður ekki annað sé en að tilvik það sem hér er til umræðu falli ekki undir skilgreiningu á hugtakinu slys samkvæmt skilmálum. Yfirlið telst ekki utanaðkomandi atburður í skilningi skilmála.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 317/2009

M

og

Vátryggingafélagið V v slysatryggingar ökumanns

Maður slasaðist á fæti þegar hann ók mótorhjóli við Bolöldu þ. 29.júní 2006.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 11.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 5.10.2009.

Málsatvik.

M slasaðist á vinstra fæti þegar hann ók mótorhjóli við Bolöldu, sem tryggt var hjá V. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna slyssins. Af hálfu M er á það bent að honum hafi ekki verið ljósar þær varanlegu afleiðingar sem hann hlaut í slysinu þ. 29. Júlí 2006 fyrr en í fyrsta lagi við lækni skoðun þ. 23. Júní 2008. Af hálfu M er vísað til þess að við lækni skoðun eftir að hann varð fyrir slysinu hafi ekki komið fram þær alvarlegu afleiðingar slyssins sem síðan voru greindar þ. 23 júní 2008. M leitaði til lögmanns 5.11.2008 og þ. 15.1.2009 óskaði lögmaður M eftir að fá sent öll gögn málsins og svaraði V því samdægurs með því að bótaskylda væri ekki fyrir hendi þar sem ársfrestur til að tilkynna um slysið væri liðinn. M ítrekar með vísan til lækni fráfræðilegra gagna sem lögð eru fram í málinu að hann hafi ekki mátt gera sér grein fyrir alvarlegum afleiðingum slyssins fyrr en þ. 23 júní 2008 og því hafi verið tilkynnt um slysið innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans byggist á. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi við slysið fengið mikið högg og snúning á vinstra hné og í framhaldi af því farið á slysideild þar sem hann hefði kvartað yfir miklum verkjum í hné og verið bent á að leita til bæklunarlæknis til frekari rannsókna þegar bólga væri gengin niður. V telur að upphaf frestsins sé slysdagurinn þegar M leitaði til læknis og var ráðlagt að hafa samband við bæklunarlækni. Þá bendir V á að krossbandsaðgerð hafi verið gerð á M þ. 7.12.2006 og eftir það hafi M verið í sjúkrahjálfun í marga mánuði auk þess að mæta í reglulegt eftirlit til bæklunarlæknis og því verði ekki séð annað en að M hafi mátt gera sér fulla grein fyrir alvarlegum áverkum slyssins á slysdegi.

Álit.

Í lækni svottorðum sem fyrir liggja í málinu kemur m.a. fram að M hafi leitað til slysideildar í framhaldi af slysinu og fengið allar almennar ráðleggingar og mælt hafi verið með eftirliti bæklunarlæknis. M leitaði síðan til nafngreindra bæklunarlækna. Við segulómun kom fram að fremra krossband var rífið og fór M í aðgerð vegna þess þ. 7.12.2006. Við þá aðgerð kom í ljós skemmd á ytra liðþófa og þurfti að fjarlægja hluta hans. Fremra krossbandið var alveg slitið og var búið til nýtt krossband. Í lækni svottorði segir að M hafi verið í meðferð hjá sjúkrahjálfa í marga mánuði eftir aðgerðina í desember 2006 og kom auk þess í reglulegt eftirlit hjá bæklunarlækni. Þ. 23. júní 2008 kom M í skoðun vegna verkja frá vinstra hnénu og við speglun kom í ljós að ytri

liðþófi hafði rifnað meir og þurfti að taka hluta hans. Í læknisvottorði dags. 27.4.2009 segir að ætla megi að ástand hans sé orðið stöðugt.

Eins og að framan er rakið þá varð M fyrir slysi á vinstra fæti þ. 29. júní 2006. M leitaði til lækna og fylgdi þeim ráðleggingum sem læknar gáfu honum að því er ráðið verður af gögnum málsins. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki annað ráðið en það sé fyrst í júní árið 2008 sem M mátti gera sér grein fyrir því að um varanlegt mein var að ræða og um leið vitneskja hans um þau atvik sem krafa hans er reist á. Það atvik sem veldur því að tilkynningarfrestur stofnast varð ekki fyrir en á árinu 2008 og því var frestur samkvæmt 124. gr. laga nr. 30/2004 ekki liðinn þegar lögmaður M tilkynnti V um slys og hugsanlega bótakröfu M. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 27.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 318/2009

M og

Vátryggingafélagið V v lögboðinnar ábyrgðartryggingar A

Ekið á mann á gangbraut á Digranesvegi í Kópavogi þ.9.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 18.9.2009

Málsatvik.

Ekið var á M þar sem hann var að ganga yfir götu á gangbraut og segist M hafa verið að ganga yfir götuna ásamt eiginkonu sinni og tveim hundum og hafi hann og eiginkona hans bæði lent á bifreiðinni. Í lögregluskýrslu þ. 15.10.2008 mætti M í skýrslutöku hjá lögreglu vegna umferðaróhappsins gerir M grein fyrir meiðslum sínum og hann hafi tapað Gold Quest gullúri með 12 demöntum að verðmæti um 700 þúsund. Lögreglumenn sem komu á vettvang urðu ekki varir við úr. M krefst þess að V bæti honum tjón vegna taps á ofangreindu gullúri en V hafnar bótaskyldu.

Álit.

M gat þess ekki á vettvangi að hann hefði tapað neinum munum og það er ekki fyrir en nokkru eftir að umferðaróhappið varð sem M gefur skýrslu hjá lögreglu og gerir grein fyrir því að hann hafi tapað mjög verðmætu gullúri með demöntum. Á vettvangi varð engin var við úr. Eins og málið liggur fyrir þá hafa ekki verið lögð fram gögn sem sanna umrætt tjón M eða hvers konar úr var nákvæmlega um að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.10.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um rétt til bóta úr húftryggingu vegna tjóns af völdum aksturs á ljósastaur.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 14.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.9.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 22.7.2009 var bifreiðinni A í eigu M beygt til hægri inn á bifreiðastæði í Nauthólsvík í Reykjavík. Missti ökumaður stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún rakst á ljósastaur og talsvert tjón varð á framenda hennar. M var farþegi í A í umrætt sinn og sat í hægri framsæti við hlið ökumanns.

Lögregla kom á vettvang og í skýrslu hennar um atvikið er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á of mikilli ferð og ætlað að taka svokallaða handbremsubeygju inn á bifreiðastæðið, en ekki tekist betur til en að hann endaði á ljósastaur. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni að á vettvangi hafi mátt sjá 25 m löng skriðför eftir A.

Í tjónstilkynningu um atvikið er frá því skýrt af hálfu M að A hafi verið ekið á 40-50 km hraða á klst. Það hafi verið hjart og þurr en rignt degi áður. Ökumaðurinn hafi misst stjórn á A og verið skelfingu lostinn (í paník). Hann hafi ætlað að hemla, en þá hafi A farið “að dansa”. Þá hafi hann notað handbremsu, en þá festust hjólin alveg og A hafi farið upp á kantstein og hafnað á ljósastaur.

Í álitsgerð sem unnin var af fyrirtækinu B um líklegan hraða A er talið að hraði A hafi verið um 30 km á klst. er hún hafnaði á ljósastaurnum og um 84 km á klst. er henni var beygt inn á bifreiðastæðið.

M hefur krafist bóta úr húftryggingu A hjá váttryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga getur váttryggingafélag losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta, ef váttryggður hefur valdið váttryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Sams konar ákvæði mun vera að finna í skilmálum X sem um váttrygginguna gilda.

Þótt ekki teljist nægilega sannað að A hafi verið ekið eins hratt og talið er í álitsgerð B þykir engu að síður ljóst af gögnum málsins, einkum því sem fram kemur í skýrslu lögreglu og ekki hefur verið hrakið og verksummerkjum á vettvangi, að A hafi verið ekið á gríðarlegum hraða er henni var beygt inn á bifreiðastæðið. Í sömu andrá beitti stjórnandi A handbremsunni til að taka beygjuna. Hinn mikli hraði A og háskalegur akstursmáti í beygjunni voru orsök þess hvernig fór. Þessa háttsemi verður að virða ökumanninum til stórkostlegs gáleysis. M var farþegi í A og sat við hlið ökumanns. Var hann þannig í nánum tengslum við ökumanninn og gat ráðið því hvernig hann hagaði akstrinum. Verður það virt M til stórkostlegs gáleysis að hann lét það viðgangast

hvernig akstri A var háttað. Þykir sök M það alvarleg að hann telst hafa fyrirgert rétti sínum til bóta úr húftryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá X.

Reykjavík, 27. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 320/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða í Lágmúla í Reykjavík þ.10.8.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 14.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Tjónaskýrsla dags. 10.8.2009
3. Álit tjónanefndar mál 360/09
4. Bréf V-1 dags. 25.9.2009 ásamt fylgiskjali.
5. Bréf V-2 dags. 12.10.2009.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Lágmúla í Reykjavík þegar þeim var bakkað út úr stöðureit. Ökumaður A segist hafa orðið vör við það þegar B ók á A en hún hafi áður litið vel í kring um sig. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi byrjað að bakka eftir að B hafi verið lagður á stað.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 4 þar sem segir ók út frá bílastæði, osfrv. Ljóst er að báðar bifreiðarnar voru að bakka í umrætt sinn. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem réttlæta að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 27.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.**

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í hlaupi og hlaut áverka á hné þann 8.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 15.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.9.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er starfandi kennari í grunnskóla. Í tengslum við vinnuferð á vegum skólans til Barcelona var skipulagt skemmtiskokk í tilefni kvennahlaups. M tók þátt í skokkinu og er hún var að hlaupa lokaáfangi í kringum sundlaug hoppaði hún yfir lágt borð (fráleggsborð). Lenti hún illa og missti jafnvægið og féll. Fékk hún áverka á hægri hné. Við rannsókn á hnénu hjá bæklunarlækni, sem M leitaði til eftir að hún kom til landsins, kom í ljós að fremra krossband var slitnið og hún var með ljótan áverka á brjóski að innanverðu lærbeinsmegin. Innri liðþófi hafi verið rýr en engin ný rifa í honum og ekki hafi verið sjáanleg rifa í ytri liðþófa. Í vottorði læknisins segir að greinilegt orsakasamband sé milli fyrrgreinds slyss og áverkans sem hún hlaut á hægri hné. Fremra krossbandið hafi rifnað við það tilfelli auk þess sem brjóskið hafi skemmt töluvert í innanverðu lærinu.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X vegna þeirra áverka sem hún hlaut við óhappið. Félagið hefur hafnað bótaskyldu, þar sem M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála. Slysinu hafi ekki valdið utanaðkomandi atburður. Jafnvægismissir, sem M kveður vera orsök fallsins, sé að rekja til innri orsaka í líkama hennar sjálfar. Er lagt til grundvallar að jafnvægi sé stýring á hreyfingum manneskjunnar sem fari fram í heilanum. Eins og atvikum sé lýst af M hafi eitthvað brugðist í þessari stýringu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar launþega greiðir vátryggingin nánar tilgreindar bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir. Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans, sbr. 8. gr. skilmálanna. Miðað við fyrirliggjandi gögn virðist ekki ágreiningur með aðilum um að M hafi hlotið áverkana á hnénu við það högg sem hún hefur fengið á hnéð er það skall á jörðinni. Á það hefur verið fallist í vissum tilvikum að það teljist utan framangreinds slyshugtaks þegar fall, sem leiðir til áverka á líkama, verður rakið til innri veilu í líkama, svo sem sjúkdóms eða svima. Þótt M hafi lýst aðdraganda fallsins svo að hún hafi misst jafnvægið er hún lenti í kjölfar þess að hún stökk yfir borðið þá verður ekki séð með skýrum hætti að fótaskortur hennar verði rakinn til veilu eða annars sjúklegs ástands í líkama hennar. Er M skall með hnéð í jörðinni varð sá utanaðkomandi atburður er olli áverkanum á hnénu. Verður því að líta svo á að M hafi hlotið áverkann vegna slyss í skilningi fyrrgreinds ákvæðis vátryggingarskilmálanna og eigi því rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 323/2009

M
og
vátryggingafélagi X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á hringtorgi á mótum Rjúpnavegs, Kóravegs og Ásakórs í Kópavogi þ. 2.9.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, er þeim var ekið um hringtorg á mótum Rjúpnavegs, Kóravegs og Ásakórs í Kópavogi. Rákust saman vinstra afturhorn A og hægra framhorn B. Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið ekið eftir Kóravegi til suðvesturs og inn á hringtorgið. B hafi verið ekið eftir Rjúpnavegi til norðvesturs og inn á hringtorgið. Hafi áreksturinn svo orðið þegar bifreiðirnar voru staddar á milli Kóravegs og vestari mót Rjúpnavegar út úr hringtorginu. Aðeins ein akrein er í hringtorginu, en nokkuð breið.

Í skýrslu ökumanns A um atvikið segir að hann hafi verið að beygja út úr hringtorginu, eða átt einn metra eftir, er hik hafi komið á hann þar sem hann velti fyrir sér hugsanlegum “vinstri rétt út úr hringtorginu.”

Í athugasemdum ökumanns B í tengslum við málskotið kveður hann A hafa verið ekið í veg fyrir sig er hann var kominn inn í hringtorgið.

Álit.

Aðstæður í hringtorginu hafa verið kannaðar af hálfu nefndarinnar. Samkvæmt afstöðumynd af vettvangi á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna eru bifreiðirnar sýndar í hringtorginu sem næst miðja vega milli Kóravegs, þaðan sem A kom, og vestari móta Rjúpnavegs. Tiltölulega stutt leið er á milli þessara tveggja gatnamóta í hringtorginu. Jafnvel þótt rissmyndin sé ekki í réttum hlutföllum verður ekki fram hjá því litið að áreksturinn varð í kjölfar þess að A var ekið inn á hringtorgið. Með því að ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð þeirri sem var á leið um hringtorgið hefur hann, eins og hér stóð á, sönnunarbyrði um það að áreksturinn verði rakinn til annarra atvika en að hann hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Sú sönnun hefur ekki tekist. Telst ökumaður A því eiga sök á árekstrinum. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á, er ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 20. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2009

M

og

Vátryggingafélagið X vegna ábyrgðartryggingar blikksmiðu (B)

Vinnuslys 07.03. 2000, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M mun hafa ráðið sig til starfa hjá B samhliða name. Þegar slysið varð hafði honum verið falið að aðstoða annan mann við að smíða geymslukassa á vörubifreið. Að sögn M (tjónþola) varð slysið með þeim hætti að hann var að draga heila 0,6 mm stálplötu úr rekka þegar plötubútur sem var í sama rekka féll úr rekkanum og lenti ofan á vinstri hönd hans rétt ofan við þumalfingur á handabaki þannig að meiðsl hlutust af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna hans hjá B.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur ósannað að rekja megi slysið til þeirra atvika sem M lýsir “svo löngu eftir slys”. Félagið telur að M hafi einfaldlega skorist á stálplötu við vinnu sína við að sækja efni í efnisrekka. Það fylgi áhætta öllum störfum og það að skera sig á stálplötum er ein áhætta sem fylgir blikksmíði. Ekki hafi verið sýnt fram á sök starfsmanna vátryggingartaka. Engar reglur hafi verið brotnar. Félagið vísar til þess að það hafi verið “fyrst um 7 árum eftir slysið, eða þegar tjónþoli og samstarfsmaður hans og frændi gefa skýrslu hjá lögreglu, sem fram koma upplýsingar um að önnur minni plata hafi dottið á tjónþola og að það hafi gerst vegna saknæmrar háttsemi annars starfsmanns.” Félagið telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartaka. Hér hafi verið um óhappatilviljun og/eða aðgæsluleysi M sjálfs að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Slysið virðist mega rekja til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis M sjálfs en ekki sakar vátryggingartaka eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 325/2009
M og
Vátryggingafélagið V v frítímaslysátryggingar.

Kona datt við sumarbústað sinn og meiddist á vinstri öxl þ. 14.7.2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 16.9.2009 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13
2. Bréf V dags. 5.9.2009

Málsatvik.

M segist hafa rekið tána í og dottið og meitt sig á nefi, hnjám og vinstri handlegg og öxl þ. 14. júlí 2007 og tilkynnti V um slysið þ.8.10.2008. M krefst bóta úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V og bendir lögmaður hennar á að haustið 2007 hafi M fundið fyrir verkjum í vinstri öxl sem hafi ágerst þegar líða tók á veturinn 2007-2008 og hafi hún því leitað til heimilislæknis í febrúar 2008 og hafi hún þá farið í röntgenskoðun, ómskoðun og beinskanna og síðan til sjúkraþjálfara en fljótlega hafi komið í ljós að meðferðin var ekki að skila árangri og var því ákveðið að gera aðgerð á öxl M þ. 29.8.2008. V segir að tilkynnt hafi verið um slys M með tjonstilkynningu sem hafi verið móttekin þ. 7.10.2008 og hafi verið tilkynnt í október s.á. að atvikið væri ekki bótaskyld úr frítímaslysátryggingu M hjá V með vísan til ákvæðis 124.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Þá bendir V á að ekki verði séð af þeim gögnum sem fyrir liggja að afleiðingar þær sem hlutust af slysinu þ. 14.7.2007 séu varanlegar og þá hafi M ekki verið metin til örorku vegna þess. Þá heldur V því fram að ósannað sé að áverkar á vinstri öxl M stafi frá slysinu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi mátt gera sér grein fyrir að hún gæti hafa hlotið varanlegt mein fyrr en á árinu 2008. Var því frestur skv 124.gr laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga ekki liðinn. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um að þeir áverkar sem M hlaut við slysið séu varanlegir eða sönnun þess að áverkar á vinstri öxl M stafi frá slysinu. Þá hefur örorka M ekki verið metin. Eins og að framan er rakið var frestur til að tilkynna um slysið skv. 124.gr vátryggingasamningalaganna ekki liðinn þegar tilkynnt var um slysið. Hins vegar er ekki hægt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að úrskurða að M eigi rétt á bótum úr hendi V vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum þess að lokað var fyrir orkuafhendingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 17.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.9.2009.

Málsatvik.

Þann 6.7.2009 lokaði orkuveitan O fyrir afhendingu rafmagns á M vegna vanskila á þremur orkureikningum með gjalddögum 25.4., 15.5. og 15.6.2009. Mun M hafa orðið fyrir tjóni vegna skemmda á matvælum af þessum sökum.

M kvað lokun fyrir orkuafhendingu hafa verið óheimila þar sem O hafi dregið í meira en eitt ár að lesa af rafmagnsmælum og eftir mælaálestur hafi komið í ljós að hann hafi átt inneign. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá váttryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. M hefur hafnað bótaskyldu; annars vegar á þeim forsendum að farið hafi verið að öllum reglum við lokun orkuafhendingarinnar og hins vegar að um sé að ræða skaðabótakröfu innan samninga og ábyrgðartryggingin taki ekki til slíks tjóns.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum X fyrir ábyrgðartryggingu atvinnureksturs, eins og O hafði hjá félaginu, segir í gr. 4.1, sbr. og gr. 4.1.1, að váttryggingin bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í gr. 4.2. í skilmálunum er svo tekið fram að váttryggingin bæti ekki tjón innan samninga, þ.e. tjón sem váttryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.

Fyrirliggjandi gögn eru um margt takmörkuð um málsatvik. Þó verður að telja ljóst að í gildi hafi verið samningur milli M og O um kaup þess fyrrnefnda á orku (heitu vatni og rafmagni) frá þeim síðarnefnda. Þá verða gögn málsins ekki skilin á annan veg en þann að M telji sig hafa orðið fyrir hinu umdeilda tjóni vegna vanefnda O á samningsskyldum sínum um afhendingu orku. Verður tjónið því rakið til atvika sem eru undanþegin gildissviði ábyrgðartryggingarinnar samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í gr. 4.2 í váttryggingarskilmálunum. Þegar af þessari ástæðu bætist tjónið ekki úr ábyrgðartryggingunni. Að þessari niðurstöðu fenginni kemur bótaskylda O gagnvart M ekki til frekari skoðunar hjá nefndinni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 20. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 327/2009

M

og

Vátryggingafélagsins X v/fasteignatryggingar (vatnstjónstryggingar)

Vatnstjón 26.03. 2009, skemmdir á parketi, ágreiningur um greiðsluskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.09. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Viðkomandi húseign mun hafa orðið rafmagnslaust en enginn hafði verið í húsnæðinu um vikutíma. Vatn hafði runnið út ísskápnunum út á golf þannig að skemmdir urðu á parketi.

Vátryggingfélagið hafnar bótaskyldu með vísan til 3. gr. skilmála vatnstjónstryggingar þar sem segir að bætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur miðast við kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið sbr. nánar ákvæðið.

Félagið vísar til þess að vatnstjónstrygging er í eðli sínu munatrygging en ekki ábyrgðartrygging og bætir sem slík sannanlegar vatnsskemmdir. Þegar hafi verið gengið frá greiðslu vegna 16.5 fm í samræmi við fyrirliggjandi tjónamat. Sannanlegar vatnsskemmdir hafi þegar verið bættar. Máli sínu til stuðnings vísar félagið til úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 52/2006 og 130/2009.

M telur að greiðsluskyldu félagsins hafi ekki verið fullnægt. Húsinu hafi verið mikið breytt og endurbætt fyrir tjónið m.a. hafi verið opnað á milli eldhúss og stofu, rýmin eru í dag eitt rými ólíkt því sem áður hafði verið. “Ósannjarnt að okkar mati að bæta tjón út frá byggingarnefndar-teikningu en ekki því ástandi sem eignin er í. Í dag er samfellt parket á rýminu og ekki mögulegt að okkar mati að skeita það saman á smekklegan hátt.” Um er að ræða eitt rými 36 fm þ.e. 16 fm eldhús og 20 fm stofu, þar sem samfellt parket er á rýminu öllu. M vísar til þess að mikil umferð og stólar séu kringum borð sem þarna er og að ekki væri “nokkur leið að skeita saman parket á því svæði svo vel sé. Það yrði alltaf að vera samskeitingarlisti sem stólar myndu rekast í.” M vísar til þess að samkvæmt skilmálum á að bæta tjónið þannig að eignin verði ekki lakari en hún var fyrir tjónið.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að búið var að opna milli stofu og eldhúss. Samfellt parket er á rýminu sem myndar eitt rými. Að teknu tilliti til þessa er ekki unnt að fallast á þá afstöðu vátryggingafélagsins að miða skuli við uppgjör við samþykktar teikningar byggingarnefndar þ.e. eldhús sem eitt rými, stofa annað o.s.frv. Staðreynt hefur verið að um eitt rými er að ræða.

Samkvæmt vátryggingarsamningi aðila á húseignin sem hér um ræðir “ekki að vera í lakara ástandi en hún var fyrir tjónið.” Ekki hefur verið sýnt fram á að unnt sé að uppfylla ofangreint með því uppgjóri sem fram hefur farið í þessu sérstaka tilviki. Atvik máls verður að skoða hverju sinni með hliðsjón af aðstæðum. Í þessu tilviki er eldhúsið og stofan ein heild. M á því rétt á greiðslu bóta í samræmi við ofanritað.

Það breytir ekki ofanrituðu þó hér sé um vatnstjónstryggingu að ræða en ekki ábyrgðartryggingu.

Til hliðsjónar má vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli 96/2009, þar sem fjallað er um rými sem myndar eina heild.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir. Bótauppgjör skal taka mið af því að eldhús og stofa sé ein heild.

Reykjavík 20. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Skemmdir á bifreið sem ekið var um Hvalnesskriður þann 10.05. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur að skemmdir hafi orðið á bifreið sinni af völdum grjótskriðu þegar henni var ekið um Hvalnesskriður sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur útilokað að skemmdir á bifreiðinni séu af völdum grjóthruns. Skemmdirnar séu eftir mjög finan jarðveg. Þar af leiðandi telur félagið að hér hafi ekki verið um grjóthrun að ræða heldur “aðeins fok á lausu jarðefni”. Þar af leiðandi falli tjónið á bifreiðinni ekki undir ákvæði skilmála sem M heldur fram varðandi grjóthrun.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Virðist sem tjónið á bifreiðinni verði rakið til þess að jarðefni hafi fokið á bifreiðina. Samkvæmt skilmálum er tjón vegna foks á sandi, mól, ösku, vikri eða öðrum lausum jarðefnum undanskilið ábyrgð félagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 20. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 329/2009
M og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar K

Kona datt þegar hún var við vinnu sína þ. 12.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 17.9.2009. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 1.10.2009.

Málsatvik.

Í tilkynningu um slys segir að M hafi runnið í bleytu á gólfi en verið stödd við matarvagn og náð að einhverju leyti að grípa í hann, ekki hafi séð á M við fallið og hún hafi leitað til læknis síðar. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitandans K. Af hálfu M er byggt á því að í matsalnum sem M var við vinnu sína hafi verið bleyta á gólfi og hafi M runnið í mjólk og ávaxtasafa sem hafi verið á gólfinu og byggir M á því að slysið sé sök vinnuveitanda vegna þess fyrirkomulags sem verið hafi á vinnustaðnum og vísar lögmaður hennar til tveggja Hæstaréttardóma. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi fallið á hnéð í umrætt sinn við vinnu sína en ekki tilkynnt um atvikið fyrir en viku síðar og ekki leitað til læknis fyrir en 5 dögum eftir atvikið. V bendir á að samstarfskona M hafi ekki séð poll eða bleytu á gólfinu og telur V ósannað að M hafi dottið í bleytu enda sé sú fullyrðing ekki stud gögnum. Þá bendir V á að ekkert á vinnustað eða hvað verklag varðar hafi verið ábótavant enda hafi ekki verið sýnt fram á neitt slíkt af hálfu M. V hafnar því alfarið að um saknæma háttsemi K hafi verið að ræða eða starfsmanna hans.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að vinnuaðstaða hafi verið ófullnægjandi eða að vinnuveitandi beri sök á því slysi sem M varð fyrir við vinnu sína. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 20.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 330/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Reykjahlíðar og Barmahlíðar í Reykjavík þann 18.8.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 2.10.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 5.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem var ekið norður Reykjahlíð, og B, sem var ekið vestur Barmahlíð og beygt áleiðis til vinstri suður Reykjahlíð. Rákust þá saman að því er virðist hægra framhorn A og vélarhlíf og höggvari B hægra megin. Á gatnamótunum gildir almennur umferðarréttur.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 35 km hraða á klst. B hafi komið frá hægri vestur Barmahlíð og árekstur orðið er ökumaður hennar ætlaði að beygja til vinstri inn á Reykjahlíð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri inn á Reykjahlíð þegar árekstur varð.

Álit.

Ökumaður A hafði B sér á hægri hönd og bar því að víkja fyrir henni við gatnamótin. Þá var A staðsett að óþörfu of langt til vinstri á akbrautinni er henni var ekið að gatnamótunum. Af þessu þykir ljóst að ökumaður A hefur ekki gætt nægrar varúðar er hann ók að gatnamótunum. Af ákomustöðum á bifreiðunum er hins vegar ljóst að ökumaður B hefur tekið allt of þrönga beygju til vinstri er hann hugðist beygja til suðurs inn á Reykjahlíð. Þessu breytir ekki þótt einstefna sé á Barmahlíð til vesturs. Samkvæmt þessu eiga báðir ökumenn sök á árekstrinum og eftir atvikum öllum verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður sök því skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 20. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um rétt til greiðslu kostnaðar vegna vinnu löggilts skjalapýðanda

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Mál þetta varðar kröfu M um greiðslu við mögulega þýðingarvinnu við vinnu löggilts skjalapýðanda m.a. á bréfi vátryggingafélagsins, dags. 31.08. 2009, þar sem bótaskyldu er hafnað, vegna slyss sem M varð fyrir í nóvember 2008. Ekki er vitað til þess að þýðingarvinna hafi þegar farið fram.

M telur að hann eigi rétt á því að fá þýðingarkostnað bættan því ella geti hann ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans séu ákveðnar sbr. ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skrifleg samskipti við hann geti ekki farið fram á íslensku.

Vátryggingafélagið telur að það hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni með umræddu bréfi á íslensku til lögmanns M. Í lögum sé hvergi kveðið á um skyldu vátryggingafélaga til þess að láta þýða á sinn kostnað öll bréf og gögn sem varða samskipti þess við viðskiptavini eða tjonþola sem ekki skilja íslensku. Slík skylda yrði að styðjast við lög. Í því máli sem hér er til umræðu hafi M lögmann sér til aðstoðar sem hafi annast samskipti hans við félagið. Þau séu eðlilega á íslensku. Lögmaðurinn eigi að vera fullfær um að úrskýra fyrir skjólstæðingi sínum á hverju afstaða félagsins til bótaskyldu er byggð. Þá geti félagið ekki fallist á að skylda til að láta þýða bréfið geti byggst á jafnræðisreglur 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að vátryggingafélaginu sé skylt að greiða kostnað við mögulega þýðingu þeirra gagna sem hér um ræðir. Telja verður að vátryggingafélaginu sé heimilt að eiga samskipti sín við lögmann M á íslensku.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 332/2009
M og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar B

Vinnuslys á Háskólasvæðinu í Nauthólsvík þ.2.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 18.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 29.9.2009.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið á leið úr vinnulyftu og flækst í rafmagnssnúrum og dottið fram fyrir sig úr rúmlega eins meters hæð á öxl. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda B hjá V og telur að slysið megi rekja til aðgæsluleysis eins af yfirmönnum B sem hafi skilið rafmagnssnúrur eftir í vinnulyftunni og er því haldið fram af hálfu M að hann hafi ekki verið að nota rafmagnssnúrurnar í umrætt sinn. Þá telur M að um brot á 1.mgr. 37.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hafi verið um að ræða. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið sýnt fram á að vinnuveitandi eða starfsmenn hans beri ábyrgð slysi M eða hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns M. Þá bendir V á að M hafi verið eini starfsmaður B á háskólasvæðinu í Nauthólsvík þann dag sem slysið varð og því sá eini sem notaði vinnulyftuna þann dag og raunar einnig daginn á undan líka.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram eða leiddar líkur að saknæmri háttsemi starfsmanna B sem leitt gætu til bótaskyldu vegna slyss M þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæðum á vinnustað hafi verið ábótavant. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 20.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.**

Vélarpanna bifreiðar skemmdist er vegkantur gaf sig undan bifreið þann 22.5.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A sem er í eigu M var ekið afleggjara að Helligheildarvirkjun. Í upphaflegri tilkynningu um tjónsatvikið segir að ökumaður A hafi verið að mæta bifreið og þurft að víkja. Þá hafi A runnið til út í kant með þeim afleiðingum að hún tók niðri og gat kom á olúþönnu. Í málskoti er atvikum lýst svo að ökumaður A hafi þurft að víkja út í vegöxl til að afstýra árekstri, er hann mætti annarri bifreið. Við það gaf vegöxlin sig og A fór út af með þeim afleiðingum að gat kom á olúþönnuna. Ekkert er getið um veðurfar eða aðstæður á veginum þegar óhappið varð.

M krefst bóta úr húftryggingu bifreiðarinnar hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum þeim sem gilda um húftryggingu A hjá X gildir váttryggingin vegna tjóns sem verður á váttryggðu ökutæki af völdum nánar tilgreindra tjónsorsaka, sbr. greinar 4.1 til 4.14 í skilmálunum, þ. á m. tjóns af völdum útafaksturs, sbr. gr. 4.4. Í greinum 4.15 til 4.22 eru svo tilgreind ýmis tilvik sem eru undanþegin bótaskyldu, þ. á m. skemmdir sem hljóttast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti, sbr. gr. 4.18.

Þegar litið er til þess hvernig tildrögum óhappsins er lýst í upphaflegri tjónstilkynningu og í málskoti verður ekki annað ráðið en A hafi verið vikið út í vegkant í því skyni að geta mætt bifreið sem ekið hafi verið úr gagnstæðri átt. Hafi þá vegkanturinn gefið sig eða bifreiðin tekið niðri af öðrum ástæðum með þeim afleiðingum að gat kom á olúþönnu. Að öllu athuguðu þykir ekki nægilega í ljós leitt að tjónið verði rakið til útafaksturs eða annarra tjónsorsaka sem falla undir gildissvið húftryggingarinnar. Af þeim sökum fæst tjónið ekki bætt úr húftryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr húftryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 20. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 334/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur Höfðabakka þann 29.07. 2009

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið Höfðabakka til norðurs á vinstri akrein þegar B var ekið frá vinstri frá Vesturlandsvegi upp á Höfðabakka að biðskyldu og síðan inná Höfðabakka. Í framhaldi þessa varð árekstur bifreiðanna.

M (B) telur að rekja megi áreksturinn til ógætilegs aksturs A.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum sbr. 2. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri bifreiðanna. Honum bar að veita umferð um Höfðabakka forgang. Þess virðist hann ekki hafa gætt.

Ósannað er að A hafi verið ekið á B kyrrstæða.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstri bifreiðanna.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 335/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðar vegna hvarfs hennar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 22.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.10.2009.

Málsatvik.

Fimmtudaginn 22.1.2009 tilkynnti A, fyrirsvarsmaður fyrirtækisins M, lögreglunni á Suðurnesjum að bifreiðinni B hefði verið stolið af bifreiðastæði við Hótel Keflavík við Vatnsnesveg í Reykjanesbæ. Kvað A að D hefði lagt bifreiðinni þar sunnudaginn 18.1. og gengið síðan heim til sín, en hann búi í Reykjanesbæ. A kvað bifreiðina hafa verið horfna er hann hugðist taka hana fyrrgreindan fimmtudag. Hann hafi talað við D, en hann kvaðst hafa týnt lykklum að B er hann gekk heim til sín eftir að hann yfirgaf hana. D mun hafa tjáð A að hann hafi lagt B á bifreiðastæði fyrir miðri hótélbyggingunni.

D kvaðst hafa starfað í fyrirtæki hjá A og hafi hann ætlað að kaupa B af A, en vegna skuldastöðu sinnar hafi hann ekki getað skráð B á sitt nafn. Því hafi þeir ákveðið að hafa hana áfram skráða á nafni M, fyrirtækis A og A myndi draga mánaðarlega af launum hans til að greiða kaupverð B. Fyrirtækið hafi síðan hætt starfsemi (farið á hausinn) og hann hafi ekki getað haldið B. Hafi hann því farið og skilað henni. Hann hafi ekið eftir Vatnsnesvegi og lagt B á bifreiðastæði fyrir miðju að austanverðu beint á móti Hótel Keflavík hinum megin við götuna. Hann muni ekki nákvæmlega hvenær dags þetta hafi verið, en verið seinni part dags. Þó gæti það hafa verið fyrr. Hann hafi svo týnt lykklunum fljótlega. Hins vegar áttaði hann sig ekki á því að hafa týnt lykklunum fyrr en A hringdi í hann og tilkynnti honum um hvarfið. Hann vissi ekki hvort aðrir lykklar væru til, en hafði þó grun um að A hefði aðra lykla í sínum fórum.

Lögregla skoðaði upptökur úr öryggismyndavél við Hótel Keflavík tímabilið frá hádegi þann 18.1.2009 til kl. 21:00 þann 22.1.2009 með aðstoð starfsmanns hótelsins. Myndavélin vísaði þannig að sjá mátti hluta af bifreiðastæðinu þar sem D kvaðst hafa lagt B. Hún sýndi einnig akstursleiðina inn á stæðið. Myndbandsupptakan mun hafa verið frekar óskýr en þó mátti í flestum tilvikum greina tegundir ökutækja sem óku um Vatnsnesveg og inn og út af bílastæðinu. Ekki var hægt að sjá B á myndbandinu. Ekki sást heldur á umræddu tímabili að bifreið sömu gerðar og B hafi verið ekið út af bifreiðastæðinu, en öryggismyndavélin myndaði hins vegar ekki útakstursleiðina.

B var kaskótryggð hjá váttryggingafélaginu X. Samkvæmt grein 4.2 í skilmálum váttryggingarinnar bætir félagið skemmdir sem verða á váttryggðu ökutæki sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Í ákvæðinu segir einnig að félagið krefjist lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt grein þessari. Krafist hefur verið bóta úr kaskótryggingunni af hálfu M, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt því sem að framan greinir hafði D keypt B af M án þess að hún hafi verið skráð á nafn hans. Hann skilaði B er hann gat ekki lengur haldið henni og yfirgaf hana á sunnudegi á bifreiðastæði við Hótel Keflavík án þess að muna nákvæmlega hvenær dags það hafi verið. Á leið heim til sín eftir að hafa skilað B týndi D bíllyklunum. Á fimmtudegi, er A hugðist ná í B var hún horfin af bifreiðastæðinu. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig A ætlaði að taka B þar sem D, sem kvaðst hafa keypt bifreiðina, hafði týnt bíllyklunum og ekki liggur ljóst fyrir hvort aðrir lykklar hafi verið til af B. Jafnvel þótt það sé ekki algild sönnun þess að B hafi ekki verið lagt á bifreiðastæðinu, þá sást B ekki í myndbandsupptöku í öryggismyndavél, sem vísaði á hluta bifreiðastæðisins þar sem D kvaðst hafa lagt henni, þann tíma sem hún átti að hafa verið þar.

Samkvæmt þessu er margt á reiki varðandi vörslur A og viðskilnað hennar í aðdraganda þess að tilkynnt var um hvarf hennar. Er óhjákvæmilegt við þessar sérstöku aðstæður að gerðar séu nokkrar kröfur til þess að sýnt sé fram á að bifreiðinni hafi í raun verið stolið þannig að tjón af þeim sökum fái bætt úr kaskótryggingunni. Af gögnum málsins þykir ekki komin fram nægileg sönnun þess að hvarf hennar verði rakið til þess að henni hafi verið stolið. Við svo búið hefur ekki stofnast bótaskylda úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr kaskótryggingu B hjá X.

Reykjavík, 27. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 336/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar flugstöðvar.

Kona klemmdist í sjálfvirku hliði í flugstöð.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 23.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli var M stödd í flugstöð F á Keflavíkurflugvelli að kvöldi 21.9.2003 á leið sinni til landsins frá útlöndum. Er hún gekk í gegnum hlið milli brottfararsalar (“transit”) og komusalar lokuðust dyr á hana og hún klemmdist á hægri handlegg. Í dyrunum voru tveir hurðarvængir (hurðir) sem opnuðust í sitt hvora átt. M kvaðst hafa verið með tösku á hægri handlegg og hefðu hurðarvængirnir (hurðirnar) togað í töskuna er þeir lokuðu dyrunum.

Með bréfi, dags. 15.1.2009, er M leitaði eftir bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá vátryggingafélaginu X, kvað hún tvo menn hafa verið við hliðið og búnir að opna það, þar sem það hafi verið bilað. Hún hafi verið með þeim fyrstu til að fara í gegnum hliðið að lokinni viðgerð. Þá hafi ekki viljað betur til en hliðið lokaðist eins og áður greinir og hún hlotið áverka á hægri handlegg og vinstri öxl. Í málskoti til nefndarinnar segir að M hafi í umrætt sinn dregið á eftir sér tösku á hjólum sem hún hafði með sér í handfarangri. Er hún hafi sjálf verið komin í gegnum hliðið hafi það lokast sjálfkrafa á handlegg hennar. Starfsmaður öryggisgæslu á flugvöllinum hafi komið á vettvang og losað hana úr hliðinu.

Við eftirgrennslan, þ. á m. hjá þjónustuaðilum sem önnuðust öryggisþjónustu í F, hafi ekkert komið fram sem benti til að umrætt hlið hafi verið bilað eða að unnið hafi verði að viðgerð þess um það leyti sem M slasaðist. Bótaskyldu var hafnað af hálfu X.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að meiðsl M verði rakin til bilunar í hliðinu þegar hún fór í gegnum það eða annarra atvika sem F ber ábyrgð á. Við svo búið fæst tjón hennar ekki bætt úr ábyrgðartryggingu F hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu F hjá X.

Reykjavík, 3. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 337/2009

M og

Vátryggingafélagið V v slysátryggingar ökumanns vélsleðans A

Maður meiddist þegar hann féll af vélsleða þ. 5.2.2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 23.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 7.10.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið að aka vélsleðanum A við Klukkutinda í Grímsneshreppi þegar hann hafi misst jafnvægið og fallið af sleðanum. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá V en árið 2001 hafnaði V bótakröfu M og fór M fram á að V endurskoðaði þá afstöðu sína um höfnun bótaskyldu en þar sem V hafnaði því þá hefur M skotið máli sínu til Úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum. Af hálfu M er því haldið fram að V hafi ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt geti til takmörkunar á bótarétti M. Þá er því haldið fram að ósannað sé að M hafi verið að "stökkv" á vélsleðanum og jafnvel þó svo hafi verið þá verði slík háttsemi ekki metin sem stórkostlegt gáleysi af hálfu M. Þá vísar lögmaður M í dóm Hæstaréttar í málinu 1996 bls. 3049. V hafnar bótaskyldu og segir að í umrætt sinn hafi M gert sér að leik að stökkva á sleðanum yfir snjóhengju nokkrum sinnum og muni M hafa misst jafnvægið í einu stökkinu og lent illa. V hafnar bótaskyldu á grundvelli 5 gr þágildandi vátryggingaskilmála sbr. 18.gr. 1. nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Þá vísar V í lögregluskýrslu frá 5.2.2000 og telur að upphaflegur framburður vitna hljóti að vera það gagn sem horfa verði til varðandi atvik málsins

Álit.

Í lögregluskýrslu þ. 5.2.2000 segja samferðamenn M að slysið hefði orðið með þeim hætti að þeir hafi verið að leika sér að keyra sleðana yfir snjóhengju sem þarna var og láta sleðana "stökkva" og hafi M farið yfir hana á nokkurri ferð og misst jafnvægið á sleða sínum með þeim afleiðingum að hann lenti illa og slasast. Ekki verður hjá því komist eins og gögn málsins liggja fyrir að leggja þennan framburð samferðarmanna M til grundvallar. Ljóst er því að í umrætt sinn var akstur M með þeim hætti að hann var kominn út fyrir eðlilega notkun vélsleðans og sýndi með akstri sínum stórkostlegt gáleysi. M á því ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr slysátryggingu ökumanns A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr slysátryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík 27.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 339/2009
M og
Vátryggingafélagið V v vatnstjónstryggingar

Tjón í rafstöð í apríl 2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 24.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 9.6. og 1.10. 2009 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Brunatjón varð í rafstöð M í apríl s.l. en M er með vatnstjónstryggingu hjá V. M telur ljóst að tjónið á rafstöðinni megi rekja til bruna í skilningi skilmála vatnstjónstryggingarinnar og krefst bóta úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar í því sambandi til 1 gr vátryggingaskilmála um að tryggingin taki ekki til skemmda á raftækjum eða rafeindatækjum af skammhlaupi eða öðrum hreinum rafmagnsfyrirbærum nema atvikið valid eldsvoða eða sé bein afleiðing af eldsvoða. V telur í ljósi fyrirbyggjandi gagna að skammhlaup hafi orðið og atvikið hafi ekki valdið eldsvoða eða verið bein afleiðing eldsvoða. Þá bendir V á niðurstöðu matsmanns og mynda sem lagaðar hafa verið fram í málinu en þær sýni að um staðbundið tjón sé að ræða

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að um eldsvoða hafi verið að ræða sem leitt geti til bótaskyldu samkvæmt ákvæðum vátryggingarsamnings M hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 341/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags (vegaldara).

Bifreið rakst á stein við veg í sveitarfélaginu S þann 20.10.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.10.2009.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni, A, eftir vegi í sveitarfélaginu S, er A rakst á stein í jaðri götunnar. Bjart var af degi, en ísing og hálka á veginum sem er með bundnu slitlagi. Á vegarkafli þar sem óhappið varð hafði allstórum steinum verið raðað meðfram veginum. Er hann kom í beygju á veginum rann A beint áfram og upp á grjót sem var á milli akreina á veginum. Nokkrar skemmdir urðu á framenda A.

M kveður vítaverða slysgildru hafa falist í því hvernig umræddum steini og öðrum steinum hafi verið komið fyrir meðfram veginum. Hefur M krafist bóta vegna tjóns á A úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Það atvik að M missti stjórn á bifreið sinni á hálum veginum verður ekki rakið til legu steinanna meðfram veginum. Þótt skemmdir á A hafi orðið meiri en ella sökum þess að steinninn var í vegi hennar, liggur ekkert fyrir um það að steininum hafi verið komið fyrir þannig að farið hafi í bága við lög eða reglur eða annarra atvika sem sveitarfélagið ber ábyrgð. Tjón á A fæst því ekki bæt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 27. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 343/2009

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar Olíudreifingar h.f.

Maður slasaðist við vinnu sína þegar armur á bílalyftu féll niður þ. 20.1.2009..

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 28.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 5.10.2009.

Málsatvik.

M var að setja upp bílalyftu fyrir höfnina á Seyðisfirði þegar armur efst á lyftunni féll niður með þeim afleiðingum að sögn M að hægri hönd hans klemmdist og fingur brotnaði og nöglin fór af. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda O hjá V og bendir á að M hafi ekki stjórnað verkinu heldur verið til aðstoðar og armurinn sem féll niður hefði ekki haft eðlilega festu og verði því tjón M einnig rakið til bilunar eða galla á því tæki sem unnið var með í umrætt sinn. V segir að félaginu hafi ekki borist krafa frá M eða lögmanni hans í ábyrgðartryggingu O hjá V. V vísar til 2.mgr. 5.gr. samþykka fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem segir að málskotsaðili skuli hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar með mál sitt en það hafi ekki verið gert. Þá heldur V því fram að engar sérstakar aðstæður réttlæti sérmeðferð í máli þessu og vísar í því sambandi til ákvæða 3.mgr. 5.gr. samþykka fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Af þeim sökum telur V að ekki séu forsendur til þess að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum taki mál þetta til meðferðar.

Álit.

M eða lögmaður hans hafa ekki lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Þegar af þeirri ástæðu er málinu vísað frá sbr 2.mgr. 5.gr. samþykka Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 27.10 . 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 344/2009

M1 og M2

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar seljanda fasteignar.

Endurkrafa vegna bóta sem greiddar voru úr ábyrgðartryggingu seljanda fasteignar.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 29.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M (M1 og M2) voru eigendur kjallaraíbúðar í Reykjavík. Vegna fyrirhugaðrar sölu íbúðarinnar keyptu M í febrúar 2007 hjá vátryggingafélaginu X sérstaka ábyrgðartryggingu seljanda húseigna. Í tengslum við töku vátryggingarinnar gáfu M út yfirlýsingu um ástand eignarinnar, dags. 13.2.2007. Þar lýsa M því m.a. yfir að þær hefðu ekki vitneskju um raka eða leka í eigninni, að þær hefðu vitneskju um að frárennislagnir hefðu stíflast, en skipt hafi verið um dren 1997, að þær hefðu ekki vitneskju um sveppagróður (myglu), rakaskemmdir eða sníkjudýr af einhverju tagi í eigninni. Einnig er því lýst yfir að ekki hafi verið tilkynnt um tjón á eigninni til vátryggingafélags síðastliðin fimm ár né að tilkynnt hafi verið um galla á eigninni.

Þann 12.2.2007 var útbúið söluyfirlit hjá fasteignasölnunni F. Þar er íbúðinni lýst og segir m.a.: “Endurbætur: að sögn eiganda hafa pípulagnir, dren og rafmagn verið endurnýjað að miklu leyti.” Með kaupsamningi, dags. 2.3.2007, var eignin seld og skyldi hún afhent nýjum eigendum þann 10.3. s.á. Á framhlið kaupsamningsins, sem liggur fyrir í málinu, er ekki að sjá að þar sé vikið sérstaklega að ástandi eignarinnar. Stuttu eftir kaupin varð vart skordýra í íbúðinni sem samkvæmt greiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands reyndust vera húsamaurar. Í kjölfarið voru frárennislagnir hússins myndaðar og samkvæmt skýrslu þar um, dags. 10.5.2007, hafði verið skipt um lögn undir húsinu og settar plastlagnir. Mikið sig var á lögnunum, þær hálffullar og hreinsuðu sig illa. Segir í skýrslunni að mikið hafi verið af skolpmaurum í lögnunum. Loks segir að lagnirnar hafi verið myndaðar í ágúst 2004 og þá hafi sig einnig verið í þeim.

Með tjónstilkynningu, dags. 13.5.2007, gerðu kaupendur íbúðarinnar kröfu um bætur úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá X. Með bréfi X til M, dags. 23.5.2007, var óskað eftir afstöðu þeirra til kröfunnar. Með tölvupósti, dags. 4.6.2007, var af hálfu M gerð grein fyrir afstöðu þeirra til bótakröfunnar og þeirra upplýsinga sem hún byggði á. Þar kemur fram að þær hafi sumarið 2004 látið mynda skolplagnirnar þar sem þær höfðu þá orðið varar við “nokkra svokallaða klóakmaura í nokkrar vikur áður.” Rörin hafi verð tæmd af steypuklumpum “sem stífluðu rörin aðeins.” Ástæða fyrir þessum klumpum hafi verið sú að nágrenni hafi nokkru áður sturtað afgangi af steypudufti í salernið og það sest í rörin en ekki stíflað þau alveg. Við myndun roranna hafi komið í ljós að þau hafi sigið aðeins, en ekkert gat hafi verið á þeim sem maurar áttu að komast út um. Ákváðu M því að gera ekkert frekar að sinni varðandi rörin. Sumarið 2005 hafi svo komið í ljós að rör frá húsi við hliðina hafi verið skemmd og allt verið morandi í maurum þar. Gert var við rörin og eftir það hafi þær ekki orðið varar við neina maura og töldu að þeir maurar sem hefðu komist inn í íbúð þeirra hefðu komið frá húsinu við hliðina, en húsin liggja saman. Töldu þær að vandamál þetta hefði verið úr sögunni og ekki dottið í hug að nefna þetta í tengslum við sölu íbúðarinnar. Í ítarlegu bréfi X, dags. 18.6.2007, til kaupenda íbúðarinnar er bótaskyldu hafnað úr ábyrgðartryggingunni. Bar félagið fyrir sig að seljendur, þ.e.a.s. M, hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi við sölu eignarinnar og þeir ágallar sem um er deilt hafi ekki rýrt verðmæti eignarinnar í þeim mæli að um bótaskyldan galla hafi verið að ræða í skilningi laga um fasteignakaup nr. 40/2002.

Með málskoti til nefndarinnar, mótteknu 15.2.2008, óskuðu kaupendur íbúðarinnar eftir álitni nefndarinnar um rétt sinn til bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá X. Í bréfi X til nefndarinnar, dags. 20.2.2008, vegna málskots þessa er ítrekuð fyrri afstaða um að hafna beri bótaskyldu og er í þeim efnum vísað til bréfsins frá 18.6.2007. Með úrskurði nefndarinnar þann 18.3.2008 í máli nr. 28/2008 er komist að þeirri niðurstöðu að bótaskylda sé fyrir hendi úr vátryggingunni vegna saknæmrar háttsemi seljenda, M.

Þann 29.7.2008 greiddi X kaupendum eignarinnar bætur að fjárhæð 397.658 krónur vegna þeirra hlutar í kostnaði við endurnýjun frárennslislagna. Með bréfi, dags. 23.10.2008, endurkrafði X M um bótafjárhæðina. Segir þar að endurkrafan sé reist á 10 gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda. M hafa ekki viljað una endurkröfu X og hafa lagt þann ágreining fyrir úrskurðarnefnd í máli þessu. Með bréfi X til nefndarinnar, dags. 5.10.2009, er þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá þar eð heimild félagsins til endurkröfu byggji á 1. mgr. 22. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ágreiningurinn falli því ekki undir þau ágreiningsefni sem nefndin úrskurði um skv. 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005. Einnig segir í bréfinu að ákvæði 10. gr. skilmála vátryggingarinnar og 22. gr. skaðabótalaga sé sá grundvöllur sem X byggji kröfur sína á hendur M á.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem um vátrygginguna gilda segir að vátryggingin bæti almennt fjártjón seljanda fasteignar vegna skaðabótaábyrgðar hans samkvæmt lögum um fasteignakaup nr. 40/2002, enda sé tjónið afleiðing galla á fasteigninni, þó með þeim takmörkunum sem leiða af kaupsamningnum um fasteignina og/eða skilmálum þessum. Í 11. gr. skilmálanna eru ákvæði um stöðu tjónþola við tjón, en í fyrri málslíð greinar 11.1 segir: “Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu.” Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði í fyrri málslíð 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.). Þegar litið er til gildissviðs vátryggingarinnar skv. 4. gr. skilmálanna og réttar tjónþola til að krefjast bóta beint úr hendi félagsins verður að telja að X hafi átt einskis annars úrkosti en bæta kaupendum eignarinnar tjón þeirra að gengnum úrskurði nefndarinnar í máli nr. 28/2008.

Í fyrrgreindri 10. gr. vátryggingarskilmálanna segir að félagið öðlist endurkröfurétt á hendur vátryggðum í þeim tilvikum sem félagið hefur greitt bætur til kaupanda og um er að ræða rangar eða ófullnægjandi upplýsingar af hálfu vátryggðs, sbr. lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. X kveður endurkröfu sína byggja á ákvæði þessu. Er endurkrafan þannig byggð á vátryggingarsamningnum milli M og X og verður háttsemi M, sem getur leitt til endurkröfunnar, metin eftir ákvæðum vsl. Af hálfu X er ekki rökstutt með fullnægjandi hætti á hvern hátt endurkrafan skuli reist á ákvæðum 22. gr. skaðabótalaganna, einkum þegar litið er til þess að ákvæðið á fyrst og fremst við endurkröfur vátryggingafélags á hendur þriðja manni sem er skaðabótaskyldur við vátryggðan tjónþola. Verður að líta svo á að ágreiningur X og M byggji á ákvæðum vsl. Samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði vsl. Málinu verður því ekki vísað frá nefndinni.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. vsl. getur félagið, við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings, óskað eftir upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. gr. og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð gagnvart honum, sbr. 1. mgr. 20. gr. vsl. Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. vsl. Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanræksla vátryggingartaka hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sök hans er mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 20. gr. vsl.

Eins og fyrr greinir gáfu M út yfirlýsingu um ástand fasteignarinnar í tengslum við töku vátryggingarinnar hjá X. Var þar svarað ýmsum spurningum um eignina og gátu svörin veitt

upplýsingar um ástand eignarinnar og auk þess haft þýðingu í lögskiptum M við væntanlega kaupendur eignarinnar. Svörin höfðu því einnig þýðingu fyrir X við mat á þeirri áhættu sem fólst í váttryggingunni.

Í yfirlýsingunni kváðust M hafa haft vitneskju um að frárennislagnir hafi stíflast á árinu 1997 og þá hafi verið skipt um dren. Ekki er getið um stíflumyndunina sumarið 2004 og að sig hafi þá greinst í lögnunum. Ennfremur kváðust M ekki vita um sveppagróður (myglu), rakaskemmdir eða sníkjudýr af einhverju tagi í eigninni. Létu þær þannig hjá líða að greina frá þeim skolpmaurum (klóakmaurum) sem þær urðu varar við 2004 og 2005. Þessar upplýsingar komu heldur ekki fram við kaupsamningsgerðina og hafði það afgerandi þýðingu varðandi bótaábyrgð M gagnvart kaupendum eignarinnar. Með þessu vanræktu M upplýsingaskyldu sína og verður ekki talið að um óverulega vanrækslu hafi verið að ræða. Með vísan til 2. mgr. 20. gr. leiðir vanrækslan til þess að X gat borið fyrir sig takmörkun á ábyrgð sinni gagnvart M. Þar sem um var að ræða ranga og ófullnægjandi upplýsingagjöf öðlaðist X endurkröfurétt á hendur M sem váttryggðum, sbr. 10. gr. váttryggingarskilmálanna.

Ef váttryggingafélag hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla vsl., þ. á m. skv. 20. gr., skal það tilkynna váttryggingartaka eða váttryggðum þá afstöðu sína, sbr. 1. mgr. 31. gr. vsl. Í ákvæði þessu segir einnig að tilkynningin skuli send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Í 2. mgr. 31. gr. er svo tekið fram að félagið glati rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, ef það vanrækir upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr.

Með tölvupósti 4.6.2007 upplýstu M X um þau atvik sem ekki var greint frá þegar váttryggingin var tekin hjá X fyrr það sama ár. Að fengnum þessum upplýsingum var X kunnugt um að rangar og ófullnægjandi upplýsingar höfðu verið veittar við töku váttryggingarinnar sem gat leitt til þess að ábyrgð félagsins væri fallin niður í heild eða að hluta skv. reglum 20. gr. vsl. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 31. gr. vsl. bar X þá að tilkynna M án ástæðulauss dráttar, ef það ætlaði að bera fyrir sig að það væri laust úr ábyrgð gagnvart þeim og myndi beita endurkröfurétti sínum skv. 10. gr. váttryggingarskilmálanna, kæmi til greiðslu bóta úr váttryggingunni. Þessu breytir ekki þótt á því tímamarki hafi úrskurður nefndarinnar í máli nr. 28/2008 ekki legið fyrir og bætur þær, sem X endurkrefur úr hendi M, hafi ekki verið inntar af hendi fyrr en í lok júlí 2008. Með því að tilkynna M fyrst um það í bréfi 23.10.2008 að það hygðist bera fyrir sig að það væri laust úr ábyrgð sendi X ekki tilkynninguna án ástæðulauss dráttar eins og áskilið er. Af því leiðir skv. 2. mgr. 31. gr. vsl. að X hefur glatað rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkunina og þar með að beita þeim endurkröfurétti sem mælt er fyrir um í 10. gr. váttryggingarskilmálanna.

Niðurstaða.

X á ekki endurkröfurétt á hendur M.

Reykjavík, 10. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2009

M)

og

Vátryggingfélagið X v/fasteignatryggingar (vatnstjónstryggingar)

Skemmdir á húseign að Stóragarði 19.07. 2006, ágreiningur um réttarstöðu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að ljóst að tjónsatvik sem tilkynnt var til félagsins 19.07. 2006 hafi ekki verið bætt í samræmi við vátryggingarskilmála og að slíkt hafi haft verulegt tjón og annað óhagræði í för með sér fyrir M. M er eigandi fasteignarinnar sem hann keypti af vátryggingartaka en vátryggingartaki hafi framselt rétt sinn til M.

Vátryggingafélagið lætur getið afstöðu sinnar í bréfi til nefndarinnar. Engin fasteignatrygging er til staðar á umræddri fasteign í dag og því bótaskyldu vegna vatnsskemmda, uppbrots og raks nú 2009 hafnað. Ekki þyki sýnt fram á að tjónið á árinu 2009 tengist “á nokkurn hátt” því tjóni sem tilkynnt var 2006 og gengið var frá samkomulagsgreiðslum vegna árið 2007. Félagið vísar m.a. til þess að M hafi ekki komið fram fyrr en á árinu 2009 með nýja kröfu á hendur félaginu eftir að búið var að brjóta upp gólfefni án aðkomu félagsins. Tjónið telji M að rekja megi til tjónsins árið 2006. Máli sínu til stuðnings vísar M til niðurstöðu skýrslu fyrirtækis, dags. 08.09. 2009, sem félagið gagnrýnir varðandi notkun hitamyndar. Ekki sé hægt að fullyrða út frá skýrslu þeirri að um einn og sama leka hafi verið að ræða. Fyrir liggur og að íbúðin hafi staðið tóm að mestu leyti í 3 ár sem liðin eru frá því að tjónið kom upp árið 2006. Allt eins gæti verið um annað og ótengt tjónstilvik að ræða. Félagið metur það M til tómlætis að hafa ekki fyrr en nú árið 2009 komið fram með frekari kröfu vegna tjóns sem hann telur að eigi upptök sín árið 2006. Sönnunarbyrði fyrir því að tjónið árið 2009 eigi rót sína að rekja til sama leka árið 2006 hvíli á M. Félagið telur að hann hafi á engan hátt tekist að sanna það. Sannanlegar vatnsskemmdir á eigninni hafi þegar verið greiddar úr fasteignatryggingu sem þá var í gildi. Engin fasteignatrygging sé fyrir hendi í dag. Félagið vísar og til þess að jafnvel þótt hægt væri að tengja leka á eirlögn í gólfi í eldhúsi við tjónið 2006 þá myndi kostnaður við endurlögn nýrra lagna og uppbrot því samfara ekki falla undir vátrygginguna sbr. 3. gr. skilmála þar sem fram kemur að ekki sé bættur sá hlutur eða hluti sem tjóni veldur, svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringar eða endurlögn þeirra.

Í niðurstöðu hitamyndatöku, dags. 08.09. 2009, er þess getið að við “greiningu myndar kemur í ljós að um leka er að ræða. Lagnir eru inn í hlöðnum vegg og hitadreifing mikill niður við gólf.” Þá segir og “Ekki verður um villst að einn og sami lekinn hefur orsakað það tjón sem orðið hefur á gólfefni og veggjum.... Hitamyndirnar sýna glögglega flæði vatnsins undir gólfefnum og hvernig það rennur m.a. yfir þann stað sem áður var gert við. Það þýðir að lekinn átti ekki uppruna sinn þar. Af þessu leiddi að lekinn hélt áfram og olli frekara tjóni. Eftir þær framkvæmdir sem nú hafa farið fram hefur hins vegar verið komið í veg fyrir lekann.”

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi það tjón sem um ræðir til váttryggingaraburðar sem varð á meðan umrædd váttrygging var í gildi hjá fyrri eiganda. Fyrirliggjandi niðurstaða hitamyndatöku breytir ekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 349/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Hörgslands og Grundarlands í Reykjavík þann 16.7.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 30.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 2.10.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 19.10.2009.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Hörgsland og beygt til hægri áleiðis vestur Grundarland. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið austur Grundarland. Rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Á Grundarlandi hvílir biðskylda gagnvart umferð á Hörgslandi.

Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar í reitum um tjónsatvik (nr. 12) er merkt í reit 12 varðandi A um að henni hafi verið beygt til hægri og varðandi B er merkt í reit 13 um að henni hafi verið beygt til vinstri. Í reit 14 – “Aðrar upplýsingar” – vegna A er skráð að B sé í rétti.

Í viðbótarupplýsingum sínum um áreksturinn kveðst ökumaður A hafa ekið á 15 km hraða á klst. Að öðru leyti lýsir hann atvikum efnislega á sama veg og að framan greinir. Í reit 25, “Bótaábyrgð”, merkir ökumaður A við sjálfan sig um hvern hann telji vera ábyrgan fyrir tjóninu.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða á klst. og gefið stefnumerki er hann nálgast gatnamótin. Hann hafi þá mætt A í miðri beygju á gatnamótunum. Ökumaður A hafi horft í aðra átt og því ekki séð til ferða B. Hann hafi tekið of víða beygju og árekstur orðið. Ökumaður B kvaðst hafa reynt að afsýra árekstri er hann sá í hvað stefndi.

Álit.

Á afstöðumynd af vettvangi, sem teiknuð er á hinni sameiginlegu tjónstilkynningu ökumanna, virðist sem vinstra framhorn A hafi farið lítið yfir á rangan götuhelming. Þetta er þó frekar ógreinilegt og getur ekki ráðið úrslitum um skiptingu sakar. Samkvæmt því sem ökumaður A hefur skráð bæði á framhlið tjónstilkynningarinnar og í viðbótarupplýsingar sínar um áreksturinn, fer á hinn bóginn ekki á milli mála að hann telur sig vera ábyrgan fyrir tjóninu. Þegar litið er til þessa og frásagnar ökumanns B um tildrög árekstursins þykir nægilega sannað að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi tekið of víða beygju þannig að vinstra framhorn A hafi farið yfir á rangan helming götunnar. Verður ökumanni A því gefin öll sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 10. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 350/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar bónda (B)

Umferðaróhapp ekið á kálf á Ólafsfjarðarvegi í febrúar 2009

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.10. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.10. 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni var ekið á lausan kálf.

Á vettvangi er lausafjarganga búfjár bönnuð.

Vátryggingafélag A vísar til þess að fyrir liggi að hópur nautgripa hafi komist út úr hólfi. Ábúandi telji að hlið á hólfi hafi verið opnað að mannavöldum. Ábúandi hafi ekki getað skýrt hvort einhverjir utanaðkomandi hafi átt erindi á staðinn í aðdraganda tjónsatviks þess sem um er rætt, eins og æskilegt verður að telja. Félagið telur að fullnægjandi skýringar hafi ekki fengist á því að hliðið var opið. Þar sem lausaganga er bönnuð telur félagið að ábúandinn hafi ekki sýnt fram á að vörslur hans á nautpeningi hafi verið eins tryggar og gera má kröfu til.

Vátryggingafélag B greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í nefndu bréfi til nefndarinnar. Það telur að vörslur hafi verið fullnægjandi og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 105/1993 verði ábúandanum ekki metið til sakar að hlið hafi verið opið þar sem ekki sé ljóst hvers vegna svo var.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ábúandinn (B) ekki útskýrt með fullnægjandi hætti hvort einhverjir utanaðkomandi hafi átt erindi á bæinn í aðdraganda tjónsatviks máls þessa. Gert er ráð fyrir að umrætt hlið hafi verið skilið eftir opið og þannig hafi nautgripir komist út á þjóðveginn. Fullnægjandi skýringar hafa ekki fengist á því hvers vegna hliðið var opið og miðað við það virðast vörslur gripanna ekki hafa verið fullnægjandi.

Þar sem lausaganga er bönnuð tverður að gera þá kröfu til ábúenda/bænda að þeir sýni fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi.

Með hliðsjón af framanrituðu hefur B ekki sýnt fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi.

Umfjöllun vátryggingfélags B um tiltekinn dóm Hæstaréttar breytir ekki ofanrituðu.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 10. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 352/2009
M og
Vátryggingafélagið V v A og B

Árekstur bifreiða við Víkurskarð þ.21.8.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 7.10.2009 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Álit tjónanefndar mál nr. 384/09
3. Ljósmyndir
4. Bréf V dags. 15.10.2009.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á hringveginum við Víkurskarð. Báðum bifreiðunum var ekið í vestrátt. A ók næst á eftir bifreið með húvagn í togi en B kom að og ætlaði að fara fram úr A og hinni bifreiðinni þegar ökumaður A ákvað að aka fram úr bifreiðinni sem ók á undan honum og árekstur varð með A og B. Ökumaður A segist hafa séð tækifæri til að aka framúr bifreiðinni sem á undan fór og gefið stefnumerki til vinstri og beygt inn á vinstri akrein en ekki tekið eftir B fyrir en árekstur varð. Ökumaður B segir að bifreiðunum sem á undan óku hafi verið ekið hægt og hafi hann ætlað að aka framúr þeim og gefið stefnuljós til vinstri og farið yfir á vinstri akrein en þegar hann hafi nálgast bifreiðarnar hafi A verið beygt skyndilega í veg fyrir hann. Ökumaður B segir að A hafi gefið stefnumerki um leið og hann beygði í veg fyrir B inn á vinstri akrein.

Álit.

Ökumaður sem ætlar framúr öðru ökutæki ber að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga m.a. sérstaklega að engin sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum sbr t.l.c 2.mgr. 20.gr umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti ökumaður A ekki og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 3.11. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 353/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar fyrirtækis.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem varð á athafnasvæði fyrirtækis.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 7.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 31.8.2009 ók M bifreið sinni, A, inn á athafnasvæði fyrirtækisins F. Var A þá ekið á spýtu sem lá á akleiðinni þannig að skemmdir urðu á A. Líklegt var talið að spýtan, sem var um 120 cm á lengd, hafi losnað úr vörubretti og fallið til jarðar, þegar skömmu áður var komið með vörur til F.

M kvaðst hafa kvartað við eiganda F vegna spýttunnar, en hann hafi ekki hirt um að fjarlægja hana. Um 30 mínútum síðar kvaðst M hafa sjálfur tekið spýtuna. M kveður F hafa átt að gæta þess að athafnasvæðið væri autt fyrir umferð um það. Það hafi brugðist eins og að framan greinir. M krefst þess að tjónið á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu F hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn eru fátækleg um óhappið og tildrög þess. Af þeim verður ekki ráðið að eigandi F eða starfsmenn hans hafi vitað um spýtuna úti á svæðinu áður en óhappið varð eða að af henni hafi stafað hættu fyrir aðra sem þarna áttu leið um. Verður að telja ósannað að óhappið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna F eða annarra atvika sem F ber ábyrgð á. Tjón á A bætist því ekki.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki.

Reykjavík, 3. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 354/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið v/B

Árekstur við Hlemm 31.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.10. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 02.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda áreksturs strætisvagna.

Ökumaður A ók framhjá B. Ökumaður A heldur því fram að B hafi verið ekið af stað úr kyrrstöðu svo árekstur varð. Ökumaður B kveðst hafa verið kyrrstæður.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga. Ekki megi byggja niðurstöðu málsins á nýframlögðum vitnaframburðum.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann ekur af stað úr kyrrstöðu frá brún akbrautar í hliðina á A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að aka af stað og utan í A sem ekið var framhjá.

Framlagðar skriflegar frásagnir sjónarvotta styðja ofanritaða niðurstöðu. Einn sjónarvottur lætur þess m.a. getið að hann hafi séð “A aka hægt eftir vinstri akrein frá Hlemmi inná Rauðarárstíg og sér þá stætisvagninn B keyra inní hliðina á A”.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstri þessum.

Reykjavík 10. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 357/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Kona slasaðist er hún féll á gólfi fiskvinnsluhúss bann 13.2.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.10.2009.

Málsatvik.

M var við störf í fiskvinnslufyrirtækinu F. Fiski hafði verið landað í körum og til þess voru notaðir 10 mm sverir kaðlar. Mun köðlunum svo hafa verið brugðið utan um körin og þannig komið fyrir á vinnusvæði starfsmanna. M var að spúla gólf í lok vinnudags og notaði til þess öfluga háþrýstidælu að eigin sögn. Flæktist hún þá í kaðli frá einu fiskikarinu og féll aftur fyrir sig og skall harkalega með rass og bak í gólfið.

M krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur við um slysið og orsakir þess. Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi verið óvinnufær eftir slysið svo lengi að vinnuveitanda hafi verið skylt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ekki verður heldur séð að af málgögnum að aðila greini á um það sem upplýsa hefði mátt, ef Vinnueftirlitið hefði verið kallað til strax efir slysið.

Ekki verður séð að frágangur kaðalsins hafi verið með óforsvaranlegum hætti eða að slysið verði rakið til annarra atvika sem vinnuveitandi M ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 10. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 359/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður á verkstæði rann í olúbleytu og féll í gólfið.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 14.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.10.2009.

Málsatvik.

Þann 29.10.2008 var M, starfsmaður á rafmagns- og uppsetningarverkstæði þjónustuverkstæðis V, að fara með rusl í ruslagám. Til þess þurfti hann fara um mótorkerkerkstæði fyrirtækisins. Er hann var staddur þar á leið sinni til baka rann hann í olúbleytu á gólfinu. Við það skall hann í gólfið og hlaut áverka á baki.

M telur að starfsmanni þann sem missti olúna niður á gólfið hafi borið að hreinsa hana strax upp eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum. Því hafi ekki verið sinnt. Þá hafi heldur ekki verið gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum og vinnu hagað þannig að öryggi starfsmanna væri tryggt, sbr. 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki hafi heldur verið gætt reglna um greiðar og afmarkaðar umferðarleiðir eða að ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hálfu á gólfinu, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 5. tölul. 6. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Þá kveður M að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlits ríkisins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, en tilkynning um slysið barst ekki Vinnueftirlitinu fyrr en 18.5.2009.

Með vísan til ofangreinds hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um það hvernig olúpollurinn myndaðist á gólfinu. Slysið varð á gólfi bifreiðaverkstæðis. Þrátt fyrir skyldur sem hvíla á starfsmönnum að hreinsa upp olúu sem þeir hafa misst niður, sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 145/1953, geta þau tilvik hent að olúa falli í gólfið án þess að það verði virt starfsmönnum til sakar að ekki hafi tekist að hreinsa olúuna upp strax. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að aðstæður hafi að öðru leyti verið þannig á vinnustaðnum að fari hafi í bága við ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Samkvæmt gögnum málsins virðist M hafa haldið áfram störfum eftir byltuna og fram á næsta dag. Verður ekki séð að skilyrði séu til að varpa sönnunarbyrðinni yfir á V þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en allöngu síðar. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt sé fram á að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 17. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Áræktur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöð í Spönginni, Reykjavík, þann 3.10.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 15.10..2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 27.10.2009, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf X, dags. 2.11.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem voru sitt hvoru megin við akleið á bifreiðastæði við verslunarmiðstöð í Spönginni. Rákust þá afturendar bifreiðanna saman. Bjart var af degi þegar árækturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum er hann hafi fundið að hann bakkaði á aðra bifreið sem hann taldi að hafi einnig verið bakkað.

Ökumaður B kvaðst ekið aftur á bak úr stöðureitnum og verið kyrrstæður og ætlað að snúa stýrinu þegar hann fann högg koma aftan á B.

Samkvæmt frásögn vitnis var B ekið á aftur á bak úr stöðureit og stöðvuð. Á sama tíma og B stöðvaðist var A ekið aftur á bak og beint á B. Eftir öðru vitni er haft að B hafi verið bakkað frekar hægt. Er ökumaður hennar var að því kominn að rétta hana við hafi A einnig verið bakkað. Ökumaður B hafi flautað, en ökumaður A hafi haldið ferð sinni áfram.

Álit.

Ökumaður A ók bifreið sinni aftur á bak og vissi ekki af ferðum B fyrir aftan sig fyrr en áræktur varð. Hann hafði ekki gengið nægilega úr skugga um að hann gæti ekið aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra eins og honum bar skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árækstrinum. Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað bifreið sína áður en árækturinn varð. Það fær einnig nokkra stoð í frásögn vitna. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að árækturinn megi rekja til óvarkárni ökumanns B. Verður ökumanni A því einum gefin sök á árækstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur á einbreiðri brú við Tungufljót 08.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 15.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið á móti hvort annari. Áreksturinn varð á umræddri brú.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna.

M telur m.a. að ökumaður B hefði átt að geta komið í veg fyrir áreksturinn með því að “bremsa fyrir”. Hann gagnrýnir og athugasemdir ökumanns B við skýrslu lögreglu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að ökumaður A hafi komið síðar að brúnni og því átt að vika fyrir B. Þessa gætti ökumaðurinn ekki og ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs/verslunarmiðstöðvar (A)

Fall á bílastæði við Kringluna 29.11. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 15.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M mun hafa komið út úr verslunarmiðstöðinni þegar henni skrikaði fótur á gangstéttarbrún næst anddyrinu og féll niður á götuna með þeim afleiðingum að hún úlnliðsbrotnaði.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. ítarlega umfjöllun lögmanns hennar í málskotinu. M telur að rekja megi slysið til vanbúnaðar verslunarmiðstöðvarinnar við lýsingu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Ekki þyki sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu A. Félagið vísar til þess að bifreiðastæðið sé hannað með mildri lýsingu. Ljóst sé að mikill birtumunur er við að koma út úr upplýstri verslunarmiðstöð og út í myrkrið, hvort sem ljósaperu hafi vantað í ljósastaur á svæðinu eða ekki. Það eitt hafi ekki úrslitaáhrif. Tveir ljósastaurar liggja í námunda við þann staur sem ekki logaði á. M hafi átt að hafa næga birtu til að átta sig á því hvar gagnstéttin endar og gatan tekur við. Þar fyrir utan telur félagið að ekki hafi verið sýnt fram á hvenær ljós hætti að loga á umræddum staur. Nýlega hafi verið búið að yfirfara útlýsinguna (“í nóvember”). Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að A hafi vitað af því að ekki logaði á umræddum staur. M hafi þurft að sýna meiri aðgát í umrætt sinn, henni hefði átt að vera ljóst hvar gagnstéttin endaði og hvar gatan tók við. Gulmerkt sé meðfram gagnstéttarbrúninni. Hér hafi verið um óhappatilvik eða aðgæsluleysi M sjálfs að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að starfsmenn A hafi vitað af því að ekki logaði á umræddum staur eða að ljósbirtu væri ófullnægjandi. Ekki hefur verið sýnt fram á að lýsing hafi verið ófullnægjandi þrátt fyrir að ljós hafi vantað á einn staur. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verið rakið til sakar A eða annarra atvika eða aðstæðna sem A ber ábyrgð á.

M virðist ekki hafa sýnt næga aðgát er hún kom út úr verslunarmiðstöðinni. Hér virðist því hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2009

M v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (V)

**Umferðaróhapp, hjólbarði og felga skemmdust á bifreið
sem ekið var um Þrastarveg 09.08. 2009.**

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 19.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið um Þrastarveg þegar skemmdir urðu á bifreiðinni þegar henni var ekið um ójöfnu/skemmd með þeim afleiðingum að hjólbarði og felga skemmdust.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að fullnægjandi merkingar um vinnusvæði fyrir nýlagða klæðningu og vegavinnu hafi verið og að ökumaður hafi þurft að gæta sérstakrar aðgæslu vegna þessa. Í tjónstilkynningu hafi M sagt að hann hafi verið á 50-60 km hraða og ekið í “skemmd” á veginum. Ekki verði séð að um sök V hafi verið að ræða. Ekkert liggur fyrir um að eftirliti V hafi verið ábótavant.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ökumaðurinn virðist ekki hafa gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur á vegi þar sem vegavinna fer fram.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 367/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Starfsmaður féll á milli hæða í húsbýggingu þann 31.3.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 19.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.11.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, starfsmaður byggingarfyrirtækisins B var að störfum á efri hæð í nýbyggingu að í Hafnarfirði. Samkvæmt lögregluskýrslu var um 4 m² stórt gat á gólfi efri hæðarinnar, en fyrir neðan var steinsteypt gólf neðri hæðarinnar. Búið var að byggja handrið úr timbri um gatið til að halda fólki frá því. M hélt á timburplanka (sperru) og ætlaði að henda honum upp á þak sem var um tveimur metrum frá gatinu. Hafði hann stigið aftur fyrir sig og dottið niður um gatið og niður á gólfið á neðri hæðinni. Hann hlaut m.a. áverka á höfði, þ.m.t. í andliti, og brot á hægri úlnlið.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að handriðum hafi verið komið fyrir við gatið. Þó hafi hluti þess verið óvarinn. M hafi haldið á sperrunni og gengið aftur á bak þar sem hann hélt að handrið voru. Hafi hann komið að þeim hluta gatsins sem var óvarinn og féll um 4 m niður á steingólfið. Var meginorsök slyssins talin vera sú að fallvarnir við gatið voru ekki fulltryggðar. Búið hafi verið að setja upp handrið en þau skýldu ekki öllu gatinu. Krafist var fullra fallvarna við gatið og að hnélistar skyldu settir við handriðin.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu. Kveður X m.a. að M hafi verið búinn að starfa í byggingunni um tveggja mánaða skeið þegar slysið varð og honum átti ekki að geta dulist að frágangi handriðs kringum gatið var ekki lokið.

Álit.

Engum vafa er undirorpið að frágangur fallvarna kringum gatið, sem M féll niður um, var með öllu ófullnægjandi. Verður slysið aðallega rakið til þessa. B bar sem vinnuveitanda að gæta þess að fallvarnir við gatið væru öruggar meðan starfsmenn væru við störf í námunda við gatið. B brást skyldum sínum í þessum efnum og ber af þeim sökum meginábyrgð líkamstjóni M. Á hinn bóginn sýndi M nokkuð andvaraleysi er hann steig aftur á bak í átt að gatinu. Verður hann því að bera nokkurn hluta tjónsins sjálfur vegna meðábyrgðar sinnar. Eftir atvikum öllum þykir rétt að tjón hans bætist að 2/3 hlutum, en hann beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 368/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Skemmdir við uppskipun 07.04. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M vann við uppskipun. Unnið var við hífingu jarðbors úr skipi uppá hafnarbakka. Festing gaf sig þannig að jarðborinn féll niður.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar m.a. til þess að sú ábyrgðartrygging sem um ræðir tilgreinir starfsemi M sem “starf rafvirkja og vinnuvélastjórnun”. Félagið telur að M hafi tekið að sér ýmis önnur störf og að hann hafi vanrækt tilkynningarskyldu um breytingar á starfsemi sinni til félagsins sbr. nánar umfjöllun félagsins. Það telur að M hafi ekki haft ábyrgðartryggingu sem hafi tekið til starfa við skipaafgreiðslu. Þá er “mikilvægast í þessu sambandi” að M var ekki með svokallaða víðtæka skilmála á tjónsdegi. Undantekningarákvæði skilmála um vörslur og flutning o.fl. eigi því við jafnvel þó komist væri að þeirri niðurstöðu að vátrygging M taki til framkvæmd við uppskipun. Samandregið er það afstaða félagsins að engin vátrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi í nafni M sem taki til skipaafgreiðslu og/eða losunar skipa. Jafnvel þó ekki verði fallist á það telur félagið að það sé eðlilegur hluti flutnings farm að losa hann úr lest skips og koma honum upp á hafnarbakka og þaðan áfram á athafnasvæði skipafélagsins. Farmurinn hafi verið í “vörslum þeirra aðila” sem hlut áttu að máli uns hann hafi endanlega verið komið fyrir.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Verklag starfsmanns M við að lyfta þeim jarðbor sem um ræðir var ófullnægjandi. Rekja má tjónsatburðinn til þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M vátryggður fyrir þá starfsemi sem “þeir höfðu sjálfir tilgreint sem starf rafvirkja og vinnuvélastjórnun”. Greiðsla iðgjalds miðaðist við þessa tilgreindu áhættu vátryggðs. Gögn málsins verða skýrð á þann veg að unnið hafi verið við vinnuvélastjórnun í umrætt sinn og að rekja megi tjónið til sakar starfsmanns M við þá framkvæmd.

Ákvæði skilmála (6.2 og 6.3) um almennar undantekningar koma ekki í veg fyrir greiðsluskyldu í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ húsvagnatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr húsvagnatryggingu vegna þjófnaðar úr fellihýsi.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 21.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.11.2009.

Málsatvik.

Fellihýsi í eigu M) var til viðgerðar hjá tilteknu fyrirtæki. Á tímabilinu 16.-21.6.2009 var stolið úr því fortjaldi. M hafði þá fellihýsið vátryggt hjá vátryggingafélaginu X svokallaðri húsvagnatryggingu.

M hefur krafist bóta fyrir fortjaldið úr húsvagnatryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 1. gr. vátryggingarskilmála fyrir húsvagnatrygginguna er fjallað um vátryggða hagsmuni. Segir þar í gr. 1.1 að vátryggingin gildi fyrir hjólhýsi, fellihýsi tjaldvagn eða pallahýsi sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ásamt eðlilegum fylgihlutum svo sem innréttingum og öðrum föstum búnaði. Ennfremur segir í gr. 1.2. að vátryggingin taki einnig til lausafjár sem er að staðaldri í hinu vátryggða samkvæmt gr. 1.1. Í 4. gr. skilmálanna er fjallað um bótasvið og samkvæmt gr. 4.7. bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða vegna þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því. Samkvæmt gr. 4.14. bætir vátryggingin hins vegar ekki þjófnað á einstökum hlutum hins vátryggða.

Samkvæmt gr. 1.1 í skilmálunum er fellihýsi það sem er í eigu M hið vátryggða. Þótt vátryggingin taki einnig til lausafjármuna, sem að staðaldri eru í fellihýsinu, verður að skilja undanþáguákvæði skilmálanna varðandi þjófnað svo að tjón vegna þjófnaðar á einstökum hlutum bætist ekki heldur einungis ef um er að ræða þjófnað á hinu vátryggða fellihýsi og eftir atvikum þeim munum sem í því eru. Þar sem í tilviki því, sem hér um ræðir, er einungis um að ræða tjón vegna þjófnaðar á einstökum hlut bætir vátryggingin ekki slíkt tjón. Tjón M bætist því ekki úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr húsvagnatryggingu hjá X.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2009

M

og

Vátryggingafélagið V v slysatryggingar sjómanna

Sjómaður fékk hnykk á vinstra hné og meiddist þ.16.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.10.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 16.11.2009.

Málsatvik.

M sem var við vinnu sína sem sjómaður á hafi úti, segist hafa verið að setja pönnu í frystitæki þegar hann rann og fékk hnykk á vinstra hné og varð óvinnufær eftir slysið og var fluttur í land. M gerir kröfu til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V. Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir því slysi sem að ofan greinir en ágreiningur er um bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna. M gerði sérstakan ráðningarsamning við útgerð skipsins sem hann vann á í umrætt sinn. Í ráðningarsamningnum lýsir M því yfir eftir bestu vitun að hann sé ekki haldinn neinum þeim sjúkdómi, t.d. bakverkjum eða meiðslum, sem hafi í för með sér líkur á fyrirsjáanlegum forföllum á ráðningartímanum. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi gefið rangar upplýsingar við gerð ráðningarsamningsins og eigi af þeim sökum ekki rétt á bótum úr slysatryggingu þeirri sem hér ræðir um. Af hálfu M er því haldið fram að M hafi undirritað staðlaðan ráðningarsamning við útgerðina í umrætt sinn og hafi V sönnunarbyrðina fyrir því að M hafi leynt upplýsingum um heilsufar sitt með sviksamlegum hætti eða verið meðvitaður um meiðslin. Þá sé ljóst að við undirritun sé M að gefa yfirlýsingu sem eigi við á þeim tímapunktu sem hann undirritar yfirlýsinguna. Þá er á það bent að 17 mánuðir hafi verið liðnir frá því að M fékk áverka á vinstra hné þangað til að hann réði sig í umrætt skiprúm. Þá er á það bent að ráðningarsamningurinn sé á milli M og útgerðar skipsins en ekki sé kveðið á um upplýsingagjöf til vátryggingafélags útgerðarinnar.

Álit.

Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð Sigurjóns Kristinssonar yfirlæknis sem segir að M hafi lent í slysi um 15 mánuðum áður en það slys sem hér ræðir um átti sér stað. Í læknisvottorðinu kemur fram að M varð fyrir alvarlegum meiðslum á vinstra hné 15 mánuðum fyrir slysið og hafi bæklunarlæknir talið ólíklegt að M kæmist aftur á sjó. Það liggur því fyrir með óyggjandi hætti að M gaf ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hann undirritaði ráðningarsamning við útgerðina áður en hann fór á sjó í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr slystatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slystatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 1.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 372/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysatryggingar.**

Ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða þegar rof varð á klyftarsambryskju konu við fæðingu barns.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 22.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.11.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 12.10.2008 ól M barn á fæðingadeild Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Um fjórum klukkustundum eftir fæðinguna reyndi M að fara fram úr til að fara á klósett. Fann hún þá mjög mikið til yfir lífbeini og var eins og “að hún hafi fundið fyrir smelli.” Verkir voru afar sárir og hún var ófær að fara fram úr rúmi. Við rannsókn kom í ljós 3 cm bil í klyftarsambryskju. Var hún í aðgerð fest saman með pinnum. Bati var hægur og M útskrifaðist ekki af sjúkrahúsi fyrr en 15 dögum síðar.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði L, yfirlæknis á kvennasviði LSH, dags. 3.10.2008, segir að rof í klyftarsambryskju sé afar fátíður fylgikvilli fæðingar, en þó séu til nokkuð margar lýsingar á því í tímaritsgreinum. Enga sérstaka skýringu sé að finna á þessum fylgikvilla þar sem fæðingin hafi gengið algjörlega eðlilega fyrir sig. Fæðingin hafi verið afstaðin innan eðlilegra tímamarka, engin sérstök inngríp hafi verið í fæðinguna önnur en spangarklipping og höfuðið hafi gengið eðlilega fram við rembing. Taldi læknirinn að ekki væri hægt að segja með fullri vissu hvenær rofið hafi átt sér stað, en þó sé líklegast að það hafi gerst sjálfkrafa í lok fæðingar, en gæti þó hafa orðið þegar M steig fyrst fram úr rúmi eftir fæðinguna þar sem hún hafi fundið fyrir smelli við það.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysatryggingu sem hún hafði í gildi hjá vátryggingafélaginu X. Félagð hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur atvikið ekki falla undir hugtakið slys eins og það hugtak er skilgreint í þeim skilmálum sem gilda um vátrygginguna.

Álit.

Í skilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér eru til skoðunar segir í 3. gr. að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins þykir ljóst að ekki er um meiðsl á útlimum að ræða. Eins og greinir í læknisvottorði L er rof á klyftarsambryskju fátíður fylgikvilli fæðingar. Ekki liggur fyrir hver sé skýring á þessu rofi eða hvenær það hafi átt sér stað þótt líklegast sé að það hafi gerst sjálfkrafa. Ekki verður fullyrt af málgögnum að rofið hafi orðið skyndilega. En jafnvel þótt svo hafi verið verður ekki litið svo á að utanaðkomandi atburður hafi valdið rofinu. Meðgangi og fæðing barns getur í þessu sambandi ekki talist utanaðkomandi atburður. Með því að M telst ekki hafa orðið fyrir slysi á hún ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 1. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbúskaskótryggingar (A)

og

Vátryggingafélagið Y v/innbúskaskótryggingar (B)

Skemmdir á mottum í geymslu vegna mölfluga á tímabilinu 01.08. 2001 – 01.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.11. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 09.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kom munum til geymslu á meðan hann dvaldi erlendis. Í ljós komu mölfluguskemmdir sbr. fyrirliggjandi gögn en ekki er vitað hvenær þær áttu sér stað á umræddu tímabili.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M hefur eftir meindýrafræðingi að tjón sem þetta “getur gerst á nokkrum dögum”. M telur því að tjónið “var því allt eins skyndilegt og ekki”. Engin leið hafi verið fyrir hann að fylgjast með teppunum og því geti tímaþátturinn ekki skipt máli.

Vátryggingfélag A hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að vátryggingin hafi ekki verið í gildi á árinu 2009, hún hafi fallið úr gildi í ágúst 2008 þegar M flutti sig til annars félags B. Í skilmálum komi fram að “tjónið skal eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingatímabilinu”. Félagið telur ósannað að tjónið megi rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingatímabilinu.

Vátryggingafélag B hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur að ekki hafi verið uppfyllt ákvæði skilmála um skyndilegt atvik. Því til viðbótar lætur félagið þess getið að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið hafi orðið eftir að vátryggingin tók gildi hjá félaginu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi tjónið til skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingatímabilinu. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fjallað um hvenær gera megi ráð fyrir að tjónið hafi átt sér stað.

Það er grundvallaratriði út frá skilmálum að fjallað sé um tímaþátt tjónsatviks sem þessa vegna þess að vátryggingin bætir einungis tjón sem rakið verður til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Sönnunarbyrði þess efnis hefur M. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að fullnægt sé ákvæðum skilmála.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 375/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A - rúta

og

Vátryggingafélagið Y v/B - jeppabifreið

Árekstur við mætingu bifreiða á leið yfir Kjöl 26.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.11. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.11. 2009 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna. Ágreiningur er um hvort jeppabifreiðin B hafi verið kyrrstætt við áreksturinn þannig að áhrif hafi á sakarskiptingu. Álitaefni er og hvernig ökumenn viku við mætingu bifreiðanna.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar sem lagt verði til grundvallar að B hafi verið kyrrstæður.

Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ökutækin mætast við þröngar aðstæður og að ekki sé ástæða til þess að setja sök á annan frekar en hinn.

Álit.

Ljóst er að ökutækin mættust við þröngar aðstæður. Við slíkar aðstæður þarf að gæta aukinnar aðgæslu. Telja verður fullvíst að ökumennirnir hafi séð tímanlega hvor til annars.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ekki er tilefni til að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið kyrrstæður þannig að unnt sé að leggja aukna ábyrgð á A.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 24.11. 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 377/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ forfallatryggingar í ferðatryggingu greiðslukorts.

Ágreiningur um bótaskyldu úr forfallatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 29.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.11.2009.

Málsatvik.

Í gildi var VISA gullviðskiptakort með sérstakri ferðatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Korthafi umrædds korts var K.

Svo virðist samkvæmt gögnum málsins að þann 9.8.2009 hugðist tiltekinn aðili koma hingað til lands frá Þýskalandi á vegum M. Mun M hafa greitt ferð aðilans hingað með skuldfærslu á fyrrgreint kreditkort. Hins vegar mun aðilinn hafa forfallast af ástæðum sem ekki er upplýst um í gögnum málsins. M virðist krefjast greiðslu á ferðakostnaði umrædds aðila úr forfallatryggingu sem er hluti ferðatryggingarinnar hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Mál þetta er mjög illa reifað. Þó er unnt að greina helstu málsatvik þannig að ekki þurfi að vísa málinu frá nefndinni vegna vanreifunar.

Samkvæmt gr. 1.2. í skilmálum þeim sem gilda um fyrrgreinda ferðatryggingu hjá X telst korthafi viðkomandi kreditkorts vera vátryggður. Einnig teljast til vátryggðra maki korthafans, sambýlismaki, börn á framfæri til loka 22 ára aldurs og einn eða tveir viðskiptavinir eða samstarfsmenn í samfylgd korthafa í viðskiptaferðum. Þótt M hafi greitt ferð téðs aðila frá Þýskalandi hingað til lands með kreditkortinu telst hvorki M né umræddur aðili vera vátryggður í skilningi vátryggingarskilmálanna. Þegar af þessari ástæðu getur M ekki krafist þess að fá ferðakostnaðinn greiddan úr ferðatryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ferðatryggingu VISA Gullviðskiptakorts hjá X.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr.378 /2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og B og
Vátryggingafélagið V-2 v C

Árekstur bifreiða í Njörvasundi þ.30.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.10.2009 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 9.11.2009.
3. Bréf V-2 dags. 16.11.2009

Málsatvik.

Ökumaður B segir að hann hafi ekið suður Njörvasund á 30-40 km hraða þegar C hafi verið ekið úr bifreiðastæði án stefnumerkja og hafi hann lent í hlið C. Ökumaður C segir að hún hafi verið búin að leggja á bifreiðina til vinstri og verið að fara að leggja á stað þegar hún hafi fengið högg á vinstri hlið C og við það hafi bifreið hennar lent á A. Ágreiningslaust er að A var kyrrstæð og mannlau þegar áreksturinn varð. Lagt er fram skýrsla frá Aðstoð og öryggi þar sem leiddar eru að því líkur að B hafi verið ekið á um 54 km hraða.

Álit.

Á framhlið tjonstilkynningar sem ökumaður C undirritar er merkt við tl. 2 þar sem segir ”ók úr kyrrstöðu frá gangstétt” Miðað við fyrirliggjandi gögn þá verður ekki annað séð en C hafi verið ekið úr kyrrstöðu í veg fyrir B og ber ökumaður C því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B segist hafa ekið á milli 30 og 40 km hraða í umrætt sinn en hámarkshraði á akbraut er 30 km. Telja verður sannað miðað við fyrirliggjandi gögn sem fá að hluta til stuðning í framburði ökumanns B að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn og ber því ökumaður B einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður C beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber 1/3 sakar og ökumaður C ber 2/3 sakar.

Reykjavík 1.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2009

M

og

**Vátryggingafélagið X í samstarfi við vátryggingamiðlunina (A)
v/starfstryggingar (sjúkra og slysatrygging)**

Ágreiningur um heimild vátryggjanda til að gera kröfu um upplýsingar úr sjúkraskrá.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf fulltrúa vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Mál þetta snýst um það hvort vátryggjandi sé óheimilt að krefja vátryggðan (M) upplýsinga úr sjúkraskrá í tengslum við athugun á greiðsluskyldu.

Samkvæmt gögnum málsins mun umræddur vátryggjandi hafa í vaxandi mæli óskað eftir 3ja ára sjúkraskrá um það leyti sem mál þetta kom upp. Félagið hafi tekið þetta verklag upp þ.e. að “afhending gagna væri skilyrði fyrir framhaldi málsins”.

Vátryggingamiðlunin A, fulltrúi vátryggingafélagsins, lætur þess m.a. getið í tölvupósti til nefndarinnar, dags. 27.10. sl., að hann hafi “hingað til svarað nefndinni” vegna málskota “og hafa þau svör reynst fullnægjandi”.

M gagnrýnir þann tíma sem afgreiðsla L og A á kröfu hans hafi tekið. Hann er ósammála þeirri kröfu sem vátryggingafélagið gerir til framlagningar gagna sem skilyrði fyrir mögulegri greiðsluskyldu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður að telja að vátryggingafélaginu sé heimilt að óska þeirra upplýsinga og gagna sem það hefur gert kröfu um.

Í vátryggingaskilmálum starfstryggingar er getið sönnunarkröfu. Þar kemur fram að “Vátryggður skal á sinn kostnað láta í té öll vottorð, upplýsingar og gögn, í því formi sem vátryggjendur krefjast, til stuðnings kröfu. Vátryggður skal eins og vátryggjendur krefjast gangast undir læknisskoðun á kostnað vátryggjenda...”

Samkvæmt 1. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, skal sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn vátryggingafélagi veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingafjárhæðina.

Með hliðsjón af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa getur L gert kröfu um afhendingu þeirra gagna sem ágreiningur máls þessa snýst um.

Niðurstaða.

Ekki er tilefni til að gagnrýna kröfu vátryggingafélagsins í máli þessu um framlagningu gagna.

Reykjavík 24.11. 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar

Umferðaróhapp, ágreiningur um afnotamissi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótarétt vegna afnotamissis bifreiðar.

M telur sig eiga rétt á greiðslu fyrir afnotamissi í alls 36 daga en vátryggingafélagið er reiðubúið að greiða kostnað vegna bílaleigubifreiðar í 21 dag. Félagið telur að M hafi ekki sýnt fram á hvert fjárhagslegt tjón hans við afnotamissi bifreiðarinnar hafi verið umfram það sem hann hefur þegar fengið greitt vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Það að ekki séu til staðar varahlutir í jafn algenga bifreið og Ford Focus verði að teljast bæði ófyrirséð og tilviljunarkennt atvik sem tjónvaldur verði ekki gerður ábyrgur fyrir.

Vátryggingafélagið kveðst ekki veita heimild fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í þessu máli sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Álit.

Ágreiningur máls þessa er ekki um bótafjárhæð. Ágreiningurinn snýr að fjölda þeirra daga sem vátryggingafélagið á að greiða bætur fyrir.

Í 2. mgr. 9. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er þess getið að vátryggingafélag skal sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsingar um hvernig staðið var að upplýsingagjöf. Þegar tekið er mið af umfjöllun M í málskotinu virðist upplýsingagjöf hafa mátt vera fyllri um réttarstöðu aðila. Athygli vekur að M lætur þess getið málskotinu að “félagið var í upphafi tregt til þess að taka þátt í kostnaði vegna afnotamissis. Það var ekki fyrr en M benti þeim á eldri úrskurð úrskurðarnefndarinnar að félagið bauðst til þess að greiða fyrir 21 dag af 36”.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að ákvörðun vátryggingafélagsins um 21 dag sé ófullnægjandi. Vegna þessa er ekki unnt að staðhæfa að boð félagsins sé ófullnægjandi.

Þegar um ágreining sem þennan er að ræða verður M að upplýsa ítarlega um hvernig staðið var að umræddri viðgerð, hvers vegna tafir urðu á varahlutum o.s.frv. Þessa hefur ekki verið gætt í umfjöllun aðila gagnvart nefndinni. M verður að bera hallann af upplýsingaskorti í máli þessu þar sem hann hefur sönnunarbyrði um fjárhagslegt tjón sitt.

Með hliðsjón af framanrituðu hefur M ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari greiðslu vegna afnotamissis bifreiðar sinnar. Hann hefur ekki sýnt fram á að umræddir 36 dagar séu eðlileg afleiðing af því tjóni sem varð á bifreið hans.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi frekari bótarétt vegna afnotamissis bifreiðar sinnar.

Reykjavík 15. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.**

Krafist bóta úr húftryggingu bifreiðar vegna skemmda á vél.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 2.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.11.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með ódagsettri tjonstilkynningu, en móttækinni hjá vátryggingafélaginu X þann 1.7.2009, tilkynnti M að í mars 2009 hafi bifreiðinni A verið ekið út af þjóðvegi nr. 821, Eyjafjarðarbraut vestri, á móts við Teig – Reykhús. Í viðbótarskýrslu M um atvikið segir að það hafi orðið þegar notkun A hafi verið stopul. A hafi verið færð á smurstöð á Akureyri þann 9.3.2009 eftir að þess varð vart að smurljós logaði. Olía var þá sett á bifreiðina og ekki fannst neinn olíuleki. Næstu vikur á eftir var notkun A áfram stopul, en þegar henni hafði verið ekið 370 km kviknaði smurljósið að nýju. Kom þá í ljós að gat var á svokölluðum olúkæli sem er staðsettur undir A þannig að hann myndar lægsta punkt frá götu í undirvagninn. Jafnframt kom í ljós að skemmdir höfðu orðið á slitflötum vélarinnar.

M krefst bóta vegna skemmda úr húftryggingu A sem keypt hafði verið hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 1.1 í skilmálum þeim sem um húftrygginguna gilda bætir vátryggingin tjon á vátryggðu ökutæki m.a. af völdum útafaksturs. Ekki verður séð að einstakir hlutar vátryggðs ökutækis séu undanþegnir vátryggingarvernd þegar tjon verður við þessar aðstæður. Tjónið var hins vegar ekki tilkynnt X fyrr en um fjórir mánuðir voru liðnir frá því tjónsatvikið átti sér stað. Engin lýsing liggur fyrir um það hvernig útafkeyrslan bar að höndum eða hvernig aðstæður vor þar sem A hafnaði utan vegar. Engin haldbær sönnunargögn liggja heldur fyrir um það að skemmdir á olúkælinum megi rekja til umræddrar útafkeyrslu. Telst því ósannað að skemmdir á vél A megi rekja til atviks sem er bótaskyldt úr húftryggingunni. Tjónið fæst því ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá X.

Reykjavík, 8. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 382/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar

**Umferðaróhapp, ökumaður missti stjórn á bifreið sinni 08.10. 2008,
stórkostlegt gáleysi, skerðing bótaréttar.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður bifreiðarinnar ók yfir hraðahindrun á Hafnargötu og jók hraða bifreiðarinnar. Í kjölfarið missti hann stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún rakst á tvær kyrrstæðar bifreiðar sem lagt var í bifreiðastæði. Ökumaðurinn var að aka bifreiðinni í fyrsta sinn. Bifreiðin er beinskípt, útbúin túrbínu og mjög öflug.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er geta. Hann er ósammála niðurstöðu vátryggingafélagsins um skerðingu á bótarétti sem nemur 50%. Hann telur að félagið skuli greiða fullar bætur. Hann telur að rekja megi atburð þennan til óvárkárni og reynsluleysis ökumanns en ekki stórkostlegs gáleysis.

Vátryggingafélagið vísar til þess m.a. að vitni segir að bifreiðinni hafi verið ekið á töluverðri ferð a.m.k. töluvert umfram 35-40 km/klst og að ökumaðurinn “segist ekki getað útilokað að bifreiðin hafi verið komin á töluverða ferð er árekstur varð.” Félagið vísar og að samsömun í umfjöllun sinni sbr. 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. skilmála. Félagið hafnar óskertri bótaskyldu. Það telur að rekja megi vátryggingaratburðinn til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar og umráðamanns hennar. Félagið vísar og til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og 9. gr. skilmála. Þegar atburðurinn varð hafi verið byrjað að frysta og hrím komið á götur. Bifreiðin hafi verið útbúin sléttum hjölbörðum, “mjög slitnum sumardekkjum af low profile” gerð. Félagið telur að skerða skuli bætur eða fella niður í heild vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns og raunverulegs umráðamanns. Vísað er til ítarlegrar umfjöllunar félagsins í bréfi til nefndarinnar sem óþarft er að geta frekar efnislega. Félagið vísar til niðurstöðu úrskurða nefndarinnar í málum 230/2009, 201/2008, 319/2009 og 181/2008.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður talið að rekja megi vátryggingaratburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Það var mildi að ekki fór verr og að ekki skuli hafa orðið manntjón. Ökumaðurinn hafði enga stjórn á bifreiðinni og ljóst að umráðamaður hennar, sem var farþegi, hefði átt að sporna við gáleysislegum akstri ökumannsins.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum var bifreiðinni ekið af stórkostlegu gáleysi og ekki miðað við aðstæður og því rétt að félagið losni úr ábyrgð sem nemur helming sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga. Við ofanritað mat er litið til sakar aðila, hvernig atburðurinn bar að og atvika að öðru leyti.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur helming samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 383/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar Þ

Skaðabótaábyrgð vegna háttsemi tengdri meðferð flugmódelum vegna slyss 24. júní 2009.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 3. nóvember 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 16. nóvember 2009.

Málsatvik.

M var að fljúga flugmódelum með syni sínum á athafnasvæði Þ í júní 2009 þegar hann slasaðist vegna flugmódelis sem lenti á honum. Nánar tiltekið varð hann fyrir flugmódeli sonar síns. Að sögn M voru atvik þannig fyrir slysið að sonur M var að gera flugmódel sitt reiðubúið fyrir flugtak þegar hann varð var við sambandsleysi í vél þess. Sonur M ákvað því að skipta um rafhlöður áður en hann stýrði flugmódelinu til flugs. Ekki fór betur en svo að rétt eftir að flugmódelið var komið á loft fór það hring í loftinu og hrapaði á M áður en það féll til jarðar. Hlaut M nokkuð líkamstjón við það að flugmódelið lenti á honum. Frjáls ábyrgðartrygging Þ tekur til háttsemi meðlima félagsins er sonur M meðlimur þess.

M telur að sonur M hafi með saknæmri háttsemi valdið líkamstjóni M. Byggir lögmaður hans á að sú saknæma háttsemi felist í því að fljúga módelinu þrátt fyrir að vísbendingar væru um bilun í því fyrir flugtak. Byggt er á því að flug flugmódelum sé hættuleg iðja og um hafi verið að ræða flugmódel með sérstaklega öfluga vél. Syni M hefði borið að hætta alfarið við flugtak þegar hann varð var við sambandsleysi og kanna til hlítar ástæður þess. Auk þess er byggt á því að þær rafhlöður sem sonur M notaði séu að sögn kunnáttumanna óheppilegar þar sem þær virkuðu ekki sem skyldi.

V telur ósannað að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða að hálfu sonar M. Hann hafi sýnt eðlilega aðgæslu við flug flugmódelisins og slysið, sem bar brátt að, sé rakið til óhappatilviljunar. Ekki sé heldur sannað að þær rafhlöður sem notaðar voru í flugmódelið í greint sinn hafi verið óheppilegar auk þess sem M gerði ekki athugasemdir við notkun þeirra.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að málsatvik eru óumdeild og ágreiningur málsins lýtur eingöngu að því hvort sonur M hafi sýnt saknæma háttsemi við stjórn flugmódelis síns. Engin gögn hafa verið lögð fram um að notkun á rafhlöðum hafi orsakað slysið eða að betra sé að notast við aðra tegund en þá sem notuð var. Engin gögn eða vitnisburðir hafa heldur verið lagðir fram um að sonur M hafi sýnt saknæma háttsemi við stjórn flugmódelisins. Slysið þykir rakið til óhappatilviljunar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Reykjavík 1. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 384/2009

M og Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar I

Kona datt á gólfi á vinnustað og slasaðist þ. 17.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 19.11.2009

Málsatvik.

M vann hjá fyrirtækinu I við skrifstofustörf. Gagngerðar breytingar höfðu verið gerðar á húsnæðinu þar sem M vann en hún þurfti að fara á hverjum degi frá því sem hún segir að hafi verið bráðabirgðavinnusvæði hennar yfir í annan enda hússins og þá þurfti hún að ganga í gegn um vinnusal og segir M að henna hafi skrið fótur undan bletti vegna hreinsiefna sem notað var í þessum vinnusal. M fell á vinstri hnéð og lærleggsbrotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu I hjá V og telur að vinnuástaða hennar hafi verið óforsvaranleg og því beri I ábyrgð skv almennu skaðabótareglunni. Þá vísar M til laga nr. 46/1980 u mæðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum einkum 42.gr og 43.gr. sbr. 2.tl.3.gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Innkaupa- og verslunarstjóri hjá I á þeim tíma þegar slysið varð segir í yfirlýsingu að M hafi þurft að fara í gegn um þann sal daglega vegna vinnu sinnar þar sem hún datt. Hann segir enfremur að gólfið í salnum hafi iðulega verið mjög hált og eftir slysið hafi verið sett um skilti í salnum sem tilkynnti að gólfið væri hált og skömmu seinna hafi verið stofnaði öryggisráð í fyrirtækinu. Samstarfskona M segir í yfirlýsingu sinni að M hafi þurft að fara í gegn um salinn þar sem hún slasaðist vegna vinnu sinnar og hafi það skapað hættu að fara í gegn um salinn þá hafi það verið eitthvað sem engin hugsaði um áður en M slasaðist. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að hálkublettur hafi myndast á umræddu gólfi og M hafi stigið í hann. Þá bendir V á að plastmottur hafi verið á gólfi salarins til varnar því að hálkublettir mynduðust. V bendir á að yfirlýsingar samstarfsfólks M séu gerðar löngu eftir að slysið átti sér stað. Þá bendir V á að verði ekki fallist á að sök vátryggingartaka eða samstarfsmanna han sé ósönnuð í málinu og atvikið þar af leiðandi ekki bótaskyld, þá sé því haldið fram að M beri sjálf nokkra eigin sök á því hvernig fór. Í því sambandi bendir V á að M hafi ítrekað farið þessa leið og hafi því átt að þekkja aðstæður og þá starfsemi sem þar fór fram.

Álit.

Telja verður sannað af framlögðum gögnum málsins að M hafi dottið á hálkubletti sem myndaðist vegna þeirrar vinnu sem unnin var í vinnusalnum þar sem M þurfti að fara um. Tveir starfsmenn I hafa gefið yfirlýsingar og hjá þeim báðum kemur fram að umrætt gólf gat verið hált. Fallast verður því á það með M að vinnuástaður þær sem hún þurfti að búa við hafi verið ófullnægjandi og getað verið hættulegar. Af þeim sökum þykir M eiga rétt á bótum vegna slyssins sem hún varð fyrir. M þekkti aðstæður og mátti vita að hálkur gat myndast á umræddu gólfi og þykir hún ekki hafa gætt að sér sem skyldi í umrætt sinn og verður því að bera hluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar og þykir því rétt að M beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V en ber 1/3 hluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 8.11. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 385/2009

M og váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður féll ofan af þaksperru í nýbyggingu þann 5.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 4.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.11.2009.

Málsatvik.

M var við störf á vegum vinnuveitanda síns, V, í nýbyggingu í Kópavogi. Hann mun hafa verið að vinna ofan á þaksperrum, er hann af einhverjum ástæðum féll um 3 m niður á steinsteypa gólfplötu. Við það hlaut hann áverka á höfði og samfallsbrot á hrygg.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að M hafi verið að slá upp undirslætti fyrir loftplötu. Hann hafi verið uppi á undirslættinum og verið að leggja þverbita ofan á burðarbita undirsláttarins. Engar fallvarnir hafi verið notaðar og M hafi ekki verið með hjálm á höfði. Ekki sé ljóst hvað hafi gerst. Hjálmar hafi verið tiltækir á staðnum, en verið gamlir og úr sér gengnir og af þeim sökum ekki fýsilegir til notkunar. Orsök slyssins var talin sú að engar fallvarnir hafi verið til staðar. Gefin voru fyrirmæli um úrbætur: Annars vegar að vinnu skyldi hagað þannig að komið væri í veg fyrir fallhættu og hins vegar að hjálmar skyldu endurnýjaðir og gengið fast eftir að bæði stjórnendur og starfsmenn notuðu þá undantekningarlaust. Auk almennra fyrirmæla í 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er vísað til gr. 9.1. í A. hluta IV. viðauka með reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, en þar er kveðið á um að starfsmenn við byggingarvinnu skulu m.a. nota öryggishjálms. Einnig er vísað til gr. 21.1. í B. hluta viðaukans um að á vinnuflötum, verkpöllum, göngubrúum o.s.frv. skulu vera handrið, ef hæðin er meiri en 2 m frá jörð eða öðrum fleti og skal handrið vera alls staðar þar sem hætta getur verið á að menn falli niður.

M hefur krafist fullra bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur á hinn bóginn einungis viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum. Ber X m.a. fyrir sig að M hafi átt að tína þverbitana upp á burðarbita undirsláttarins. Svo virðist sem hann hafi sjálfur ákveðið að klifra upp á undirsláttinn án þess að ætlast hafi verið til þess.

Álit.

Gögn málsins um tildrög slyssins eru af mjög skornum skammti. Engar skýrslur liggja fyrir af M um það hvernig slysið bar að höndum. Engar skýrslur eru heldur af verkstjóra eða öðrum fyrirvarsmönnum V m.a. um þær framkvæmdir sem þarna áttu sér stað, verk það sem M vann við er hann slasaðist og hvernig verkstjórn var háttáð á vinnustaðnum. Samkvæmt niðurstöðu Vinnueftirlitsins á orsökum slyssins þykir þó ljóst, og er reyndar óumdeilt með aðilum, að V ber ábyrgð á slysinu sökum þess að öryggisráðstafanir voru með ófullnægjandi hætti á vinnustaðnum. Snýst ágreiningsefnið um það hvort skerða beri bætur til M vegna meðábyrgðar hans á slysinu. M fór upp á burðarbita undirsláttarins þrátt fyrir að þeir lágu þar lausir og fallvarnir voru engar. Ekki liggur fyrir hvert var erindi M upp á burðarbitana í umrætt sinn. Hann mátti gera sér grein fyrir að hættulegt var að fara upp á lausa bitana eins og aðstæður voru. Með því sýndi hann nokkuð gáleysi og ber því einnig nokkra ábyrgð á slysinu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða bætur úr ábyrgðartryggingunni um 1/3 hluta vegna meðábyrgðar hans.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 8. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 386/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B

Árekstur á Reykjanesbraut gegnt Smáralind 09.08. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið suður Reykjanesbraut. Vinstra afturhorn A og hægra framhorn B rákust saman. Ágreiningur er um aðdraganda óhappsins.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum, til vara telur að hann skipta skuli ábyrgð. Hann gagnrýnir niðurstöðu vátryggingafélagsins og Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingfélagið vísar til þess að mál þetta hafi verið tekið til gagn Gerrar skoðunar og rætt hafi verið við vitni. Félagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Tvö vitni hafi verið að atburðinum sem hafi verið með samhljóða lýsingu, ökumaður A hafi tekið fram úr B. Hann hafi misst stjórn á bifreið sinni og rekist utan í B. Félagið telur að fyrirliggjandi myndbandsstikla sem sýnir eltingarleik lögreglu í Bandaríkjunum hafi ekki sérstök tengsl við það mál sem hér er til umræðu.

Skýrsla lögreglu getur frásagnar ónafngreinds vitnis sem var farþegi í bifreið sem var u.þ.b. tveimur bíllengdum á eftir B á vinstri akrein. Vitnið lýsir því að A hafi “verið ekið fram úr bifreiðinni sem hann var í vinstra megin og svo verið sveigt yfir á hægri akrein snögglega. Við það taldi vitnið að ökumaður A hafi misst stjórn á bifreið sinni og rekist utan í B með þeim afleiðingum að A hringsnerist ...”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ökumaður A ekki hafa hugað næganlega að annarri umferð og ekið utan í B sem ekið var í sömu átt. Frásögn vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu styður réttarstöðu ökumanns B.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tilefni sé til að efast um frásögn þess vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu. Hún er því lögð til grundvallar. Það breytir ekki ofanrituðu þó að umrætt vitni sé ekki nafngreint í skýrslu lögreglu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B

Áreksturs hringtorgi við Korpúlfsstaðaveg og Vesturlandsveg 08.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 05.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið frá vinstri akrein Korpúlfsstaðavegar inn á innri akrein hringtorgsins og beygt til hægri á fyrstu gatnamótum til suðurs. B, sem var með tengivagn, var ekið af hægri akrein Korpúlfsstaðavegar inn á ytri akrein hringtorgsins og varð áreksturinn þegar A beygði út úr hringtorginu.

M telur sig hafa fylgt ákvæðum umferðarlaga sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur að A skuli bera 2/3 hluta sakar sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga, hann hafi átt að velja ytri akrein þegar hann ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og jafnframt að halda bifreiðinni sem næst hægri brún akbrautar sbr. 3. mgr. sömu greinar. Hann beri því meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B hafi átt að gæta betur að umferð um hringtorgið í ljósi aðstæðna og því skuli hann bera 1/3 hluta sakar. Félagið vísar til þess að úrskurðarnefndin hafi staðfest afstöðu sem þessa “í fjölda úrskurða s.s. 79/2006, 128/2006 og 140/2007” sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa ber ökumaður A 2/3 hluta sakar sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Ökumaðurinn átti að velja ytri akrein þegar hann ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum og jafnframt að halda bifreið sinni sem næst hægri brún akbrautar sbr. 3. mgr. sömu greinar. Hann mátti og vita um ferðir B og því átti hann að gæta aukinnar aðgæslu. Ökumaður B gætti ekki nægjanlegrar aðgæslu og ber því nokkra ábyrgð á árekstrinum. Einungis er haft eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi “ekið inn í hringtorgið á hægri akrein og ætlað áfram inn í Mosfellsbæ. Hann kvaðst hafa verið að aka hringtorgið með tengivagninn í huga, ekki tekið eftir” A og því ekið utan í hana.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 388/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysáttryggingu er kona hlaut áverka á höfði og hrygg.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 19.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 1.12.2009.

Málsatvik.

M, 82 ára gömul, fannst á heimili sínu síðla dags þann 14.3.2007, þar sem hún lá fyrir neðan stiga á milli hæða. Hjá henni mun hafa verið brotinn diskur. Ekki er vitað hversu lengi hún hafði legið þarna í gólfinu, er komið var að henni; jafnvel frá kvöldinu áður. M mun ekki hafa vitað hvar hún var. Hún var flutt á sjúkrahús og komu þá í ljós áverkar á höfði og samfallsbrot á lendarhrygg.

Í gögnum málsins kemur fram að M sé dagdrykkjumanneskja og síðastliðin 20 ár hafi hún drukkið daglega bæði létt og sterk vín. Hún viðurkenni hins vegar ekki drykkju sína. Deginum áður, þ.e.a.s. þann 13.3.2007, mun hún hafa verið að neyta áfengis í miðborg Reykjavíkur og kveðst þá hafa fengið hnykk á bakið er hún rak tána í gangstétt eða aðra hindrun.

M hafði í gildi frítímaslysáttryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur ósannað að meiðsl M verði rakin til slyss í skilningi vátryggingarskilmála sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. umræddra vátryggingarskilmála greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf skólanám eða almennar íþróttaiðkanir. Samkvæmt 3. gr. skilmálanna er með hugtakinu slyss einkum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

M fannst fyrir neðan stiga á heimili sínu. Hún virðist hafa verið vonkuð eftir höfuðhögg og ekki vitað hvað gerðist. Fyrir liggur að hún hlaut höfuðhögg og brot á lendarhrygg. Ekkert bendir til að hún hafi hlotið þessa áverka viljandi. Verður að telja samkvæmt gögnum málsins svo yfirgnæfandi líkur fyrir því að hún hafi hlotið áverkana við fall niður stigann að telja verði nægilega sannað að það hafi gerst vegna slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Af því leiðir að M telst eiga rétt til bóta úr slysáttryggingu vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 22. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 390/2009
M og
Vátryggingafélagið V v líkamstjóns í umferðarslysi

Maður slasaðist í umferðarslysi þ. 15.11.2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 6.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 19.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem ekið var við slæmar aðstæður þegar ökumaður missti stjórn á bifreiðinni og ók yfir umferðareyju og á bensínstöð á miklum hraða. M slasaðist við áreksturinn. Ökumaður bifreiðarinnar var undir verulegum áfengisáhrifum við aksturinn og einnig M. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með bifreiðinni í umrætt sinn enda hljóti honum að hafa verið ástand ökumannsins ljóst og beri því að skerða bótarétt hans um 2/3 að lágmarki. Af hálfu M er krafist óskertra bóta og vísað sérstaklega í greinargerð með lögum nr. 155/2007. Þá heldur lögmaður M því fram að ekki megi skerða bætur til tjónþola þó hann hafi vitað um áfengisáhrif ökumanns en í tilviki M þá hafi hann ekki vitað um að ökumaður var m.a. undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Álit.

Að virtum gögnum málsins liggur fyrir að í umrætt sinn tók M sér far far í bifreið með ölvuðum ökumanni sem var ófær um að stjórna bifreiðinni. M mátti vera ljóst að ökumaður bifreiðarinnar var ófær til að aka henni áður en hann tók sér far með honum. Af framangreindu virtu verður ekki hjá því komist að skerða bótarétt M um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis M. Samkvæmt þeirri niðurstöðu á M rétt á bótum frá V sem nemur 1/3 tjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna slyssins en skerða skal bætur til hans um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis

Reykjavík 8.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 391/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/bifreiðarinnar A og vátryggingafélagið T v/bifreiðarinnar B

Ágreiningur um tjón skv. 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 6. nóvember 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 19. nóvember 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins T til nefndarinnar dags. 10. nóvember 2009.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á þann 6. desember 2005. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökuhraði bifreiðarinnar sem olli tjóninu var mjög lítil þegar árekstur varð og lítið sjáanlegt tjón var á ökutækjunum, nánar tiltekið sást ákoma en engar skemmdir sjáanlegar, eins og segir í lögregluskýrslu. M fór strax á slysadeild eftir atvikið og liggur fyrir læknaþrótt frá slysadeild til heimilislækni M þar sem einkennum er lýst og henni vísað til eftirlits hjá heimilislækni ef einkenni hafa ekki lagast fljótlega. Í málinu liggur einnig fyrir lækniþrótt Stefáns Dalberg dags. 20. október 2008. Í þessu þrótti og læknaþróttinu er getið um fyrra slys en ekki gerð ítarlega grein fyrir fyrra heilsufari eða það staðreynt að nokkru leyti. M telur með þessum gögnum sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V hefur ekki fallist á að orsakatengsl séu sönnuð. V vísaði málinu til svokallaðs PC Crash útreiknings og var niðurstaða hans að höggkrafturinn sem varð í árekstrinum samsvaraði 1,16 km/klst. V vísar einnig til norskrar dómaframkvæmdar þar sem kemur fram að ef höggkraftur er minni en 11 km/klst séu litlar sem engar líkur á varanlegu heilsutjóni.

Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur þann 6. desember 2005. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir takmörkuð lækniþróttir gögn, sérstaklega hvað varðar fyrra heilsufar M. Í læknaþrótti slysadeildar kemur fram hvernig ástand M var rétt eftir áreksturinn og lækniþrótt Stefáns Dalberg bendir ekki til þess hann hafi haft M til meðferðar, heldur einungis séð hana einu sinni nokkrum árum eftir slysið. Gögn frá heimilislækni liggja ekki fyrir og útreikningar á höggkrafti vegna árekstursins og myndir af bifreiðunum benda til þess að um mjög vægan árekstur hafi verið að ræða. Með vísan til þessa telst ósannað að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 6. desember 2005 eða að orsakatengsl séu milli líkamslegs ástands hennar í dag og þessa atburðar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 392/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (J)

Skemmdir af völdum vinnuvélar sem tekin var ófrjálstri hendi 23.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Lögreglu var tilkynnt um að vélgrafa hafi valdið skemmdum við Gissurargötu í Reykjavík. Grafan er í eigu vátryggingartaka (J).

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið vísar til skýrslu lögreglu þar sem fram kemur að grafan hafi verið læst og að einhver hafi farið inn í hana og ekið um og valdið skemmdum. Jafnframt komi fram að sams konar kveikjuláslyklar ganga á flestar vinnuvélar af þessu tagi og að ekki sé vitað hver hafi verið að verki. Vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna atvinnureksturs þ.e. starfsemi sem getið er í vátryggingaskírteini/skilmálum. Ekki sé unnt að rekja tjónsatburð máls þessa til saknæmrar háttsemi J eða starfsmanna hans. Farið hafi verið inn í læsta gröfu sem staðsett hafi verið á vinnusvæði og sá aðili sem tók hana ófrjálstri hendi hafi síðan valdið skemmdum með akstri hennar. Á því geti J ekki borið ábyrgð því ekkert liggur fyrir um að hann hafi skilið gáleysislega við tækið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til tiltekinnna ákvæða í skilmálum máli sínu til stuðnings. Tjónið sé talsvert, milli 30 – 40 tré voru eyðilögð en þau áttu að standa á fullbúinni lóð. Umræddar skemmdir “breyti áformum M um hvernig lóðin verður endanlega, og aukakostnaður, sem af því hlýst verður að bæta.”

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögnin er lagt til grundvallar að vinnuvélin hafi verið læst og að hún hafi verið tekin ófrjálstri hendi. Ósannað er að starfsmenn J hafi skilið við vélina á gáleysislegan hátt. Skilyrði fyrir stofnun skaðabótaábyrgðar eru því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 393/2009
M og
Vátryggingafélagið V v góðhestatryggingar

Hryssa lenti í gaddavír og slasaðist á afturfæti í maí 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.11.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 19.11.2009 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hryssa sem tryggð var góðhestatryggingu lenti í gaddavír og slasaðist á fæti í maí 2007. Um haustið 2007 var hryssan tekin í notkun sem reiðhestur og var þá tryggð góðhestatryggingu. Vorið 2008 var hún hins vegar úrskurðuð ónothæf til reiðar. Í tilkynningu um slys frá dýralækni kemur fram að ekki sé von um bata hjá hryssunni en í greinargerð Björns Sveinbjörnssonar dýralæknis segir að ekki sé hægt að taka undir þá skoðun að hryssan hafi ekki von um bata. M krefst bóta úr góðhestatryggingu sinni hjá V en V hafnar bótaskyldu og telur tjónið falla utan bótasviðs góðhestatryggingar hjá félaginu. Í því sambandi vísar V í grein 2.3. vátryggingaskilmála. Þá bendir V á greinargerð Björns Sveinbjörnssonar og telur að á grundvelli þess sem þar kemur fram falli atvikið ekki undir góðhestatryggingu M hjá félaginu.

Álit.

Ágreiningslaust er að meiðsl hryssunar urðu áður en góðhestatrygging var tekin vegna hennar. Þá liggur fyrir greinargerð Björns Sveinbjörnssonar dýralæknis sem segir að góðar líkur séu á því að hryssan verði brúklek sem reiðhross. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til ákvæða 2.3. vátryggingaskilmála á M ekki rétt á bótum úr góðhestatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr góðhestatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr íbúð.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 10.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.11.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 30.9.2009 var brotist inn á heimili M í Reykjavík, og innbúsmunum stolið. Samkvæmt skýrslu lögreglu, sem kölluð var á vettvang, hafði verið farið inn um opnanlegan glugga í eldhúsi með því að þvinga upp stormjárn sem var fest bæði í gluggann og gluggakarm. Glugginn hafði verið opinn og lykkju á gluggakrækju hafði verið smeygt yfir þann hluta krækjunnar sem fest var í gluggakarminn. Segir í lögregluskýrslunni að krækjan virtist hafa verið losuð af og stormjárnið hafa verið rífið upp og því hægt að fara inn um gluggann. Íbúðin er í endaraðhúsi og glugginn sem farið var inn um er á jarðhæð. Húsráðendur yfirgáfu íbúðina um kl. 11 að morgni og komu til baka um kl. 16.30. Þá tóku þeir eftir hvað gerst hafði.

M hefur innbústryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur krafist bóta úr vátryggingunni fyrir það tjón sem hann varð fyrir við innbrotið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.5.1 í skilmálum sem um vátrygginguna gilda bætist tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Í gr. 4.5.7 er mælt fyrir um þá varúðarreglu að m.a. skuli læsa íbúðarhúsum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Í 3. gr. IX. kafla skilmálanna um sameiginlega skilmála segir að skylt sé að fara eftir varúðarreglum sem í skilmálunum greinir. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Með því að yfirgefa íbúðina með opinn eldhúsglugga á jarðhæð þannig að auðvelt var að spenna hann upp og komast inn í íbúðina var brotin skýlaus varúðarregla skilmálanna um að allir gluggar skyldu vera lokaðir og kræktir aftur. Þjófnaðurinn verður rakinn til þessa brots á varúðarreglu. Eins og aðstæðum var háttað telst brotið það alvarlegt að M hefur fyrirgert rétti sínum til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X.

Reykjavík, 8. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 396/2009

M

og

Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Andlát, ágreiningur um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála. Samkvæmt umræddu ákvæði greiðir félagið ekki bætur vegna: “sjúkdóms, aðgerðar eða annars vátryggingaratburðar ef vátryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar vátryggingaratburður átti sér stað...”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið vísar til þess að sonur M hafi verið fluttur á sjúkrahús bráðveikur þann 15.10. 2008. Hann lést þremur dögum síðar sbr. nánar fyrirliggjandi gögn máls þessa. Félagið vísar til nefnds ákvæðis vátryggingarskilmála þar sem fram kemur að bætur greiðast ekki vegna sjúkdóms, aðgerðar eða annars vátryggingaratburðar ef vátryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar vátryggingaratburður átti sér stað. Félagið vísar til þess að markmið sjúkdómatryggingar er að vera “fjárhagsleg stoð á sjúkdómstímabili þ.e. gera vátryggðum mögulegt að standa straum af ýmsum kostnaði á sjúkdómstímabili þegar hann berst við sjúkdóm eða afleiðingar aðgerðar”. Samkvæmt skilmálum er gerð krafa um að vátryggður lifi í 30 daga eftir að sjúkdómur greinist. Um sé að ræða hlutlæga takmörkun á ábyrgð félagsins sem ekki er háð mati að álitu félagsins. Umrætt skilyrði skilmála sé ekki uppfyllt í máli þessu. Félagið telur að fyrirliggjandi læknisvottorð, dags. 29.10. 2009, breyti ekki ofanrituðu. “Félagið fellst ekki á að viðhöfð hafi verið ströng túlkun á skilmálum vátryggingarinnar í hörmulegu tilviki sonar M”.

Umrætt vottorð læknis sem kom að læknisfræðilegri meðferð sonar M á gjörgæsludeild lætur þess m.a. getið “að æxlið hafi verið til staðar í nokkra mánuði áður en einkenni komu fram. Óvanalegt má teljast að æxlið greindist ekki fyrr, en staðsetning æxlisins í framhluta heilans gerði það að verkum að einkenni komu seint fram.”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Skilyrði skilmála (hlutlæg ábyrgðartakmörkun) um að vátryggður lifi a.m.k. 30 daga eftir að sjúkdómur greinist er ekki uppfyllt í máli þessu.

Fyrirliggjandi læknisvottorð breytir ekki ofanritaðri niðurstöðu.

Ekki er unnt að líta framhjá nefndri ábyrgðartakmörkun vátryggingarskilmála og ekki er lagaheimild til þess að víkja umræddu samningsákvæði til hliðar þrátt fyrir að svo virðist sem umrætt æxli hafi verið til staðar í nokkra mánuði áður en einkenni þess komu fram.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 397/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/slysatryggingar launþega S.

Fyrning bóta kröfu vegna slyss 13. október 2000.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13. nóvember 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 30. nóvember 2009.

Málsatvik.

M slasaðist við knattspyrnuíðkun þann 13. október 2000 þar sem hann hlaut brot á vinstri ökkla. M var með gifs í nokkrum tíma og var óvinnufær í nokkrar vikur að eigin sögn. Eftir þetta leitaði hann til lækna og fór í aðgerðir á ökkla árið 2001 eða í ársbyrjun 2002 auk þess sem speglunaraðgerðir voru gerðar í september 2002 og önnur í febrúar 2004. M tilkynnti um frítímaslys til V 3. desember 2005 en í ljós kom að hann hafði ekki slíka tryggingu hjá félaginu. Í apríl 2009 komu hins vegar fram upplýsingar um að M taldi sig eiga kröfu í slysatryggingu launþega vinnuveitanda síns (S). Þann 5. maí 2009 bárust V upplýsingar um að M hefði verið starfsmaður B á þeim tíma sem slysið varð. M telur sig eiga rétt á greiðslu úr slysatryggingu launþega. V vísar til þess að krafa M sé fyrnd með vísan til gr. 18.1. í vátryggingaskilmálum V auk 29.gr. þágildandi laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. V vísar til læknisfræðilegra gagna málsins sem sýna að aðgerðir hafi verið gerðar vegna slyssins á árinu 2002 og 2004 og M haf verið óvinnufær vegna þeirra á þeim árum. Hann hafi því vitað af kröfu sinni í skilningi 29.gr. laga nr. 20/1954 á árinu 2002 en í allra síðasta lagi á árinu 2004. Af þeim sökum hafi krafa um greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega verið fyrnd þegar hún kom fram í apríl 2009 og er vísað til dóma Hæstaréttar varðandi túlkun 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 því til stuðnings. M heldur því fram að hann hafi rofið fyrningarfrest með almennri tjónstilkynningu í desember 2005 þar sem hann hélt sig eiga rétt til greiðslu bóta úr frítímaslysatryggingu sinni. V telur að M hafi ekki rofið fyrningarfrest með því að krefjast greiðslu bóta úr annari tryggingu en slysatryggingu launþega og vísar því til stuðnings til þess að fyrningarfrestur teljist almennt ekki rofinn nema með viðurkenningu kröfu eða málshöfðunar.

Álit.

Læknisfræðileg gögn málsins eru skýr um afleiðingar slyss M 13. október 2000. Hann leitaði til sérfræðinga á árunum 2002 og 2004 og framkvæmdar voru aðgerðir vegna afleiðinga slyssins. Í gr. 18.1 í vátryggingaskilmálum slysatryggingar launþega sem og í 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga kemur fram að kröfur fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Telja verður að M hafi haft vitneskju um kröfu sína í síðasta lagi eftir síðustu aðgerð haustið 2004, þ.e. þegar hann hefur leitað til sérfræðinga í tvö ár og ekki fengið bót meina sinna. Upphaf fyrningarfrestsins telst því vera í lok árs 2004 og er krafan því fyrnd þegar hún kom fram í apríl 2009. Tilkynning um slysið vegna annarrar vátryggingar en slysatryggingar launþega S hjá V hefur ekki þau áhrif að rjúfa fyrningarfrestinn þar sem krafa ekki viðurkennd eða mál höfðað til fullnustu hennar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega S hjá V.

Reykjavík 15. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 398/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Þúsaldar og Reynisvatnsvegur 24.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.11. 2009 (engin gögn fylgdu málskotinu).
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.11. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var A á undan B. B varð bensínlaus og stöðvuð snögglega á gatnamótunum með þeim afleiðingum að A ók aftan á hana.

Vátryggingafélagið A telur að báðir ökumenn beri hluta sakar þar sem þeir hafi báðir sýnt af sér gáleysi.

Vátryggingfélagið B telur að öll sök liggi hjá ökumanni A sem ekur aftan á B þar sem hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna. Áreksturinn varð þar sem ekið er yfir gatnamótin og hraði er lítill og aðilar nýlagðir af stað.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður meginábyrgð lögð á ökumann A. Hann gætti ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan var sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árekstrinum vegna þess að bifreið hans varð bensínlaus í akstri sbr. 59. gr. umferðarlaga. Ökumanninum og umráðamanni bar að gæta þess að bifreiðin væri ekki þannig búin að það skapaði hættu fyrir umferðina. Lagt er til grundvallar að ökumanninum hafi mátt vera ljóst að bifreiðin gæti orðið bensínlaus í umrætt sinn. Ökumanninum var kunnugt um að bifreiðin væri bensínlítill þegar akstur hófst.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 399/2009
M og
Vátryggingafélagið V v kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Sjálfskipting bilaði í bifreið þ. 15.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 19.11.2009

Málsatvik.

M segist hafa ekið út af vegi og við það hafi orðið tjón á innra búnaði bifreiðarinnar, sjálfskiptingu sem ekki hafi komið í ljós fyrir en hún hafi verið tekin í sundur en farið hafi að bera á umræddri bilun í ágústmánuði 2009. M segir að við það að reyna að komast upp á veginn aftur hafi hann þurft að hamast töluvert á skiptingunni og sé sá hamaganur líklegasta skýringin á bilun í skiptingunni. M krefst bóta úr kaskótryggingu fyrir A hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur m.a.ósannað að umrædd bilun á sjálfskiptingunni megi rekja til þess atviks sem M telur að bilunin stafi af enda bilunarinnar ekki orðið vart fyrir en nokkrum mánuðum síðar. Þá telur V að bilunin falli ekki undir bótasvið sbr. 4.gr vátryggingaskilmála þ.e. að tryggingin bæti ekki tjón vegna útafaksturs.

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á að bilun í sjálfskiptingu A megi rekja til þess atburðar sem hann vísar til. Fyrir liggur að bilunarinnar varð ekki vart fyrir en nokkrum mánuðum síðar og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu fyrir A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss þann 11.7.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.12.2009.
3. Bréf (tölvupóstur) lögmanns málskotsaðila, dags. 21.12.2009.

Málsatvik.

Þann 11.7.2007 ók M bifhjóli sínu, A, aftan á bifreið á Reykjanesbraut á móts við Bústaðaveg í Reykjavík. Ökumenn fylltu út tjónstilkynningu vegna atviksins. Þar er þess getið, í reit nr. 3 á forsíðu tilkynningarinnar, að ekki hafi orðið slyss á fólki. A var vátryggt hjá vátryggingafélaginu X, þ. á m. lögmæltri slysatryggingu ökumanns.

Þann 31.7.2007 leitaði M á Heilsugæslustöðina Sólvangi í Hafnarfirði. Hann kvaðst í töluverðan tíma hafa haft óþægindi í mjóbaki og í tvo daga áður hafi hann í tvígang fengið mjög slæmt tak í mjóbakið og fundist eins og um læsingu í bakinu væri að ræða. Var hann þá með mikil óþægindi við hreyfingu, einkum snúningshreyfingu, framþygju og réttu. Taugaskoðun reyndist eðlileg og ekki var hægt að framkalla eymsli við hreyfingu. Taldi M að sér hafi skánað við töku bólgueyðandi lyfja, en væri engan veginn nægilega góður. Ákveðið var að senda M í sjúkrahjálfun. Í færslu í sjúkraskrá vegna þessarar komu á heilsugæslustöðina er ekki getið um umferðarslysið þann 11.7.2007.

Af fyrirliggjandi greiðslukvittunum frá sjúkrahjálfa má ráða að M hafi á tímabilinu 9.8.2007 til 30.10.2007 farið í 10 skipti í sjúkrahjálfun og aftur í tvö skipti síðari hluta maímánaðar 2008.

Þann 30.9.2008 leitaði M á Heilsugæslustöðina í Mjódd og óskaði eftir röntgenrannsókn á baki vegna þrálátra verkja í brjóstbaki og lendhrygg eftir slysið. Að sögn var M misgóður, en ekki fengið sig góðan þrátt fyrir meðferð hjá sjúkrahjálfa. Við læknisskoðun fannst fátt markvert, hann hafi gengið eðlilega og hreyfiferill um bak hafi verið góður. Engin saga hafi verið á heilsugæslustöðinni um fyrri verkjavandamál frá baki. Samkvæmt röntgenrannsókn sást lítils háttar breyting á efri endaplötu L3 sem gat verið merki um eldri áverka.

Með tölvupósti þann 13.10.2008 var X tilkynnt um slysið. Með bréfi X til lögmanns M, dags. 17.11.2009, var bótaskyldu hafnað úr slysatryggingunni þar eð tilkynnt var fyrst um atvikið um 15 mánuðum eftir að það varð. Þar sem meira en eitt ár var liðið frá atvikinu hafi M glatað bótarétti sínum skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í bréfi X til nefndarinnar er þess ennfremur getið að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins 11.7.2007 og þeirra sjúkdómseinkenna sem M býr við í dag.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 22.10.2009 í máli nr. 7/2009 ber að skilja ákvæði þetta á þann

veg að M getur ekki talist hafa vitneskju um atvik, sem leiða af sér rétt hans til bóta úr slysatryggingunni fyrir en slíkar afleiðingar eru kunnar.

Af málskoti virðist mega ráða að fyrst og fremst sé krafist viðurkenningar á rétti M til bóta fyrir hugsanlegar varanlegar afleiðingar af völdum atviksins, þ.e. varanlegan miska og varanlega örorku skv. 4. og 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Ári áður en slysið var tilkynnt til X, eða í október 2007, var M í meðferð hjá sjúkrahjálfa eftir að hann hafði leitað til heimilislæknis í lok júlí sama árs. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að á því tímamarki hafi honum hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að hann kunni að búa við varanlegar menjar af völdum atviksins. Verður því ekki talið að M hafi glatað rétti sínum til bóta vegna varanlegra afleiðinga af völdum slyssins á grundvelli 1. mgr. 124. gr. vsl., ef afleiðingar slyssins eru á annað borð slíkar.

Eins og áður greinir hafnar X bótaskyldu hér fyrir nefndinni á þeirri forsendu að orsakatengsl séu ósönnuð. Málskot M er þannig úr garði gert að einungis er krafist viðurkenningar á því að réttur hans til bóta hafi ekki fallið niður vegna tómlætis, sbr. 1. mgr. 124. gr. vsl. Allur málatilbúnaður M miðast við þá kröfu. Ekki er að sjá að enn hafi verið aflað sérstakra sönnunargagna, svo sem matsgerða, til að sýna fram á hugsanleg orsakatengsl milli umrædds umferðarslyss og þeirra meinsemda sem M kveðst búa við í dag. Ætla verður að fyrirhugað sé að afla slíkra gagna verði viðurkennt að M hafi ekki glatað bótarétti sínum. Að þessu virtu verður í úrskurði þessum ekki tekin afstaða til þeirrar kröfu X að hafna beri bótaskyldu sökum þess að orsakatengsl séu ósönnuð.

Niðurstaða.

Viðurkennt er að M hefur ekki glatað hugsanlegum rétti sínum til bóta fyrir varanlegan miska eða varanlega örorku úr slysatryggingu ökumanns bifhjólsins A hjá X af völdum umferðarslyss 11.7.2007.

Reykjavík, 29. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 402/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

Umferðaróhapp 04.04. 2009, ágreiningur um afnotamissi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M á rétt til greiðslu bóta vegna afnotamissis í kjölfar umferðaróhapps. Ágreiningur er um þann dagafjölda sem miða skal við.

M telur sig eiga rétt á greiðslu bóta fyrir afnotamissi í 41 dag en vátryggingafélagið er reiðubúið að greiða sem nemur 21 dag. Til stuðnings kröfu sinni vísar M til dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2806/1997 og mál nr. E-7468/2005.

Vátryggingafélagið vísar til þess að mál þetta fjalli um fjárhæð bóta fyrir afnotamissi. Félagið kveðst ekki gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin úrskurði í máli þessu sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Leggur félagið því til að málinu verði vísað frá.

Álit.

Ágreiningur máls þessa er ekki um bótafjárhæð. Ágreiningurinn snýr að fjölda þeirra daga sem vátryggingafélagið á að greiða bætur fyrir. Því er ekki unnt að vísa málinu frá.

Í 2. mgr. 9. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er þess getið að vátryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsingar um hvernig staðið var að upplýsingagjöf.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að ákvörðun vátryggingafélagsins um 15 daga sé ófullnægjandi þó leiða megi að því líkur að boð félagsins sé takmarkað. Athygli vekur t.d. umfjöllun M um að hann telur að vátryggingafélagið skuli greiða alls “41 dag án tillits til þess hve margir voru frídagar, þeir voru reyndar 17 á viðgerðartíma bifreiðarinnar, og án tillits til þess hve marga daga beðið var eftir varahlutum.”

Þegar um ágreining sem þennan er að ræða verður M að upplýsa ítarlega um hvernig staðið var að umræddri viðgerð, hvers vegna tafir urðu á varahlutum, hvers konar afnot M hafði fyrir bifreiðina o.s.frv. Þessa hefur ekki verið gætt gagnvart nefndinni. M verður að bera hallann af upplýsingaskorti í máli þessu þar sem hann hefur sönnunarbyrði um fjárhagslegt tjón sitt. Það dugar ekki að vísa til þess efnislega í málskoti að vátryggingafélag skuli fullbæta þann tíma sem beðið er eftir varahlutum. Slíkt fer eftir atvikum hverju sinni og þeirri skyldu tjónþola að takmarka tjón sitt.

Með hliðsjón af framanrituðu hefur M ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari greiðslu vegna afnotamissis bifreiðar sinnar. Nefndin telur ekki mögulegt að taka afstöðu til dagafjölda vegna vöntunar á fyllri upplýsingum þrátt fyrir vísbendingar um að M eigi rétt til greiðslu bóta fyrir afnotamissi fyrir fleiri daga en vátryggingafélagið hefur boðist til að greiða fyrir.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi frekari bótarétt vegna afnotamissis umræddrar bifreiðar.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 403/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v B og
Vátryggingafélagið V-2 v A

Árekstur bifreiða við Garðakirkju þ.7.9.2009..

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða tjonanefndar mál 409/09
3. Bréf V-1 dags. 3.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-2
4. Bréf V-2 dags. 1.12.2009 ásamt fylgiskjali.
5. Bréf ökumanns B dags. 29.11.2009.

Málsatvik.

Árekstur varð á Garðavegi við vestari aðkeyrslu að Garðakirkju. Ökumaður A ók frá Garðavegi að Garðakirkju á sama tíma og ökumaður B ók fram úr og árekstur varð. Í tjonstilkynningu segir ökumaður A að A hafi verið að beygja til vinstri að Garðakirkju og gefið stefnuljós og árekstur hafi orðið þegar B hafi ekið framúr. Á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að A beygði til vinstri og B ók áfram. Í gögnum málsins eru ítarlegar lýsingar á tildrögum árekstursins sem ekki þykir ástæða til að rekja frekar.

Álit.

Ökumaður A beygði til vinstri og segist hafa gefið stefnuljós áður en hann beygði. Ökumaður A gætti hins vegar ekki nægjanlega vel að umferð áður en hann beygði til vinstri í veg fyrir B sem hafði hafið framúrakstur og ber ökumaður A því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B þykir ekki hafa sýnt nægjanlega aðgæslu þegar hún hóf framúraksturinn og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 sakar og B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 22.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar

Meiðsl við fall úr stiga 25.07. 2008, skerðing á bótarétti vegna ölvunar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M mun hafa komið heim til sín að kvöldi og var á leiðinni upp stigan inn hjá sér. Hún þjást af höfuðverk og vanlíðan. Hún mun hafa hrasað og fallið aftur fyrir sig þannig að hún skall með höfuðið í steinvegg og missti meðvitund sbr. fyrirliggjandi gögn. Hún mun hafa hlotið varanleg meiðsl við slysið.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna var hún mjög ölvuð í umrætt sinn.

Vátryggingafélagið telur að hafna skuli bótaskyldu með vísan til 10. gr. sameiginlegra skilmála og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Blóðprufur sýndu hækkaðan blóðsykur og mældist etanólmagn 62.6 mmól/L. Í nefndri 90. gr. er þess getið að hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. nánar ákvæðið. Félagið telur rétt að fella niður bótaábyrgð félagsins enda verði slysið rakið til stórkostlegs gáleysis M. Orsakatengsl séu á milli ástands M og “háttsemi í umrætt sinn og þess að atburðurinn varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta. M telur að ekki verði fullyrt um að orsakatengsl hafi verið milli slyssins og áfengisneyslu hennar. M telur að áfengisneysla ætti einungis að geta leitt til algers missis bótaréttar ef viðkomandi viðhefur háttsemi sem er óforsvaranleg ef ölvun er fyrir hendi. Um slíkt hafi ekki verið að ræða. Vísað er til umfjöllunar M í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir ljóst að rekja megi umrætt slys til ölvunar M. Fullvíst þykir að hún hafi verið mjög ölvuð og að orsakatengsl séu á milli þessa og slyssins. Með hliðsjón af 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga þykir rétt að lækka bætur til M um helming. Við það mat er litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburðurinn bar að og ölvunar vátryggðs.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir en rétt er að lækka bætur til M um helming.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 407/2009

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar Í

Starfsmaður slasaðist við vinnu í stiga þ.7.3.2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 18.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 30.11.2009 ásamt fylgiskjali og tölvusamskiptum.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá Í og átti að koma fyrir ásláttarbúnaði á gám og var í 4. metra löngum lausum stiga sem stillti var upp við pall tengivagns. Þegar M var í 5. þrepi stigans og var að fara niður rann stiginn frá að neðan með þeim afleiðingum að M féll á tengivagninn og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að fyrirkomulag á vinnustað hafi ekki samræmst reglum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum í því sambandi er vísað til 1.mgr. 65.gr. a í lögnum og 21.gr. laganna. Þá er því haldið fram að skylda verkstjóra til að sinna verkstjórn og eftirliti falli ekki niður eða minnki þó að um reynda starfsmenn sé að ræða sbr. 21. Og 23.gr. laga 46/1980. V hafnar bótaskyldu og heldur því fram að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi Í. Þá er vísað til þess að M hafi verið reyndur smiður og hefði starfað hjá Í rúm 3 ár. Þá segir V að um einfalt verk hafi verið að ræða og M hafi alfarið séð um framkvæmd þess og hann hafi vitað um þá hættu að festa stigann ekki að neðan. Slysið verði alfarið rakið til gáleysis M sjálfs og/eða óhappatilviks en ekki atvika sem varði vátryggingataka eða starfsfólk hans. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að öryggis og heilbrigðisáætlun um verkið hafi legið fyrir og í henna segi m.a. að festa skuli alla lausa stiga.

Álit.

M er vanur og faglærður starfsmaður sem hafði unnið hjá Í í rúm þrjú ár þegar slysið varð. Fyrir liggur að hann fór ekki eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrirtækisins þar sem kveðið er á um notkun lausra stiga. Slysið verður því rakið til þess að M fór ekki eftir þeim fyrirmælum sem honum höfðu verið gefin um meðferð og notkun á lausum stigum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V þar sem sök verður ekki felld á Í vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 22.12 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 409/2009

**M
og
váttryggingafélagið X v/ bifreiðanna A, B og C.**

Árekstur á Reykjanesbraut til norðurs á móts við Stekkjarbakka þann 2.11.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 19.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.12.2009.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður Reykjanesbraut á akrein lengst til hægri næst afrein frá Stekkjarbakka að því er ráða má af málgögnum. Bifreiðinni B var ekið eftir miðakrein Reykjanesbrautar vinstra megin við A. Vegna bifreiðar sem nálgast A frá afreininni sveigði ökumaður A til vinstri, en við það rakst vinstri hliðarspegill A í hægri hlið B. Ökumaður B færði bifreið sína yfir á hægri akrein, en þá rakst bifreiðin C aftan á B sem við það hafnaði utan vegar. Bjart var af degi og blautt færi.

Ökumaður A kvaðst hafa rykkst aðeins í stýrið og farið til vinstri þegar bifreið hafi komið norður afreinina og nálgast A.

Ökumaður B kvað hægri hliðarspegil B hafa lagst upp að bifreiðinni er speglar A og B rákust saman. Hann hafi ætlað að stöðva B úti í hægri kanti til að ræða við ökumann A. Hafi hann litið í kringum sig, gefið stefnuljós og beygt rólega yfir á hægri akrein. Er hann hafi verið kominn nánast yfir á hægri akreinina hafi högg komið aftan á B.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið eftir afreininni á eftir bifreið sem var ekið í veg fyrir A þannig að hún rakst utan í B. Hann hafi þá skipt um akrein og farið yfir á hægri akrein, en ökutæki hafi verið sveigt fyrir hann yfir á vinstri akrein. Þá allt í einu hafi B verið komin fyrir framan hann og hann ekið aftan á B.

Álit.

A var ekið yfir á miðakrein með þeim afleiðingum að hliðar A og B rákust saman. Ökumaður A á sök á því tjóni sem þá hlaut. Er ökumaður B skipti yfir á hægri akrein gat hann ekki notað hægri hliðarspegil til að huga að umferð hægra megin við sig. Honum bar því að gæta ýtrustu varúðar við akreinaskiptin, sbr. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Á þessu hefur orðið misbrestur og telst hann eiga megin sök á því tjóni sem hlaut við árekstur milli B og C. Ökumaður C virðist hafa séð er A og B rákust saman. Í kjölfar þess að hann ók frá afreininni yfir á hægri akrein vissi hann ekki fyrir en B var fyrir framan C. Eftir atvikum öllum verður talið að hann hafi ekki gætt þeirrar varúðar við aðstæður sem þarna voru og eigi einnig nokkra sök á því að C rakst aftan á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstri milli A og B. Ökumaður B ber 2/3 sakar og ökumaður C 1/3 sakar á árekstri milli B og C.

Reykjavík, 29. desember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 411/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar

Veikindi, hætt við utanferð, ágreiningur um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála. Samkvæmt umræddu ákvæði bætir vátryggingin ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið vísar til þess að vátryggður hafi fyrirhugað ferðalag 02.11. 2009 og flugmiði verið gefinn út 06.10. 2009. Vátryggður hafi forfallast vegna veikinda en viðkomandi hafi verið haldinn sárásjúkdómi í ristli. Félagið hafnar því bótaskyldu. Samkvæmt læknisvottorði dags. 31.10. 2009 var veikinda M fyrst hafa verið vart árið 1988. M taki lyf daglega við sínum sjúkdómi en bætir öðru lyfi við eftir köstum. Félagið telur því að áður nefnt ákvæði eigi við. Sjúkdómurinn er til staðar auk þess sem dagleg lyfjataka vegna hans er óumdeild og fellur það því undir meðferð á sjúkdómi skv. skilmálum þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi. Hann vísar til þess að sjúkdómur sinn sé einstaklingsbundinn. Að jafnaði skerðir hann lífsgæði allra sem hann fá, þó mismikið. Eitt megin einkenna er að sjúkdómurinn kemur í köstum. Lyfjagjöf heldur þeim “mjög til hlés...” Hann vísar til þess að þegar hann greiddi staðfestingargjaldið hafi hann verið einkennalaus og ekki þjáðst af sjúkdómnum en á brottfarardegi höfðu einkenni gert vart við sig. Nánar er vísað til umfjöllunar M í málskotinu. Hann telur að túlkun vátryggingafélagsins mismuni fólki með suttvarandi kvilla og langveiku fólki varðandi endurgreiðslu ferða. Það telur hann óásættanlegt.

Álit.

Samkvæmt skilmálum greiðir vátryggingin ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Fyrirliggjandi læknisvottorð staðfestir að M hefur verið haldinn umræddum sjúkdómi frá árinu 1988 og að hann hafi verið í meðferð vegna veikindanna. Sökum þessa er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 412/2009
M og
Vátryggingafélagið V v slysatryggingar

Vinnuslys þ.27.maí 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.11.2009 ásamt yfirlýsingu
2. Bréf V dags. 11.12.2009 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir slysi við störf sín þ. 27.5.2008 og hafi það orsakað kviðslit. Vinnufélagi M segir í yfirlýsingu sinni að umræddan dag hafi M verið að lyfta pappa upp á þak hafi þrep í stiga sem hann stóð í brotnað og M fengið töluverðan hnykk á líkamann. Í tjónstilkynningu vegna slyssins segir M að þrep í stiga hafi brotnað og hann hafi fallið niður. M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að langur tími hafi liðið frá því að slysið varð þangað til M leitaði til læknis eða um 3 mánuðir. V telur ósannað að slysið þ. 27.maí 2008 hafi orsakað slys M.

Álit.

Fram kemur í gögnum að M hafi orðið fyrir því slysi sem lýst er hér að ofan þ. 27.5.2008. Tjónstilkynning vegna slyssins er móttækin þ. 16.12.2008. Fram kemur í læknisvottorði Ásmundar Jónassonar að M leitaði til læknisins þ. 25.8.2008 og kvartaði þá vegna hnúðs sem hafði myndast. Í vottorðinu segir "Fram kom hjá M að hann hafði fengið hnykk á sig er tröppur brotnuðu undan honum í maí 2008 og taldi hann að þessi gúll hefði farið stækkandi í framhaldi af því". Í læknisvottorði Tryggva Björns Stefánssonar segir "Þegar aðgerð er gerð sjást engin merki um áverka sem hefði getað orsakað kviðslitið". Af þeim gögnum sem hér hefur verið vísað til kemur fram að ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl á milli kviðslits M og þess slyss sem hann varð fyrir þ. 27.maí 2008. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík 29.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 413/2009

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns bifhjóls.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 17.12.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 19.3.2009 ók M bifhjóli sínu á ljósastaur við Kaplahraun í Hafnarfirði. Við slysið hlaut M nokkur líkamsmeiðsl, svo sem heilahristing, ristar- og handarbrot og tognun á hálsi. Samkvæmt skýrslu lögreglu mun hjálmur M hafa brotnað við slysið. Þá kveður M að fatnaður sem hann var í, jakki, buxur, hanskar og skór, hafi einnig eyðilagst.

Bifhjólið var vátryggt lögboðnum ökutækjetryggingum hjá vátryggingafélaginu X, þ. á m. slysatryggingu ökumanns. M hefur krafist bóta fyrir fatatjónið og hjálminn úr slysatryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu vegna þessara muna.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar skráningarskyldu vélknúnu ökutæki vera tryggður sérstakri slysatryggingu sem tryggir bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaðurinn verður fyrir við stjórn ökutækisins. Með dómi Hæstaréttar frá 13. júní 2002 í máli nr. 19/2002 var leyst úr álitaefni um að hve miklu leyti munatjón, þ. á m. fatatjón, skyldi bætt úr slysatryggingunni. Segir í dóminum svo, orðrétt: “Ökumannstrygging samkvæmt 92. gr. umferðarlaga er slysatrygging og tekur ekki til tjóns á munum nema það tengist með beinum hætti líkamstjóni eigandans. Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að tryggingin taki til fata sem áfrýjandi var í þegar slys varð og skemmdust við það....., en ekki til þeirra smáhluta sem hann segir að hafi verið í bifreiðinni og skemmst.”

Þegar litið er til þessarar niðurstöðu Hæstaréttar verður ekki hjá því komist að telja að sá fatnaður sem M var í og skemmdist við slysið skuli bættast úr slysatryggingunni. Í þessu sambandi getur ekki skipti máli þótt fatnaðurinn hafi verið sérstakur hlífðarfatnaður sem nota skal á bifhjóli, sbr. 1. mgr. 72. gr. ufl. með síðari breytingum, auk þess sem hann nýtist til að skýla líkamanum fyrir veðri og vindum. Sama máli gegnir um hjálm þann er M bar á höfðinu í umrætt sinn. Þótt hann hafi verið úr öðru efni en höfuðföt almennt eru gegndi hann sama hlutverki og annar fatnaður sem M klæddist er hann lenti í slysinu.

Með þeim breytingum sem gerðar voru á ákvæðum 92. gr. ufl. með lögum nr. 32/1998 urðu engar breytingar á bótasviði vátryggingarinnar hvað varðar bætur fyrir fatatjón eins og hér um ræðir.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að X fékk í hendur þann fatnað sem M kveður að hafi eyðilagst í slysinu. X ber það ekki fyrir sig að synja beri M um bætur sökum þess að fatnaðurinn hafi í reynd ekki eyðilagst í slysinu. Verður því að miða við að fatnaður sá sem M kveður að hafi eyðilagst í slysinu, þ. á m. hjálmur, skuli bættast úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Fatatjón, þ. á m. vegna skemmda á hjálmi, bætist úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 418/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar dvalarheimilis (G)

Meiðsl við fall í hálfu við póstburð 08.12. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til í hálfu fyrir utan dvalarheimilið G þannig að meiðsl hlaut af. Slysið varð um kl. 09.00 að morgni, hjart var og snjófól á jörðu.

Vátryggingafélagið telur ósannað að rekja megi atvikið til saknæmrar háttsemi og ólögþráttar háttsemi vátryggingartakans G eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Það að ekki hafi verið búið að salta kl. 09.00 að morgni geti ekki talist vanræksla af hálfu aðila. Gefa verði hlutaðeigandi aðilum tækifæri til þess að bregðast við aðstæðum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. M vísar m.a. til þess að óumdeilt sé að saltað hafi verið á slysstað “um daginn og nóttina fyrir slysið”. Hann telur því að starfsmenn vátryggingartaka hafi séð ástæðu til að “salta sólarhringinn áður en slysið átti sér stað en að ekki hafi verið saltað um morguninn”. Um leið og slysið varð hafi og verið saltað.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp M til saknæmrar háttsemi G eða starfsmanna hans eða annarra aðstæðna eða atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er unnt að halda því fram að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi átt að bregðast fyrir við varðandi hálfuvarnir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 5. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 422/2009

M vegna bifreiðarinnar

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnreksturs (vegagerðar - V)

Skemmdir á bifreið sem ekið var yfir ristarhlið 05.09. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 26.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Hjólbarðar á umræddri bifreið munu hafa sprungið þegar bifreiðinni var ekið yfir ristarhlið á mótum Hvalfjarðarveggar og Meðalfellsveggar.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð V, veghaldara. Sú misfella sem M telur að hafi valdið tjóni á dekkjum bifreiðarinnar hafi varla verið meira en tveggja sentimetra há. Þar af leiðandi sé nánast útilokað að sú misfella hafi valdið umræddu tjóni. Leiða megi líkur að því að M hafi ekki sýnt af sér eðlilega varkárni þegar ekið var yfir ristarhliðið. V og starfsmenn hans hafi og ekki verið kunnugt um þær aðstæður sem M telur að hafi ollið tjóni á bifreiðinni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta efnislega.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónið á bifreiðinni til gáleysis veghaldara eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Ósannað er að V eða starfsmenn hans hafi haft vitneskju um að hliðinu væri ábótavant.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 424/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ tjóns á veiðarfærum.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á veiðarfærum sem skemmdust í húsbruna.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 26.11.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.12.2009.

Málsatvik.

Þann 28.8.2009 skemmdust veiðarfæri í eigu M í húsbruna í Grundarfirði. Veiðarfærin voru ótryggð. Í lok árs 2008 hafði M tekið tilboði vátryggingafélagsins X í vátryggingar vegna bifreiðar (ábyrgðar- og húftryggingu) og smábáts (húftryggingu og slysatryggingu sjómanna), en þessar vátryggingar hafði M haft áður hjá öðru vátryggingafélagi.

Af hálfu M er því haldið fram að í tengslum við tilboðið hafi X vanrækt lögmaelta upplýsingaskyldu með því að hafa ekki kannað og upplýst M um þörf hans fyrir frekari vátryggingar en þær sem tilboðið tók til. Hefur M vísað í þessu efni til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Þannig háttaði til að X var brunatryggjandi húseignarinnar sem þarna varð eldinum að bráð. Telur M að X hafi heimilað hreinsun brunarústa og með því valdið sér tjóni þar eð honum gafst ekki kostur á að bjarga verðmætum sem hann átti í og við húsið. Vegna þessara atvika hafi X bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M. X hafnar bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2004 skal félagið veita nauðsynlegar upplýsingar svo vátryggingartaki geti metið tilboð þess. X gerði M tilboð um nánar tilgreindar vátryggingar sem M hafði haft hjá öðru félagi. Ekkert bendir til þess samkvæmt gögnum málsins að M hafi farið þess á leit við X kannaði frekari vátryggingarþörf M eða að hann hafi með öðrum skýrum hætti gefið til kynna ósk um slíka athugun. Er ósannað að X hafi vanrækt upplýsingagjöf gagnvart M þannig að það hafi bakað sér bótaábyrgð. Í gögnum málsins er heldur ekki sýnt fram á að X hafi haft brunarústirnar með einhverjum hætti í sínum vörslum eða að það hafi að öðru leyti verið í þess valdi að sjá svo um að M gæfist kostur á að bjarga verðmætum, ef einhver voru, áður en hreinsun rústanna hófst. Að þessu athuguðu getur X ekki borið ábyrgð á tjóni því sem M gerir kröfu um í máli þessu.

Niðurstaða.

X ber ekki ábyrgð á tjóni M.

Reykjavík, 5. janúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 426/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist er kassastæða með frosnu kjöti féll á hann þann 26.3.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 2.12.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.12.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, starfsmaður sláturhúss S var að störfum við birgðatalningu í frystigeymslu sláturhússins. Við talninguna þurfti að færa til kassastæðu með frosnu úrbeinuðu stórgripakjöti. Stæðan samanstóð af fjórum kössum, hverjum um 1 m³ að stærð og var þeim raðað hverjum ofan á annan, en bretti var undir hverjum kassa. Hver kassi vó um 670 kg og hvert bretti um 30 kg. Heildarþyngdin var því um 2.800 kg. Í umræddum kössum áttu að vera sérstakar burðarstoðir til að taka þungann þegar kössunum var raðað ofan á hvern annan eins og hér var raunin. Til að færa stæðuna til munu M og vinnufélagar hans hafa notað þar til gerða gólflyftu sem gat lyft byrði í allt að 18 cm hæð frá gólfi. Lyftigeta umræddrar lyftu var hins vegar aðeins 2000 kg. Er þeir höfðu fært stæðuna til og ætluðu að slaka henni niður úr 8-10 cm hæð brast lyftan og stæðan féll á gólfið. Við það sprakk neðsti kassinn og kassarnir sem ofar voru hrundu niður og fór hluti þeirra á M þar sem hann stóð við lyftuna. Hlaut M alvarlega áverka á hægri öxl. Við rannsókn málsins kom í ljós að gleymst hafði að setja burðarstoðir í suma kassana, þ. á m. neðsta kassann sem sprakk.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að ástæður þess að kassastæðan hrundi hafi einkum verið tvær: Annars vegar að lyftubúnaðurinn hafi ekki verið nógu öflugur þar sem hann hafi ekki verið gefinn upp fyrir meira en 2000 kg lyftigetú. Ennfremur að gleymst hafi að setja burðarstoðir í kassana.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur viðurkennt bótaskyldu að hálfu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins þykir mega fallast á niðurstöðu Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins. Ekki verður séð að M verði kennt um að burðarstoðir hafi vantað í kassana. M stóð að því ásamt öðrum að forfæra kassana með lyftubúnaði sem hafði ekki næga lyftigetú. Með því að nota lyftibúnað, sem var vanbúinn að þessu leyti, sýndi M gáleysi sem verður að virða honum til nokkurrar sakar. Verður hann því að bera nokkurn hluta tjónsins sjálfur vegna meðábyrgðar sinnar. S verður á hinn bóginn að bera ábyrgð á tjóninu að því marki sem það verður ekki rakið til eigin sakar M. Telja verður að S beri meginábyrgð á tjóninu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að tjón M bætist að 2/3 hlutum, en hann beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum.

Reykjavík, 12. janúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 428/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á gatnamótum Nýbýlavegar og Dalvegur í Kópavogi 08.05. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.12. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 21.12. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 17.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið á hægri beygjuakrein Breiðholtsbrautar inná Dalveg á sama tíma og B var ekið á vinstri beygjuakrein með akstursstefnu inná Dalveg og árekstur varð á gatnamótunum.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. B hafi verið ekið á vinstra afturhorn A sem ekið var á hægri akrein. Báðir ökumenn gefi upp að þeir hafi verið á 40 km hraða. Vitni sem haft hafi verið samband við er fyrrverandi vinnufélagi B. Félagið telur að ökumaður B sem kemur á eftir A hafi yfirsýn yfir það sem framundan var og hefði átt að draga betur úr ökuhraða til þess að koma í veg fyrir það að aka á vinstra afturhorn A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður A hafi í raun ekki vitað hvernig áreksturinn atvikaðist. Líta verði til frásagnar vitnis sem staðsett hafi verið fyrir aftan A þegar áreksturinn varð. Vitnið telur að ökumaður A hafi tekið beygjuna og þröngt. Félagið vísar til þess að nafn og símanúmer vitnisins hafi verið gefið upp á frumskýrslu málsins. Um tilbúið vitni sé ekki að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum og að ekki megi taka markt á frásögn þess vitnis sem um ræðir því vitnið hafi ekki gefið sig fram á staðnum og það hafi tengsl við B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Virðist sem ökumaður A hafi tekið þrönga beygju og að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Ekki er tilefni til að leggja aukna ábyrgð á annan ökumanninn fremur en hinn.

Fyrirliggjandi frásögn vitnis breytir ekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 5. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 430/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/A og vátryggingafélagið VÁ v/B.

Ágreiningur um tjón skv. 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 4. desember 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 21. desember 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins VÁ til nefndarinnar dags. 14. desember 2009.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á þann 31. mars 2005. Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá ökumönnum þar sem koma ekki fram upplýsingar um slys á fólki. Nokkur læknisvottorð hafa verið lögð fram auk yfirlits yfir kostnað sem greiddur var vegna viðgerðar á bifreið M sem skemmdist í árekstrinum.

M telur að þau líkamlegu óþægindi sem hún á við að stríða í dag séu rakin til aftanákeyrslunnar þann 31. mars 2005 og vísar til gagna málsins því til stuðnings auk þess sem áreksturinn hafi verið mjög harður. V telur að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M á við að stríða. Fyrst og fremst vísar V til þess að M hafi ekki leitað læknis fyrr en í september 2005 auk þess sem áreksturinn hafi verið mjög vægur með vísan til lágs viðgerðarkostnaðar á bíl M eftir tjónið. Aðkoma VÁ að málinu telst ekki skipta máli þar sem ekki er ágreiningur um ábyrgð eiganda A vegna árekstursins.

Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur þann 31. mars 2005. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn frá þeim aðilum sem komið hafa að meðferð M en fyrstu staðfestu upplýsingar um að hún hafi leitað læknis eru þann 17. september 2005 þegar hún leitaði til Boga Jónssonar. Í hans vottorði kemur sérstaklega fram að hann þekki ekki hennar fyrri heilsufarssögu. Læknisvottorð heilsugæslu ber ekki með sér nákvæmar upplýsingar um fyrra heilsufar auk þess sem vísað er til slyss árið 2004 en ekki árið 2005. Í málinu liggja því ekki fyrir staðfestar upplýsingar um fyrra heilsufar M sem nauðsynlegar eru til að meta hvort orsakatengsl geti verið milli einkenna M nú og áreksturs 31. mars 2005. Það er sérlega mikilvægt að þau gögn liggi fyrir með hliðsjón af því að M leitaði ekki sannanlega til læknis vegna einkenna sem hún tengir nú árekstrinum fyrr en í september 2005. Með vísan til þessa telst ósannað að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 31. mars 2005 eða að orsakatengsl séu milli líkamslegs ástands hennar í dag og þess atburðar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík 5. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 442/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Tjón á bifreið er henni var ekið i holu á Bústaðavegi þann 10.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 11.12.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.12.2009.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni austur Bústaðaveg um kl. 22. Á móts við Grensásveg skall hægra framhjól bifreiðarinnar í holu á akbrautinni. M kvað vont skyggni hafa verið og holuna hafa verið algjört “Ginnungagap í malbikinu.” Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu mun tiltekinn verktaki hafa unnið við viðgerð á gatnamótum Grensásvegur og Bústaðavegar þegar óhappið varð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Atvik eru mjög illa upplýst í máli þessu. Engin nákvæm lýsing liggur fyrir um staðsetningu umræddrar holu, stærð hennar eða dýpt. Ekkert er vitað hvernig holan hefur myndast í malbikinu. Þá liggur ekkert fyrir um það að starfsmenn Reykjavíkurborgar hafi vitað eða mátt vita um holuna þannig þeir hafi getað brugðist við og fyllt upp í holuna eða komið fyrir viðvörunarkerkjum í tæka tíð. Engin gögn eða útlistun er um það að holan hafi myndast fyrir handvömm verktaka þess er vann að viðgerð á gatnamótunum og að Reykjavíkurborg skuli bera ábyrgð á þeirri handvömm. Að svo vöxnu og miðað við fyrirliggjandi gögn verður Reykjavíkurborg ekki gerð ábyrg fyrir tjóni M og þar af leiðandi bætist það ekki úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á bifreið hans bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá X.

Reykjavík, 19. janúar 2010.

Þóra M. Hjaltested lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.